Hagstofa Íslands

# ÍSTARF21

## Íslensk starfaflokkun



# Formáli

Íslensk starfaflokkun ÍSTARF21 byggir á alþjóðlegri starfaflokkun, International Standard Classification of Occupations (ISCO-08). Þetta er í þriðja sinn sem íslensk starfaflokkun byggð á ISCO er gefin út á Íslandi. Áður hafði Hagstofa Íslands gefið út Íslenska starfaflokkun ÍSTARF95 árið 1994 og kom önnur útgáfa þess rits út með nokkuð breyttu sniði árið 2009. ÍSTARF21 er eingöngu gefið út á stafrænu formi.

Í fyrri útgáfum íslenskrar starfaflokkunar var megináhersla lögð á að aðlaga flokkunarkerfið að íslenskum vinnumarkaði. Við undirbúning ÍSTARF21 var hins vegar lögð áhersla á samræmi milli íslenska flokkunarkerfisins og þess alþjóðlega. Helstu rök þess eru að íslenskar aðstæður hafa breyst mikið síðustu áratugi og þær færst nær alþjóðlegu umhverfi auk þess sem það einfaldar alþjóðlegan samanburð. Flokkunarkerfið er viðurkenndur staðall fyrir alþjóðlega tölfræði um vinnumarkað og er í umsjón Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).

Flokkun starfa nýtist í ýmiss konar hagskýrslugerð eins og vinnuafls- og launatölfræði en flokkunin er einnig nýtt víða í vísindastarfi og atvinnulífi. Með því að byggja hagskýrslugerð, vísindarannsóknir og jafnlaunavottun á samræmdu kerfi starfaflokkunar fæst grunnur að réttmætum samanburði starfa á vinnumarkaði í heild sinni, samfélaginu til heilla.

ÍSTARF21 sýnir uppbyggingu og skilgreiningu allra starfaflokka samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni. Í útgáfunni er einnig listi með samsvörun milli starfaflokka frá fyrri útgáfu. Ný starfaflokkun tekur á þeim miklu breytingum sem hafa orðið á vinnumarkaði og er mun ítarlegri en eldra kerfi, einkum í flokkum sérfræðinga, starfa á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni og þjónustu- og afgreiðslufólks. Einnig er sú áherslubreyting í nýja kerfinu að eðli starfa er nú mikilvægara en kröfur um menntun eða kunnáttustig.

Á næstu mánuðum verður unnið frekar að framsetningu ÍSTARF21 og verður þar tekið tillit til ábendinga frá notendum.

Af hálfu Hagstofunnar báru þær Þorbjörg Magnúsdóttir og Bjarney Sigurðardóttir hitann og þungann af ÍSTARF21 en einnig komu þær Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir, Björk Georgsdóttir og Kristín Arnórsdóttir að verkefninu. Óðinn Þór Kjartansson sá um hönnun og umbrot.

Hagstofa Íslands 14. janúar 2022

**Ólafur Hjálmarsson**

hagstofustjóri

# Efnisyfirlit

**Formáli** .......... 2
**Inngangur** .......... 4
Alþjóðleg starfaflokkun ISCO-08 .......... 4
Íslensk starfaflokkun ÍSTARF21 .......... 5
Helstu hugtök .......... 6
Uppbygging .......... 7
Notkun .......... 8
Yfirlit yfir bálka .......... 10
Yfirlit yfir bálka og deildir .......... 10
Yfirlit yfir bálka, deildir og klasa .......... 12
Yfirlit yfir bálka, deildir, klasa og starfaflokka .......... 17
**Íslensk starfaflokkun** .......... 33
Bálkur 1 Störf stjórnenda .......... 34
Bálkur 2 Sérfræðistörf .......... 64
Bálkur 3 Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks .......... 157
Bálkur 4 Skrifstofustörf .......... 225
Bálkur 5 Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf .......... 247
Bálkur 6 Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf .......... 279
Bálkur 7 Iðnaðarstörf .......... 293
Bálkur 8 Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu .......... 344
Bálkur 9 Ósérhæfð störf .......... 376
**Samsvörun við ÍSTARF95** .......... 404

# Inngangur

Íslensk starfaflokkun ÍSTARF21 er ný uppfærsla ÍSTARF flokkunarkerfisins sem kom fyrst út árið 1994, ÍSTARF 95, og í annarri útgáfu árið 2009. ÍSTARF21 byggist á alþjóðlega staðlinum International Standard Classification of Occupations 2008, ISCO-08, sem leysti af hólmi ISCO-88 sem ÍSTARF95 var sniðið eftir.

Samræmd starfaflokkun er forsenda fyrir samanburði á íslensku og erlendu talnaefni um vinnumarkað. Auk þess gefur starfaflokkun kost á að samræma flokkun starfa ýmissa aðila innanlands fyrir hagskýrslugerð, rannsóknir og ýmsa starfsemi á vinnumarkaði. Sem dæmi um notkun íslenskrar starfaflokkunar má nefna rannsóknir á launum, vinnuafli, heilsufari og lífskjörum. Þá má einnig nefna færnispá og flokkun vinnuslysa auk jafnlaunagreininga.

ÍSTARF21 skiptist í þrjá hluta. Í inngangi er fjallað almennt um flokkunarkerfið, hvernig það er byggt upp, helstu breytingar frá fyrri útgáfu og hvernig aðlögun íslensku útgáfunnar er háttað. Í meginkaflanum er flokkunarkerfið sjálft þar sem einstökum starfaflokkum er lýst og í viðauka er listi með vörpun starfaflokka milli ÍSTARF95 og ÍSTARF21.

## Alþjóðleg starfaflokkun ISCO-08

Alþjóðlega starfaflokkunin ISCO-08 var samþykkt á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í desember 2007. Þróun alþjóðlegrar starfaflokkunar á sér langa sögu og var þörf fyrir slíka flokkun rædd þegar árið 1921, á fyrstu ráðstefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Með alþjóðavæðingu og breytingum á vinnumarkaði hefur þörfin fyrir alþjóðlega samanburðarhæf gögn farið vaxandi.

Eins og ISCO-88 er ISCO-08 stigskipt flokkunarkerfi í fjórum þrepum. Störfum í ISCO-08 er skipt upp í 436 starfaflokka, 130 klasa, 43 deildir og 10 bálka. Það skal tekið fram að ekki er um nýja útgáfu af alþjóðaflokkunarkerfinu að ræða heldur uppfærslu og er uppbygging kerfisins í megindráttum sú sama milli útgáfa. Þó hafa ýmsar breytingar verið gerðar til að bregðast við athugasemdum vegna ISCO-88.

Til að endurspegla breytingar á störfum og tækniþróun á vinnumarkaði hafa nýir starfaflokkar bæst við í ISCO-08 og einhverjir flokkar verið sameinaðir, skipt upp eða færðir til. Auk breytinga á starfaflokkum er nú lögð meiri áhersla á þau verkefni sem tilheyra hverju starfi fyrir sig frekar en kröfur um formlega menntun og starfsþjálfun.

Helstu breytingar milli ISCO-88 og ISCO-08 eru:

- Endurskipulagning starfaflokka fyrir stjórnunarstörf í bálki 1.
- Starfaflokkum fyrir sérfræðistörf í bálki 2 hefur fjölgað. Bæði er um nýja flokka að ræða auk þess sem störf úr bálki 3 hafa verið færð upp um bálk.

- Starfaflokkum fyrir störf innan heilbrigðisþjónustu, landbúnaðar og upplýsinga- og fjarskiptatækni hefur verið fjölgað.
- Flokkun skrifstofustarfa í bálkum 4 og 5 hefur verið endurskipulögð til að bregðast við auknum áhrifum upplýsinga- og fjarskiptatækni á störf í þessum bálkum.
- Vegna tækniþróunar hafa nokkur störf sem áður flokkuðust í bálka 7 og 8 færst yfir í bálk 3.

Allar upplýsingar um ISCO-08 eru aðgengilegar á vefsvæði alþjóðlegu starfaflokkunarinnar: ***http://www.ilo.org/public/english/bureau/stat/isco/index.htm***

Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eiga með sér samstarf um opinbera hagskýrslugerð á grundvelli laga og reglna sem um hana gilda. Ísland hefur undirgengist skyldur til að nota ISCO-08 í öllum úrtaksrannsóknum sem eru hluti af Evrópska hagskýrslusamstarfinu (ESS), svo sem í vinnumarkaðsrannsókn (Labour Force Survey), lífskjararannsókn (EU-SILC) og í rannsókn á samsetningu launa (Structure of Earnings Survey).

ÍSTARF21 er þýðing á ISCO-08 og aðlagað að íslenskum vinnumarkaði. Alþjóðlegi staðallinn var þýddur af ensku yfir á íslensku og við yfirlestur var meðal annars ákveðið að stytta texta og lýsingar við bálka, deildir, klasa og flokka og taka út upplýsingar og flokka sem eiga ekki við í íslensku samfélagi.

## Íslensk starfaflokkun ÍSTARF21

Uppbygging ÍSTARF21 svipar meira til alþjóðlegu starfaflokkunarinnar en ÍSTARF95 gerði. Ýmislegt sem var hluti af ÍSTARF95 starfaflokkuninni á ekki lengur við og er nýja útgáfan eins samsvarandi þeirri alþjóðlegu og kostur er. Þó ekki að öllu leyti enda er staðallinn hugsaður fyrir allan heiminn, jafnt fyrir lönd í fjarlægum heimsálfum og lönd í Norður Evrópu.

Við aðlögun alþjóðastaðalsins að íslenskum vinnumarkaði var reynt að hrófla sem minnst við uppbyggingu og númerakerfi staðalsins til þess að auðvelda alþjóðlegan samanburð. Þó voru gerðar þær breytingar sem þurfti svo staðallinn gæti orðið eins handhægur og kostur er fyrir notendur innanlands.

Helstu breytingar milli ISCO-08 og ÍSTARF21 eru að inngangskaflar við bálka, deildir og klasa eru styttir og einnig lýsingar við starfaflokka. Dæmum sem lýsa verkefnum í hverjum starfaflokki fyrir sig hefur verið fækkað og textar gerðir hnitmiðaðri.

Bálkur 0 fyrir störf innan hernaðar er ekki hafður með í íslensku útgáfunni og starfaflokkum sem eiga sérstaklega við þróunarlönd hefur verið sleppt. Þannig er til dæmis störfum sem lýsa sjálfsþurftabúskap sleppt og einnig störfum við þvott í höndum, akstur farartækja sem dráttardýrum er beitt fyrir, störfum vatns- og eldiviðarsafnara og störfum við járnbrautir.

Mörg íslensk starfsheiti eru kyngreind á íslenskri tungu en ekki á ensku. Því hefur verið valin sú leið að heiti starfaflokka miði fremur við störfin sem flokkast innan þeirra en ekki starfsheitin eins og í ISCO-08. Dæmi um beina þýðingu í ISCO-08 er starfaflokkur 2165 Cartographers and surveyors,

Kortagerða- og landmælingarmaður en í ÍSTARF21 hefur sá flokkur verið þýddur sem Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar. Þetta er einnig gert til að leggja áherslu á verkefnin sem unnin eru en ekki á starfsheitið sem slíkt.

## Helstu hugtök

Tvö meginhugtök liggja til grundvallar íslenskri starfaflokkun, hugtakið starf *(e. occupation)* og hugtakið kunnátta *(e. skill)*.

### Starf

Starf er grunneiningin í flokkunarkerfi ÍSTARF21, það er að segja tiltekin verkefni og skyldur eins starfsmanns. Störf með lík viðfangsefni og skyldur eiga oft heima innan sama starfaflokks. Sem dæmi þá flokkast störf augnlækna, skurðlækna og geðlækna í sama starfaflokk, 2212 Störf við sérgreinalækningar.

### Kunnátta

Kunnátta er skilgreind sem sú færni sem starfsfólk þarf að hafa til að sinna þeim verkefnum og skyldum sem tiltekið starf krefst og skiptist hún í tvo meginþætti: sérhæfingu *(e. skill specialization)* og kunnáttustig *(e. skill level)*. Með því að skilgreina kunnáttu er unnt að afmarka störf og fella þá saman í starfaflokka.

Sérhæfing er metin með tilliti til þess hvaða:

- þekkingarsviðs er krafist,
- verkfæri, vélar og tæki eru notuð,
- efni er unnið með,
- vörur eru framleiddar og hvaða þjónusta er veitt.

Kunnáttustig er metið út frá einum eða fleirum eftirfarandi þátta:

- Því markmiði sem starfið felur í sér og þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi bálki samanborið við lýsingar á kunnáttu í öðrum bálkum.
- Lengd formlegrar menntunar sem er að jafnaði krafist fyrir viðkomandi starf.
- Þeirri reynslu sem krafist er og lengd óformlegrar þjálfunar.

Í ÍSTARF21 eru skilgreind fjögur kunnáttustig. Stuðst er við ÍSMENNT2011 sem byggir á Alþjóðlegu menntunarflokkuninni, ISCED2011, sem gefin er út af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

- Störf á fyrsta kunnáttustigi fela í sér einföld og venjubundin verkefni sem hugsanlega krefjast notkunar handverkfæra og nokkurrar líkamlegrar áreynslu.

- Störf á öðru kunnáttustigi fela í sér getu til að lesa og skrá upplýsingar og sinna einföldum útreikningum. Í sumum tilfellum er krafist talsverðrar lestrar- og stærðfræðikunnáttu og oft er gerð krafa um samskiptahæfni og færni til að vinna í höndum.
- Störf á þriðja kunnáttustigi fela í sér tæknileg verkefni sem tengjast sérhæfðum verkefnum og hagnýtingu hugmynda. Krafist er mikillar færni hvað varðar skilning og notkun texta, talna og samskiptahæfni.
- Störf á fjórða kunnáttustigi fela í sér verkefni þar sem krafa er gerð um úrlausn flókinna viðfangsefna, ákvarðanatöku, sköpunargáfu og umtalsverðrar sérfræðiþekkingar innan tiltekins sviðs.

Ekki verður komist hjá því að styðjast að einhverju leyti við huglægt mat á kunnáttustigi einstakra starfa við flokkun samkvæmt ÍSTARF21. Kröfur um skólagöngu eða prófgráðu eru þá aðeins eitt þeirra atriða sem þarf að huga að. Ef starfslýsing gerir til dæmis ráð fyrir staðgóðri málakunnáttu starfsmanns er ljóst að þeirrar kunnáttu er hægt að afla með ýmsum hætti, til dæmis með stúdentsprófi, sjálfsnámi, námskeiðum, búsetu erlendis eða á annan hátt.

Mikilvægasti þátturinn við ákvörðun kunnáttustigs er eðli þeirra verkefna sem sinnt er í tilteknu starfi með tilliti til þeirra verkefna sem einkennandi þykja fyrir hvert kunnáttustig. Við athugun þessara verkefna ætti þó að hafa í huga að stig almennrar færni getur verið afar ólíkt milli starfa. Til dæmis kann að vera krafist meiri samskiptahæfni af tryggingafulltrúum (kunnáttustig 3), en af hugbúnaðarhönnuðum (kunnáttustig 4).

Hugtakið kunnáttustig er notað með hliðsjón af þeirri kunnáttu sem krafist er til að hægt sé að sinna tilteknu starfi á viðunandi hátt. Sumir einstaklingar geta búið yfir meiri eða minni færni en kunnáttustigið segir til um. Kröfur um kunnáttu í ákveðnum störfum innan starfs geta einnig verið meiri en gildir um starfið í heild sinni.

## Uppbygging

Eins og í fyrri útgáfum er störfum í ÍSTARF21 skipað saman í bálka eftir því hversu lík þau eru hvað varðar kunnáttustig og sérhæfingu. Bálkarnir greinast svo í deildir, klasa og starfaflokka. Þessi uppbygging kerfisins gerir það að verkum að hægt er að flokka störf ýmist ítarlega eða eftir grófari flokkun. Flokkun í klasa og deildir getur til dæmis nýst vel í alþjóðlegum samanburði þar sem flokkanir einstakra landa eru flestar með svipaða uppbyggingu á þeim þrepum.

Fyrsta þrep starfaflokkunarinnar er bálkur og er hann merktur með einum tölustaf. Bálkarnir í ÍSTARF21 eru alls níu. Annað þrep skiptir bálkum í deildir sem merktar eru með tveggja stafa tölu og eru deildirnar alls 39. Þriðja þrepið greinir deildir í klasa starfa og eru þeir auðkenndir með þriggja stafa tölu. Alls eru 119 klasar í starfaflokkuninni. Fjórða þrepið er starfaflokkur sem auðkenndur er með fjögurra stafa tölu og eru starfaflokkarnir 409. Í hverjum starfaflokki getur verið ótilgreindur fjöldi starfa með lík viðfangsefni og skyldur.

### Dæmi:

| | | |
|---|---|---|
| Bálkur: | 5 | Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf |
| Deild: | 51 | Störf við þjónustu |
| Klasi: | 511 | Þjónustustörf við flutninga og ferðalög |
| Flokkar: | 5111 | Störf við þjónustu í flugvélum og skipum |
| | 5112 | Störf um borð í almenningsfarartækjum |
| | 5113 | Leiðsögustörf |

Stuttur inngangur er við hvern bálk, klasa og deild og svo ítarlegri lýsing við hvern starfaflokk. Við hvern flokk eru einnig dæmi um verkefni starfa innan viðkomandi flokks.

Eins og í fyrri útgáfum eru ákveðnar reglur við númer starfaflokka, til að mynda endar fjögurra stafa númer starfaflokks á núlli þegar einungis einn starfaflokkur fellur undir klasa[1]. Starfaflokkar sem þjóna því hlutverki að vera eins konar safnflokkar fyrir störf sem falla undir tilteknar deildir eða klasa, en eru ekki flokkaðir í þá starfaflokka sem þar eru tilgreindir, enda á tölustafnum níu og heiti þeirra á ót.a.s. eða „ótilgreint annars staðar". Dæmi um slíkan flokk er starfaflokkurinn 5329 Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s.

## Notkun

ÍSTARF21 er fyrst og fremst flokkun starfa eftir verkefnum en ekki ábyrgð eða menntun. Því geta einstaklingar í sama starfaflokki sinnt störfum með mismikla ábyrgð eða kröfur um frammistöðu. Starfið sjálft er sú eining sem flokkuð er en ekki einstaklingurinn sem sinnir því. Þar af leiðandi þarf að skoða sérstaklega við flokkun starfa hvaða kunnátta er nauðsynleg fyrir viðkomandi starf en ekki hvaða kunnáttu eða færni einstaklingur hefur.

Tengsl kunnáttustiga og bálka má sjá í töflunni hér að neðan. Ekki var krafist ákveðinna kunnáttustiga í eldri útgáfum flokkunarkerfisins fyrir bálk 1 en í ÍSTARF21 er þess krafist að stjórnendur hafi þá menntun eða færni sem samsvarar kunnáttustigi 3 eða 4. Þó að stuðst sé við menntunarflokkunina ÍSMENNT2011 við skilgreiningu á kunnáttustigunum fjórum er ekki þar með sagt að sú færni sem krafist er til að sinna tilteknu starfi verði aðeins áunnin með formlegri menntun.

*1 Þessi regla á ekki við í íslensku útgáfunni hvað varðar klasa 322 Störf sjúkraliða. Starfaflokkur 3221 endar ekki á núlli þrátt fyrir að vera eini starfaflokkurinn undir klasanum. Ástæða þess er að í alþjóðlegu útgáfunni eru starfaflokkarnir tveir, þ.e. 3221 og 3222 og þeim seinni er sleppt í íslensku útgáfunni en ákvörðun tekin um að breyta ekki númerakerfinu.*

| Bálkur: | | Kunnáttustig: |
|---|---|---|
| 1 | Störf stjórnenda | 3 eða 4 |
| 2 | Sérfræðistörf | 4 |
| 3 | Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks | 3 |
| 4 | Skrifstofustörf | 2 |
| 5 | Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf | 2 |
| 6 | Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf | 2 |
| 7 | Iðnaðarstörf | 2 |
| 8 | Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu | 2 |
| 9 | Ósérhæfð störf | 1 |

Ekki skal flokka einstaklinga eftir því hvaða menntun þeir hafa ef það starf sem þeir sinna krefst ekki slíkrar menntunar. Sem dæmi má nefna að einstaklingur sem lokið hefur háskólanámi í byggingarverkfræði og gegnir starfi húsvarðar myndi flokkast í starfaflokk 5153 Störf við umsjón fasteigna en ekki í starfaflokk 2142 Sérfræðistörf í byggingarverkfræði.

Þegar verkefni einstaklings eru fjölbreytt og starf hans gæti flokkast í fleiri en einn starfaflokk skal flokka viðkomandi starf eftir því hvaða verkefni og skyldur eru umfangmestar. Sem dæmi má nefna bakara sem bakar brauð og kökur en sinnir einnig afgreiðslu á álagstímum. Starf hans ætti til að mynda ekki að flokka í 5230 Störf við afgreiðslu og miðasölu heldur 7512 Störf við bakstur og sælgætisgerð þar sem hið síðarnefnda lýsir betur meginverkefnum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem reka eigið fyrirtæki sinna jafnan stjórnun og ýmsum fjölbreyttum verkefnum. Þannig er bifvélavirki, sem á og rekur eigið verkstæði og hefur ráðið til sín aðra bifvélavirkja, móttökuritara og ræstitækni, flokkaður í starfaflokk 7231 Störf við bifvélavirkjun ef hann ver mestum tíma í bifvélaviðgerðir og minni tíma í verkefni er snúa að stjórnun. Störf stjórnenda lítilla verslana, gistihúsa, bara og kaffihúsa þar sem stjórnun og starfsmannahald er lítill hluti starfsins eru flokkuð í viðkomandi starfaflokk í deild 51 Störf við þjónustu eða 52 Sölustörf, allt eftir því hver þeirra meginverkefni eru.

Þá má einnig nefna að starfsnemar eru flokkaðir í þann starfaflokk sem lýsir best þeim störfum sem þeir sinna. Þannig eru störf starfsnema, til dæmis í trésmíði og rafvirkjun flokkuð í þá starfaflokka innan trésmíði og rafvirkjunar sem verkefnin falla best að.

Að lokum skal nefna að löggild starfsheiti hafa ekki áhrif á flokkun starfa. Eins og fram hefur komið eru það alltaf verkefnin sem stýra því hvernig störf eru flokkuð.

## Yfirlit yfir bálka

1 Störf stjórnenda
2 Sérfræðistörf
3 Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks
4 Skrifstofustörf
5 Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf
6 Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf
7 Iðnaðarstörf
8 Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu
9 Ósérhæfð störf

## Yfirlit yfir bálka og deildir

**1 Störf stjórnenda**

11 Störf forstjóra, framkvæmdastjóra, æðstu embættismanna og kjörinna fulltrúa

12 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum, þróun, sölu og markaðsmálum

13 Störf stjórnenda í framleiðslu og þjónustu

14 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri, heildsölu, smásölu og afþreyingarþjónustu

**2 Sérfræðistörf**

21 Sérfræðistörf í raunvísindum og verkfræði

22 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum

23 Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði

24 Sérfræðistörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun

25 Sérfræðistörf í upplýsinga- og fjarskiptatækni

26 Sérfræðistörf í lögfræði, samfélags- og menningargreinum

**3 Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks**

31 Tæknistörf í raungreinum og verkfræði

32 Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum

33 Sérhæfð ráðgjafa- og sölustörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun

34 Sérhæfð störf í félags-, tómstunda- og menningargreinum

35 Sérhæfð störf í upplýsinga- og fjarskiptatækni

**4 Skrifstofustörf**

41 Almenn skrifstofu- og skráningarstörf

42 Skrifstofustörf við afgreiðslu og upplýsingagjöf

43 Störf við vinnslu talnagagna

44 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.

**5 Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf**

51 Störf við þjónustu

52 Sölustörf

53 Aðstoðar- og umönnunarstörf

54 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf

**6 Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf**

61 Störf við vöruframleiðslu í landbúnaði

62 Störf við vöruframleiðslu í skógrækt, fiskvinnslu og veiðum

**7 Iðnaðarstörf**

71 Störf við byggingar og tengdan iðnað (að undanskilinni rafvirkjun)

72 Störf við málm- og vélsmíði

73 Störf við handverk, hönnun og prentvinnslu

74 Störf við rafvirkjun og rafeindavirkjun

75 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði, tréiðn, fataiðn og öðrum tengdum iðnaði

**8 Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu**

81 Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla

82 Störf við samsetningu

83 Störf við akstur og vinnuvélar

**9 Ósérhæfð störf**

91 Störf við ræstingar og þvott

92 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu

93 Ósérhæfð störf í námugreftri, byggingariðnaði, framleiðslu og samgöngum

94 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu

95 Störf við götusölu og tengd störf

96 Störf við sorpvinnslu og önnur ósérhæfð störf

# Yfirlit yfir bálka, deildir og klasa

**1 Störf stjórnenda**

11 Störf forstjóra, framkvæmdastjóra, æðstu embættismanna og kjörinna fulltrúa

*111 Störf kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna*

*112 Störf forstjóra og framkvæmdastjóra*

12 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum, þróun, sölu og markaðsmálum

*121 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð*

*122 Störf stjórnenda í þróun, sölu og markaðsmálum*

13 Störf stjórnenda í framleiðslu og þjónustu

*131 Störf stjórnenda í landbúnaði, skógrækt og veiðum*

*132 Störf stjórnenda í framleiðslu, byggingariðnaði, námuvinnslu, samgöngum og flutningum*

*133 Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni*

*134 Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis, félags- og fjármálaþjónustu*

14 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri, heildsölu, smásölu og afþreyingarþjónustu

*141 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri*

*142 Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu*

*143 Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu*

**2 Sérfræðistörf**

21 Sérfræðistörf í raunvísindum og verkfræði

*211 Sérfræðistörf í eðlis- og jarðvísindum*

*212 Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði*

*213 Sérfræðistörf í lífvísindum*

*214 Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum)*

*215 Sérfræðistörf í verkfræði innan raftæknigreina*

*216 Sérfræðistörf í arkitektúr, skipulagsfræði, landmælingum og hönnun*

22 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum

*221 Sérfræðistörf við lækningar*

*222 Sérfræðistörf við hjúkrun*

*223 Sérfræðistörf við dýralækningar*

*224 Önnur sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum*

23 Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði

*231 Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi*

*232 Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu*

*233 Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi*

*234 Sérfræðistörf við kennslu á leik- og grunnskólastigi*

*235 Önnur sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði*

24 Sérfræðistörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun

*241 Sérfræðistörf í fjármálum*

*242 Sérfræðistörf í stjórnun*

*243 Sérfræðistörf í sölu, markaðsmálum og almannatengslum*

25 Sérfræðistörf í upplýsinga- og fjarskiptatækni

*251 Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði*

*252 Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi*

26 Sérfræðistörf í lögfræði, samfélags- og menningargreinum

*261 Sérfræðistörf í lögfræði*

*262 Sérfræðistörf í safna- og upplýsingafræði*

*263 Sérfræðistörf í félags- og hugvísindum*

*264 Sérfræðistörf við skrif, gerð frétta og þýðingar*

*265 Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum*

**3 Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks**

31 Tæknistörf í raungreinum og verkfræði

*311 Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði*

*312 Störf við verkstjórn og eftirlit í námugreftri, framleiðslu og byggingarstarfsemi*

*313 Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum*

*314 Tæknistörf í lífvísindum og landbúnaði*

*315 Sérhæfð störf í skipa- og flugsamgöngum*

32 Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum

*321 Tækni- og aðstoðarstörf á sviði lækninga og lyfjafræði*

*322 Störf sjúkraliða*

*323 Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum*

*324 Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum*

*325 Störf annars sérhæfðs starfsfólks í heilbrigðisgreinum*

33 Sérhæfð ráðgjafa- og sölustörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun

*331 Sérhæfð störf í fjármálaþjónustu*

*332 Sérhæfð innkaupa- og sölustörf*

*333 Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu*

*334 Störf sérhæfðra fulltrúa og ritara*

*335 Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum*

34 Sérhæfð störf í félags-, tómstunda- og menningargreinum

*341 Sérhæfð störf í lögfræði og félagsmálum*

*342 Sérhæfð störf í íþróttum og líkamsrækt*

*343 Sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu*

35 Sérhæfð störf í upplýsinga- og fjarskiptatækni

*351 Tæknistörf við kerfisumsjón og notendaþjónustu*

*352 Tæknistörf við fjarskipti og útsendingar*

**4 Skrifstofustörf**

41 Almenn skrifstofu- og skráningarstörf

*411 Almenn skrifstofustörf*

*412 Ritarastörf*

*413 Skráningar- og ritvinnslustörf*

42 Skrifstofustörf við afgreiðslu og upplýsingagjöf

*421 Gjaldkerastörf, fjárvarsla og skyld skrifstofustörf*

*422 Störf við upplýsingagjöf*

43 Störf við vinnslu talnagagna

*431 Störf við vinnslu talnagagna*

*432 Störf við skráningu birgða, framleiðslu og flutninga*

44 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.

*441 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.*

**5 Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf**

51 Störf við þjónustu

*511 Þjónustustörf við flutninga og ferðalög*

*512 Störf við matseld*

*513 Störf þjóna og barþjóna*

*514 Störf við hárgreiðsu, snyrtingu og tengd störf*

*515 Störf umsjónarfólks við þrif og fasteignir*

*516 Önnur störf við þjónustu*

52 Sölustörf

*521 Störf við götu- og markaðssölu*

*522 Sölustörf í verslunum*

*523 Störf við afgreiðslu og miðasölu*

*524 Önnur sölustörf*

53 Aðstoðar- og umönnunarstörf

*531 Störf við gæslu barna og aðstoð við kennara*

*532 Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu*

54 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf

*541 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf*

**6 Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf**

61 Störf við vöruframleiðslu í landbúnaði

*611 Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt*

*612 Störf við búfjárrækt*

*613 Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur*

62 Störf við vöruframleiðslu í skógrækt, fiskvinnslu og veiðum

*621 Störf við skógrækt*

*622 Störf við fiskveiðar og aðrar veiðar*

**7 Iðnaðarstörf**

71 Störf við byggingar og tengdan iðnað (að undanskilinni rafvirkjun)

*711 Störf við byggingar- og mannvirkjagerð*

*712 Störf við frágang bygginga*

*713 Störf við málun og hreinsun bygginga*

72 Störf við málm- og vélsmíði

*721 Störf við málmsmíði*

*722 Störf við járn- og vélsmíði*

*723 Störf við uppsetningu og viðgerðir á vélum*

73 73 Störf við handverk, hönnun og prentvinnslu

*731 Störf við handverk og hönnun*

*732 Störf við prentvinnslu*

74 Störf við rafvirkjun og rafeindavirkjun

*741 Störf við uppsetningu og viðgerðir raflagna og rafvéla*

*742 Störf við uppsetningu og viðgerðir rafeinda- og fjarskiptabúnaðar*

75 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði, tréiðn, fataiðn og öðrum tengdum iðnaði

*751 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði*

*752 Störf við timburverkun og húsgagnasmíði*

*753 Störf við fataiðn og tengd störf*

*754 Störf við annan iðnað*

## 8 Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu

81 Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla

*811 Störf við vélar í námuvinnslu- og jarðefnavinnslustöðvum*

*812 Störf við vélar í málmvinnslu*

*813 Störf við vélar í efnaverksmiðjum og framleiðslu á ljósmyndavörum*

*814 Störf við vélar í framleiðslu á gúmmí-, plast- og pappírsafurðum*

*815 Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum*

*816 Störf við vélar í matvælaframleiðslu*

*817 Störf við vélar í timburvinnslu og pappírsframleiðslu*

*818 Önnur störf við staðbundnar vélar*

82 Störf við samsetningu

*821 Störf við samsetningu*

83 Störf við akstur og vinnuvélar

*332 Störf við akstur bifreiða og vélhjóla*

*833 Störf við akstur stórra vöru- og áætlunarbifreiða*

*834 Störf við landbúnaðar- og vinnuvélar*

*835 Störf háseta og bátsmanna*

## 9 Ósérhæfð störf

91 Störf við ræstingar og þvott

*911 Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum og í fyrirtækjum*

*912 Störf við glugga- og bílaþvott og önnur störf við þrif*

92 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu

*921 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu*

93 Ósérhæfð störf í námugreftri, byggingariðnaði, framleiðslu og samgöngum

*931 Ósérhæfð störf í byggingariðnaði og námugreftri*

*932 Ósérhæfð störf í framleiðslu*

*933 Ósérhæfð störf við flutninga og í vörugeymslum*

94 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu

*941 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu*

95 Störf við götusölu og tengd störf

*951 Störf við götusölu og tengd störf*

96 Störf við sorpvinnslu og önnur ósérhæfð störf

*961 Störf við sorpvinnslu*

*962 Önnur ósérhæfð störf*

# Yfirlit yfir bálka, deildir, klasa og starfaflokka

**1 Störf stjórnenda**

11 Störf forstjóra, framkvæmdastjóra, æðstu embættismanna og kjörinna fulltrúa

*111 Störf kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna*

*1111 Störf kjörinna fulltrúa*

*1112 Störf æðstu embættismanna ríkis og sveitarstjórna*

*1114 Störf æðstu stjórnenda hagsmunasamtaka*

*112 Störf forstjóra og framkvæmdastjóra*

*1120 Störf forstjóra og framkvæmdastjóra*

12 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum, þróun, sölu og markaðsmálum

*121 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð*

*1211 Störf stjórnenda í fjármálum*

*1212 Störf stjórnenda í mannauðsmálum*

*1213 Störf stjórnenda í stefnu- og áætlanagerð*

*1219 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s.*

*122 Störf stjórnenda í þróun, sölu og markaðsmálum*

*1221 Störf stjórnenda í sölu og markaðsmálum*

*1222 Störf stjórnenda í upplýsingamiðlun og almannatengslum*

*1223 Störf stjórnenda í rannsóknum og þróun*

13 Störf stjórnenda í framleiðslu og þjónustu

*131 Störf stjórnenda í landbúnaði, skógrækt og veiðum*

*1311 Störf stjórnenda í landbúnaði og skógrækt*

*1312 Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum*

*132 Störf stjórnenda í framleiðslu, byggingariðnaði, námuvinnslu, samgöngum og flutningum*

*1321 Störf stjórnenda í framleiðslu*

*1322 Störf stjórnenda í námuvinnslu*

*1323 Störf stjórnenda í byggingariðnaði*

*1324 Störf stjórnenda í samgöngum og flutningum*

*133 Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni*

*1330 Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni*

*134 Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis, félags- og fjármálaþjónustu*

*1341 Störf stjórnenda leikskóla og dagvistunar barna*

*1342 Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu*

*1343 Störf stjórnenda í umönnun aldraðra*

*1344 Störf stjórnenda í félagsþjónustu*

*1345 Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi*

*1346 Störf stjórnenda í fjármála- og tryggingaþjónustu*

*1349 Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu ót.a.s.*

### 14 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri, heildsölu, smásölu og afþreyingarþjónustu

*141 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri*

*1411 Störf stjórnenda í hótelrekstri*

*1412 Störf stjórnenda í veitingarekstri*

*142 Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu*

*1420 Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu*

*143 Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu*

*1431 Störf stjórnenda íþrótta-, tómstunda- og menningarmiðstöðva*

*1439 Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu ót.a.s.*

## 2 Sérfræðistörf

### 21 Sérfræðistörf í raunvísindum og verkfræði

*211 Sérfræðistörf í eðlis- og jarðvísindum*

*2111 Sérfræðistörf í eðlis- og stjörnufræði*

*2112 Sérfræðistörf í veðurfræði*

*2113 Sérfræðistörf í efnafræði*

*2114 Sérfræðistörf í jarðvísindum*

*212 Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði*

*2120 Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði*

*213 Sérfræðistörf í lífvísindum*

*2131 Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum*

*2132 Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum*

*2133 Sérfræðistörf í umhverfisvernd*

*214 Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum)*

*2141 Sérfræðistörf í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði*

*2142 Sérfræðistörf í byggingarverkfræði*

*2143 Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði*

*2144 Sérfræðistörf í vélaverkfræði*

*2145 Sérfræðistörf í efnaverkfræði*

*2146 Sérfræðistörf í námaverkfræði og málmvinnslu*

*2149 Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum) ót.a.s.*

*215 Sérfræðistörf í verkfræði innan raftæknigreina*

*2151 Sérfræðistörf í rafmagnsverkfræði*

*2152 Sérfræðistörf í rafeindaverkfræði*

*2153 Sérfræðistörf í fjarskiptaverkfræði*

*216 Sérfræðistörf í arkitektúr, skipulagsfræði, landmælingum og hönnun*

*2161 Sérfræðistörf í arkitektúr*

*2162 Sérfræðistörf í landslagsarkitektúr*

*2163 Sérfræðistörf í vöru- og fatahönnun*

*2164 Sérfræðistörf í borgar- og skipulagsfræði*

*2165 Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar*

*2166 Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun*

22 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum

*221 Sérfræðistörf við lækningar*

*2211 Störf við heimilislækningar og almennar lækningar*

*2212 Störf við sérgreinalækningar*

*222 Sérfræðistörf við hjúkrun*

*2221 Sérfræðistörf við hjúkrun*

*2222 Sérfræðistörf í ljósmóðurfræðum*

*225 Sérfræðistörf við dýralækningar*

*2250 Sérfræðistörf við dýralækningar*

*226 Önnur sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum*

*2261 Sérfræðistörf við tannlækningar*

*2262 Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa*

*2263 Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd*

*2264 Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun*

*2265 Sérfræðistörf í næringarfræði*

*2266 Sérfræðistörf í heyrnar- og talmeinafræði*

*2269 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s.*

23 Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði

*231 Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi*

*2310 Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi*

*232 Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu*

*2320 Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu*

*233 Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi*

*2330 Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi*

*234 Sérfræðistörf við kennslu á leik- og grunnskólastigi*

*2341 Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi*

*2342 Sérfræðistörf við kennslu á leikskólastigi*

*235 Önnur sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði*

*2351 Sérfræðistörf við kennsluaðferðir og skólaeftirlit*

*2352 Sérfræðistörf við sérkennslu og þroskaþjálfun*

*2353 Sérfræðistörf við tungumálakennslu*

*2354 Sérfræðistörf við tónlistarkennslu*

*2355 Sérfræðistörf við listgreinakennslu*

*2356 Sérfræðistörf við kennslu í upplýsingatækni*

*2359 Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði ót.a.s.*

24 Sérfræðistörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun

*241 Sérfræðistörf í fjármálum*

*2411 Sérfræðistörf við endurskoðun*

*2412 Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf*

*2413 Sérfræðistörf við fjármálagreiningu*

*242 Sérfræðistörf í stjórnun*

*2421 Sérfræðistörf við greiningar á stjórnun og rekstri*

*2422 Sérfræðistörf við stefnumótun*

*2423 Sérfræðistörf við starfsráðgjöf og starfsmannahald*

*2424 Sérfræðistörf við starfsþjálfun og starfsþróun*

*243 Sérfræðistörf í sölu, markaðsmálum og almannatengslum*

*2431 Sérfræðistörf við auglýsinga- og markaðsmál*

*2432 Sérfræðistörf við almannatengsl*

*2433 Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði (að undanskildum upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði)*

*2434 Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði*

25 Sérfræðistörf í upplýsinga- og fjarskiptatækni

*251 Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði*

*2511 Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum*

*2512 Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun*

*2513 Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun*

*2514 Sérfræðistörf við forritun*

*2519 Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði ót.a.s.*

*252 Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi*

*2521 Sérfræðistörf við hönnun og umsjón gagnagrunna*

*2522 Sérfræðistörf við kerfisstjórn*

*2523 Sérfræðistörf við netkerfi*

*2529 Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi ót.a.s.*

26 Sérfræðistörf í lögfræði, samfélags- og menningargreinum

*261 Sérfræðistörf í lögfræði*

*2611 Sérfræðistörf í lögfræði við dómstóla*

*2612 Sérfræðistörf dómara*

*2619 Sérfræðistörf í lögfræði ót.a.s.*

*262 Sérfræðistörf í safna- og upplýsingafræði*

*2621 Sérfræðistörf í skjala- og safnfræði*

*2622 Sérfræðistörf í bókasafns- og upplýsingafræði*

*263 Sérfræðistörf í félags- og hugvísindum*

*2631 Sérfræðistörf í hagfræði*

*2632 Sérfræðistörf í félagsfræði og mannfræði*

*2633 Sérfræðistörf í heimspeki, sagnfræði og stjórnmálafræði*

*2634 Sérfræðistörf í sálfræði*

*2635 Sérfræðistörf í félagsráðgjöf*

*2636 Sérfræðistörf tengd trúarbrögðum*

*264 Sérfræðistörf við skrif, gerð frétta og þýðingar*

*2641 Störf höfunda og útgefenda*

*2642 Störf við gerð og flutning frétta*

*2643 Störf við þýðingar, túlkun og önnur málvísindi*

*265 Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum*

*2651 Störf við myndlist*

*2652 Störf við tónsmíðar og tónlistarflutning*

*2653 Störf við dans og gerð dansverka*

*2654 Störf við leikstjórn og framleiðslu kvikmynda og leikverka*

*2655 Störf við leiklist*

*2656 Störf við þáttastjórn í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum*

*2659 Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum ót.a.s.*

## 3 Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks

31 Tæknistörf í raungreinum og verkfræði

*311 Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði*

*3111 Tæknistörf í efna- og eðlisfræði*

*3112 Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð*

*3113 Tæknistörf í rafmagnsverkfræði og raftækniiðnaði*

*3114 Störf í rafeindatækni*

*3115 Tæknistörf í vélaverkfræði*

*3116 Tæknistörf í efnaverkfræði*

*3117 Tæknistörf við vinnslu hráefna úr jörðu*

*3118 Störf við tækniteiknun*

*3119 Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði, ót.a.s.*

*312 Störf við verkstjórn og eftirlit í námugreftri, framleiðslu og byggingarstarfsemi*

*3121 Störf við verkstjórn í námugreftri*

*3122 Störf við verkstjórn í framleiðsu*

*3123 Störf við verkstjórn í byggingar- og mannvirkjagerð*

*313 Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum*

*3131 Umsjón og rekstur véla í orkuverum*

*3132 Umsjón og rekstur brennsluofna og vatnshreinsunarstöðva*

*3133 Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva*

*3134 Umsjón og rekstur jarðgas- og olíuhreinsunarstöðva*

*3135 Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu*

*3139 Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum ót.a.s.*

*314 Tæknistörf í lífvísindum og landbúnaði*

*3141 Tæknistörf í lífvísindum (að heilbrigðisgreinum undanskildum)*

*3142 Tæknistörf í landbúnaði*

*3143 Tæknistörf í skógrækt*

*315 Sérhæfð störf í skipa- og flugsamgöngum*

*3151 Vélstjórn og tæknistörf um borð í skipum*

*3152 Störf skipstjórnenda*

*3153 Störf stjórnenda flugvéla og annarra loftfara*

*3154 Tæknistörf við flugumsjón*

*3155 Tækni- og rannsóknarstörf tengd flugöryggi*

32 Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum

*321 Tækni- og aðstoðarstörf á sviði lækninga og lyfjafræði*

*3211 Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki*

*3212 Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði*

*3213 Störf við lyfjatækni*

*3214 Störf við stoðtækja- og tannsmíði*

*322 Störf sjúkraliða*

*3221 Störf sjúkraliða*

*323 Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum*

*3230 Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum*

*324 Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum*

*3240 Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum*

*325 Störf annars sérhæfðs starfsfólks í heilbrigðisgreinum*

*3251 Tækni- og aðstoðarstörf í tannlækningum*

*3252 Sérhæfð störf við meðhöndlun heilbrigðisgagna*

*3254 Störf við sjóntækni*

*3255 Sérhæfð störf við heilsunudd*

*3257 Tækni- og ráðgjafastörf á sviði vinnuverndar, heilbrigðis- og umhverfismála*

*3258 Störf við sjúkraflutninga*

*3259 Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s.*

## 33 Sérhæfð ráðgjafa- og sölustörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun

### *331 Sérhæfð störf í fjármálaþjónustu*

*3311 Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa*

*3312 Störf þjónusturáðgjafa og lánafulltrúa*

*3313 Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald*

*3314 Sérhæfð störf tengd tölfræði og stærðfræði*

*3315 Störf við matsgerð og tjónamat*

### *332 Sérhæfð innkaupa- og sölustörf*

*3321 Störf tengd ráðgjöf og sölu trygginga*

*3322 Störf við umboðssölu*

*3323 Störf við innkaup í fyrirtækjum og stofnunum*

*3324 Störf við viðskipta- og vörumiðlun*

### *333 Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu*

*3331 Störf við tollvöru- og vöruflutningamiðlun*

*3332 Störf við viðburðastjórnun*

*3333 Störf við vinnumiðlun*

*3334 Störf við fasteignasölu og fasteignaumsýslu*

*3339 Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu ót.a.s.*

### *334 Störf sérhæfðra fulltrúa og ritara*

*3341 Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu*

*3342 Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði*

*3343 Sérhæfð störf ritara við stjórnun*

*3344 Sérhæfð störf ritara í heilbrigðisþjónustu*

### *335 Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum*

*3351 Störf við tollgæslu og útlendingaeftirlit*

*3352 Störf við opinbera gjaldheimtu*

*3353 Störf við úthlutun lífeyris, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta*

*3354 Störf við leyfisveitingar og útgáfu skilríkja*

*3355 Störf við löggæslu og lögreglurannsóknir*

*3359 Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum ót.a.s.*

## 34 Sérhæfð störf í félags-, tómstunda- og menningargreinum

### *341 Sérhæfð störf í lögfræði og félagsmálum*

*3411 Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði*

*3412 Störf við ráðgjöf í félags-, tómstunda- og æskulýðsmálum*

*3413 Störf tengd trúarbrögðum*

*342 Sérhæfð störf í íþróttum og líkamsrækt*

*3421 Störf við íþróttaiðkun*

*3422 Störf við íþróttaþjálfun og dómgæslu*

*3423 Störf við leiðsögn tengda hreyfingu*

*343 Sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu*

*3431 Störf við ljósmyndun*

*3432 Störf við hönnun og útstillingu*

*3433 Tæknistörf við skjala-, safn- og bókavörslu*

*3434 Störf við hönnun rétta og samsetningu matseðla*

*3435 Önnur sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu*

35 Sérhæfð störf í upplýsinga- og fjarskiptatækni

*351 Tæknistörf við kerfisumsjón og notendaþjónustu*

*3511 Tæknistörf við kerfisstjórn*

*3512 Tæknistörf við notendaþjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni*

*3513 Tæknistörf við netkerfi*

*3514 Störf við veftækni*

*352 Tæknistörf við fjarskipti og útsendingar*

*3521 Tæknistörf við upptökur og útsendingar*

*3522 Störf í fjarskiptatækni*

## 4 Skrifstofustörf

41 Almenn skrifstofu- og skráningarstörf

*411 Almenn skrifstofustörf*

*4110 Almenn skrifstofustörf*

*412 Ritarastörf*

*4120 Ritarastörf*

*413 Skráningar- og ritvinnslustörf*

*4131 Störf við ritvinnslu*

*4132 Störf við skráningu talnagagna*

42 Skrifstofustörf við afgreiðslu og upplýsingagjöf

*421 Gjaldkerastörf, fjárvarsla og skyld skrifstofustörf*

*4211 Gjaldkerastörf*

*4212 Störf við fjárhættuspil*

*4213 Veðlánastörf*

*4214 Störf við innheimtu*

*422 Störf við upplýsingagjöf*

*4221 Störf við ferðaráðgjöf*

*4222 Störf í þjónustuveri*

*4223 Störf á símaskiptiborði*

*4224 Störf í gestamóttöku hótels*

*4225 Skrifstofustörf við upplýsingagjöf*

*4226 Störf í móttöku*

*4227 Spyrlastörf*

*4229 Störf við upplýsingagjöf ót.a.s.*

43 Störf við vinnslu talnagagna

*431 Störf við vinnslu talnagagna*

*4311 Störf við bókfærslu og reikningshald*

*4312 Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar*

*4313 Störf við launaútreikninga*

*432 Störf við skráningu birgða, framleiðslu og flutninga*

*4321 Skrifstofustörf á lager*

*4322 Skrifstofustörf í framleiðsludeild*

*4323 Skrifstofustörf í flutningadeild*

44 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.

*441 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.*

*4411 Störf við bóka- og skjalavörslu*

*4412 Störf við póstafgreiðslu og -flokkun*

*4413 Störf við kóðun og yfirlestur*

*4416 Skrifstofustörf við starfsmannahald*

*4419 Skrifstofustörf, ót.a.s.*

**5 Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf**

51 Störf við þjónustu

*511 Þjónustustörf við flutninga og ferðalög*

*5111 Störf við þjónustu í flugvélum og skipum*

*5112 Störf um borð í almenningsfarartækjum*

*5113 Leiðsögustörf*

*512 Störf við matseld*

*5120 Störf við matseld*

*513 Störf þjóna og barþjóna*

*5131 Störf við framreiðslu*

*5132 Störf barþjóna*

*514 Störf við hárgreiðsu, snyrtingu og tengd störf*

*5141 Störf við hárgreiðslu*

*5142 Störf snyrtifræðinga og tengd störf*

515 *Störf umsjónarfólks við þrif og fasteignir*

5151 *Störf umsjónarfólks við þrif*

5152 *Störf við hússtjórn*

5153 *Störf við umsjón fasteigna*

516 *Önnur störf við þjónustu*

5161 *Störf við stjörnuspeki og spádóma*

5162 *Störf við stuðning og aðstoð við einstaklinga*

5163 *Störf við útfararþjónustu og líksnyrtingu*

5164 *Störf við snyrtingu og þjálfun dýra*

5165 *Störf við ökukennslu*

5169 *Störf við þjónustu ót.a.s.*

52 Sölustörf

521 *Störf við götu- og markaðssölu*

5211 *Störf við afgreiðslu á vörum í sölubásum og á mörkuðum*

5212 *Störf við afgreiðslu á tilbúnum mat í sölubásum og á mörkuðum*

522 *Sölustörf í verslunum*

5221 *Störf verslunareigenda smærri verslana*

5222 *Störf yfirmanna í verslunum*

5223 *Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum*

523 *Störf við afgreiðslu og miðasölu*

5230 *Störf við afgreiðslu og miðasölu*

524 *Önnur sölustörf*

5241 *Fyrirsætustörf*

5242 *Störf við vörukynningar*

5243 *Störf við sölu í heimahúsum*

5244 *Sölustörf í þjónustuveri*

5245 *Störf við þjónustu á bensínstöðvum*

5246 *Störf við afgreiðslu í matsölu*

5249 *Sölustörf ót.a.s.*

53 Aðstoðar- og umönnunarstörf

531 *Störf við gæslu barna og aðstoð við kennara*

5311 *Störf við gæslu og umönnun barna*

5312 *Aðstoð við kennara og stuðningur við börn*

532 *Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu*

5321 *Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðisþjónustu*

5322 *Aðstoðar- og umönnunarstörf á heimilum*

5329 *Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s.*

54 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf

*541 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf*

*5411 Slökkviliðsstörf*

*5413 Störf við fangavörslu*

*5414 Störf við öryggisgæslu*

*5419 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf ót.a.s.*

**6 Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf**

61 Störf við vöruframleiðslu í landbúnaði

*611 Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt*

*6111 Störf við akuryrkju og grænmetisframleiðslu*

*6113 Störf við garðyrkju og ylrækt*

*6114 Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt, blandaður búskapur*

*612 Störf við búfjárrækt*

*6121 Störf við búfjárrækt*

*6122 Störf við alifuglarækt*

*6123 Störf við býflugnarækt*

*6129 Störf við búfjárrækt ót.a.s.*

*613 Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur*

*6130 Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur*

62 Störf við vöruframleiðslu í skógrækt, fiskeldi og veiðum

*621 Störf við skógrækt*

*6210 Störf við skógrækt*

*622 Störf við fiskveiðar og aðrar veiðar*

*6221 Störf við fiskeldi*

*6222 Störf við strandveiðar*

*6223 Störf við úthafsveiðar*

*6224 Störf við veiðar aðrar en fiskveiðar*

**7 Iðnaðarstörf**

71 Störf við byggingar og tengdan iðnað (að undanskilinni rafvirkjun)

*711 Störf við byggingar- og mannvirkjagerð*

*7112 Störf við múr- og steinhleðslu*

*7113 Störf við steinskurð og steinsmíði*

*7114 Störf við uppsteypun og steypufrágang*

*7115 Störf við trésmíði*

*7119 Störf við byggingar- og mannvirkjagerð ót.a.s.*

*712 Störf við frágang bygginga*

*7121 Störf við þaklagningu*

7122 *Störf við lagningu gólfefna*

7123 *Störf við múrhúðun*

7124 *Störf við einangrun og klæðningu*

7125 *Störf við glerísetningar*

7126 *Störf við pípulagningar*

7127 *Störf við loftræsti- og kælikerfi*

713 *Störf við málun og hreinsun bygginga*

7131 *Störf við málun og veggfóðrun*

7132 *Störf við málningarsprautun og lökkun*

7133 *Störf við hreinsun bygginga*

72 Störf við málm- og vélsmíði

721 *Störf við málmsmíði*

7211 *Störf við mótasmíði fyrir málmsteypu*

7212 *Störf við málmsuðu*

7213 *Störf við blikksmíði*

7214 *Störf við gerð mannvirkja úr stáli*

7215 *Störf við vírsplæsingu*

722 *Störf við járn- og vélsmíði*

7221 *Störf við járnsmíði*

7222 *Störf við verkfærasmíði*

7223 *Störf við að stilla og starfrækja vélaverkfæri til málmvinnslu*

7224 *Störf við málmslípun*

723 *Störf við uppsetningu og viðgerðir á vélum*

7231 *Störf við bifvélavirkjun*

7232 *Störf við flugvirkjun*

7233 *Störf við vélvirkjun*

7234 *Störf við reiðhjólaviðgerðir og tengdar viðgerðir*

73 Störf við handverk, hönnun og prentvinnslu

731 *Störf við handverk og hönnun*

7311 *Störf við fíntækjasmíði*

7312 *Störf við hljóðfærasmíði og hljóðfærastillingar*

7313 *Störf við skartgripasmíði*

7314 *Störf við leirkerasmíði*

7315 *Störf við glersmíði*

7316 *Störf við skiltagerð, skrautmálun og ristun*

7317 *Störf við tréskurð og körfugerð*

7318 *Störf við vefnað og leðuriðn*

7319 *Störf við handverk og hönnun ót.a.s.*

*732 Störf við prentvinnslu*

*7321 Störf við grafíska miðlun*

*7322 Störf við prentun*

*7323 Störf við frágang og innbindingu prentaðs efnis*

74 Störf við rafvirkjun og rafeindavirkjun

*741 Störf við uppsetningu og viðgerðir raflagna og rafvéla*

*7411 Störf við rafvirkjun*

*7412 Störf við rafvélavirkjun*

*7413 Störf við uppsetningu og viðgerðir á raflínum*

*742 Störf við uppsetningu og viðgerðir rafeinda- og fjarskiptabúnaðar*

*7421 Störf við rafeindavirkjun*

*7422 Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar*

75 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði, tréiðn, fataiðn og öðrum tengdum iðnaði

*751 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði*

*7511 Störf við kjöt- og fiskiðn*

*7512 Störf við bakstur og sælgætisgerð*

*7513 Störf við gerð mjólkurafurða*

*7514 Störf við niðurlagningu ávaxta og grænmetis*

*7515 Störf við gæðamat og flokkun á drykkjarvörum og matvælum*

*752 Störf við timburverkun og húsgagnasmíði*

*7521 Störf við timburverkun*

*7522 Störf við húsgagnasmíði*

*7523 Störf við trésmíðavélar*

*753 Störf við fataiðn og tengd störf*

*7531 Störf við klæð- og feldskurð, kjóla- og hattagerð*

*7532 Störf við sniðagerð og sníðaskurð*

*7533 Störf við hand- og útsaum*

*7534 Störf við bólstrun*

*7535 Störf við sútun, skinnaverkun og skinnasölu*

*7536 Störf við töskugerð og skósmíði*

*754 Störf við annan iðnað*

*7541 Störf við köfun*

*7542 Störf sprengjusérfræðinga*

*7543 Störf við flokkun og gæðaprófun á vörum (að undanskildum mat- og drykkjarvörum)*

*7544 Störf við eyðingu meindýra og illgresis*

*7549 Iðnaðarstörf ót.a.s.*

## 8 Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu

### 81 Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla

*811 Störf við vélar í námuvinnslu- og jarðefnavinnslustöðvum*

*8111 Störf við námugröft og grjótnám*

*8112 Störf við vélgæslu í vinnslu jarðefna*

*8113 Störf við jarðboranir*

*8114 Störf við vélgæslu og vinnslu á sementi, steini og öðrum jarðefnum*

*812 Störf við vélar í málmvinnslu*

*8121 Störf við vélar í málmvinnslustöðvum*

*8122 Störf við vélar og búnað við frágang á málmi*

*813 Störf við vélar í efnaverksmiðjum og framleiðslu á ljósmyndavörum*

*8131 Störf við vélar í efnaverksmiðjum*

*8132 Störf við vélar í framleiðslu á ljósmyndavörum*

*814 Störf við vélar í framleiðslu á gúmmí-, plast- og pappírsafurðum*

*8141 Störf við vélar í framleiðslu gúmmíafurða*

*8142 Störf við vélar í framleiðslu plastafurða*

*8143 Störf við vélar í framleiðslu pappírsafurða*

*815 Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum*

*8151 Störf við trefja- og spunavélar*

*8152 Störf við vefstóla og prjónavélar*

*8153 Störf við iðnaðarsaumavélar*

*8154 Störf við vélar sem bleikja og lita textílefni*

*8155 Störf við vélar sem forvinna loðskinn og leður*

*8156 Störf við skóframleiðsluvélar og skyldar vélar*

*8157 Störf við iðnaðarþvottavélar*

*8159 Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum ót.a.s.*

*816 Störf við vélar í matvælaframleiðslu*

*8160 Störf við vélar í matvælaframleiðslu*

*817 Störf við vélar í timburvinnslu og pappírsframleiðslu*

*8171 Störf við vélar í framleiðslu á pappír og pappírskvoðu*

*8172 Störf við vélar í viðarvinnslustöðvum*

*818 Önnur störf við staðbundnar vélar*

*8181 Störf við vélar í gler- og keramikframleiðslu*

*8182 Störf við vélar í kyndiklefum og vélarrýmum*

*8183 Störf við pökkunar-, átöppunar- og merkingarvélar*

*8189 Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla ót.a.s.*

82 Störf við samsetningu

*821 Störf við samsetningu*

*8211 Störf við samsetningu vélbúnaðar*

*8212 Störf við samsetningu raf- og rafeindabúnaðar*

*8219 Störf við samsetningu ót.a.s.*

83 Störf við akstur og vinnuvélar

*832 Störf við akstur bifreiða og vélhjóla*

*8321 Störf við akstur vélhjóla*

*8322 Störf við akstur einka-, leigu- og sendibifreiða*

*833 Störf við akstur stórra vöru- og áætlunarbifreiða*

*8331 Störf við akstur langferða- og áætlunarbifreiða*

*8332 Störf við akstur vöruflutningabifreiða*

*834 Störf við landbúnaðar- og vinnuvélar*

*8341 Störf við stjórnun landbúnaðar- og skógvinnsluvéla*

*8342 Störf við stjórnun jarðvinnuvéla*

*8343 Störf við stjórnun krana og lyftitækja*

*8344 Störf við stjórnun lyftara*

*835 Störf háseta og bátsmanna*

*8350 Störf háseta og bátsmanna*

**9 Ósérhæfð störf**

91 Störf við ræstingar og þvott

*911 Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum og í fyrirtækjum*

*9111 Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum*

*9112 Störf við ræstingar í fyrirtækjum og stofnunum*

*912 Störf við glugga- og bílaþvott og önnur störf við þrif*

*9122 Störf við bílaþvott*

*9123 Störf við gluggaþvott*

*9129 Önnur störf við þrif*

92 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu

*921 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu*

*9211 Störf verkafólks við akuryrkju*

*9212 Störf verkafólks við búfjárrækt*

*9213 Störf verkafólks við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur*

*9214 Störf verkafólks í garðyrkju*

*9215 Störf verkafólks í skógrækt*

*9216 Störf verkafólks í fiskvinnslu og fiskeldi*

## 93 Ósérhæfð störf í námugreftri, byggingariðnaði, framleiðslu og samgöngum

### *931 Ósérhæfð störf í byggingariðnaði og námugreftri*

*9311 Störf verkafólks í námugreftri og grjótnámi*

*9312 Störf verkafólks við mannvirkjagerð, aðra en húsbyggingar*

*9313 Störf verkafólks við húsbyggingar*

### *932 Ósérhæfð störf í framleiðslu*

*9321 Störf verkafólks við handpökkun*

*9329 Ósérhæfð störf við framleiðslu ót.a.s.*

### *933 Ósérhæfð störf við flutninga og í vörugeymslum*

*9331 Störf við akstur fót- og handknúinna farartækja*

*9333 Störf verkafólks við flutninga og í vörugeymslum*

*9334 Störf við áfyllingar*

## 94 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu

### *941 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu*

*9411 Störf við að útbúa skyndibita*

*9412 Störf aðstoðarfólks í eldhúsi*

## 95 Störf við götusölu og tengd störf

### *951 Störf við götusölu og tengd störf*

*9510 Störf við götusölu og tengd störf*

## 96 Störf við sorpvinnslu og önnur ósérhæfð störf

### *961 Störf við sorpvinnslu*

*9611 Störf við sorphirðu og endurvinnslu*

*9612 Störf við flokkun á sorpi*

### *962 Önnur ósérhæfð störf*

*9621 Störf sendla og burðarfólks*

*9622 Íhlaupastörf*

*9623 Störf við álestur mæla og áfyllingu sjálfsala*

*9629 Ósérhæfð störf ót.a.s.*

# Íslensk starfaflokkun

1 Störf stjórnenda

2 Sérfræðistörf

3 Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks

4 Skrifstofustörf

5 Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf

6 Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf

7 Iðnaðarstörf

8 Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu

9 Ósérhæfð störf

# 1 Störf stjórnenda

Störf stjórnenda fela í sér að skipuleggja, stýra, samræma og meta starfsemi fyrirtækja, stofnana og annarra skipulagsheilda og móta og endurskoða stefnu þeirra, lög og reglugerðir. Störf í þessum bálki ná til stjórnenda á opinberum vettvangi og í einkageiranum, kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt fjórða kunnáttustigi ÍSTARF, að undanskilinni deild 14: Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri, heildsölu, smásölu og afþreyingarþjónustu þar sem almennt er krafist kunnáttu á þriðja stigi.

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**11 Störf forstjóra, framkvæmdastjóra, æðstu embættismanna og kjörinna fulltrúa**

**12 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum, þróun, sölu og markaðsmálum**

**13 Störf stjórnenda í framleiðslu og þjónustu**

**14 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri, heildsölu, smásölu og afþreyingarþjónustu**

# 11 Störf forstjóra, framkvæmdastjóra, æðstu embættismanna og kjörinna fulltrúa

Störf forstjóra, framkvæmdastjóra, æðstu embættismanna og kjörinna fulltrúa fela í sér að setja fram og skipuleggja, stýra, samræma og meta starfsemi skipulagsheilda með aðstoð annarra stjórnenda, setja, staðfesta, breyta og fella úr gildi lög, reglugerðir og opinberar samþykktir og hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd stjórnarstefnu og löggjafa.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**111 Störf kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna**

**112 Störf forstjóra og framkvæmdastjóra**

# 111 Störf kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna

Störf kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna fela í sér að ákveða, vera til ráðgjafar um og stýra framkvæmd á stefnu ríkis og sveitarstjórna eða hagsmunasamtaka. Einnig felst í störfum í þessum flokki að setja, staðfesta, breyta og fella úr gildi lög, reglugerðir og opinberar samþykktir og stýra og meta heildarstarfsemi ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**1111 Störf kjörinna fulltrúa**

**1112 Störf æðstu embættismanna ríkis og sveitarstjórna**

**1114 Störf æðstu stjórnenda hagsmunasamtaka**

## 1111 Störf kjörinna fulltrúa

Störf kjörinna fulltrúa fela í sér að ákveða og framkvæma stefnu ríkis, sveitarstjórna eða alþjóðastofnana og setja, staðfesta, breyta eða fella úr gildi lög, reglugerðir, opinberar samþykktir og reglur. Þar á meðal eru kjörnir og skipaðir fulltrúar löggjafarþings, ríkis og sveitarstjórna.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra eða taka þátt í fundum löggjafarstofnana og stjórnsýslustofnana,
- að ákveða, setja fram og stýra framkvæmd stefnu ríkis eða sveitarstjórna,
- að setja, staðfesta, breyta og fella úr gildi lög, reglugerðir, opinberar samþykktir og reglur,
- að sitja í opinberum stjórnum eða nefndum,
- að setja sig inn í mál er varða almannahag og gæta hagsmuna kjördæmis,
- að sækja viðburði og fundi á opinberum vettvangi, koma fram fyrir hönd þjóðar og veita upplýsingar um fyrirætlanir stjórnvalda,
- að hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd stjórnarstefnu og löggjafar af hálfu ráðuneyta og stofnana.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- alþingismaður
- borgarstjórnarfulltrúi
- forseti Alþingis
- forseti Íslands
- oddviti
- ráðherra
- sveitarstjórnarfulltrúi

# 1112 Störf æðstu embættismanna ríkis og sveitarstjórna

Störf æðstu embættismanna ríkis og sveitarstjórna fela í sér að veita stjórnvöldum ráðgjöf um stefnumörkun, hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd á stefnu stjórnvalda og lagasetningu ráðuneyta og stjórnsýslustofnana, koma fram fyrir hönd þjóðar erlendis og sinna skyldum verkefnum fyrir hönd millirikjastofnana.

*Athugasemd: Æðsti stjórnandi stofnunar er flokkaður hér ef helstu verkefni í starfi eru í samræmi við lýsingu starfaflokks. Aðrir stjórnendur stofnana í sama stjórnendalagi flokkast í starfaflokk 1120. Stjórnendur sem flokkast hér eru oft yfir öðrum stjórnendum sem flokkast í deildir 12, 13 og 14.*

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ríki eða sveitarstjórnum og kjörnum fulltrúum ráðgjöf um stefnumál,
- að veita ráðgjöf við undirbúning ríkisfjárlaga, laga og reglugerða, þar á meðal lagabreytinga,
- að marka stefnu ráðuneyta eða opinberra stofnana í samræmi við löggjöf og stefnu stjórnvalda,
- að móta eða samþykkja og meta áætlanir og verklag fyrir framkvæmd stefnu stjórnvalda í samvinnu eða samráði við stjórnvöld,
- að yfirfara, meta og samþykkja skjöl, yfirlit og skýrslur frá öðrum stjórnendum og starfsfólki,
- að tryggja viðeigandi verklag við gerð fjárhagsáætlana,
- að kynna stefnumál, áætlanir eða fjárhagsáætlanir fyrir opinberum nefndum,
- að hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd ráðuneyta og opinberra stofnana á lögum og stefnu stjórnvalda.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- ráðuneytisstjóri
- ríkissaksóknari
- ríkisskattstjóri
- sendiherra
- sýslumaður

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf kjörinna fulltrúa – 1111
- Störf forstjóra og framkvæmdastjóra – 1120

## 1114 Störf æðstu stjórnenda hagsmunasamtaka

Störf æðstu stjórnenda hagsmunasamtaka fela í sér að annast stefnumörkun og taka ákvarðanir um áætlun og reglur hagsmunasamtaka, svo sem stjórnmálaflokka, stéttarfélaga, samtaka vinnuveitenda, umhverfisverndarsamtaka, hjálparsamtaka eða íþróttafélaga og koma fram og starfa í þeirra nafni.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða og setja fram stefnu, lög og reglur og skipuleggja almenna starfsemi samtaka,
- að skipuleggja, stýra og samhæfa starfsemi samtaka,
- að fylgjast með rekstri og afkomu,
- að verja hagsmuni og semja fyrir hönd samtaka, meðlima þeirra og viðkomandi hagsmunahópa,
- að skipuleggja og stýra sviðum sem annast framkvæmd á stefnum, áætlunum, lögum og reglum,
- að tryggja viðeigandi verklag við gerð fjárhagsáætlana,
- að koma fram fyrir hönd samtaka.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi stéttarfélags
- stjórnandi samtaka vinnuveitenda
- stjórnandi stjórnmálaflokks
- stjórnandi umhverfisverndarsamtaka

# 112 Störf forstjóra og framkvæmdastjóra

Störf forstjóra og framkvæmdastjóra fela í sér að ákveða og setja fram stefnu, skipuleggja, stýra, samhæfa og meta heildarstarfsemi fyrirtækja eða stofnana (utan hagsmunasamtaka) með aðstoð annarra stjórnenda og fylgjast með rekstri og afkomu skipulagsheildar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**1120 Störf forstjóra og framkvæmdastjóra**

## 1120 Störf forstjóra og framkvæmdastjóra

Störf forstjóra og framkvæmdastjóra fela í sér að ákveða og setja fram stefnu, skipuleggja, stýra, samhæfa og meta heildarstarfsemi fyrirtækja og stofnana (utan hagsmunasamtaka) með aðstoð annarra stjórnenda og fylgjast með rekstri og afkomu skipulagsheildar.

*Athugasemd: Forstjórar og framkvæmdastjórar stærri fyrirtækja og stofnana, þar sem eru fleiri en eitt lag stjórnenda í skipuriti, eru flokkaðir hér. Stjórnendur sem flokkast hér eru yfir öðrum stjórnendum sem flokkast í deildir 12, 13 og 14. Ef um er að ræða eitt lag stjórnenda í fyrirtæki eða stofnun flokkast forstjóri og framkvæmdastjóri í viðeigandi flokk innan deilda 12, 13 eða 14.*

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, stýra og samhæfa starfsemi fyrirtækis eða stofnunar,
- að fylgjast með rekstri og afkomu,
- að setja markmið, ákveða stjórnunaraðferðir, reglur og framkvæmdaáætlanir í samræmi við setta stefnu,
- að koma að stefnumótun fyrirtækis eða stofnunar,
- að gera fjárhagsáætlanir, stýra útgjöldum og tryggja hagkvæma nýtingu fjármagns,
- að fylgjast með og meta afkomu miðað við sett markmið og stefnu,
- að ráðfæra sig við starfsfólk og fara yfir tillögur og skýrslur,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar,
- að koma að eða samþykkja val á millistjórnendum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bankastjóri
- forstjóri
- stjórnandi í framkvæmdastjórn

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf æðstu embættismanna ríkis og sveitarstjórna – 1112
- Störf stjórnenda í fjármálum – 1211

# 12 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum, þróun, sölu og markaðsmálum

Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum, þróun, sölu og markaðsmálum fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma verkefni sem snúa að fjármálum, mannauðsmálum, stefnu- og áætlanagerð, þróun, almannatengslum og sölu- og markaðsmálum skipulagsheilda.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**121 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð**

**122 Störf stjórnenda í þróun, sölu og markaðsmálum**

# 121 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð

Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma fjármál, mannauðsmál og stefnu- og áætlanagerð hjá skipulagsheildum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**1211 Störf stjórnenda í fjármálum**

**1212 Störf stjórnenda í mannauðsmálum**

**1213 Störf stjórnenda í stefnu- og áætlanagerð**

**1219 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s.**

## 1211 Störf stjórnenda í fjármálum

Störf stjórnenda í fjármálum fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma fjármál skipulagsheildar í samráði við aðra stjórnendur.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, stýra og samræma fjármál skipulagsheildar,
- að meta fjárhagsstöðu fyrirtækis eða stofnunar, gera fjárhagsáætlanir og hafa yfirumsjón með fjármálum skipulagsheildar,
- að ráðfæra sig við aðra stjórnendur innan skipulagsheildar,
- að hafa umsjón með ársreikningi, fylgjast með afkomu, stýra útgjöldum og tryggja hagkvæma nýtingu fjármuna,
- að skipuleggja og stýra daglegum rekstri,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fjármálastjóri (aðallega við stjórnun)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í fjármála- og tryggingaþjónustu – 1346
- Sérfræðistörf við endurskoðun – 2411

## 1212 Störf stjórnenda í mannauðsmálum

Störf stjórnenda í mannauðsmálum fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma mannauðsmál innan skipulagsheildar, eiga samskipti við aðila vinnumarkaðarins varðandi kjaramál og réttindi og vera ráðgefandi og til aðstoðar varðandi starfsmannabreytingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, stýra og samræma starfsemi, reglur og verklag á sviði mannauðsmála innan skipulagsheilda,
- að skipuleggja og samræma verklag fyrir ráðningar, þjálfun, stöðuhækkanir, flutning í starfi, starfslok og uppsagnir,
- að skipuleggja og koma að launa- og kjaramálum starfsfólks,
- að hafa umsjón með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi starfsfólks,
- að gera greiningar og áætlanir varðandi launakostnað og hagstæða nýtingu mannauðs og fjármagns,
- að skipuleggja og stýra daglegum rekstri,
- að tryggja að farið sé eftir lögum og reglum er varða réttindi starfsfólks, heilbrigði og öryggi á vinnustað, jafnrétti og önnur hagsmunamál,
- að hafa yfirumsjón með ráðningum, þjálfun og starfsþróun,
- að ráðfæra sig við aðra stjórnendur skipulagsheildar,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- mannauðsstjóri (aðallega við stjórnun)
- starfsmannastjóri (aðallega við stjórnun)

## 1213 Störf stjórnenda í stefnu- og áætlanagerð

Störf stjórnenda í stefnu- og áætlanagerð fela í sér að skipuleggja, stýra og samhæfa áætlanir og stefnumörkun hjá skipulagsheildum.

Verkefni eru meðal annars:

- að þróa, innleiða og hafa umsjón með stefnumörkun, áætlunum, ferlum, kerfum og verklagi til að ná tilætluðum markmiðum og árangri,
- að hafa umsjón með og taka þátt í greiningu á stefnumálum og markmiðasetningu,
- að samhæfa framkvæmd stefnumála og verklags,
- að ákvarða mælikvarða á starfsemi og ábyrgð,
- að skipuleggja og stýra daglegum rekstri,
- að stýra og hafa umsjón með vinnu starfsfólks sem fæst við stefnumótun og áætlanagerð,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks,
- að ráðfæra sig við aðra stjórnendur skipulagsheildar,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við stefnumótun – 2422

## 1219 Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla stjórnendur sem ekki eru flokkaðir annars staðar í klasa 121: Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð. Undir flokkinn falla til dæmis störf stjórnenda við eignaumsjón og ræstingaþjónustu.

Verkefni eru meðal annars:

- að aðstoða yfirstjórn við áætlanagerð og vera til ráðgjafar um rekstur bygginga og annarrar þjónustu,
- að hafa umsjón með rekstri bygginga, tækja og búnaðar skipulagsheildar,
- að þróa og gefa út ferla og leiðbeiningar um verklag,
- að greina verkefni og nýtingu sem varðar umsýslu eigna, sjá um skýrslugerð og samskipti,
- að gera fjárhagsáætlanir og stýra útgjöldum,
- að skipuleggja og stýra daglegum rekstri,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bæjarverkstjóri áhaldahúss (aðallega við stjórnun)
- ræstingastjóri (aðallega við stjórnun)
- stjórnandi eignaumsýslu (aðallega við stjórnun)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við umsjón fasteigna – 5153

# 122 Störf stjórnenda í þróun, sölu og markaðsmálum

Störf stjórnenda í þróun, sölu og markaðsmálum fela í sér að skipuleggja, stýra og samhæfa sölu- og markaðssmál, rannsóknir og þróun og almannatengsl fyrir skipulagsheildir.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**1221 Störf stjórnenda í sölu og markaðsmálum**

**1222 Störf stjórnenda í upplýsingamiðlun og almannatengslum**

**1223 Störf stjórnenda í rannsóknum og þróun**

## 1221 Störf stjórnenda í sölu og markaðsmálum

Störf stjórnenda í sölu og markaðsmálum fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma sölu og markaðsmál skipulagsheilda.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja og stýra sölu- og markaðsáætlunum á grundvelli sölutalna og markaðsúttekta,
- að fylgjast með og bregðast við straumum og stefnum, eftirspurn og samkeppni á markaði,
- að ákveða verðskrár, afsláttar- og afhendingarskilmála, kostnað sölukynninga, söluaðferðir, kynningarátak og herferðir,
- að gera auglýsingasamninga við viðskiptavini, fjölmiðla, félög og auglýsingastofur,
- að stýra og hafa umsjón með vinnu starfsfólks á sviði sölu og markaðssetningar,
- að skipuleggja og stýra daglegum rekstri,
- að gera fjárhagsáætlanir og stýra útgjöldum,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- markaðsstjóri (aðallega við stjórnun)
- sölustjóri (aðallega við stjórnun)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við auglýsinga- og markaðsmál – 2431

## 1222 Störf stjórnenda í upplýsingamiðlun og almannatengslum

Störf stjórnenda í upplýsingamiðlun og almannatengslum fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma starfsemi á sviði samskipta, almannatengsla og upplýsingamála skipulagsheilda.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, stýra og samræma upplýsingamál og almannatengsl skipulagsheildar,
- að annast milligöngu um samskipti við fjölmiðla og almenning um áætlanir, framkvæmdir og sjónarmið viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar,
- að stýra og hafa umsjón með vinnu starfsfólks á sviði upplýsingamiðlunar og almannatengsla,
- að gera fjárhagsáætlanir og stýra útgjöldum,
- að sjá um rekstur og stýra verkferlum,
- að skipuleggja og stýra daglegum rekstri,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- samskiptastjóri (aðallega við stjórnun)
- upplýsingastjóri (aðallega við stjórnun)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við almannatengsl – 2432

## 1223 Störf stjórnenda í rannsóknum og þróun

Störf stjórnenda í rannsóknum og þróun fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma rannsóknar- og þróunarstarf skipulagsheilda.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, stýra og samhæfa rannsóknir og þróun á nýrri þekkingu og aðferðum eða endurbæta vörur,
- að skipuleggja heildarrannsóknar og -þróunarstarfsemi fyrirtækis eða stofnunar og tilgreina markmið og fjárhagskröfur,
- að stýra og hafa umsjón með starfsfólki við rannsóknir og þróun,
- að gera fjárhagsáætlanir og stýra útgjöldum,
- að ákveða og stýra rekstrar- og stjórnunarferlum,
- að skipuleggja og stýra daglegum rekstri,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

# 13 Störf stjórnenda í framleiðslu og þjónustu

Störf stjórnenda í framleiðslu og þjónustu fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma framleiðslu á vörum eða sérhæfða þjónustu skipulagseininga.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**131 Störf stjórnenda í landbúnaði, skógrækt og veiðum**

**132 Störf stjórnenda í framleiðslu, byggingariðnaði, námuvinnslu, samgöngum og flutningum**

**133 Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

**134 Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu**

# 131 Störf stjórnenda í landbúnaði, skógrækt og veiðum

Störf stjórnenda í landbúnaði, skógrækt og veiðum fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma framleiðslu í rekstri, svo sem á sviði landbúnaðar, garðyrkju, lagareldis og fiskveiða.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**1311 Störf stjórnenda í landbúnaði og skógrækt**

**1312 Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum**

## 1311 Störf stjórnenda í landbúnaði og skógrækt

Störf stjórnenda í landbúnaði og skógrækt fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma framleiðslu stórra rekstrareininga í landbúnaði, skógrækt og garðyrkju.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með markaðsmálum og tryggja að framleiðsla uppfylli kröfur og eftirspurn markaða,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að semja við kaupendur um verð á nytjaplöntum og búfé,
- að kaupa vélar, tæki og birgðir, svo sem dráttarvélar, fræ, áburð og efni,
- að greina og hafa eftirlit með eiturefnum, illgresi og sjúkdómum í landbúnaði og skógrækt,
- að skipuleggja verkefni í landbúnaði, svo sem viðhald bygginga, vatnsveitukerfa og búnaðar,
- að rannsaka skógræktarsvæði og akra og meta þroska nytjaplantna, uppskerutíma og uppskerubrest,
- að hafa umsjón með öryggisreglum, ráðningum og þjálfun starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- garðyrkjustjóri (aðallega við stjórnun)
- þjóðgarðsvörður (aðallega við stjórnun)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við búfjárrækt – 6121
- Störf við alifuglarækt – 6122
- Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur – 6130
- Störf við skógrækt – 6210

## 1312 Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum

Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma framleiðslu stórra rekstrareininga innan eldisræktunar og veiða.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með markaðsmálum er snúa að eldisræktun og veiðum og tryggja að framleiðsla og fiskveiðar uppfylli kröfur og eftirspurn markaða,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að semja við kaupendur um verð á afurðum og afla,
- að skipuleggja rannsóknir fyrir greiningu sjúkdóma eða sníkjudýra,
- að skipuleggja og samræma aðgerðir sem auka klak- og vaxtarskilyrði og koma í veg fyrir sjúkdóma,
- að fylgjast með umhverfi og viðhalda eða bæta skilyrði lífvera í vatni,
- að stýra og fylgjast með veiðum, hrygningu og þroskun seiða,
- að skipuleggja viðhald skipa, báta og búnaðar,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- stjórnandi útgerðar

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við fiskeldi – 6221
- Störf við strandveiðar – 6222
- Störf við úthafsveiðar – 6223

# 132 Störf stjórnenda í framleiðslu, byggingariðnaði, námuvinnslu, samgöngum og flutningum

Störf stjórnenda í framleiðslu, byggingariðnaði, námuvinnslu, samgöngum og flutningum fela í sér að skipuleggja, stýra og samhæfa framleiðslu, námuvinnslu, dreifingu á orku eða vatni, byggingaframkvæmdir, geymslu og flutning.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**1321 Störf stjórnenda í framleiðslu**

**1322 Störf stjórnenda í námuvinnslu**

**1323 Störf stjórnenda í byggingariðnaði**

**1324 Störf stjórnenda í samgöngum og flutningum**

## 1321 Störf stjórnenda í framleiðslu

Störf stjórnenda í framleiðslu fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma vöruframleiðslu í iðnaði, framleiðslu og dreifingu á orku og vatni, endurvinnslu og förgun úrgangs.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða, framkvæma og fylgjast með framleiðslu og verkferlum,
- að skipuleggja starfsemi hvað varðar gæði og magn framleiðslu, kostnað, tíma og starfsmannaþörf,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að veita ráðgjöf og upplýsa aðra stjórnendur um framleiðslumál,
- að bera ábyrgð á kaupum og uppsetningu véla og búnaðar,
- að samhæfa innleiðingu heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisstaðla,
- að greina viðskiptatækifæri og ákveða hvaða vörur skuli framleiða,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi í iðnaði

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við verkstjórn í framleiðslu – 3122

## 1322 Störf stjórnenda í námuvinnslu

Störf stjórnenda í námuvinnslu fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma framleiðslustarfsemi í námugreftri, grjótnámi og vinnslu jarðefna.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða framleiðslumagn, vinnslusvæði og nám jarðefna í samvinnu við aðra stjórnendur,
- að meta framleiðsluhagkvæmni vinnslusvæða,
- að skipuleggja starfsemi hvað varðar gæði og magn framleiðslu, kostnað, tímamörk og tækja- og mannaflaþörf,
- að stýra rekstri verksmiðja og gæðaferlum, skipuleggja viðhald, vinnutíma og útvega tæki,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að bera ábyrgð á kaupum og uppsetningu tækja og búnaðar,
- að samhæfa innleiðingu heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisstaðla,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi jarðefnavinnslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við verkstjórn í námugreftri – 3121

## 1323 Störf stjórnenda í byggingariðnaði

Störf stjórnenda í byggingariðnaði fela í sér að skipuleggja, stýra og samhæfa framkvæmdir við byggingu á húsnæði og mannvirkjum.

Verkefni eru meðal annars:

- að túlka teikningar og forskriftir arkitekta,
- að samræma mannafla, byggingarefni og afhendingu efnis, tækja og búnaðar,
- að semja við byggingareigendur, verktaka og undirverktaka til að tryggja að framkvæmdum sé lokið á settum tíma og samkvæmt kostnaðaráætlun,
- að undirbúa tilboð, útboð og samninga,
- að stýra og framfylgja samræmdum verkáætlunum,
- að tryggja að farið sé eftir byggingarreglugerðum, gæða- og öryggisstöðlum,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks og undirverktaka.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi í mannvirkjagerð

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við verkstjórn í byggingar- og mannvirkjagerð – 3123

## 1324 Störf stjórnenda í samgöngum og flutningum

Störf stjórnenda í samgöngum og flutningum fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma farþega- og vöruflutningaþjónustu, innkaup, vöruhúsaþjónustu og dreifingu.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja og framfylgja áætlunum um innkaup, geymslu og dreifingu á vörum,
- að gera áætlanir til að viðhalda nauðsynlegri birgðastöðu,
- að semja við birgja,
- að fylgjast með geymslu- og birgðakerfum og stýra birgðastöðu,
- að hafa yfirumsjón með birgðakerfum og fylgja eftir flutningi ökutækja, skipa eða loftfara,
- að hafa yfirumsjón með skráningu á innkaupum, geymslu og dreifingu,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að skipuleggja og stýra daglegum rekstri,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi vöruhúss

# 133 Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni

Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni fela í sér að skipuleggja, stýra og samhæfa innkaup, þróun, viðhald og notkun tölvu- og fjarskiptakerfa.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**1330 Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

## 1330 Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni

Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni fela í sér að skipuleggja, stýra og samhæfa innkaup, þróun, viðhald og notkun tölvu- og fjarskiptakerfa.

Verkefni eru meðal annars:

- að ráðfæra sig við notendur, stjórnendur, birgja og tæknifólk til að meta þarfir fyrir vél- og hugbúnað,
- að móta og stýra stefnu og áætlunum í upplýsinga- og fjarskiptatækni,
- að stýra vali og innleiðingu upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaðar og þjálfa notendur,
- að sjá um rekstur á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni, greina verkflæði, forgangsraða verkefnum, setja staðla og ákveða tímamörk,
- að hafa yfirumsjón með öryggi upplýsinga- og fjarskiptakerfa,
- að hafa umsjón með og stýra vinnu starfsfólks í upplýsinga- og fjarskiptatækni,
- að meta tækninotkun og -þarfir skipulagsheildar og mæla með umbótum, eða uppfærslum á vél- og hugbúnaði,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi tölvudeildar

# 134 Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu

Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma starfsemi á sviði umönnunar barna, heilbrigðis- og félagsmála, skóla og menntunar, fjármálaþjónustu og annarrar sérfræðiþjónustu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**1341 Störf stjórnenda leikskóla**

**1342 Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu**

**1343 Störf stjórnenda í umönnun aldraðra**

**1344 Störf stjórnenda í félagsþjónustu**

**1345 Störf stjórnenda grunn-, framhalds- og háskóla**

**1346 Störf stjórnenda í fjármála- og tryggingaþjónustu**

**1349 Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu ót.a.s.**

## 1341 Störf stjórnenda leikskóla

Störf stjórnenda leikskóla og dagvistunar barna fela í sér að skipuleggja, stýra, samræma og meta dagvistun og þjónustu á leikskólum, félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum.

Verkefni eru meðal annars:

- að þróa og innleiða áætlanir sem efla þroska barna,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að hafa yfirumsjón með og samhæfa starfsemi frístundaheimila, félagsmiðstöðva og leikskóla,
- að hafa umsjón með og stýra vinnu starfsfólks sem sinnir umönnun og gæslu barna,
- að hafa umsjón með húsnæði og búnaði og tryggja öryggi barna,
- að bera ábyrgð á að farið sé eftir lögum og reglum varðandi öryggi og þróa verklag,
- að fylgjast með þroska barna og ræða við foreldra eða forráðamenn,
- að halda skrár og skýrslur um starfsemi,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- leikskólastjóri
- stjórnandi frístundasviðs

## 1342 Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu

Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu fela í sér að skipuleggja, stýra, samræma og meta heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og öðrum stofnunum og fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra rekstri og þjónustu einingar eða skipulagsheildar,
- að hafa umsjón með og stýra vinnu starfsfólks í heilbrigðisþjónustu,
- að setja markmið fyrir rekstrareiningu eða skipulagsheild,
- að hafa umsjón með öryggisreglum, ráðningum og þjálfun starfsfólks,
- að þróa, innleiða og stýra ferlum og stöðlum er snúa að verklagi, reglum og kröfum til starfsfólks,
- að greina, meta þörf og fylgjast með nýtingu sjúkraplássa, húsnæðis og aðfanga,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að vera til ráðgjafar um aðgerðir til að bæta heilbrigðisþjónustu,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi á sjúkrahúsi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í umönnun aldraðra – 1343

## 1343 Störf stjórnenda í umönnun aldraðra

Störf stjórnenda í umönnun aldraðra fela í sér að skipuleggja, stýra, samræma og meta umönnunarþjónustu fyrir aldraða einstaklinga.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra rekstri og þjónustu einingar eða skipulagsheildar,
- að hafa umsjón með og stýra vinnu starfsfólks í umönnun,
- að setja markmið fyrir rekstrareiningu eða skipulagsheild,
- að hafa umsjón með öryggisreglum, ráðningum og þjálfun starfsfólks,
- að þróa, innleiða og stýra ferlum og stöðlum er snúa að verklagi, reglum og kröfum til starfsfólks,
- að samræma félags- og umönnunarþjónustu fyrir aldraða,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að vera til ráðgjafar um bætta þjónustu fyrir aldraða,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi á hjúkrunarheimili aldraðra

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu – 1342

## 1344 Störf stjórnenda í félagsþjónustu

Störf stjórnenda í félagsþjónustu fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma félagsleg úrræði, svo sem bótagreiðslur, fjölskylduþjónustu og barnavernd.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra rekstri og þjónustu einingar eða skipulagsheildar,
- að hafa umsjón með öryggisreglum, ráðningum og þjálfun starfsfólks,
- að fylgjast með og meta fjárveitingar til bótagreiðslna, húsnæðismála og annarrar félagslegrar þjónustu,
- að gera fjárhagsáætlanir, rekstrarskýrslur og stýra útgjöldum,
- að ráðfæra sig við aðra þjónustuveitendur í félags- og heilbrigðisþjónustu, ræða samstarf og samræmingu málefna,
- að vera til ráðgjafar um bætta félagsþjónustu,
- að koma fram fyrir hönd skipulagsheildar,
- að hafa umsjón með vali, þjálfun og frammistöðu starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi í barnavernd
- stjórnandi í velferðamálum

## 1345 Störf stjórnenda grunn-, framhalds- og háskóla

Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi fela í sér að skipuleggja, stýra, samræma og meta mennta- og rekstrarþætti í grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og annarri fræðslustarfsemi.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja kennsluskrá í samræmi við aðalnámskrár,
- að innleiða ferla og verklag fyrir starfsemi skóla og skráningu nemenda,
- að sjá um rekstur, gera fjárhagsáætlanir og stýra fjárveitingum til kaupa, svo sem á búnaði og þjónustu,
- að stýra og leiðbeina kennurum, fræðafólki og starfsfólki á skrifstofu,
- að meta störf kennara, námsmarkmið og kennsluefni,
- að kynna nám og koma fram fyrir hönd skóla eða starfsemi,
- að þróa og framfylgja reglum um aga,
- að hafa umsjón með öryggisreglum, ráðningum og þjálfun starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- deildarstjóri í háskóla
- skólameistari framhaldsskóla
- skólastjóri grunnskóla

# 1346 Störf stjórnenda í fjármála- og tryggingaþjónustu

Störf stjórnenda í fjármála- og tryggingaþjónustu fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma starfsemi fyrirtækja og stofnana í fjármála- og tryggingaþjónustu.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, stýra og samræma vinnu starfsfólks,
- að koma á og viðhalda samböndum við viðskiptavini,
- að veita ráðgjöf og aðstoð varðandi fjárhags- og tryggingaþarfir og upplýsa viðskiptavini um lagabreytingar og annað sem kann að hafa áhrif á fjármál þeirra,
- að skoða, meta og sjá um umsóknir og samninga um lán og tryggingar,
- að hafa eftirlit með ákvörðunum um framlengingu lána,
- að hafa eftirlit með fjármunum,
- að hafa yfirumsjón með sjóðstreymi, fjármálagerningum og gerð reikningsskila og lögbundinnar skýrslugjafar,
- að hafa umsjón með lánveitingum eða samræma þær,
- að vera í samstarfi við aðrar deildir eða svið innan skipulagsheildar,
- að hafa umsjón með fjárhagsáætlunum og stýra útgjöldum,
- að hafa umsjón með öryggisreglum, ráðningum og þjálfun starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi tryggingaþjónustu
- útibússtjóri banka

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í fjármálum – 1211

## 1349 Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis- félags- og fjármálaþjónustu ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla stjórnendur sem skipuleggja, stýra, samræma og meta sérfræðiþjónustu og eru ekki flokkaðir í klasa 121: Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð, eða annars staðar í klasa 134: Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis- félags- og fjármálaþjónustu. Til dæmis eru stjórnendur á sviði löggæslu, fangelsismála, safna, lögfræði og slökkviliðsstarfa flokkaðir hér.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, stýra og hafa umsjón með þjónustu, starfsstöð, deild eða sviði,
- að þróa, innleiða og fylgjast með ferlum, verklagi og reglum fyrir starfsfólk,
- að leiðbeina, hafa umsjón með og meta vinnu starfsfólks,
- að vera í samstarfi við aðra þjónustuveitendur,
- að stýra rekstraraðgerðum, hafa umsjón með fjárhagsáætlunum og stýra útgjöldum,
- að hafa umsjón með öryggisreglum, ráðningum og þjálfun starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- safnstjóri (aðallega við stjórnun)

# 14 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri, heildsölu, smásölu og afþreyingarþjónustu

Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri, heildsölu, smásölu og afþreyingarþjónustu fela í sér að skipuleggja, samræma og stýra fyrirtækjum í slíkum rekstri.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**141 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri**

**142 Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu**

**143 Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu**

# 141 Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri

Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri fela í sér að skipuleggja, samræma og stýra fyrirtækjum sem bjóða gisti- og veitingaþjónustu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**1411 Störf stjórnenda í hótelrekstri**

**1412 Störf stjórnenda í veitingarekstri**

## 1411 Störf stjórnenda í hótelrekstri

Störf stjórnenda í hótelrekstri fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma starfsemi hótela og fyrirtækja þar sem boðið er upp á gistingu og aðra tengda þjónustu.

*Athugasemd: Ef um er að ræða rekstur lítilla gististaða, þar sem stjórnun og starfsmannahald er lítill hluti verkefna, þá flokkast viðkomandi starf í flokk 5152 Störf við hússtjórn.*

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra og hafa yfirumsjón með bókunum, móttöku, þrifum og annarri starfsemi,
- að hafa yfirumsjón með öryggismálum og viðhaldi,
- að hafa yfirumsjón með rekstri bara, veitingastaða og ráðstefnuhaldi,
- að gæta þess að farið sé eftir lögum og reglum, svo sem varðandi sölu áfengis,
- að fylgjast með og meta ánægju viðskiptavina,
- að hafa yfirumsjón með bókhaldi og innkaupum,
- að setja fram fjárhagsáætlun og semja við birgja og viðskiptavini,
- að hafa umsjón með ráðningum og þjálfun starfsfólks,
- að hafa umsjón með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi á hóteli
- yfirþerna (aðallega við stjórnun)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf forstjóra og framkvæmdastjóra – 1120
- Störf við hússtjórn – 5152

## 1412 Störf stjórnenda í veitingarekstri

Störf stjórnenda í veitingarekstri fela í sér að skipuleggja, samræma og stýra starfsemi kaffihúsa, veitingastaða og hliðstæðra fyrirtækja í veitingaþjónustu.

*Athugasemd: Ef um er að ræða rekstur lítilla veitingastaða, þar sem stjórnun og starfsmannahald er lítill hluti verkefna, þá flokkast viðkomandi starf í flokk 5120 Störf við matseld, 5131 Störf við framreiðslu eða 5132 Störf barþjóna eftir því hver helstu verkefni þeirra eru.*

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja matseðla í samráði við kokka og matreiðslufólk,
- að skipuleggja veitingar fyrir sérstaka viðburði,
- að sjá um innkaup og birgðamál,
- að sjá um fjármál og verðlagningu í samræmi við fjárhagsáætlun,
- að tryggja að aðstaða í veitingasal, eldhúsi og matargeymslum samræmist heilbrigðisreglum,
- að fylgjast með og meta ánægju viðskiptavina,
- að hafa umsjón með ráðningum og þjálfun starfsfólks og ákveða vakta- og vinnuskipulag,
- að semja við viðskiptavini og birgja,
- að hafa umsjón með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi starfsfólks.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- veitingastjóri (aðallega við stjórnun)

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við hönnun rétta og samsetningu matseðla – 3434
- Störf við matseld – 5120
- Störf við framreiðslu – 5131
- Störf barþjóna – 5132

# 142 Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu

Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma starfsemi fyrirtækja sem selja vörur í heildsölu eða smásölu, sjá um fjárhagsáætlanir, starfsmannahald og rekstur verslana eða deilda.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**1420 Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu**

## 1420 Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu

Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu fela í sér að skipuleggja, stýra og samræma starfsemi fyrirtækja sem selja vörur í heildsölu eða smásölu, sjá um fjárhagsáætlanir, starfsmannahald og rekstur verslana eða deilda.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða vöruframboð, birgðastöðu og þjónustustig,
- að gera innkaupa- og markaðsáætlun og ákveða verð,
- að annast markaðsstarfsemi fyrirtækis,
- að halda skrár yfir birgðir og viðskipti,
- að gera fjárhagsáætlanir,
- að hafa umsjón með ráðningum og þjálfun starfsfólks,
- að hafa umsjón með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verslunarstjóri (aðallega við stjórnun)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf forstjóra og framkvæmdastjóra – 1120
- Störf stjórnenda í sölu og markaðsmálum – 1221
- Störf verslunareigenda smærri verslana – 5221
- Störf yfirmanna í verslunum – 5222
- Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum – 5223

# 143 Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu

Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu fela í sér að stýra rekstri fyrirtækja sem veita þjónustu á sviði íþrótta, menningar, lista og ferðamála.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**1431 Störf stjórnenda íþrótta-, tómstunda- og menningarmiðstöðva**

**1439 Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu ót.a.s.**

## 1431 Störf stjórnenda íþrótta-, tómstunda- og menningarmiðstöðva

Störf stjórnenda íþrótta-, tómstunda- og menningarmiðstöðva fela í sér að skipuleggja og stýra starfsemi sem veitir þjónustu á sviði íþrótta, menningar, lista og annarra tómstunda.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja afþreyingu, viðburði, menningar- og íþróttastarf,
- að tryggja að aðstaða sé þrifaleg og í góðu ástandi,
- að fylgjast með straumum og stefnum í listum og skipuleggja uppsetningu leikverka og tónlistarflutnings,
- að vera til ráðgjafar um tiltæka aðstöðu og kynna viðburði,
- að halda utan um birgðastöðu,
- að gera fjárhagsáætlanir og stýra útgjöldum,
- að stýra daglegum rekstri,
- að hafa umsjón með ráðningum og þjálfun starfsfólks,
- að hafa umsjón með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi starfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi íþróttamiðstöðvar
- stjórnandi kvikmyndahúss

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu ót.a.s.– 1349

## 1439 Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla stjórnendur sem skipuleggja og stýra sérfræði- og tækniþjónustu og eru ekki flokkaðir í deild 13: Störf stjórnenda í framleiðslu og þjónustu, eða annars staðar í deild 14: Störf stjórnenda í hótel- og veitingarekstri, heildsölu, smásölu og afþreyingarþjónustu. Hér flokkast til dæmis störf stjórnenda ferðaskrifstofa, upplýsingamiðstöðva og verslunarmiðstöðva.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi ferðaskrifstofu
- stjórnandi ráðstefnumiðstöðvar
- stjórnandi upplýsingamiðstöðvar
- stjórnandi verslunarmiðstöðvar

# 2 Sérfræðistörf

Sérfræðistörf fela í sér að stunda rannsóknir, auka við og hagnýta vísindalega þekkingu, þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir og miðla þekkingu. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt fjórða kunnáttustigi ÍSTARF.

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**21 Sérfræðistörf í raunvísindum og verkfræði**

**22 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum**

**23 Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði**

**24 Sérfræðistörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun**

**25 Sérfræðistörf í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

**26 Sérfræðistörf í lögfræði, samfélags- og menningargreinum**

# 21 Sérfræðistörf í raunvísindum og verkfræði

Sérfræðistörf í raunvísindum og verkfræði fela í sér að stunda rannsóknir, þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir eða hagnýta vísindalega þekkingu á sviði eðlisfræði, stjörnufræði, veðurfræði, efnafræði, jarðfræði, stærðfræði, tölfræði, arkitektúr og verkfræði.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**211 Sérfræðistörf í eðlis- og jarðvísindum**

**212 Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði**

**213 Sérfræðistörf í lífvísindum**

**214 Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum)**

**215 Sérfræðistörf í verkfræði innan raftæknigreina**

**216 Sérfræðistörf í arkitektúr, skipulagsfræði, landmælingum og hönnun**

# 211 Sérfræðistörf í eðlis- og jarðvísindum

Sérfræðistörf í eðlis- og jarðvísindum fela í sér að rannsaka, endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir eða hagnýta vísindalega þekkingu á sviði eðlisfræði, stjörnufræði, veðurfræði, efnafræði, jarðfræði og jarðeðlisfræði.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2111 Sérfræðistörf í eðlis- og stjörnufræði**

**2112 Sérfræðistörf í veðurfræði**

**2113 Sérfræðistörf í efnafræði**

**2114 Sérfræðistörf í jarðvísindum**

## 2111 Sérfræðistörf í eðlis- og stjörnufræði

Sérfræðistörf í eðlis- og stjörnufræði fela í sér að stunda rannsóknir og endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir sem varða efni, orku, öfl, tíma og rúm og innbyrðis tengsl eðlisfræðilegra fyrirbæra. Verkefnin felast einnig í að hagnýta vísindalega þekkingu á eðlis- og stjörnufræði í iðnaði, læknisfræði og öðrum greinum.

*Athugasemd: Störf eðlisfræðinga flokkast hér þó þeir geti verið óaðskiljanlegur hluti heilbrigðisstarfsfólks sem flokkast í deild 22 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum.*

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka og endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir á sviði eðlis- og stjörnufræða,
- að gera tilraunir, prófanir og greiningar, svo sem í aflfræði, varmafræði, stjörnufræði, kjarneðlisfræði, orkuframleiðslu og -dreifingu,
- að meta, túlka og birta niðurstöður rannsókna, einkum með tölfræðilegum aðferðum og reiknilíkönum,
- að tryggja réttar mælingar og eiginleika skammta sem notaðir eru við lækningar,
- að prófa og meta búnað fyrir myndgreiningar, læknismeðferðir og skammtamælingar,
- að skoða, greina og túlka fyrirbæri í himingeimnum og þróa aðferðir, líkön og tækni til að auka þekkingu á siglingafræði, gervihnattafjarskiptum, geimrannsóknum, stjarnfræðilegum fyrirbærum og geimgeislun,
- að þróa, innleiða og viðhalda stöðlum og aðferðalýsingum fyrir mælingar á eðlisfræðilegum fyrirbærum og notkun á geislatækni í iðnaði og í læknisfræðilegum tilgangi,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- eðlisfræðingur
- stjörnufræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við sérgreinalækningar – 2212
- Tæknistörf í efna- og eðlisfræði – 3111
- Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki – 3211

## 2112 Sérfræðistörf í veðurfræði

Sérfræðistörf í veðurfræði fela í sér að vinna og miðla veðurspám fyrir flugsamgöngur, siglingar, landbúnað og til upplýsingar fyrir almenning. Veðurfræðingar stunda rannsóknir sem tengjast samsetningu, uppbyggingu og hreyfingu andrúmsloftsins.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka hreyfingu andrúmslofts, loftþrýsting, hitastig, skýjamyndun, úrkomu, rafleiðni og sólargeislun, rakastig og ummyndun mengunarefna,
- að skoða og greina gögn frá veðurathugunarstöðvum, ratsjár- og gervihnattamyndir og spá fyrir um veðurskilyrði,
- að undirbúa og birta veðurkort, veðurspár og viðvaranir sem tengjast veðurfyrirbærum og miðla upplýsingum í fjölmiðlum,
- að stjórna veðurfarstilraunum varðandi skýja- og þokudreifingu, regnframleiðslu og aðrar veðurbreytingar,
- að taka þátt í rannsóknum á áhrifum veðurs á umhverfið,
- að greina hvaða áhrif athafnir manna og framkvæmdir í iðnaði hafa á andrúmsloftið og loftgæði og þróa mótvægisaðgerðir í samstarfi við aðra sérfræðinga,
- að hanna, prófa og þróa nýjan búnað og verklag fyrir öflun veðurgagna,
- að rannsaka og bæta eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir og skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- veðurfræðingur

## 2113 Sérfræðistörf í efnafræði

Sérfræðistörf í efnafræði fela í sér að stunda rannsóknir, endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir eða hagnýta vísindalega þekkingu til að auka skilning, þróa nýjar vörur og hafa eftirlit með gæðum og ferlum.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka og endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir á sviði efnafræði,
- að rannsaka, prófa og greina efnafræðilegar breytingar við mismunandi aðstæður,
- að gera tilraunir, prófanir og greiningar, rannsaka efnasamsetningu og orku- og efnabreytingar á ýmsum náttúrulegum eða tilbúnum efnum,
- að þróa verklag fyrir umhverfis- og gæðastjórnun,
- að gera áætlanir um sýnatöku, gagnaöflun og greiningu á magni spilliefna,
- að taka þátt í þverfaglegum rannsóknum og þróunarstarfi,
- að nota örverur til að búa til ný efnasambönd,
- að finna aðferðir til að styrkja efni, búa til nýjar efnasamsetningar eða þróa ný efni,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- lyfjafræðingur við efnaiðnað
- rannsóknarfólk í efnafræði

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum – 2131
- Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa – 2262

## 2114 Sérfræðistörf í jarðvísindum

Sérfræðistörf í jarðvísindum fela í sér að stunda rannsóknir, endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir eða nota vísindalega þekkingu á sviðum jarðefnaleitar og -vinnslu, vatnsverndar, mannvirkjagerðar, fjarskipta og siglingafræði, auk þess að vega og meta áhrif framkvæmda og förgunar úrgangs á umhverfið.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka, endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir á sviði jarðfræði og jarðeðlisfræði,
- að rannsaka samsetningu og uppbyggingu jarðskorpunnar, skoða berg, steintegundir og steingervinga til að rekja þróun lífs á jörðinni, greina aldur og eðli jarðmyndana og vega og meta hugsanlega notkun og vinnslu jarðefna,
- að nota jarðfræðiþekkingu á sviði byggingarverkfræði, svo sem í tengslum við framkvæmdir á stíflum, brúm-, göngum- og stórum byggingum og við endurheimt lands,
- að rannsaka og mæla þyngdarafl, rafbylgjur, hita og segulkrafta,
- að meta þyngd, stærð og massa jarðar, samsetningu og uppbyggingu möttuls og rannsaka eðli og virkni eldfjalla, jökla og jarðskjálfta,
- að kortleggja segulsvið jarðar,
- að rannsaka og mæla eðliseiginleika lofts og sjávar,
- að staðsetja og ákvarða eðli og umfang olíu-, gas- og steinefnaauðlinda með aðferðum skjálftafræði, rafsegulfræði, geislamælifræði og þyngdar- og segulmælingum,
- að finna byggingarefni í jörðu og ákvarða nothæfi þess, svo sem fyrir vegagerð,
- að rannsaka grunn- og yfirborðsvatn,
- að veita ráðgjöf á sviði urðunar sorps og endurheimt mengaðra svæða.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- jarðskjálftafræðingur
- jöklafræðingur

# 212 Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði

Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði fela í sér að rannsaka, endurskoða eða þróa hugtök, kenningar, líkön og aðferðir og hagnýta þá þekkingu í margvíslegum verkefnum á sviði verkfræði, viðskipta, félagsvísinda o.fl.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**2120 Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði**

## 2120 Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði

Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði fela í sér að rannsaka og endurskoða eða þróa hugtök, kenningar, líkön og aðferðir og veita ráðgjöf eða hagnýta sérfræðiþekkingu á sviði verkfræði, viðskipta, félagsvísinda o.fl.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka, endurskoða og þróa kenningar og aðferðir í stærðfræði, tryggingafræði og tölfræði,
- að setja upp eða nota reiknireglur, tölfræðilíkön og reikniaðferðir við margvísleg verkefni og greiningar,
- að nota stærðfræði, tölfræði, líkur og áhættukenningar fyrir fjárhagslegt mat óorðinna atburða,
- að skipuleggja skoðanakannanir, gagnaöflun og útbúa spurningalista,
- að meta, vinna úr, greina og túlka tölfræðigögn og búa þau til birtingar,
- að gefa ráð um aðferðafræði eða beita margvíslegum gagnasöfnunar- og tölfræðiaðferðum og skera úr um áreiðanleika niðurstaðna,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur,
- að hafa yfirumsjón með störfum aðstoðarfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ráðgjafi í áhættustýringu
- tryggingafræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérhæfð störf tengd tölfræði og stærðfræði – 3314
- Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar – 4312

# 213 Sérfræðistörf í lífvísindum

Sérfræðistörf í lífvísindum fela í sér að afla þekkingar með rannsóknum á lífi manna, dýra og plantna og samspili þeirra við umhverfið til að auka þekkingu, bæta framleiðslu í landbúnaði og skógrækt og finna lausnir á sviði umhverfis- og heilbrigðismála.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2131 Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum**

**2132 Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum**

**2133 Sérfræðistörf í umhverfisvernd**

## 2131 Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum

Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum fela í sér að rannsaka lífverur og samspil þeirra við umhverfið, auka þekkingu og finna lausnir á sviði umhverfis- og heilbrigðismála. Fólk sem sinnir þessum störfum vinnur á fjölbreyttum fræðasviðum, svo sem grasafræði, dýrafræði, vistfræði, sjávarlíffræði, erfðafræði, ónæmisfræði, lyfjafræði, lífeðlisfræði, örverufræði og veirufræði.

*Athugasemd: Störf hjúkrunarfræðinga og lækna þar sem verkefni snúa að mestu eða öllu leyti að líflæknisfræðilegum rannsóknum en ekki klínískum verkefnum flokkast hér.*

Verkefni eru meðal annars:

- að sinna rannsóknum á rannsóknarstofum og á vettvangi til að auka vísindalega þekkingu á lífverum, sannprófa kenningar og leysa vandamál, svo sem á sviði landbúnaðar, umhverfis- og heilbrigðismála og þróa nýjar vörur, verkferla og tækni,
- að þróa og stýra tilraunum og prófunum,
- að safna sýnum úr mönnum, dýrum, skordýrum og plöntum og rannsaka uppruna, þróun, efnafræðilega og líffræðilega gerð, samsetningu, lífsferil og æxlunarferli,
- að skoða lífverur með ýmsum sérhæfðum búnaði, tækjum og tækni, svo sem rafeindasmásjá, staðsetningarkerfum, líftækni, gervitunglamyndum, erfðafræðitækni, myndgreiningu, PCR prófum og tölvugerðum líkönum,
- að greina, flokka, skrá og hafa eftirlit með lífverum og viðhalda gagnagrunnum,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur þar sem greint er frá rannsóknum og niðurstöðum,
- að þróa og framkvæma mat á umhverfisáhrifum til að greina breytingar sem stafa af náttúrulegum eða mannlegum þáttum,
- að veita ráðgjöf til ríkisstjórna, stofnana og fyrirtækja um verndun og stjórnun náttúruauðlinda og áhrif loftslagsbreytinga og mengunar.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- grasafræðingur
- líffræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í umhverfisvernd – 2133
- Störf við heimilislækningar og almennar lækningar – 2211
- Sérfræðistörf við hjúkrun – 2221

## 2132 Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum

Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum fela í sér að rannsaka og veita ráðgjöf við skipulag búskapar, skógræktar og fiskveiða, þ.m.t. ræktun, frjóvgun, uppskeru, samsetningu jarðvegs, sjúkdómavarnir, næringu, skiptiræktun og markaðssetningu. Fólk sem sinnir þessum störfum þróar tækni til að auka framleiðni, rannsakar og þróa áætlanir og stefnumörkun fyrir búskap og fiskveiðar.

Verkefni eru meðal annars:

- að safna og greina gögn og sýni sem tengjast framleiðslu, fóðri, jarðvegi, vatnsgæðum og öðrum þáttum sem hafa áhrif á búskap, skógrækt eða framleiðslu fiskafurða,
- að veita ráðgjöf um aðferðir til að bæta framleiðslu á uppskeru, búfé og fiski,
- að veita ráðgjöf um sjúkdóma í búfé og plöntum, meindýra- og illgresiseyðingu, umbætur á jarðvegi, búfjárrækt og fóðrun,
- að rannsaka umhverfisþætti sem hafa áhrif á ræktun og vaxtarhraða nytjaplantna, dýra, fiskistofna og trjáa,
- að rannsaka ferðir, vöxt, æti og hrygningu fisktegunda og þróa aðferðir við að safna hrognum og frjóvga og klekja út seiðum,
- að þróa verklag og tækni til umbóta í landbúnaði og auka skilvirkni framleiðslu,
- að stýra auðlindum skóga og sjávar til að hámarka ávinning þeirra til lengri tíma,
- að rannsaka æxlun og ræktun trjáa í skógum,
- að rannsaka, skipuleggja og innleiða verklag til að takast á við afleiðingar elda, flóða, þurrka, jarðvegsrofs, meindýra og sjúkdóma,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur og stýra upplýsingafundum og fyrirlestrum fyrir aðila í landbúnaði, skógrækt, sjávarútvegi og aðra hópa.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- jarðræktarfræðingur
- skógræktarfræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Tæknistörf í skógrækt – 3143

## 2133 Sérfræðistörf í umhverfisvernd

Sérfræðistörf í umhverfisvernd fela í sér að rannsaka og meta mengun í lofti, vatni og jarðvegi, hávaðamengun, loftslagsbreytingar, eitraðan úrgang, landeyðingu og eyðingu náttúruauðlinda. Þróa áætlanir og lausnir til að vernda, varðveita, endurheimta, lágmarka og koma í veg fyrir frekari skemmdir á umhverfinu.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka, safna sýnum og vinna greiningar á rannsóknarstofu og á vettvangi, til að greina ástæður umhverfisvandamála og koma með lausnir sem hindra, stýra og draga úr skaðlegum áhrifum,
- að meta líkleg áhrif fyrirætlaðra aðgerða, verkefna og þróunar á umhverfið og veita ráðgjöf um framhaldið,
- að þróa og samræma innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfa fyrir fyrirtæki og stofnanir,
- að meta reglufylgni fyrirtækja og stofnana gagnvart lögum, reglugerðum og innri verklagsreglum, greina brot á slíkum reglum og ákvarða viðeigandi aðgerðir til úrbóta,
- að veita ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana um hvernig best sé að takast á við umhverfisvandamál, í því skyni að draga úr umhverfisspjöllum og lágmarka fjárhagslegt tjón,
- að rannsaka áhrif og árangur af náttúruvernd og þróa áætlanir um verndun.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- ráðgjafi í umhverfisvernd
- sérfræðingur í loftslagsmálum

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði – 2143

## 214 Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum)

Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum) fela í sér að hanna, skipuleggja og stýra prófunum, uppsetningu og viðhaldi á mannvirkjum, vélum og framleiðsluferlum verksmiðja, gera framleiðsluáætlanir, innleiða verklag til að auka hagkvæmni framleiðsluaðferða og tryggja að verk séu framkvæmd á öruggan, skilvirkan og hagkvæman máta.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2141 Sérfræðistörf í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði**

**2142 Sérfræðistörf í byggingarverkfræði**

**2143 Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði**

**2144 Sérfræðistörf í vélaverkfræði**

**2145 Sérfræðistörf í efnaverkfræði**

**2146 Sérfræðistörf í námaverkfræði og málmvinnslu**

**2149 Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum) ót.a.s.**

## 2141 Sérfræðistörf í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði

Sérfræðistörf í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði fela í sér að greina, hanna, skipuleggja og hafa umsjón með uppsetningu, rekstri og viðhaldi iðnaðarframleiðsluferla og -búnaðar. Sérfræðingar sem sinna þessum störfum útbúa og þróa áætlanir um samhæfingu framleiðsluþátta og meta hagkvæmni og öryggi.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða starfslýsingar, skipurit og verklýsingar til að ákvarða störf og ábyrgð starfsmanna og starfseininga,
- að koma á fót áætlun um mælingar starfa og þróa staðla um nýtingu vinnuafls,
- að greina vinnuaflsnotkun, hönnun aðstöðu, rekstrarupplýsingar, framleiðsluáætlanir og kostnað til að ákvarða hagkvæmustu nýtingu vinnuafls og búnaðar,
- að þróa tæknilýsingar fyrir framleiðslu og ákveða notkun efna, búnaðar, afkastagetu og uppsetningu verksmiðja og kerfa,
- að skipuleggja og stýra verkefnavinnu og afhendingu efna, tækja og búnaðar,
- að koma á fót stöðlum og stefnum um uppsetningu, breytingar, gæðaeftirlit, prófanir, skoðanir og viðhald í samræmi við verklags- og öryggisreglur,
- að gera úttekt á verksmiðju til að viðhalda eða bæta afköst, stýra viðhaldi mannvirkja og búnaðar,
- að veita stjórnendum ráðgjöf um nýjar framleiðsluaðferðir, -tækni og -búnað,
- að tryggja stöðugt framboð birgða í samráði við starfsfólk innkaupa, birgða- og eftirlitsmála.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- iðnaðarverkfræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf stjórnenda í framleiðslu – 1321

## 2142 Sérfræðistörf í byggingarverkfræði

Sérfræðistörf í byggingarverkfræði fela í sér að greina, veita ráðgjöf um, hanna og hafa umsjón með byggingu mannvirkja, rekstri og viðhaldi eða veita tæknilega ráðgjöf um sértækt efnisval.

Verkefni eru meðal annars:

- að stunda rannsóknir og þróa nýjar eða endurbættar kenningar og aðferðir á sviði byggingarverkfræði,
- að veita ráðgjöf um og hanna mannvirki, svo sem samgönguinnviði,
- að ákvarða og tilgreina byggingaraðferðir, efni og gæðastaðla og stýra byggingarframkvæmdum,
- að koma á fót stjórn- og eftirlitskerfum sem tryggja að skilvirkni mannvirkja séu samkvæmt öryggis- og umhverfisverndarreglum,
- að skipuleggja og stýra viðhaldi og viðgerðum mannvirkja,
- að greina áhrif álags af völdum fyrirhugaðra bygginga á jarðveg og berg og hanna undirstöður bygginga,
- að greina stöðugleika mannvirkja og prófa hegðun og endingu byggingar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- byggingarverkfræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í byggingariðnaði – 1323
- Sérfræðistörf í jarðvísindum – 2114
- Sérfræðistörf í námaverkfræði og málmvinnslu– 2146

## 2143 Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði

Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði fela í sér að greina, veita ráðgjöf um og koma í veg fyrir eða ráða bót á neikvæðum umhverfisáhrifum mannlegra athafna. Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði leggja einnig mat á umhverfisáhrif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og beita aðferðum verkfræðinnar varðandi mengunarvarnir, endurvinnslu og sorpförgun.

Verkefni eru meðal annars:

- að leggja mat á umhverfisáhrif bygginga, mannvirkja og annarra framkvæmda,
- að skoða aðstöðu og verkáætlanir í tengslum við iðnaðar- og búsetusvæði og tryggja fylgni við gildandi reglugerðir um umhverfismál,
- að hanna og hafa eftirlit með þróun kerfa, ferla og stýribúnaðar og hafa eftirlit með vatns-, loft- eða jarðvegsgæðum,
- að afla, uppfæra og viðhalda áætlunum, leyfum og stöðluðum rekstraraðferðum,
- að veita verkfræðilega og tæknilega aðstoð við úrbætur í umhverfismálum,
- að fylgjast með framvindu áætlana um umbætur í umhverfismálum,
- að veita ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana um verklag við hreinsun mengaðra svæða og lágmörkun mengunar og úrgangs.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- umhverfisverkfræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í umhverfisvernd – 2133
- Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd – 2263

## 2144 Sérfræðistörf í vélaverkfræði

Sérfræðistörf í vélaverkfræði fela í sér að greina, veita ráðgjöf, hanna og stjórna framleiðslu og uppsetningu véla og vélarhluta, loftfara, skipa og iðnaðarverksmiðja, búnaðar og kerfa, ráðleggja og stýra starfsemi þeirra, viðhaldi og viðgerðum, koma upp eftirlits- og gæðastöðlum eða rannsaka og ráðleggja um vélfræðilega þætti tiltekinna efna, afurða eða ferla.

Verkefni eru meðal annars:

- að hanna vélbúnað og tæki til framleiðslu, svo sem fyrir námuvinnslu, byggingar, landbúnað og aðra iðnaðarferla,
- að veita ráðgjöf um og hanna gufuhreyfla, brunahreyfla og aðra órafknúna hreyfla og vélar sem knýja farartæki, iðnaðarvélar og aðrar vélar,
- að veita ráðgjöf um og hanna skipsskrokka, yfirbyggingar og drifkerfi skipa, verksmiðja og búnaðar til losunar, stjórnunar og nýtingar orku, hitaveitu-, loftræsti- og kælikerfi, stýrisbúnað, dælur og annan vélbúnað,
- að hanna flugskrokka, undirvagna og annan búnað fyrir loftför sem og fjöðrunarkerfi, hemla, yfirbyggingar og aðra íhluti ökutækja,
- að veita ráðgjöf um og hanna órafknúna hluta tækjabúnaðar eða vöru, svo sem í tölvum, mælingatækjum og myndavélum,
- að innleiða eftirlitsstaðla og -verklag sem tryggir skilvirkan rekstur og öryggi véla, vélbúnaðar, tækja, mótora, aflvéla, iðnaðarverksmiðja, búnaðar eða kerfa,
- að tryggja að búnaður, rekstur og viðhald séu í samræmi við hönnun og öryggisstaðla.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- skipaverkfræðingur
- vélaverkfræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Vélstjórn og tæknistörf um borð í skipum – 3151

## 2145 Sérfræðistörf í efnaverkfræði

Sérfræðistörf í efnaverkfræði fela í sér að greina, þróa, veita ráðgjöf um og stýra framleiðslu ýmissa efna og efnatengdra afurða, svo sem olíu, olíuafurða, matvæla og drykkjarvara, lyfja eða gerviefna, stýra viðhaldi og viðgerðum efnaverksmiðja og tengds búnaðar, meta framleiðsluaðferðir, setja upp gæðastaðla og rannsaka og veita ráðgjöf um efni, vörur eða verkferla.

Verkefni eru meðal annars:

- að greina, veita ráðgjöf um og þróa efnaferla, svo sem hreinsun hráolíu og annars vökva eða lofttegunda,
- að þróa og framleiða hráolíu, matvæli og drykkjarvörur, lyf eða gerviefni,
- að ákveða efni og efnaframleiðsluaðferðir og setja upp gæðastaðla,
- að setja staðla og koma á verklagi sem tryggir öryggi og skilvirkni efnaframleiðslu,
- að hanna efnaverksmiðjubúnað og ferli til framleiðslu á efnum og afurðum,
- að framkvæma prófanir á öllum framleiðslustigum fyrir stýringu hitastigs, þéttleika, eðlisþyngdar og þrýstings,
- að undirbúa mat á framleiðslukostnaði og útbúa skýrslur fyrir stjórnendur,
- að framkvæma rannsóknir, svo sem á nýjum vörum í tilraunaverksmiðju.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- efnaverkfræðingur

## 2146 Sérfræðistörf í námaverkfræði og málmvinnslu

Sérfræðistörf í námaverkfræði og málmvinnslu fela í sér að greina, hanna, þróa og viðhalda framleiðsluaðferðum fyrir vinnslu málmtegunda og hráefna úr jörðu og að þróa ný málmblendi, keramik og önnur efni.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða staðsetningu og skipuleggja námugröft kola, málmgrýtis, steinefna og byggingarefna á borð við grjót og möl,
- að velja skilvirkar aðferðir við námugröft og vinnslu og hentugar gerðir véla, skipuleggja vinnusvæði og stjórna byggingu stokka og ganga,
- að ákveða borunarstaði og stýra flæði vatns, olíu eða gass úr brunnum,
- að skipuleggja og stjórna varðveislu, meðhöndlun og flutningi á vatni, olíu eða gasi,
- að setja öryggisstaðla og verklag og koma upp skyndihjálparaðstöðu,
- að rannsaka og þróa aðferðir við vinnslu málma og veita ráðgjöf um nýtingu þeirra,
- að annast tæknilega ráðgjöf og samskipti við aðra sérfræðinga, svo sem jarðfræðinga og jarðeðlisfræðinga,
- að rannsaka jarðlög eða námusvæði fyrir mat á vinnslu og framleiðslu.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- námaverkfræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í jarðvísindum – 2114

## 2149 Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum) ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla sérfræðistörf í verkfræði sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 214: Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum), eða í klasa 215: Sérfræðistörf í verkfræði innan raftæknigreina. Störf í þessum flokki felast meðal annars í að sinna greiningum, veita ráðgjöf eða þróa verklag.

*Athugasemd: Störf líftæknifræðinga flokkast hér þó þeir geti verið óaðskiljanlegur hluti heilbrigðisstarfsfólks sem flokkast í deild 22 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum.*

Verkefni eru meðal annars:

- að beita verkfræðilegri þekkingu við hönnun, þróun og mat á vörum á borð við gervilíffæri, gervilimi og tækjabúnað,
- að hanna tæki sem notuð eru í læknisfræðilegum tilgangi, svo sem segulómun og tæki fyrir sjálfvirka insúlíninntöku,
- að hanna íhluti sjóntækja,
- að meta tjón og gera útreikninga fyrir björgunarstörf á hafi,
- að rannsaka og veita ráðgjöf um verkfræðiþætti tiltekinna framleiðsluferla, svo sem ferla sem tengjast gleri, keramik, vefnaðarvöru, leðurvöru, trévöru og prentun,
- að aðstoða við greiningu á hugsanlegum hættum og innleiða öryggisreglur og -búnað.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- líftæknifræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði – 2141
- Sérfræðistörf umhverfisverkfræði – 2143
- Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar – 2165

# 215 Sérfræðistörf í verkfræði innan raftæknigreina

Sérfræðistörf í verkfræði innan raftæknigreina fela í sér að rannsaka, hanna, veita ráðgjöf um og stjórna byggingu og rekstri rafbúnaðar, rafeindabúnaðar, fjarskiptakerfa, íhluta og rafmótora, skipuleggja og koma á fót eftirlitskerfum sem vakta frammistöðu og öryggi raftengdra kerfa.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2151 Sérfræðistörf í rafmagnsverkfræði**

**2152 Sérfræðistörf í rafeindaverkfræði**

**2153 Sérfræðistörf í fjarskiptaverkfræði**

## 2151 Sérfræðistörf í rafmagnsverkfræði

Sérfræðistörf í rafmagnsverkfræði fela í sér að rannsaka, ráðleggja, hanna og stjórna byggingu og rekstri rafkerfa og íhlutum þeirra, mótorum og tengdum búnaði eða rannsaka og veita ráðgjöf um aðferðir, efnisnotkun og aðra tæknilega þætti sem tengjast rafmagnsverkfræði.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ráðgjöf um og hanna raforkustöðvar og -kerfi,
- að koma upp öryggiseftirliti og stýra rekstri raforkuframleiðslu, flutnings- og dreifikerfum fyrir raforku,
- að veita ráðgjöf um og hanna kerfi fyrir rafmótora, rafknúin dráttartæki og annan búnað eða rafknúin heimilistæki,
- að útbúa tæknilýsingar og útfærslur fyrir uppsetningu og notkun raflagnabúnaðar í iðnaði, byggingum og hlutum,
- að koma á stöðlum og verklagi til að fylgjast með afköstum og öryggi raforku- og dreifikerfa, véla og búnaðar,
- að ákveða framleiðsluaðferðir fyrir rafkerfi og viðhald og viðgerðir á fyrirliggjandi rafkerfum, vélum og búnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- rafmagnsverkfræðingur
- raforkuverkfræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í rafeindaverkfræði – 2152
- Sérfræðistörf í fjarskiptaverkfræði – 2153

## 2152 Sérfræðistörf í rafeindaverkfræði

Sérfræðistörf í rafeindaverkfræði fela í sér að rannsaka, hanna og stjórna byggingu rafeindakerfa, rannsaka og veita ráðgjöf um aðferðir, efnisnotkun og aðra tæknilega þætti rafeindavirkjunar.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða aðferðir, efnisnotkun og gæðastaðla við framleiðslu eða uppsetningu rafeindatækja,
- að veita ráðgjöf um og hanna rafeindatæki eða -íhluti, rafrásir, hálfleiðara og kerfi,
- að útbúa tæknilegar forskriftir og útfærslur fyrir framleiðslu- og uppsetningaraðferðir, efni og gæðastaðla og stjórna framleiðslu eða uppsetningu rafeindatækja og kerfa,
- að koma á stöðlum og verklagi til að fylgjast með afköstum og öryggi raforku- og dreifikerfa, véla og búnaðar,
- að skipuleggja og stjórna viðhaldi og viðgerðum á rafeindakerfum,
- að hanna rafrásir og rafmagnsíhluti,
- að þróa búnað og verklag fyrir prófanir á rafrænum íhlutum, rafrásum og kerfum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- rafeindaverkfræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í fjarskiptaverkfræði – 2153

## 2153 Sérfræðistörf í fjarskiptaverkfræði

Sérfræðistörf í fjarskiptaverkfræði fela í sér að rannsaka, hanna og stjórna byggingu fjarskiptakerfa og –búnaðar og rannsaka og veita ráðgjöf um aðferðir, efnisnotkun og aðra tæknilega þætti í fjarskiptatækni.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ráðgjöf um og hanna fjarskiptatæki eða -íhluti, kerfi og búnað,
- að ákveða framleiðslu eða uppsetningu, efnivið, gæða- og öryggisstaðla og stýra framleiðslu á fjarskiptakerfum,
- að skipuleggja og stýra viðhaldi og viðgerðum á fyrirliggjandi fjarskiptakerfum, rafmótorum og búnaði,
- að skipuleggja og hanna fjarskiptanet sem byggja á kapalkerfi, ljósleiðara eða þráðlausum samskiptatækjum,
- að hanna fjarskiptanet og dreifikerfi fyrir útvarps- og sjónvarpssendingar í gegnum kapalkerfi og ljósvakamiðla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fjarskiptaverkfræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í rafeindaverkfræði – 2152

# 216 Sérfræðistörf í arkitektúr, skipulagsfræði, landmælingum og hönnun

Sérfræðistörf í arkitektúr, skipulagsfræði, landmælingum og hönnun fela í sér að skipuleggja og hanna landslag, byggingar að innan og utan, vörur til framleiðslu og hljóð- og myndefni fyrir samskipti og miðlun upplýsinga, sinna mælingum, hanna, útbúa og endurskoða kort og þróa og innleiða áætlanir um skipulag landnýtingar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2161 Sérfræðistörf í arkitektúr**

**2162 Sérfræðistörf í landslagsarkitektúr**

**2163 Sérfræðistörf í vöru- og fatahönnun**

**2164 Sérfræðistörf í borgar- og skipulagsfræði**

**2165 Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar**

**2166 Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun**

## 2161 Sérfræðistörf í arkitektúr

Sérfræðistörf í arkitektúr fela í sér ráðgjöf og hönnun á byggingum og öðrum mannvirkjum og að skipuleggja og hafa eftirlit með byggingu þeirra, viðhaldi og endurnýjun.

Verkefni eru meðal annars:

- að þróa nýjar eða bættar hugmyndir og aðferðir í arkitektúr,
- að skoða vinnusvæði og veita ráðgjöf um gerð, útlit og stærð fyrirhugaðra bygginga eða breytingar á byggingum,
- að veita upplýsingar varðandi hönnun, efni og áætlaðan byggingartíma í samstarfi við aðra sérfræðinga,
- að útbúa verkgögn, þ.m.t. teikningar og mælingar, og samþætta byggingarlega, vélræna og fagurfræðilega þætti í lokahönnun,
- að útbúa tæknilýsingar og samninga fyrir byggingaraðila og óska eftir tilboðum fyrir hönd viðskiptavina,
- að greina og leita bestu lausna á vandamálum sem varða virkni og gæði innra rýmis bygginga,
- að sjá um byggingar og endurnýjun þeirra og tryggja að þær samræmist tæknilýsingum og gæðastöðlum,
- að sjá um tæknilegt samstarf við aðra sérfræðinga og veita ráðgjöf.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- arkitekt
- innanhússarkitekt

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í landslagsarkitektúr – 2162
- Störf við hönnun og útstillingu – 3432

## 2162 Sérfræðistörf í landslagsarkitektúr

Sérfræðistörf í landslagsarkitektúr fela í sér að skipuleggja og hanna opin svæði, svo sem garða, torg, skólalóðir, vegi og útivistarsvæði og skipuleggja og hafa eftirlit með byggingu, viðhaldi og endurnýjun.

Verkefni eru meðal annars:

- að þróa nýjar eða bættar hugmyndir og aðferðir og veita ráðgjöf um stefnu í tengslum við landslagsarkitektúr,
- að skoða vinnusvæði og veita ráðgjöf um gerð, útlit og stærð fyrirhugaðra garða, vega og annarra svæða,
- að gera samantekt og greiningu á gögnum um landfræðilega og vistfræðilega þætti, landform, jarðveg, gróður, lagnir, sjónræn einkenni o.fl.,
- að gera skýrslur, áætlanir, skipulag vinnusvæða, teikningar, tæknilýsingar og kostnaðaráætlanir vegna lóðaskipulags, þ.m.t. að gera líkön af yfirborði, byggingum, gróðri og aðgengisleiðum,
- að útbúa tæknilýsingar og samninga fyrir byggingaraðila og verktaka og óska eftir tilboðum fyrir hönd viðskiptavina,
- að greina og leita bestu lausna á vandamálum sem varða virkni og gæði ytra umhverfis,
- að hafa eftirlit með framkvæmdum til að tryggja samræmi við forskriftir og gæðastaðla,
- að vera í samstarf við aðra sérfræðinga um tæknileg atriði og veita ráðgjöf.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- landslagsarkitekt

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í arkitektúr– 2161
- Sérfræðistörf í borgar- og skipulagsfræði – 2164

# 2163 Sérfræðistörf í vöru- og fatahönnun

Sérfræðistörf í vöru- og fatahönnun fela í sér að hanna og þróa vörur til framleiðslu og undirbúa hönnun og tæknigögn fyrir framleiðslu á vörum.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða magn og umfang hönnunar í samráði við viðskiptavini og framleiðendur,
- að hanna fatnað, textílefni, skartgripi og aðrar vörur,
- að samþætta fagurfræðilegar, tæknilegar, hagnýtar, vistfræðilegar og framleiðslutengdar kröfur,
- að útbúa teikningar, áætlanir, lýsingar, prufur o.fl. fyrir miðlun hönnunarhugmynda,
- að ræða hönnunarlausnir við viðskiptavini, stjórnendur og aðra er koma að sölu og framleiðslu,
- að velja og mæla með efnum til framleiðslu,
- að hafa umsjón með notkun mynstra, forrita, verkfæra og framleiðsluferla.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- búningahönnuður
- fatahönnuður
- iðnhönnuður
- vöruhönnuður

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í vélaverkfræði – 2144
- Sérfræðistörf í arkitektúr – 2161
- Sérfræðistörf í landslagsarkitektúr – 2162
- Störf við hönnun og útstillingu – 3432

## 2164 Sérfræðistörf í borgar- og skipulagsfræði

Sérfræðistörf í borgar- og skipulagsfræði fela í sér að þróa og innleiða áætlanir og stefnur fyrir nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli, sem og fyrir umferðarkerfi, sinna rannsóknum og veita ráðgjöf um efnahagslega, umhverfislega og félagslega þætti sem hafa áhrif á landnýtingu og umferðaflæði.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, þróa og samþætta breytingar á landsvæði þéttbýlis,
- að taka saman og greina gögn um efnahagslega, lagalega, menningarlega, og umhverfislega þætti sem tengjast landnýtingu,
- að gera áætlanir um og mæla með tiltekinni nýtingu og breytingum lands og leggja fram áætlun, hönnun og tæknilýsingar,
- að veita ríkisstjórn, sveitarfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf varðandi vandamál tengd borgar- og svæðisbundnu skipulagi og leggja til lausnir,
- að yfirfara og meta skýrslur um umhverfisáhrif,
- að skipuleggja og samþætta breytingarsvæði fyrir almenningsgarða, skóla, stofnanir, flugvelli, vegi, verslanir, iðnað, íbúðir og tengd verkefni,
- að skipuleggja og ráðleggja um leiðarval og eftirlit með umferð á vegum og almenningssamgöngum til að auka skilvirkni og öryggi.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- skipulagsfræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í arkitektúr – 2161
- Sérfræðistörf í landslagsarkitektúr – 2162

## 2165 Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar

Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar fela í sér að rannsaka aðferðir og tækni til að kortleggja svæði og vinna landfræðileg gögn, kort og annað myndrænt efni á einkennum og mörkum á landi, hafi, neðanjarðar og í geimnum.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka, mæla og gera lýsingu á yfirborði lands, námusvæðum, yfirborðsflötum neðanjarðar, hafsbotni, árbotnum og botnum stöðuvatna,
- að mæla nákvæma staðsetningu ýmissa landslagseinkenna og skrá mæligögn á stafrænu formi,
- að gera töflur og kort fyrir siglingar og koma að undirbúningi á byggingu mannvirkja á hafsvæðum,
- að skipuleggja og stýra myndatökum og mælingum úr lofti,
- að hanna, setja saman og endurskoða kort og töflur með loftmyndum og öðrum ljósmyndagögnum, gervihnattamyndum og öðrum upplýsingum,
- að rannsaka og þróa upplýsingakerfi fyrir landmælingar,
- að rannsaka, veita ráðgjöf um og hafa samráð við aðra sérfræðinga varðandi tæknilegar hliðar landmælinga og kortagerðar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við kortagerð

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum) ót.a.s. – 2149
- Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð – 3112
- Tæknistörf í vélaverkfræði – 3115

# 2166 Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun

Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun fela í sér að hanna efni fyrir hljóð- og myndmiðla og vinna við myndræna útfærslu, sjónrænar brellur, hreyfimyndir og annað myndefni, svo sem fyrir tölvuleiki, kvikmyndir, tónlistarmyndbönd, prentmiðla og auglýsingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða markmið og umfang hönnunar í samráði við viðskiptavini og samstarfsaðila,
- að þróa og móta hugmyndir fyrir það viðfangsefni sem á að miðla,
- að útbúa teikningar, hreyfimyndir og framsetningu fyrir miðlun hönnunar,
- að sjá um myndræna útfærslu og hreyfimyndir samkvæmt hönnun,
- að búa til tvívíðar og þrívíðar myndir og nota forrit við gerð hreyfimynda eða líkana,
- að ákveða í samráði við viðskiptavini, stjórnendur og aðra er koma að máli hvaða hönnunarlausnir henta hverju sinni,
- að velja og mæla með efni og miðlum til birtingar, afhendingar eða sýningar,
- að útbúa ítarlega lýsingu á hönnun til framleiðslu.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- grafískur hönnuður
- margmiðlunarhönnuður

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í arkitektúr – 2161
- Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun – 2513
- Störf við myndlist – 2651
- Störf við hönnun og útstillingu – 3432

# 22 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum

Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum fela í sér að rannsaka, endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og vinnuaðferðir og hagnýta vísindalega þekkingu á sviði læknavísinda, hjúkrunar, tannlækninga, dýralækninga, lyfjafræði og lýðheilsu.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**221 Sérfræðistörf við lækningar**

**222 Sérfræðistörf við hjúkrun**

**225 Sérfræðistörf við dýralækningar**

**226 Önnur sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum**

# 221 Sérfræðistörf við lækningar

Sérfræðistörf við lækningar fela í sér að rannsaka, greina, meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma, meiðsli og önnur líkamleg og andleg veikindi hjá fólki, með því að beita verklagi og aðferðum læknavísinda. Læknar skipuleggja, hafa umsjón með og meta árangur af meðhöndlun annars heilbrigðisstarfsfólks og sinna kennslu og rannsóknum í læknavísindum ásamt því að taka þátt í þróun og innsetningu laga og reglugerða um heilbrigðismál.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2211 Störf við heimilislækningar og almennar lækningar**

**2212 Störf við sérgreinalækningar**

## 2211 Störf við heimilislækningar og almennar lækningar

Störf við heimilislækningar og almennar lækningar fela í sér að rannsaka, greina, meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma, meiðsli og önnur líkamleg og andlega veikindi hjá fólki. Störfin takmarkast ekki við tiltekna sjúkdóma eða meðferðir.

Verkefni eru meðal annars:

- að kanna líkamlegt ástand skjólstæðinga og greina heilsufarsástand þeirra,
- að bóka eða vísa skjólstæðingum áfram í rannsókn, röntgenmyndatöku eða aðrar greiningar og meta niðurstöður,
- að fylgja eftir málum skjólstæðinga, ávísa lyfjum og sjá um fyrirbyggjandi aðgerðir,
- að framkvæma minniháttar skurðaðgerðir og aðrar klínískar aðgerðir,
- að vísa skjólstæðingum áfram til viðeigandi sérfræðinga vegna sérhæfðrar þjónustu á sjúkrahúsum, endurhæfingarstofnunum eða öðrum heilbrigðisstofnunum,
- að skrá sjúkrasögu og heilsufarsupplýsingar og tryggja áframhaldandi meðhöndlun skjólstæðinga í samstarfi við annað heilbrigðisstarfsfólk,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir um heilbrigðismál,
- að skipuleggja og taka þátt í aðgerðum sem ætlað er að hindra útbreiðslu algengra sjúkdóma.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- heimilislæknir
- læknanemi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við sérgreinalækningar – 2212

## 2212 Störf við sérgreinalækningar

Störf við sérgreinalækningar fela í sér að rannsaka, greina, meðhöndla og fyrirbyggja ákveðnar tegundir sjúkdóma og meiðsli og önnur líkamleg og andleg veikindi hjá fólki. Störf í þessum flokki felast einnig í að stunda rannsóknir og kennslu á sviði læknisfræði.

*Athugasemd: Störf sérgreinalækna þar sem verkefni snúa að mestu eða öllu leyti að líflæknisfræðilegum rannsóknum en ekki klínískum verkefnum flokkast í starfaflokk 2131 Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum.*

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða, meta og greina heilsufarsástand skjólstæðinga,
- að leggja mat á læknisfræðilegar upplýsingar frá öðru heilbrigðisstarfsfólki,
- að bóka rannsókn, röntgenmyndatöku eða aðrar greiningar fyrir skjólstæðinga og greina niðurstöður þeirra,
- að ávísa lyfjum, sjá um lyfjagjöf og fylgjast með svörun sjúklings við meðhöndlun, lyfjagjöf, endurhæfingu og öðrum lækningaaðferðum,
- að framkvæma skurðaðgerðir,
- að meðhöndla vandamál sem upp koma fyrir, við og eftir barnsburð,
- að skrá læknisfræðilegar upplýsingar um sjúklinga og skiptast á upplýsingum við aðra heilbrigðisstarfsmenn,
- að framkvæma krufningar og greina dánarorsakir,
- að annast rannsóknir á sértækum sjúkdómum og veikindum og skrifa fræðilegar greinargerðir,
- að skipuleggja og taka þátt í aðgerðum sem hindra útbreiðslu algengra sjúkdóma.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- augnlæknir
- geðlæknir
- hjartalæknir
- kvensjúkdómalæknir
- skurðlæknir
- svæfingalæknir

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum – 2131
- Sérfræðistörf við heimilislækningar og almennar lækningar – 2211
- Sérfræðistörf við tannlækningar – 2261
- Sérfræðistörf í sálfræði – 2634

# 222 Sérfræðistörf við hjúkrun

Sérfræðistörf við hjúkrun fela í sér umönnun og ráðgjöf vegna sjúkdóma, meiðsla og annarra líkamlegra og andlegra veikinda hjá fólki, aðstoða lækna, hafa eftirlit með og sjá um lyfjagjöf og veita skjólstæðingum meðferð og umönnun, þar með talið fyrir, við og eftir barnsburð. Sérfræðistörf við hjúkrun felast einnig í að sjá um skipulag, umsjón og mat á umönnun skjólstæðinga, þar með talin umsjón með starfi annars heilbrigðisstarfsfólks.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2221 Sérfræðistörf við hjúkrun**

**2222 Sérfræðistörf í ljósmóðurfræðum**

## 2221 Sérfræðistörf við hjúkrun

Sérfræðistörf við hjúkrun fela í sér að skipuleggja og hafa umsjón með umönnun sjúklinga þar með talinni umsjón með starfi annarra heilbrigðisstarfsmanna, ráðgjöf og lyfjagjöf. Hjúkrunarfræðingar vinna ýmist sjálfstætt eða í teymum með öðru heilbrigðisstarfsfólki.

*Athugasemd: Störf hjúkrunarfræðinga þar sem verkefni snúa að mestu eða öllu leyti að líflæknisfræðilegum rannsóknum en ekki klínískum verkefnum flokkast í starfaflokk 2131 Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum.*

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, veita og meta hjúkrunarþjónustu fyrir skjólstæðinga,
- að þróa og framkvæma umönnunaráætlanir fyrir meðferð skjólstæðinga í samvinnu við annað heilbrigðisstarfsfólk,
- að skipuleggja og veita umönnun og meðferð, þ.m.t. að gefa lyf og fylgjast með svörun við meðferð,
- að hreinsa og búa um sár,
- að skipuleggja og taka þátt í áætlunum um lýðheilsu og heilsueflandi aðgerðum innan heilbrigðiskerfisins og utan,
- að skipuleggja, hafa eftirlit með og samræma störf annarra starfsmanna við hjúkrun og umönnun,
- að framkvæma rannsóknir á starfsvenjum og verklagi hjúkrunar og skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- geðhjúkrunarfræðingur
- hjúkrunarfræðingur
- skólahjúkrunarfræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í ljósmóðurfræðum – 2222
- Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi – 2310
- Störf sjúkraliða – 3221
- Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðisþjónustu – 5321

## 2222 Sérfræðistörf í ljósmóðurfræðum

Sérfræðistörf í ljósmóðurfræðum fela í sér að skipuleggja og sjá um heilbrigðisþjónustu fyrir, við og eftir barnsburð, veita umönnun sem miðar að því að draga úr áhættu fyrir konur og nýbura og vinna sjálfstætt eða í teymum með öðru heilbrigðisstarfsfólki.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, veita og meta umönnunar- og stoðþjónustu fyrir foreldra og nýbura fyrir, við og eftir barnsburð,
- að veita ráðgjöf og fræðslu um heilsu, næringu, hreinlæti, líkamlega þjálfun, fæðingar, brjóstagjöf, ungbarnaumönnun, getnaðarvarnir og önnur atriði sem tengjast meðgöngu, fæðingu og umönnun ungabarna,
- að meta framvindu meðgöngu og fæðingar, meðhöndla kvilla og greina viðvörunarmerki sem kalla á aðkomu læknis,
- að meta heilsu nýbura, meðhöndla kvilla og greina ef þörf er á aðkomu læknis,
- að veita meðferð við verkjum, svo sem með lyfjagjöf,
- að framkvæma rannsóknir á verklagi og skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- ljósmóðir

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við hjúkrun – 2221
- Störf sjúkraliða – 3221
- Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðisþjónustu – 5321

# 225 Sérfræðistörf við dýralækningar

Sérfræðistörf við dýralækningar fela í sér að greina, fyrirbyggja og meðhöndla sjúkdóma, meiðsli og ýmsa kvilla í dýrum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**2250 Sérfræðistörf við dýralækningar**

## 2250 Sérfræðistörf við dýralækningar

Sérfræðistörf við dýralækningar fela í sér að greina, fyrirbyggja og meðhöndla sjúkdóma, meiðsli og ýmsa kvilla í dýrum.

Verkefni eru meðal annars:

- að greina og rannsaka sjúkdóma, orsök þeirra og eðli með röntgenmyndatöku og ómskoðun,
- að framkvæma skurðaðgerðir og aðrar meðferðir og ávísa og gefa lyf,
- að búa um sár og beinbrot,
- að veita dýraeigendum ráðgjöf og aðstoð við burð og geldingar,
- að taka þátt í aðgerðaráætlunum til að fyrirbyggja uppkomu og útbreiðslu sjúkdóma í dýrum,
- að bólusetja dýr og tilkynna yfirvöldum um smitsjúkdóma,
- að veita viðskiptavinum ráðgjöf um heilsu, næringu og fóður, hreinlæti, ræktun og umönnun dýra,
- að aflífa dýr.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- dýralæknir

# 226 Önnur sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum

Önnur sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum fela í sér að veita heilbrigðisþjónustu í tengslum við tannlækningar, lyfjafræði, vinnuvernd, sjúkraþjálfun, næringu, heyrn, tal, sjón og endurhæfingu. Undir þennan klasa falla störf allra sérmenntaðra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu nema lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2261 Sérfræðistörf við tannlækningar**

**2262 Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa**

**2263 Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd**

**2264 Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun**

**2265 Sérfræðistörf í næringarfræði**

**2266 Sérfræðistörf í heyrnar- og talmeinafræði**

**2269 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s.**

## 2261 Sérfræðistörf við tannlækningar

Sérfræðistörf við tannlækningar fela í sér að greina, meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma, meiðsli og frávik í tönnum, munni og kjálka.

Verkefni eru meðal annars:

- að greina sjúkdóma, meiðsli, frávik í tönnum, munni og kjálka með ýmsum aðferðum, svo sem röntgenmyndum,
- að sjá um fyrirbyggjandi meðferðir, svo sem flúormeðferð,
- að gefa deyfilyf og ávísa lyfjum í kjölfar aðgerða,
- að annast tannígræðslur, ísetningu á krónum og brúm og aðgerðir á skemmdum tönnum,
- að framkvæma skurðaðgerðir, svo sem tannúrdrátt og vefsýnatöku,
- að mæla og gera mót af kjálka og tönnum sjúklinga og leiðbeiningar til tannsmiða,
- að hanna, útbúa og setja upp hluti til tannréttinga, svo sem spangir,
- að aðstoða við greiningu á almennum sjúkdómum sem koma fram með einkennum í munni, svo sem sykursýki,
- að fræða sjúklinga og fjölskyldur um tannhirðu, næringu og aðrar ráðstafanir sem stuðla að góðri tannheilsu,
- að hafa umsjón með aðstoðarfólki tannlækna og öðrum starfsmönnum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- sérfræðingur í tannréttingum
- tannlæknir
- kjálkaskurðlæknir

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við stoðtækja- og tannsmíði – 3214
- Tækni- og aðstoðarstörf í tannlækningum – 3251
- Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s – 5329

## 2262 Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa

Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa fela í sér að meðhöndla, blanda og sjá um rétta dreifingu lyfja og ráðleggja og leiðbeina um notkun og aukaverkanir þeirra.

Verkefni eru meðal annars:

- að útbúa eða taka saman lyf samkvæmt lyfseðlum og tryggja rétta skammta og leiðbeiningar til viðskiptavina,
- að blanda eða hafa umsjón með blöndun og merkingu lyfja, krema og annarra efna,
- að veita upplýsingar og ráðgjöf til lækna og viðskiptavina varðandi verkanir lyfja, svo sem aukaverkanir, skammtastærðir og rétta geymslu lyfja,
- að vinna með heilbrigðisstarfsfólki að því að skipuleggja, fylgjast með, endurskoða og meta gæði og skilvirkni lyfjameðferðar einstaklinga og virkni tiltekinna lyfja eða meðferða,
- að sjá um geymsluaðferðir bóluefna og annarra lyfja sem hafa takmarkað geymsluþol,
- að ráðleggja viðskiptavinum varðandi lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld, sem og hjúkrunarvörur og stoðtæki fyrir algenga kvilla,
- að hafa umsjón með og samræma störf lyfjatækna, starfsnema og sölufólks í lyfjaverslunum,
- að gera prófanir og greina lyf til að ákvarða gerð þeirra, hreinleika og styrk samkvæmt stöðlum,
- að meta merkingar, umbúðir og auglýsingar lyfjaafurða,
- að safna upplýsingum og áhættulýsingum fyrir tiltekin lyf.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- lyfjafræðingur í apóteki
- lyfjafræðingur á sjúkrahúsi

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum– 2131
- Störf við lyfjatækni – 3213

## 2263 Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd

Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd fela í sér að meta, skipuleggja og innleiða áætlanir til að stýra umhverfisþáttum sem geta haft áhrif á heilsu fólks í því skyni að tryggja öruggt vinnuumhverfi og koma í veg fyrir sjúkdóma eða slys.

Verkefni eru meðal annars:

- að þróa, innleiða og endurskoða áætlanir og stefnur sem miða að því að lágmarka hugsanlega áhættuþætti í vinnuumhverfi,
- að innleiða áætlanir og aðgerðir um örugga, hagkvæma og viðeigandi förgun sorps frá fyrirtækjum, iðnaði, heilbrigðisstofnunum og heimilum,
- að innleiða forvarnaráætlanir og sjá um forvarnarstarf vegna smitsjúkdóma, matvælaöryggis, meðhöndlunar á skólpi, förgun sorps og gæði vatns,
- að greina og tilkynna hættur í umhverfi og á vinnustað og ráðleggja um fylgni við gildandi lög og reglugerðir,
- að efla vinnuvernd og vistfræðilega starfshætti á vinnustað, svo sem búnað og starfshætti sem henta þörfum starfsfólks,
- að veita upplýsingar, þjálfun og ráðgjöf til einstaklinga um hollustuhætti á vinnustað og heilnæmi umhverfis,
- að rannsaka og meta slys og tjón á búnaði og árangur í öryggismálum.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- ráðgjafi í vinnuvernd
- starfsfólk við heilbrigðiseftirlit

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í umhverfisvernd – 2133
- Störf við sérgreinalækningar – 2212
- Sérfræðistörf við hjúkrun – 2221
- Tækni- og ráðgjafastörf á sviði vinnuverndar, heilbrigðis- og umhverfismála – 3257

## 2264 Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun

Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun fela í sér að meta, skipuleggja, útbúa endurhæfingaráætlanir og meðhöndla skjólstæðinga til að endurheimta líkamlega virkni, hámarka hreyfigetu, lina sársauka eða koma í veg fyrir líkamlega kvilla.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða og greina virkni vöðva, tauga og liða og meta líkamlega kvilla hjá skjólstæðingum,
- að útbúa meðferðaráætlanir til að draga úr líkamlegum verkjum, styrkja vöðva, bæta starfsemi hjarta og lungna, æðakerfis og öndunarfæra, endurheimta liðleika og bæta jafnvægi og samhæfingu,
- að þróa, innleiða og hafa eftirlit með áætlunum og meðferð, svo sem líkamsæfingum, hitameðferð eða nuddi,
- að leiðbeina skjólstæðingum í æfingum og vatnsleikfimi innan heilbrigðisstofnana,
- að leiðbeina skjólstæðingum varðandi framkvæmd og framhald meðferðar,
- að skrá upplýsingar um ástand og svörun skjólstæðinga við meðferð og miðla upplýsingum til annarra heilbrigðisstarfsmanna,
- að þróa og innleiða áætlanir um skimun og forvarnir gegn algengum líkamlegum sjúkdómum og kvillum,
- að hafa umsjón með störfum annarra starfsmanna.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- sjúkraþjálfari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s.– 2269
- Sérhæfð störf við heilsunudd – 3255

## 2265 Sérfræðistörf í næringarfræði

Sérfræðistörf í næringarfræði fela í sér að meta, skipuleggja og innleiða áætlanir um mataræði og næringu til að bæta heilsu fólks.

Verkefni eru meðal annars:

- að fræða og leiðbeina einstaklingum, fjölskyldum og hópum um næringu, mataræði og matreiðslu, til að ná fram heilsufarslegum ávinningi,
- að setja saman matseðla og skipuleggja mataræði,
- að hafa eftirlit með undirbúningi og framreiðslu máltíða og gæðum matvæla,
- að gera samantektir og leggja mat á gögn sem tengjast heilsufarsástandi og næringarþörf einstaklinga, hópa og samfélaga,
- að eiga samráð við aðra heilbrigðisstarfsmenn og umönnunaraðila varðandi næringarþörf sjúklinga,
- að þróa og meta matvæli og bætiefni í því skyni að mæta þörfum um næringu,
- að gera rannsóknir á mataræði og næringu og miðla niðurstöðum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- næringarfræðingur

## 2266 Sérfræðistörf í heyrnar- og talmeinafræði

Sérfræðistörf í heyrnar- og talmeinafræði fela í sér að meta, annast og meðhöndla vandamál í tengslum við heyrn, mál eða tjáningu einstaklinga, ávísa hjálpartækjum eða skipuleggja endurhæfingarmeðferðir vegna heyrnarskerðingar eða talerfiðleika og veita ráðgjöf um heyrnarvernd og samskiptafærni.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta heyrn, talfærni og talgetu skjólstæðinga í því skyni að greina eðli heyrnar- og tjáningarvandamála,
- að leggja fyrir heyrnar-, tal- eða önnur próf með sérhæfðum greiningartækjum, meta niðurstöður og ákveða rétta meðferð,
- að skipuleggja, stýra og taka þátt í ráðgjöf, skimun, talendurhæfingu og öðru sem tengist heyrn og samskiptum,
- að ávísa heyrnartækjum og öðrum stoðtækjum til sjúklinga eftir þörfum og leiðbeina við notkun þeirra,
- að skipuleggja og stýra meðferðaráætlunum í því skyni að meðhöndla líkamlega kvilla sem hafa áhrif á tal og kyngingu,
- að veita ráðgjöf og leiðsögn til heyrnar- og eða málskertra einstaklinga, fjölskyldna þeirra, kennara og annarra tengdra aðila.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- heyrnarfræðingur
- talmeinafræðingur

## 2269 Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum sem ekki eru flokkuð annars staðar í deild 22: Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum. Þessi flokkur tekur til dæmis til iðjuþjálfa, hnykkjara, fótaaðgerðafræðinga og osteópata þar sem starfsfólk veitir þjónustu á sviði greiningar, forvarna, lækninga og endurhæfingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að ræða við skjólstæðinga og nýta greiningar og próf til að meta heilsufarsástand,
- að útbúa, skipuleggja og stýra meðferðaráætlunum vegna meiðsla, veikinda og annarra líkamlegra og andlegra kvilla,
- að meta og skrá framvindu meðferðaráætlana og vísa skjólstæðingum til lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir þörfum,
- að annast og meðhöndla sjúklinga með líkamsþjálfun, nuddi eða hnykkingum,
- að gera einstaklingum með skerta færni kleift að sinna daglegum störfum og athöfnum á heimilum, í tómstunda-, vinnu- og skólastarfi með því að veita ráðgjöf um aðlögun aðstöðu eftir þörfum einstaklinga og hópa,
- að útbúa, skipuleggja og stýra meðferðaráætlunum út frá þörfum einstaklinga og hópa, til að bæta og viðhalda líkamlegri, hugrænni, tilfinningalegri og félagslegri færni í gegnum listiðkun og handiðn, dans og hreyfingu, tónlist og aðra afþreyingu,
- að ákvarða og ávísa meðferðum vegna kvilla sem hafa áhrif á virkni fóta, ökkla og tengdra hluta fótleggja vegna sjúkdóma, veikinda eða annarra líkamlegra hamlana og ráðleggja um umhirðu fóta,
- að framkvæma minniháttar aðgerðir, svo sem á fæti eða á ökkla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fótaaðgerðafræðingur
- hnykkir
- iðjuþjálfi
- listmeðferðarfræðingur
- osteópati

# 23 Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði

Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði fela í sér að kenna fræðilega og verklega þætti einnar eða fleiri fræðigreina á mismunandi námsstigum, stunda rannsóknir og móta hugtök, kenningar og vinnuaðferðir í viðkomandi fræðigrein og semja fræðilegar greinargerðir og bækur.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**231 Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi**

**232 Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu**

**233 Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi**

**234 Sérfræðistörf við kennslu á leik- og grunnskólastigi**

**235 Önnur sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði**

# 231 Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi

Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi fela í sér að undirbúa og halda fyrirlestra og námskeið í einni eða fleiri námsgreinum innan háskóla eða við aðrar stofnanir sem bjóða upp á nám á háskólastigi. Kennarar á háskólastigi stunda rannsóknir og skrifa fræðilegar greinargerðir og bækur.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**2310 Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi**

## 2310 Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi

Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi fela í sér að undirbúa og halda fyrirlestra og námskeið í einni eða fleiri námsgreinum innan háskóla eða við aðrar stofnanir sem bjóða upp á nám á háskólastigi. Kennarar á háskólastigi stunda rannsóknir og skrifa fræðilegar greinargerðir og bækur.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja og aðlaga námsskrár og námsefni,
- að undirbúa kennslu, flytja fyrirlestra og sjá um málstofur og kennslu í rannsóknarstofum,
- að hvetja til umræðna og gagnrýninnar hugsunar hjá nemendum,
- að stýra verklegum tilraunum á háskólastigi,
- að leggja fyrir próf og verkefni, fara yfir þau og gefa einkunnir,
- að stýra rannsóknarvinnu nemenda og annarra starfsmanna,
- að framkvæma rannsóknir og þróa hugmyndir, kenningar og starfsaðferðir,
- að skrifa fræðigreinar, skýrslur og bækur,
- að sækja ráðstefnur og málstofur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- aðjúnkt
- dósent
- lektor
- prófessor

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi –1345
- Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu – 2320

# 232 Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu

Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu fela í sér að kenna eða leiðbeina nemendum í starfsnámi á framhaldsskólastigi og efri námsstigum og undirbúa nemendur undir störf í tilteknum starfsgreinum þar sem almennt er ekki krafist háskólamenntunar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**2320 Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu**

## 2320 Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu

Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu fela í sér að kenna eða leiðbeina nemendum í starfsnámi á framhaldsskólastigi og efri námsstigum og undirbúa nemendur undir störf í tilteknum starfsgreinum þar sem almennt er ekki krafist háskólamenntunar.

Verkefni eru meðal annars:

- að þróa, skipuleggja og aðlaga námsskrár, námsefni og kennsluaðferðir,
- að meta þjálfunarþörf nemenda og eiga samskipti við aðila vinnumarkaðar og menntastofnanir,
- að halda fyrirlestra og stjórna umræðum til að auka þekkingu og hæfni nemenda,
- að leiðbeina og fylgjast með nemendum við notkun verkfæra, búnaðar og efna og kenna öryggisatriði til að koma í veg fyrir slys á fólki og skemmdir á búnaði,
- að fylgjast með og meta vinnu og framfarir nemenda, veita endurgjöf og koma með tillögur til úrbóta,
- að halda munnleg, skrifleg eða verkleg próf, meta árangur kennslu og leggja mat á hæfni,
- að skrifa skýrslur og halda skrár, svo sem um námsmat, mætingu og verklega þjálfun,
- að hafa umsjón með einstaklings- og hópverkefnum, starfsnámi á vinnustöðum, vinnu á rannsóknarstofu eða annarri þjálfun.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kennari í bifvélavirkjun
- kennari í snyrtifræði

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi – 1345
- Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi – 2330

# 233 Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi

Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi fela í sér að kenna eina eða fleiri námsgreinar á framhaldsskólastigi að undanskilinni starfsgreinakennslu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**2330 Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi**

## 2330 Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi

Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi fela í sér að kenna eina eða fleiri námsgreinar á framhaldsskólastigi að undanskilinni starfsgreinakennslu.

Verkefni eru meðal annars:

- að semja og gera breytingar á námsefni í samræmi við námskrár,
- að koma á fót og framfylgja hegðunarreglum og verklagi hjá nemendum,
- að undirbúa og sjá um kennslu, umræður og sýnikennslu í einni eða fleiri námsgreinum,
- að skilgreina og setja skýr markmið fyrir kennslustundir, námslotur og verkefni og miðla til nemenda,
- að undirbúa námsefni og rými fyrir kennslustundir,
- að aðlaga kennsluaðferðir og námsefni í því skyni að það mæti fjölbreyttum þörfum nemenda,
- að fylgjast með og meta frammistöðu nemenda,
- að semja, leggja fyrir og fara yfir próf, verkefni og kannanir,
- að skrifa skýrslur um vinnu nemenda og eiga samtöl við aðra kennara,
- að sitja fundi sem varða menntastefnu og skipulag viðkomandi framhaldsskóla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- framhaldsskólakennari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu – 2320
- Sérfræðistörf við kennsluaðferðir og skólaeftirlit – 2351
- Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði ót.a.s. – 2359

# 234 Sérfræðistörf við kennslu á leik- og grunnskólastigi

Sérfræðistörf við kennslu á leik- og grunnskólastigi fela í sér að kenna fjölbreyttar námsgreinar á grunnskólastigi og skipuleggja leikskólastarf fyrir börn undir grunnskólaaldri.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2341 Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi**

**2342 Sérfræðistörf við kennslu á leikskólastigi**

## 2341 Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi

Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi fela í sér kennslu fjölbreyttra námsgreina á grunnskólastigi.

Verkefni eru meðal annars:

- að útbúa kennsluáætlanir í samræmi við námskrár,
- að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu og hópkennslu með margvíslegum kennsluaðferðum og námsefni,
- að viðhalda aga og góðum starfsvenjum,
- að skipuleggja og stjórna starfi með börnum, svo sem íþróttaleikjum, tónleikum og vettvangsferðum,
- að útbúa, leggja fyrir próf og verkefni og sjá um námsmat,
- að fylgjast með og meta frammistöðu og hegðun nemenda,
- að hafa umsjón með nemendum í kennslustundum,
- að sitja starfsmannafundi og aðra fundi og hafa samráð við aðra kennara varðandi kennslu,
- að undirbúa og sitja foreldrafundi til að ræða framvindu barna.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- grunnskólakennari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi – 1345
- Sérfræðistörf við kennsluaðferðir og skólaeftirlit– 2351

## 2342 Sérfræðistörf við kennslu á leikskólastigi

Sérfræðistörf við kennslu á leikskólastigi fela í sér að efla félagslegan, líkamlegan og vitsmunalegan þroska leikskólabarna í gegnum kennslu og leik.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja starfsemi fyrir einstaka nemendur og hópa sem miðast að því að efla hreyfiþroska, samvinnu, félagsfærni, sjálfstraust og skilning barna,
- að örva málfærni gegnum sögulestur, hlutverkaleiki, söng og samræður,
- að leiðbeina börnum í tómstundum þar sem þau fá tækifæri til að tjá sig með skapandi hætti í gegnum list, leikræna tjáningu, tónlist og hreyfingu,
- að meta framvindu barna og fylgjast með heilsu, líðan og þroska og ræða við foreldra og samstarfsmenn um framvindu þeirra,
- að tryggja öryggi barna og leysa úr ágreiningi,
- að koma á og viðhalda samstarfi við aðila sem koma að málefnum barna.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- deildarstjóri í leikskóla
- leikskólakennari

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf stjórnenda leikskóla og dagvistunar barna – 1341
- Störf við gæslu og umönnun barna – 5311

# 235 Önnur sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði

Önnur sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði fela í sér að rannsaka, þróa og vera til ráðgjafar um kennsluaðferðir og stoðkennslu, kenna einstaklingum með námsörðugleika, kenna tungumál, veita einkakennslu, kenna listgreinar, upplýsingatækni og önnur fög utan hins hefðbundna skólakerfis grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla og sinna kennslu sem ekki er flokkuð annars staðar í deild 23: Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2351 Sérfræðistörf við kennsluaðferðir og skólaeftirlit**

**2352 Sérfræðistörf við sérkennslu og þroskaþjálfun**

**2353 Sérfræðistörf við tungumálakennslu**

**2354 Sérfræðistörf við tónlistarkennslu**

**2355 Sérfræðistörf við listgreinakennslu**

**2356 Sérfræðistörf við kennslu í upplýsingatækni**

**2359 Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði ót.a.s.**

## 2351 Sérfræðistörf við kennsluaðferðir og skólaeftirlit

Sérfræðistörf við kennsluaðferðir og skólaeftirlit fela í sér að sinna rannsóknum og þróa eða veita ráðgjöf um kennsluaðferðir og kennslugögn, endurskoða og fara yfir störf kennara, starfsemi menntastofnana og árangur og koma með tillögur að breytingum og úrbótum.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka þróun námsskráa og kennsluaðferða og veita ráðgjöf um breytingar og úrbætur,
- að meta og veita ráðgjöf um innihald námsgreina, námskeiða og námsmatsaðferðir,
- að kynna sér ýmsar tegundir námsgagna, veita ráðgjöf um þau og sjá um innleiðingu þeirra,
- að skipuleggja og sjá um vinnustofur og námskeið til að þjálfa kennara í nýju kennsluefni og -aðferðum,
- að þróa uppbyggingu, innihald og markmið nýrra námsáætlana og námsleiða,
- að heimsækja skóla og ræða við skólastjórnendur og kennara um námsskrár, kennsluaðferðir, búnað og önnur mál,
- að útbúa skýrslur og senda menntamálayfirvöldum tillögur um mögulegar breytingar og endurbætur, svo sem á námsskrám og kennsluaðferðum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kennsluráðgjafi
- námsstjóri

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði ót.a.s. – 2359
- Sérfræðistörf í sálfræði – 2634

## 2352 Sérfræðistörf við sérkennslu og þroskaþjálfun

Sérfræðistörf við sérkennslu og þroskaþjálfun fela í sér að rannsaka, þróa og veita ráðgjöf um kennslu og þjálfun fyrir einstaklinga með líkamlegar hamlanir, þroska- og hegðunarfrávik eða kenna einstaklingum með námsörðugleika eða sérþarfir.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta getu með tilliti til vitsmunalegrar, líkamlegrar, félagslegrar og tilfinningalegrar skerðingar,
- að útfæra eða breyta námsskrá og undirbúa námsáætlanir, kennslustundir og verkefni sem henta getu og þörfum nemenda,
- að leiðbeina einstaklingum eða hópum með notkun sérstakrar tækni eða hjálpartækja,
- að koma á fót og framfylgja hegðunarreglum og verklagi til að halda uppi aga,
- að kenna nemendum með námsörðugleika, fatlanir eða sérþarfir,
- að örva og þroska sjálfstraust, áhugasvið, getu, verklega hæfni og samhæfingu nemenda,
- að gera áætlanir og skipuleggja kennslustundir í samstarfi við samstarfsfólk,
- að meta framvindu hvers nemanda,
- að ráðfæra sig við nemendur, foreldra, umsjónarkennara og fagfólk við að útbúa einstaklingsbundnar námsáætlanir sem stuðla að auknum þroska nemenda.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- sérkennari
- þroskaþjálfi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við kennslu í iðngreinum – 2320
- Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi – 2330
- Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi – 2341

## 2353 Sérfræðistörf við tungumálakennslu

Sérfræðistörf við tungumálakennslu fela í sér að kenna fullorðnum og börnum tungumál (önnur en móðurmál þeirra), vegna flutninga á milli landa, til að uppfylla kröfur um atvinnu eða atvinnumöguleika eða auðvelda þátttöku í námi. Störf í þessum flokki eru utan hins hefðbundna skólakerfis, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla en geta verið stuðningur við nemendur og kennara innan þess.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta getu og tungumálaörðugleika nemenda og átta sig á þörfum þeirra og námsmarkmiðum,
- að skipuleggja, undirbúa og sjá um kennslu og vinnustofur fyrir hópa og einstaklinga, þar sem námsefni og -framvinda er sniðin að getu og þörfum nemenda,
- að semja, aðlaga og útbúa kennsluefni,
- að meta námsárangur nemenda,
- að aðstoða kennara og nemendur í skólum þar sem fög eru kennd á öðru tungumáli en móðurmáli nemenda,
- að búa til, úthluta og fara yfir verkefni og próf,
- að meta, skrá og greina frá námsárangri nemenda.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- tungumálakennari

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi – 2310
- Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu – 2320
- Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi – 2330
- Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi – 2341

## 2354 Sérfræðistörf við tónlistarkennslu

Sérfræðistörf við tónlistarkennslu fela í sér að kenna nemendum hljóðfæraleik, söng, tónsmíðar og fræðigreinar á sviði tónlistar. Störf í þessum flokki eru utan hins hefðbundna skólakerfis, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, en geta verið í samstarfi við skóla innan þess.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta getu nemenda, þarfir og námsmarkmið,
- að skipuleggja og undirbúa kennslu, sjá um kennslustundir og vinnustofur fyrir staka nemendur og hópa,
- að leiðbeina og sýna verklega þætti við söng eða hljóðfæraleik,
- að kenna nemendum að lesa og skrifa nótur,
- að úthluta æfingum og kenna tónverk í samræmi við getu, áhugasvið og hæfileika nemenda,
- að meta stöðu nemenda og veita ráðgjöf, gagnrýni og hvatningu,
- að endurskoða námsskrá, námsefni og kennsluaðferðir,
- að undirbúa nemendur fyrir próf, sýningar og námsmat,
- að skipuleggja og aðstoða nemendur við áheyrnarprufur eða flutning verka.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- söngkennari
- tónlistarkennari

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi – 2310
- Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu – 2320
- Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi – 2330
- Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi – 2341

## 2355 Sérfræðistörf við listgreinakennslu

Sérfræðistörf við listgreinakennslu fela í sér að kenna nemendum aðferðir, kenningar og flutning eða framsetningu í leiklist, dansi, myndlist og öðrum listgreinum (að undanskilinni tónlist). Störf í þessum flokki eru utan hins hefðbundna skólakerfis, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, en geta verið í samstarfi við skóla innan þess.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta getu nemenda, þarfir og námsmarkmið,
- að skipuleggja og undirbúa kennsluverkefni, sjá um kennslustundir og vinnustofur fyrir einstaklinga og hópa,
- að leiðbeina og sýna verklega þætti í leiklist, dansi, myndlist eða öðrum listgreinum,
- að úthluta æfingum og verkefnum í samræmi við getu, áhugasvið og hæfileika nemenda,
- að meta stöðu nemenda og veita ráðgjöf, gagnrýni og hvatningu,
- að endurskoða námsskrá, námsefni og kennsluaðferðir,
- að undirbúa nemendur fyrir próf, sýningar og námsmat,
- að skipuleggja og aðstoða við listflutning eða sýningu á verkum nemenda.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- danskennari
- kennari í listmálun
- leiklistarkennari

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi – 2310
- Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu – 2320
- Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi – 2330
- Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi – 2341
- Sérfræðistörf við tónlistarkennslu – 2354

## 2356 Sérfræðistörf við kennslu í upplýsingatækni

Sérfræðistörf við kennslu í upplýsingatækni fela í sér að búa til, skipuleggja og sjá um fræðsluverkefni og námskeið fyrir notendur tölvubúnaðar og annarrar upplýsingatækni utan hins hefðbundna skólakerfis, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta þörf einstaklinga og fyrirtækja fyrir fræðslu í upplýsingatækni,
- að útbúa og þróa kennsluefni, handbækur, myndefni og önnur stoðgögn fyrir kennslu,
- að undirbúa verkefni fyrir einstaklings- og hópkennslu og stýra vinnustofum, sýnikennslu og ráðstefnum,
- að fylgjast með og framkvæma reglubundnar úttektir og mat á gæðum og árangri kennslu og fara yfir og breyta námsmarkmiðum, -aðferðum og skilaverkefnum,
- að fylgjast með nýjum útgáfum, hugbúnaðarþróun og stefnum í tæknimálum, útbúa efni og leiðbeiningar fyrir notendur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- leiðbeinandi tölvunámskeiðs

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi – 2310
- Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu – 2320
- Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi – 2330
- Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi – 2341

## 2359 Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla önnur sérfræðistörf við kennslu- og uppeldisfræði sem ekki eru flokkuð annars staðar í deild 23: Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði. Í þessum flokki felst til dæmis kennsla utan hins hefðbundna skólakerfis í öðrum fögum en tungumálum og listum og ráðgjöf til nemenda tengd námi og skólagöngu.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta getu nemenda, þarfir og námsmarkmið,
- að skipuleggja og undirbúa kennsluverkefni og sjá um kennslustundir og vinnustofur fyrir einstaklinga og hópa,
- að leiðbeina og sýna verklega þætti viðfangsefnis,
- að úthluta æfingum og verkefnum í samræmi við getu, áhugasvið og hæfni nemenda,
- að meta stöðu nemenda, veita ráðgjöf og hvatningu og koma með gagnrýni,
- að endurskoða námsskrá, námsefni og kennsluaðferðir,
- að undirbúa nemendur fyrir próf og námsmat,
- að ráðleggja nemendum varðandi nám, svo sem val á námskeiðum og námsleiðum, skipulag náms, mætingu, námstækni og áform um atvinnu,
- að ráðleggja nemendum og aðstoða þá við að skilja og takast á við persónuleg og félagsleg vandamál og annað sem getur haft áhrif á menntun þeirra,
- að undirbúa nemendur fyrir áframhaldandi menntun með því að hvetja þá til að kynna sér námsmöguleika.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- námsráðgjafi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í sálfræði – 2634
- Sérfræðistörf í félagsráðgjöf – 2635

# 24 Sérfræðistörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun

Sérfræðistörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun fela í sér að sinna verkefnum tengdum greiningu, þjónustu á sviði fjármála, mannauð, almannatengslum, markaðssetningu og sölu.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**241 Sérfræðistörf í fjármálum**

**242 Sérfræðistörf í stjórnun**

**243 Sérfræðistörf í sölu, markaðsmálum og almannatengslum**

# 241 Sérfræðistörf í fjármálum

Sérfræðistörf í fjármálum fela í sér að þróa, skipuleggja, stýra og sinna greiningu á reikningsskilakerfum eða sjóðum einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2411 Sérfræðistörf við endurskoðun**

**2412 Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf**

**2413 Sérfræðistörf við fjármálagreiningu**

## 2411 Sérfræðistörf við endurskoðun

Sérfræðistörf við endurskoðun fela í sér að áætla, skipuleggja og stýra reikningsskilakerfum fyrir einstaklinga og fyrirtæki, rannsaka og greina bókhalds- og fjármálagögn og tryggja áreiðanleika og samræmi á milli reikningsskilastaðla og -verklags.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ráðgjöf, skipuleggja og innleiða reglur og kerfi fyrir fjárhagsáætlanagerð og aðrar reikningsskilaaðferðir og -kerfi,
- að undirbúa og votta reikningsskil og ársreikninga áður en þeir eru kynntir fyrir stjórnendum, hluthöfum eða öðrum aðilum,
- að útbúa skattskýrslur, veita ráðgjöf um skattlagningu og vera til ráðgjafar um ágreiningsmál hjá skattayfirvöldum,
- að útbúa eða greina frá hagnaðarspám og fjárhagsáætlunum,
- að sinna fjármálatengdum rannsóknum vegna fjármálasvika eða greiðsluþrota,
- að endurskoða reikninga og bókhald,
- að greina gögn og ráðleggja stjórnendum um fjárhagsleg mál.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- endurskoðandi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í fjármálum – 1211
- Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald – 3313

## 2412 Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf

Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf fela í sér að gera fjármálaáætlanir fyrir einstaklinga, fyrirtæki og aðra aðila og fjárfesta í og stýra sjóðum fyrir þeirra hönd.

Verkefni eru meðal annars:

- að byggja upp og viðhalda hópi viðskiptavina,
- að ræða við viðskiptavini til að meta fjárhagslega stöðu þeirra og markmið, áhættuþol og aðrar forsendur fjárhagsáætlana,
- að sjá um kaup og sölu á hlutabréfum og skuldabréfum fyrir hönd viðskiptavina,
- að meta árangur fjárfestinga og endurskoða áætlanir í samræmi við breytingar á markaði,
- að sjá um ráðgjöf og sölu trygginga til viðskiptavina.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fjárfestingarráðgjafi
- sjóðsstjóri

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa – 3311

## 2413 Sérfræðistörf við fjármálagreiningu

Sérfræðistörf við fjármálagreiningu fela í sér að greina upplýsingar sem hafa áhrif á fjárfestingaráætlanir opinberra eða einkarekinna aðila.

Verkefni eru meðal annars:

- að greina fjárhagsupplýsingar og útbúa spár um rekstrar-, iðnaðar- og efnahagsskilyrði,
- að viðhalda þekkingu og fylgjast með þróun á sviði iðnaðar, viðskipta og hagfræði,
- að túlka gögn um verðlag, ávöxtun, stöðugleika, fjárfestingaráhættu og efnahagsleg áhrif,
- að fylgjast með þróun á sviði efnahagsmála, atvinnuvega og fyrirtækjareksturs,
- að mæla með fjárfestingum og tímasetningu fjárfestinga við fyrirtæki, starfsfólk fjárfestingarfyrirtækja eða aðra fjárfesta,
- að sjá um verðlagningu verðbréfa fyrir útgáfu og sölu,
- að útbúa aðgerðaáætlanir fyrir fjárfestingar sem grundvallast á fjármálagreiningu,
- að meta og bera saman lánaáhættu verðbréfa í tiltekinni atvinnugrein,
- að miðla upplýsingum um almennar efnahagshorfur, stök fyrirtæki og atvinnugreinar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fjármálagreinandi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við endurskoðun – 2411
- Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf – 2412

# 242 Sérfræðistörf í stjórnun

Sérfræðistörf í stjórnun fela í sér að nota ýmsar aðferðir og kenningar í stjórnunarfræðum til að bæta skilvirkni skipulagsheilda.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2421 Sérfræðistörf við greiningar á stjórnun og rekstri**

**2422 Sérfræðistörf við stefnumótun**

**2423 Sérfræðistörf við starfsráðgjöf og starfsmannahald**

**2424 Sérfræðistörf við starfsþjálfun og starfsþróun**

## 2421 Sérfræðistörf við greiningar á stjórnun og rekstri

Sérfræðistörf við greiningar á stjórnun og rekstri fela í sér að aðstoða skipulagsheildir við að auka skilvirkni og leysa vandamál í rekstri með því að skoða skipulag, starfshætti, stjórnkerfi og verkferla skipulagsheilda.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka þátt í að þróa markmið, aðferðir og áætlanir sem miðast við að auka ánægju viðskiptavina og stuðla að skilvirkari nýtingu auðlinda skipulagsheilda,
- að greina og meta núverandi stjórnkerfi og skipulag,
- að ræða við starfsfólk og fylgjast með starfsemi á öllum stigum skipulagsheilda,
- að kenna aðferðir um skilvirkni í rekstri og finna lausnir á rekstrartengdum vandamálum,
- að gera greiningu á verkferlum, til dæmis hvað varðar stjórnun og bókhald,
- að fara yfir, skrá og greina skipurit, verkferla, skrár, skýrslur, handbækur og starfslýsingar,
- að útbúa og leggja fram tillögur til að endurskoða aðferðir og verklag, breyta verkferlum, endurskilgreina starfssvið og leysa rekstrartengd vandamál.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnunarráðgjafi
- starfsfólk við rekstrargreiningar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum – 2511

## 2422 Sérfræðistörf við stefnumótun

Sérfræðistörf við stefnumótun fela í sér að þróa og greina stefnur sem styðja við framtíðarsýn, innleiðingu og breytingar á starfsemi og verkefnum fyrirtækja og stofnana.

Verkefni eru meðal annars:

- að ræða við stjórnendur og aðra aðila til að greina hvað það er sem stefnur þurfa að innihalda,
- að yfirfara gildandi stefnur og lög og athuga hvað þarf að endurskoða,
- að aðstoða stjórnendur við að upplýsa og fræða starfsfólk um hlutverk og markmið stefnumótunar og hvetja til þátttöku,
- að rannsaka félagslegar, efnahagslegar og atvinnutengdar horfur sem og væntingar viðskiptavina til verkefna og þjónustu,
- að móta og greina valkosti í stefnumótun, undirbúa upplýsingaskjöl og tillögur um stefnubreytingar og veita ráðgjöf,
- að meta áhrif, kostnað og samspil við önnur verkefni og stjórnunarlega hagkvæmni stefnumála,
- að gera áhættumat á helstu veikleikum og ógnum og ákveða viðbrögð,
- að fara yfir starfsemi og verkefni skipulagsheildar og tryggja samræmi við stefnu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ráðgjafi við stefnumótun

## 2423 Sérfræðistörf við starfsráðgjöf og starfsmannahald

Sérfræðistörf við starfsráðgjöf og starfsmannahald fela í sér að veita stjórnendum ráðgjöf og stuðning í mannauðsmálum, þróa og greina starfstengd mál og halda utan um starfsmannabreytingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ráðgjöf og sjá um verkefni varðandi starfsmannamál, svo sem ráðningar starfsfólks, tilfærslu í starfi og launamál og miðla málum í samskiptum starfsmanna og stjórnenda,
- að rannsaka og greina störf innan fyrirtækja eða stofnana með viðtölum við starfsfólk og stjórnendur,
- að útbúa starfslýsingar og aðrar upplýsingar um störf og vinna að flokkunarkerfum,
- að rýna í og aðstoða starfsfólk við lestur og túlkun kjarasamninga,
- að leiðbeina einstaklingum um starfsmöguleika, val á starfsvettvangi, framtíðarstörf eða menntun,
- að veita ráðgjöf og vinna að greiningum fyrir mannauðsstjórnun, rannsóknir og skipulagningu á vinnuafli.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ráðgjafi í starfsmannamálum
- sérfræðingur í mannauðsmálum

## 2424 Sérfræðistörf við starfsþjálfun og starfsþróun

Sérfræðistörf við starfsþjálfun og starfsþróun fela í sér að skipuleggja, útbúa, innleiða og meta starfsþjálfunar- og þróunaráætlanir til að tryggja að starfsfólk og stjórnendur öðlist þá kunnáttu sem krafist er af fyrirtækjum og stofnunum svo þau nái settum markmiðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta þarfir einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana fyrir starfsþjálfun,
- að útbúa og þróa kennsluefni og önnur stoðgögn,
- að útbúa, samræma, skipuleggja og sjá um verkefni fyrir starfsþjálfun og þróun í starfi einstaklinga og hópa,
- að stuðla að og leggja mat á þjálfun og símenntun,
- að fylgjast með og framkvæma reglubundnar úttektir og mat á gæðum og árangri innri og ytri þjálfunar, fara yfir verkefni og breyta námsmarkmiðum og -aðferðum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ráðgjafi við starfsþróun mannauðs

# 243 Sérfræðistörf í sölu, markaðsmálum og almannatengslum

Sérfræðistörf í sölu, markaðsmálum og almannatengslum fela í sér að skipuleggja, þróa og innleiða áætlanir um miðlun upplýsinga og starfa fyrir fyrirtæki við að selja sérhæfðar vörur og þjónustu á sviði tækni, lækninga, lyfja og upplýsinga- og fjarskiptatækni.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2431 Sérfræðistörf við auglýsinga- og markaðsmál**

**2432 Sérfræðistörf við almannatengsl**

**2433 Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði (að undanskildum upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði)**

**2434 Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði**

## 2431 Sérfræðistörf við auglýsinga- og markaðsmál

Sérfræðistörf við auglýsinga- og markaðsmál fela í sér að þróa og samræma auglýsingaáætlanir og -herferðir, kortleggja markað og greina markaðstækifæri fyrir vörur og þjónustu.

Verkefni eru meðal annars:

- að áætla, þróa og skipuleggja auglýsingastefnur og -herferðir,
- að vera stjórnendum og viðskiptavinum til ráðgjafar um áætlanir og herferðir fyrir markhópa,
- að skrifa auglýsingatexta og -handrit, sjá um framleiðslu auglýsingaefnis og birtingu í fjölmiðlum,
- að greina gögn um venjur og óskir neytenda,
- að túlka og spá fyrir um neytendahegðun,
- að kanna eftirspurn eftir nýjum vörum og þjónustu,
- að framkvæma markaðsrannsóknir og greina ný markaðstækifæri,
- að vera til ráðgjafar um alla þætti markaðssetningar eins og framleiðslu, verðlagningu, auglýsingar, kynningar, sölu og dreifingu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- markaðsfræðingur

## 2432 Sérfræðistörf við almannatengsl

Sérfræðistörf við almannatengsl fela í sér að skipuleggja, þróa og innleiða upplýsinga- og samskiptaáætlanir sem stuðla að skilningi og jákvæðu viðhorfi til fyrirtækja og annarra skipulagsheilda hvað varðar vörur þeirra, þjónustu og hlutverk í samfélaginu.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða og skipuleggja kynningarherferðir og samskiptaáætlanir,
- að vera framkvæmdastjórum til ráðgjafar um áhrif af stefnum, áætlunum og starfsvenjum á ímynd skipulagsheildar og útbúa og stýra útgáfu frétta og fréttatilkynninga,
- að framkvæma skoðanakannanir, greina niðurstöður þeirra og gera áætlanir varðandi kynningar og herferðir,
- að skipuleggja viðburði, málstofur, skemmtanir, samkeppnir og félagslegar samkomur sem stuðla að viðskiptavild,
- að koma fram sem fulltrúi skipulagsheildar og sjá um viðtöl við fjölmiðla,
- að sækja fundi, samkomur og aðra viðburði til að kynna skipulagsheild,
- að velja, leggja mat á og fara yfir efni frá textahöfundum, ljósmyndurum, teiknurum og öðrum sem koma að gerð kynningarefnis.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- almannatengill
- upplýsingafulltrúi

## 2433 Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði (að undanskildum upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði)

Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði (að undanskildum upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði) fela í sér sölu á tækni-, lækninga- og lyfjavörum og þjónustu til fyrirtækja og stofnana.

Verkefni eru meðal annars:

- að afla þekkingar og fylgjast með nýjungum varðandi vörur og þjónustu vinnuveitenda og keppinauta,
- að bregðast við sölutækifærum, heimsækja viðskiptavini og viðhalda eða koma á nýjum viðskiptasamböndum,
- að meta þarfir viðskiptavina og mæla með viðeigandi vörum og þjónustu,
- að ræða við vöruhönnuði þegar sníða þarf vörur og þjónustu eftir þörfum viðskiptavina,
- að veita ráðgjöf og upplýsingar um eiginleika og notkun vöru og þjónustu,
- að gera kostnaðaráætlun fyrir uppsetningu og viðhald búnaðar eða þjónustu,
- að fylgjast með markaðsaðstæðum og breyttum þörfum viðskiptavina,
- að gera verðtilboð, semja um verð og kjör og útbúa og framfylgja sölusamningum,
- að gera ráðstafanir um afhendingu á vörum, uppsetningu á búnaði og annarri þjónustu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- söluráðgjafi við sölu á lyfjum

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við umboðssölu – 3322

## 2434 Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði

Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði fela í sér sölu og uppsetningu á vélbúnaði, hugbúnaði og annarri vöru og þjónustu á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni.

Verkefni eru meðal annars:

- að selja vörur til verslana og fyrirtækja,
- að selja tölvur, tæknibúnað, rekstrarvörur og tengda þjónustu til fyrirtækja eða einstaklinga,
- að ræða þarfir viðskiptavina og veita upplýsingar um búnað, lausnir, rekstrarvörur og þjónustu,
- að útbúa tilboð og semja um verð, gera samninga og skrá pantanir,
- að uppfæra viðskiptaskrár og undirbúa söluskýrslur,
- að gera ráðstafanir um afhendingu á vörum, uppsetningu á búnaði og þjónustu,
- að upplýsa framleiðendur um viðbrögð og kröfur viðskiptavina.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- söluráðgjafi við sölu fjarskiptabúnaðar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum – 5223

# 25 Sérfræðistörf í upplýsinga- og fjarskiptatækni

Sérfræðistörf í upplýsinga- og fjarskiptatækni fela í sér að hanna, þróa, ráðleggja, greina og endurbæta upplýsingatæknikerfi, vélbúnað, hugbúnaðgagnagrunna og önnur upplýsingakerfi.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**251 Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði**

**252 Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi**

# 251 Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði

Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði fela í sér hönnun, ráðleggingar og endurbætur á upplýsingatæknikerfum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2511 Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum**

**2512 Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun**

**2513 Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun**

**2514 Sérfræðistörf við forritun**

**2519 Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði ót.a.s.**

## 2511 Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum

Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum fela í sér að afla upplýsinga, greina og meta þarfir, verklag eða vandamál viðskiptavina hvað varðar upplýsingatækni.

Verkefni eru meðal annars:

- að ráðfæra sig við notendur og gera þarfagreiningar,
- að skoða og greina ferli, verklag og vinnuaðferðir skipulagsheildar,
- að skoða og meta óskilvirkni og mæla með betri aðferðum og virkni kerfis,
- að sjá um að koma með nýjar útfærslur og lausnir,
- að þróa hagnýtar upplýsingar fyrir kerfishönnun,
- að stækka eða breyta kerfum til að bæta verkflæði,
- að tengja, samhæfa og samræma tölvukerfi innan skipulagsheildar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við greiningu tölvukerfa

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við kerfisstjórn – 2522
- Sérfræðistörf við netkerfi – 2523

## 2512 Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun

Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun fela í sér að afla upplýsinga, greina og meta kröfur fyrir hugbúnað og stýrikerfi og þróa, prófa og viðhalda hugbúnaðarlausnum.

Verkefni eru meðal annars:

- að greina og meta kröfur fyrir hugbúnað og stýrikerfi,
- að rannsaka, hanna og þróa hugbúnað,
- að ráðfæra sig við annað tæknifólk og meta samspil vél- og hugbúnaðar,
- að þróa og sjá um hugbúnaðarprófanir,
- að breyta hugbúnaði til að leiðrétta villur, aðlaga vélbúnað, uppfæra viðmót og bæta afköst,
- að leiða forritun hugbúnaðar og þróun skjala,
- að setja og viðhalda verklagsreglum fyrir stýrikerfi og hugbúnað,
- að veita viðskiptavinum ráðgjöf um viðhald hugbúnaðar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við hugbúnaðarþróun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við forritun – 2514

## 2513 Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun

Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun felast í að samtvinna þekkingu á hönnun og tækni til að greina, meta, hanna, forrita og breyta vefsvæðum og forritum með texta, grafík, hreyfimyndum, hljóð- og myndefni og öðru gagnvirku efni.

Verkefni eru meðal annars:

- að greina, hanna og þróa vefsvæði,
- að hanna og þróa stafrænar hreyfimyndir, kynningar, leiki, hljóð- og myndbandsbrot með vefforritun, margmiðlunarhugbúnaði og öðrum forritum,
- að ráðfæra sig við sérfræðinga í netkerfum varðandi mál tengd vefsvæðum, öryggi, hýsingu, notendaaðgangi, rekstri og öryggisafritun vefsvæða,
- að hanna, þróa og samþætta tölvukóða, svo sem við myndskrár, hljóðskrár og forskriftir til að búa til og viðhalda vefsvæðum,
- að aðstoða við að greina og þróa stefnur og aðferðir varðandi vefnotkun.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vefhönnuður
- viðmótsforritari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun – 2166
- Störf við veftækni – 3514

## 2514 Sérfræðistörf við forritun

Sérfræðistörf við forritun fela í sér að skrifa og viðhalda forritunarkóðum sem tilgreindir eru í tæknilýsingum fyrir hugbúnað og stýrikerfi.

Verkefni eru meðal annars:

- að skrifa og viðhalda forritunarkóðum sem tilgreindir eru í tæknilýsingu í samræmi við gæðastaðla,
- að endurskoða, laga eða stækka forrit til að auka skilvirkni þeirra eða aðlaga að nýjum kröfum,
- að prufukeyra hugbúnað til að tryggja að hann veiti umbeðnar upplýsingar,
- að taka saman og skjala þróun í forritun,
- að greina og upplýsa um tæknileg vandamál, ferla og lausnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- forritari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun – 2512
- Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun – 2513

## 2519 Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 251: Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði. Í þessum starfaflokki eru til dæmis sérfræðistörf í gæða- og hugbúnaðarprófunum.

Verkefni eru meðal annars:

- að þróa og skjala áætlanir fyrir prófanir á forritum,
- að setja upp og stilla hugbúnað og vélbúnað fyrir prófanir,
- að staðfesta að hugbúnaður virki í samræmi við kröfur notenda,
- að framkvæma, greina og skrá niðurstöður prófana á hugbúnaði, upplýsingakerfum og fjarskiptakerfum,
- að þróa og innleiða stefnur, verklag og forskriftir fyrir prófanir á hugbúnaði og upplýsingakerfum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við hugbúnaðarprófanir

# 252 Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi

Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi fela í sér að hanna, þróa, stýra og viðhalda afköstum og tryggja öryggi upplýsingatæknikerfa og innviða, þar á meðal gagnagrunna, vél- og hugbúnaðar, netkerfa og stýrikerfa.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2521 Sérfræðistörf við hönnun og umsjón gagnagrunna**

**2522 Sérfræðistörf við kerfisstjórn**

**2523 Sérfræðistörf við netkerfi**

**2529 Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi ót.a.s.**

## 2521 Sérfræðistörf við hönnun og umsjón gagnagrunna

Sérfræðistörf við hönnun og umsjón gagnagrunna fela í sér að hanna, þróa, stýra, viðhalda og tryggja hámarks afköst og öryggi gagnagrunna.

Verkefni eru meðal annars:

- að hanna og þróa uppbyggingu gagnagrunna, gagnaskipan, töflur og gagnaskrár fyrir upplýsingakerfi,
- að hanna, breyta, samþætta, útfæra og prófa gagnagrunna,
- að rannsaka og ráðleggja um val, notkun og innleiðingu verkfæra fyrir stjórnun gagnagrunna,
- að þróa og innleiða stefnu um gagnastjórnun, skjölun, staðla og líkön,
- að þróa stefnur og verklag fyrir aðgengi og notkun gagnagrunna og um öryggisafritun og endurheimt gagna,
- að sinna framkvæmd öryggisafritunar og endurheimtarferlis sem og að tryggja að reglum um öryggi og heilleika sé fylgt.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við hönnun gagnagrunna

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við kerfisstjórn – 2522
- Störf við veftækni – 3514

## 2522 Sérfræðistörf við kerfisstjórn

Sérfræðistörf við kerfisstjórn fela í sér að þróa, stýra, viðhalda og tryggja hámarksafköst og öryggi upplýsingatæknikerfa.

Verkefni eru meðal annars:

- að viðhalda og stýra net- og tölvukerfum, þar með töldum vélbúnaði og hugbúnaði,
- að leggja fram tillögur að breytingum sem bæta kerfi og netstillingar og ákveða hvaða vélbúnað og hugbúnað þarf fyrir slíkar breytingar,
- að greina villur í vélbúnaði og hugbúnaði,
- að sinna öryggisafritun og endurheimt gagna,
- að sjá um stjórnborð sem vakta afköst tölvu- og netkerfa og samræma aðgengi og notkun þeirra.

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við hönnun og umsjón gagnagrunna – 2521
- Sérfræðistörf við netkerfi – 2523
- Störf við veftækni – 3514
- Tæknistörf við kerfisstjórn – 3511

## 2523 Sérfræðistörf við netkerfi

Sérfræðistörf við netkerfi fela í sér að rannsaka, greina, hanna, prófa og gera tillögur varðandi uppbyggingu og þróun netkerfa og innleiða, stýra, viðhalda og stilla vél- og hugbúnað fyrir netkerfi.

Verkefni eru meðal annars:

- að greina, þróa, túlka og meta kerfishönnun og forskriftir kerfa, líkana og teikninga við þróun, uppsetningu og samþættingu tölvukerfa,
- að rannsaka, greina, meta og fylgjast með netkerfum til að tryggja að stillingar þess stuðli að hámarksafköstum,
- að meta og mæla með endurbótum á netrekstri og samþættingu vél- og hugbúnaðar, samskipta- og stýrikerfa,
- að setja upp, stilla, prófa, viðhalda og stjórna nýjum og uppfærðum netkerfum, hugbúnaði, netþjónum og vinnustöðvum,
- að sjá um verklag, skjölun og viðhaldsleiðbeiningar og skrá greiningar og lausnir vegna bilana í netkerfum,
- að fylgjast með netumferð, virkni og afkastagetu til að tryggja hámarksafköst netkerfa.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- hönnuður netkerfa
- netstjóri

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum – 2511
- Sérfræðistörf við kerfisstjórn – 2522

## 2529 Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 252: Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi. Í þessum flokki eru meðal annars sérfræðistörf í öryggismálum fyrir upplýsingatækni.

Verkefni eru meðal annars:

- að þróa áætlanir til að verja gagnaskrár og tryggja öryggi kerfa,
- að þjálfa og fræða notendur um öryggismál,
- að ræða við notendur um aðgengi að gögnum, brot á öryggisreglum og breytingar á forritun,
- að fylgjast með skýrslum um tölvuvírusa til að ákvarða hvenær þörf er á uppfærslu vírusvarna,
- að breyta öryggiskrám fyrir tölvur til að setja upp nýjan hugbúnað, leiðrétta villur eða breyta aðgengi einstaklinga,
- að framkvæma áhættugreiningar og prófanir á gagnavinnslukerfum,
- að dulkóða gagnaflutninga og setja upp eldveggi til að vernda trúnaðarupplýsingar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- öryggissérfræðingur í upplýsingatækni

# 26 Sérfræðistörf í lögfræði, samfélags- og menningargreinum

Sérfræðistörf í lögfræði, samfélags- og menningargreinum fela í sér að rannsaka, bæta eða þróa hugtök, kenningar og aðferðir eða beita þekkingu á lögum, varðveislu og viðhaldi skjala og muna, sálfræði, félagsþjónustu, stjórnmálum, hagfræði, sögu, trúarbrögðum, tungumálum, félagsfræði og öðrum félagsvísindagreinum, listum og afþreyingu.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**261 Sérfræðistörf í lögfræði**

**262 Sérfræðistörf í safna- og upplýsingafræði**

**263 Sérfræðistörf í félags- og hugvísindum**

**264 Sérfræðistörf við skrif, gerð frétta og þýðingar**

**265 Störf í listum og skapandi greinum**

# 261 Sérfræðistörf í lögfræði

Sérfræðistörf í lögfræði fela í sér að sinna rannsóknum á lagalegum málefnum, ráðleggja skjólstæðingum um lögfræðileg vandamál, flytja mál fyrir dómstólum, stýra málsmeðferð fyrir dómstólum, dæma í málum og skrifa drög að lagafrumvörpum og reglugerðum. Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2611 Sérfræðistörf í lögfræði við dómstóla**

**2612 Sérfræðistörf dómara**

**2619 Sérfræðistörf í lögfræði ót.a.s.**

## 2611 Sérfræðistörf í lögfræði við dómstóla

Sérfræðistörf í lögfræði við dómstóla fela í sér að veita lögfræðilega ráðgjöf á ýmsum sviðum, setja upp málsskjöl, sjá um lausn lögfæðilegra mála fyrir hönd skjólstæðinga, undirbúa málflutning og reka mál fyrir dómstólum.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita skjólstæðingum lögfræðiráðgjöf á ýmsum sviðum og sjá um lausn mála fyrir þeirra hönd,
- að rýna í lög, meginreglur og fyrri dómsúrskurði í tengslum við tiltekin mál,
- að safna gögnum til að undirbúa vörn eða lögsókn,
- að flytja mál skjólstæðinga fyrir dómstólum eða leiðbeina málaflutningsaðilum,
- að starfa sem saksóknari fyrir hönd hins opinbera,
- að sjá um sáttamiðlun og samninga í lagalegum ágreiningi,
- að skrifa drög að lagafrumvörpum og reglugerðum fyrir hið opinbera í samræmi við gildandi lög,
- að rita lagaleg skjöl, svo sem fyrir samninga, fasteignaviðskipti og erfðaskrár og útbúa lögfræðileg álit.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- lögfræðingur (við dómstóla)
- saksóknari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í lögfræði ót.a.s. – 2619
- Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði – 3411

## 2612 Sérfræðistörf dómara

Sérfræðistörf dómara fela í sér að stýra málsmeðferð fyrir dómstólum og dæma í málum.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra réttarhöldum og yfirheyrslum,
- að túlka og framfylgja málsmeðferðarreglum og úrskurða um lögmæti sönnunargagna,
- að ákvarða réttindi og skyldur málsaðila,
- að skoða og meta sönnunargögn og dæma í málum,
- að kveða upp dóm í sakamálum, ákvarða bætur eða önnur úrræði í einkamálum og gefa út dómsúrskurði,
- að rannsaka lagaleg vandamál og skrifa álitsgerðir um þau.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- dómari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði – 3411

## 2619 Sérfræðistörf í lögfræði ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla sérfræðistörf í lögfræði sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 261: Sérfræðistörf í lögfræði. Í þessum flokki eru til dæmis þeir sem framkvæma annars konar lagagerninga en að verja og sækja mál eða stýra málsmeðferð.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ráðgjöf um lagaleg atriði ýmissa persónulegra, viðskiptalegra og stjórnunarlegra vandamála,
- að rita lagaleg skjöl og samninga,
- að ákvarða, með réttarrannsókn, dánarorsakir þar sem ekki er um náttúrulegar orsakir að ræða.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- lögfræðingur (ekki við dómstóla)
- regluvörður í banka

# 262 Sérfræðistörf í safna- og upplýsingafræði

Sérfræðistörf í safna- og upplýsingafræði fela í sér að byggja upp og viðhalda safnkosti á skjalasöfnum, bókasöfnum, listasöfnum og öðrum söfnum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2621 Sérfræðistörf í skjala- og safnfræði**

**2622 Sérfræðistörf í bókasafns- og upplýsingafræði**

## 2621 Sérfræðistörf í skjala- og safnfræði

Sérfræðistörf í skjala- og safnfræði fela í sér að safna, meta og tryggja örugga varðveislu skjalasafna, safngripa, listaverka og verðmætra skjala af sögulegum, menningarlegum og listrænum toga, skipuleggja, þróa og innleiða skráningarkerfi fyrir kerfisbundna flokkun og varðveislu skjala og muna.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta og varðveita skjöl í menningarlegum, sögulegum og lagalegum tilgangi,
- að skipuleggja og innleiða rafræna umsjón skjalasafna og skráninga,
- að stýra vinnu við gerð atriðisorða- og ritaskráa og annarra tilvísunargagna fyrir safnkost og gera þau aðgengileg notendum,
- að rannsaka uppruna, dreifingu og notkun efna og hluta af menningarlegum og sögulegum toga,
- að skipuleggja, byggja upp og viðhalda safni muna með listrænt, menningarlegt, vísindalegt eða sögulegt gildi,
- að stýra eða framkvæma flokkun og skráningu sýningarmuna á söfnum og verkum á listasöfnum og skipuleggja sýningar,
- að rannsaka, meta, skipuleggja og varðveita söguleg og verðmæt skjöl, svo sem opinber gögn, ljósmyndir, kort, handrit og hljóð- og myndefni,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur,
- að skipuleggja sýningar, kynna sýningargripi og setja upp sérstakar útstillingar fyrir sérfræðinga, nemendur eða almenning.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skjalastjóri
- sýningarstjóri á safni

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf við skjala, safn- og bókvörslu – 3433

## 2622 Sérfræðistörf í bókasafns- og upplýsingafræði

Sérfræðistörf í bókasafns- og upplýsingafræði fela í sér að skipuleggja, þróa og viðhalda upplýsingakerfum og safnkosti á bókasöfnum, velja og mæla með bókum og öðru efni til kaupa fyrir bókasöfn, skipuleggja og stjórna útlána- og upplýsingakerfum og rannsaka og greina eða aðlaga bókasafns- eða upplýsingaþjónustu í samræmi við þarfir notenda.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja, byggja upp og viðhalda bókakosti, tímaritasafni og öðru prentefni, hljóð- og myndefni eða stafrænu efni,
- að velja og mæla með innkaupum á bókum og öðru efni,
- að skipuleggja, flokka og skrá safnkost bókasafna,
- að hafa umsjón með upplýsingakerfum fyrir útlán og millisafnalán og veita upplýsingar til notenda,
- að sinna rannsóknum og greina eða breyta bókasafns- og upplýsingaþjónustu í samræmi við breyttar þarfir notenda,
- að skipuleggja og innleiða áætlanir um geymslu, skipulag, flokkun og öflun upplýsinga,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur,
- að sinna heimildaleit.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bókasafnsfræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf við skjala, safn- og bókvörslu – 3433

# 263 Sérfræðistörf í félags- og hugvísindum

Sérfræðistörf í félags- og hugvísindum fela í sér að stunda rannsóknir, endurskoða eða þróa hugtök, kenningar og aðferðir, beita þekkingu á sviði heimspeki, stjórnmála, hagfræði, félagsfræði, mannfræði, sögu og sálfræði eða veita ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2631 Sérfræðistörf í hagfræði**

**2632 Sérfræðistörf í félagsfræði og mannfræði**

**2633 Sérfræðistörf í heimspeki, sagnfræði og stjórnmálafræði**

**2634 Sérfræðistörf í sálfræði**

**2635 Sérfræðistörf í félagsráðgjöf**

**2636 Sérfræðistörf tengd trúarbrögðum**

## 2631 Sérfræðistörf í hagfræði

Sérfræðistörf í hagfræði fela í sér að sinna rannsóknum, greina og túlka upplýsingar og gögn, skrifa skýrslur, útbúa líkön og spár fyrir efnahagshorfur og veita ráðgjöf varðandi lausnir á efnahags- og rekstrarlegum vanda.

Verkefni eru meðal annars:

- að spá fyrir um horfur í efnahagsmálum svo hægt sé að gera fjárhagsáætlanir til skemmri eða lengri tíma,
- að veita upplýsingar og ráð um mismunandi stefnur og hugsanleg áhrif þeirra á hagkerfið,
- að fylgjast með efnahagsgögnum til að meta árangur og ráðleggja um hæfi í peninga- og ríkisfjármálum,
- að spá fyrir um framleiðslu og neyslu tiltekinnar vöru og þjónustu byggt á fyrri framleiðslu og neyslu auk almennra aðstæðna í efnahagslífi,
- að útbúa spár um tekjur, gjöld, vexti og gengi gjaldmiðla,
- að greina þætti sem ákvarða atvinnuþátttöku, laun, atvinnuleysi og önnur atriði tengd vinnumarkaði,
- að beita stærðfræðiformúlum og tölfræðilegum aðferðum til að prófa hagfræðikenningar og finna lausnir á efnahagslegum vandamálum,
- að meta árangur pólitískra ákvarðana hvað varðar opinber fjármál og veita ráðgjöf um stefnu í efnahagsmálum,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- hagfræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði – 2120

## 2632 Sérfræðistörf í félagsfræði og mannfræði

Sérfræðistörf í félagsfræði og mannfræði fela í sér að rannsaka uppruna, uppbyggingu og þróun samfélaga og samspil manna og umhverfis og veita ráð um hvernig hægt er að nýta niðurstöður samfélagslegra rannsókna.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka uppruna, þróun, uppbyggingu, samfélagsmynstur, skipulag og tengsl samfélaga,
- að rekja uppruna og þróun mannkyns með skoðun á mannvistarleifum og breytingum á menningar- og félagslegum stofnunum,
- að kanna áhrif náttúrufars og loftslags á efnahag og félagslega og menningarlega þætti,
- að greina og meta gögn, þróa kenningar, líkön og aðferðir til að túlka og lýsa félagslegum fyrirbærum,
- að meta niðurstöður pólitískra ákvarðana í félagsmálum,
- að veita ráðgjöf um hvernig hægt er að beita niðurstöðum við gerð efnahags- og félagslegra stefnuáætlana fyrir þjóðfélagshópa og ákveðin svæði,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- afbrotafræðingur
- félagsfræðingur
- fornleifafræðingur
- mannfræðingur

# 2633 Sérfræðistörf í heimspeki, sagnfræði og stjórnmálafræði

Sérfræðistörf í heimspeki, sagnfræði og stjórnmálafræði fela í sér að rannsaka og skýra þróun í félags- og hagfræði eða á sviði menningar eða stjórnmála, rannsaka og skýra tímabil í sögulegu samhengi, rannsaka ákveðin svið innan heimspeki, skoða stjórnmálakenningar, stjórnkerfi og pólitískar ákvarðanir í fortíð og nútíð.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka rökfærslur, orsakir, grundvallarreglur og tilgang lífsins, mannlegar athafnir, reynslu og tilvist og túlka og þróa heimspekileg hugtök og kenningar,
- að skoða og bera saman heimildir, svo sem frumheimildir, skráningar á liðnum atburðum og heimildir úr fornleifa- og mannfræðirannsóknum,
- að skilgreina ákveðið viðfangsefni, kanna áreiðanleika þess, rannsaka og lýsa sögu ákveðins tímabils, lands eða svæðis,
- að fylgjast með stjórnmálum og málefnum líðandi stundar, viða að sér gögnum, meðal annars með viðtölum,
- að túlka stjórnmálaskýringar og atburði líðandi stundar fyrir fjölmiðla,
- að þróa kenningar, líkön og aðferðir til að túlka og lýsa eðli mannlegrar upplifunar og tilvistar, pólitískum atburðum og atferli,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- heimspekingur
- sagnfræðingur
- stjórnmálafræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við stefnumótun – 2422

## 2634 Sérfræðistörf í sálfræði

Sérfræðistörf í sálfræði fela í sér að rannsaka huga, heila og atferli fólks, ýmist einstaklinga eða hópa og beita þeirri þekkingu til að stuðla að einstaklingsbundnum, félagslegum, námslegum eða atvinnutengdum úrræðum, breytingum og þroska.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja og leggja fyrir próf til að mæla andlega og líkamlega eiginleika, svo sem greind, getu og hæfni, túlka og meta niðurstöður og veita ráðgjöf,
- að greina áhrif arfgengra, félagslegra og vinnutengdra þátta á hugsanir og atferli einstaklinga,
- að veita einstaklingum og hópum ráðgjöf eða samtalsmeðferð og sjá um eftirfylgni,
- að eiga samskipti við fjölskyldumeðlimi, skólayfirvöld eða vinnuveitendur og veita ráðgjöf um mögulegar lausnir við vandamálum,
- að rannsaka sálræna þætti í greiningu, meðferð og forvörnum við geðröskunum og tilfinninga- og persónuleikaröskunum og ráðfæra sig við annað fagfólk,
- að þróa kenningar, líkön og aðferðir til að túlka og lýsa mannlegu atferli,
- að skrifa fræðilegar greinargerðir og skýrslur.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- klínískur sálfræðingur

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við sérgreinalækningar – 2212

## 2635 Sérfræðistörf í félagsráðgjöf

Sérfræðistörf í félagsráðgjöf fela í sér að ráðleggja og leiðbeina einstaklingum, fjölskyldum og hópum sem glíma við félagslega og einstaklingsbundna erfiðleika. Fólk sem sinnir þessum störfum ráðleggur einstaklingum og fjölskyldum varðandi réttindi þeirra, aðstoðar skjólstæðinga við að þróa hæfni og nýta þau úrræði og þá þjónustu sem í boði er meðal annars vegna atvinnuleysis, fátæktar, fötlunar, fíknar eða afbrotahegðunar.

Verkefni eru meðal annars:

- að ræða við skjólstæðinga, greina og meta aðstæður og vandamál, koma með lausnir og ákveða tegund þjónustu,
- að taka saman málaskrár eða skýrslur fyrir dómstóla og annan málarekstur,
- að veita ráðgjöf, meðferð, miðla málum og aðstoða skjólstæðinga við að leysa félagsleg og einstaklingsbundin vandamál,
- að skipuleggja og innleiða áætlun fyrir skjólstæðinga, sjá um tilvísanir til stofnana og aðstoða skjólstæðinga við að sækja um fjárhagsaðstoð, lögfræðiaðstoð, húsnæði, læknismeðferð og aðra þjónustu,
- að rannsaka þegar grunur leikur á ofbeldi eða vanrækslu og grípa til viðeigandi aðgerða til að vernda börn og aðra einstaklinga í hættu,
- að vinna með afbrotafólki í og eftir afplánun og aðstoða það við að aðlagast samfélaginu og breyta viðhorfum þess og hegðun til að koma í veg fyrir fleiri brot,
- að eiga samstarf við félagsþjónustu, menntastofnanir og heilbrigðisstarfsfólk um velferð skjólstæðinga,
- að meta, bæta og þróa velferðarþjónustu.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- félagsráðgjafi

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í sálfræði – 2634
- Störf við ráðgjöf í félags-, tómstunda- og æskulýðsmálum – 3412

## 2636 Sérfræðistörf tengd trúarbrögðum

Sérfræðistörf tengd trúarbrögðum fela í sér að varðveita og viðhalda helgum hefðum, venjum og trúarbrögðum, framkvæma og stýra trúarlegum athöfnum, sinna helgihaldi, sjá um sálgæslu og sinna öðrum verkefnum sem tengjast iðkun trúarbragða.

Verkefni eru meðal annars:

- að viðhalda helgisiðum,
- að stýra trúarlegri þjónustu, helgisiðum og athöfnum á borð við guðsþjónustur, giftingar, greftranir, skírnir og bænahald,
- að gegna ýmsum stjórnunarlegum og félagslegum skyldum, þar með talið þátttöku í nefndum og fundum trúfélaga,
- að veita ráðgjöf, sinna sálusorg og andlegri leiðsögn í samræmi við viðkomandi trú,
- að breiða út trúarkenningar í eigin landi eða erlendis,
- að undirbúa og flytja predikanir,
- að skipuleggja og stýra námskeiðum og fræðsluverkefnum.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- prestur
- rabbíni

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf tengd trúarbrögðum – 3413

# 264 Sérfræðistörf við skrif, gerð frétta og þýðingar

Sérfræðistörf við skrif, gerð frétta og þýðingar fela í sér hugmyndavinnu og skrif, að túlka og flytja fréttir og upplýsingar í fjölmiðlum og þýða eða túlka úr einu tungumáli yfir á annað.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2641 Störf höfunda og útgefenda**

**2642 Störf við gerð og flutning frétta**

**2643 Störf við þýðingar, túlkun og önnur málvísindi**

## 2641 Störf höfunda og útgefenda

Störf höfunda og útgefenda fela í sér að skipuleggja, rannsaka og skrifa bækur, handrit, leikrit, ritgerðir, ræður, handbækur, tæknilýsingar og annað efni, sem ekki er fréttatengt, og koma því á framfæri til útgefanda.

Verkefni eru meðal annars:

- að semja, skrifa og ritstýra skáldsögum, leikritum, handritum, ljóðum og öðru efni og gefa það út eða birta,
- að sinna rannsóknarvinnu til að afla upplýsinga um efni og tryggja nákvæmni staðreynda,
- að skrifa handrit og undirbúa efni fyrir sviðsuppfærslu eða kvikmynda-, útvarps- og sjónvarpsframleiðslu,
- að skrifa tæknilýsingar, handbækur, notkunarleiðbeiningar og annað,
- að velja efni til útgáfu, yfirfara stíl, málfræði og efni, gera ráðstafanir um nauðsynlegan yfirlestur og fara yfir prófarkir fyrir prentun.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- leikskáld
- ljóðskáld
- rithöfundur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við auglýsinga- og markaðsmál – 2431
- Sérfræðistörf við almannatengsl – 2432
- Störf við gerð og flutning frétta – 2642

## 2642 Störf við gerð og flutning frétta

Störf við gerð og flutning frétta fela í sér að rannsaka, túlka og miðla fréttum og upplýsingum til almennings í gegnum dagblöð, sjónvarp, útvarp og aðra miðla.

Verkefni eru meðal annars:

- að finna og taka saman innlendar og alþjóðlegar fréttir, taka viðtöl, afla upplýsinga, sækja viðburði, afla heimilda, fara yfir skrifað efni og fjalla um það,
- að safna, greina frá og skrifa um fréttir og fréttatengt efni til útgáfu í dagblöðum og tímaritum eða til útsendingar í útvarpi, sjónvarpi eða á vefmiðlum,
- að flytja fréttir úr myndveri, hljóðveri eða frá tilteknu landi eða landshluta,
- að taka við fréttaefni og greina og staðfesta heimildir,
- að skrifa ritstjórnargreinar og fréttaskýringar,
- að skrifa gagnrýni um bækur, kvikmyndir, tónlist o.fl. fyrir dagblöð, sjónvarp, útvarp og aðra miðla,
- að sækja íþróttaviðburði og greina frá þeim,
- að velja efni til útgáfu, fara yfir stíl, málfar, nákvæmni og áreiðanleika efnis,
- að velja, setja saman og undirbúa kynningarefni um fyrirtæki eða samtök til birtingar í fjölmiðlum.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- blaðamaður
- fréttastjóri

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við almannatengsl – 2432
- Störf höfunda og útgefenda – 2641
- Störf við þáttastjórn í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum – 2656

## 2643 Störf við þýðingar, túlkun og önnur málvísindi

Störf við þýðingar, túlkun og önnur málvísindi fela í sér að þýða eða túlka úr einu tungumáli yfir á annað og rannsaka uppruna, þróun og uppbyggingu tungumála.

Verkefni eru meðal annars:

- að rannsaka tengsl fornmála og nútímamála, rekja uppruna, skyldleika og þróun orða, málfræði og uppbyggingu mála og kynna niðurstöður,
- að veita ráðgjöf um eða þróa flokkunarkerfi fyrir tungumál, málfræðibækur, orðabækur og svipað efni,
- að þýða úr einu tungumáli yfir á annað og tryggja að rétt merking frumtexta komist til skila,
- að þróa aðferðir til að nota tölvur og tækni til að auka afköst og bæta gæði þýðinga,
- að skýra og túlka bókmenntir, sögu þeirra, hlutverk og áhrif,
- að túlka mælt mál eða táknmál yfir á annað mál, svo sem á ráðstefnum og fundum,
- að lesa yfir og leiðrétta þýðingar.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- bókmenntafræðingur
- málfræðingur
- táknmálstúlkur
- túlkur
- þýðandi

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf höfunda og útgefenda – 2641
- Störf við gerð og flutning frétta – 2642

# 265 Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum

Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum fela í sér að koma til skila hugmyndum, áhrifum og staðreyndum með ýmsum miðlum, túlka verk eins og tónsmíð eða handrit og flytja eða stýra flutningi þess.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**2651 Störf við myndlist**

**2652 Störf við tónsmíðar og tónlistarflutning**

**2653 Störf við dans og gerð dansverka**

**2654 Störf við leikstjórn og framleiðslu kvikmynda og leikverka**

**2655 Störf við leiklist**

**2656 Störf við þáttastjórn í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum**

**2659 Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum ót.a.s.**

## 2651 Störf við myndlist

Störf við myndlist fela í sér að skapa listaverk, svo sem höggmyndir, málverk, grafík og teikningar.

Verkefni eru meðal annars:

- að hanna og þróa hugmyndir, hönnun og stíl fyrir málverk, teikningar og höggmyndir og velja aðferð og efnivið,
- að raða hlutum, leiðbeina fyrirsætum og velja landslag og annan sjónrænan bakgrunn í samræmi við viðfangsefni,
- að búa til myndræn eða abstrakt form, þrívíð eða upphleypt, með því að móta, skera, vinna úr og setja saman efni eins og við, stein, gler, leir, málm, ís eða pappír,
- að búa til hlutbundnar eða óhlutbundnar teikningar eða málverk með penna, blýanti, bleki, krít, olíulitum, vatnslitum eða með annarri tækni,
- að vinna teikningar og skera þær út eða rista í málm, við eða annan efnivið,
- að teikna skopmyndir sem lýsa persónum og viðburðum,
- að lagfæra skemmd, óhrein og fölnuð málverk og aðra listmuni.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- listmálari
- myndhöggvari
- skopmyndateiknari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í vöru- og fatahönnun – 2163
- Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun – 2166
- Sérfræðistörf við listgreinakennslu – 2355
- Störf við leirkerasmíði – 7314
- Störf við skiltagerð, skrautmálun og ristun – 7316

## 2652 Störf við tónsmíðar og tónlistarflutning

Störf við tónsmíðar og tónlistarflutning fela í sér að semja, útsetja, stjórna og flytja tónverk.

Verkefni eru meðal annars:

- að búa til lagrænar, hljómrænar og taktfastar samsetningar sem tjá hugmyndir eða tilfinningar með tónlist,
- að umbreyta hugmyndum og hugtökum í stöðluð tónlistarmerki og -tákn,
- að aðlaga eða útsetja tónlist fyrir hljóðfæraleik, hljóðfæri eða sönghópa,
- að stjórna hljóðfæra- eða sönghópum,
- að velja tónlist til flutnings og úthluta hlutverkum og nótum til tónlistarfólks,
- að leika á eitt eða fleiri hljóðfæri sem einleikari eða sem meðlimur hljómsveitar eða tónlistarhóps,
- að syngja sem einsöngvari eða meðlimur tónlistarhóps eða hljómsveitar,
- að æfa tónlist til að viðhalda gæðum tónlistarflutnings.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- hljóðfæraleikari
- söngvari
- tónlistarstjórnandi
- tónskáld
- útsetjari

## 2653 Störf við dans og gerð dansverka

Störf við dans og gerð dansverka fela í sér að semja, útfæra eða flytja dansverk.

Verkefni eru meðal annars:

- að semja og útfæra dansverk sem oft tjá sögu, þema, hugmyndir eða hugarástand, með ákveðinni samsetningu hreyfinga,
- að flytja dansa sem sólódansari, með dansfélaga eða sem meðlimur í danshópi fyrir framan áhorfendur eða í kvikmyndum, sjónvarpi eða öðrum miðlum,
- að viðhalda hæfni með líkamsþjálfun og dansæfingum,
- að stýra og taka þátt í æfingum og æfa spor og tækni fyrir sýningar,
- að eiga í samstarfi við tónlistarstjóra til að samræma tónlist og dans fyrir uppsetningu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- dansari
- danshöfundur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við listgreinakennslu – 2355

## 2654 Störf við leikstjórn og framleiðslu kvikmynda og leikverka

Störf við leikstjórn og framleiðslu kvikmynda og leikverka fela í sér að hafa umsjón með og stýra tæknilegum og listrænum hliðum kvikmynda, sjónvarps- eða útvarpsefnis og uppfærslna á sviði.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um val á handriti, ákveða túlkun þess, leiðbeina leikurum og sjá um leikstjórn,
- að stýra öllum þáttum leikverka á sviði, í sjónvarpi, útvarpi eða kvikmyndum, þar með töldu vali á leikurum, búningum, leikmyndum, hljóði og lýsingu,
- að skipuleggja og stýra framleiðslu kvikmynda og sjónvarps- og útvarpsþátta,
- að stýra starfsfólki í tæknistörfum og ákveða aðferðir, umfang og tímasetningar framleiðslu,
- að halda framleiðsluskrár og semja um höfundalaun,
- að hafa yfirumsjón með leikmynd og ljósa- og hljóðbúnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- leikstjóri
- kvikmyndaframleiðandi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við gerð og flutning frétta – 2642
- Tæknistörf við upptökur og útsendingar – 3521

## 2655 Störf við leiklist

Störf við leiklist fela í sér að leika hlutverk í kvikmyndum, sjónvarps- eða útvarpsþáttum og sviðsuppfærslum.

Verkefni eru meðal annars:

- að læra línur og stikkorð og leika hlutverk í leiklistarverkum á sviði, í auglýsingum, sjónvarpi, útvarpi eða kvikmyndum,
- að tileinka sér einkenni og stíga inn í hlutverk persónu í leikverki og miðla til áhorfenda,
- að vera með upplestur á sögum eða bókmenntaverkum til að fræða eða skemmta áheyrendum,
- að æfa fyrir sýningar með leiðsögn og stuðningi leikstjóra,
- að lesa handrit og sinna rannsóknarvinnu til að öðlast skilning á hlutverkum, þemum og einkennum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- látbragðsleikari
- leikari
- sögumaður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Önnur sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu – 3435

## 2656 Störf við þáttastjórn í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum

Störf við þáttastjórn í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum fela í sér að lesa, kynna málefni, taka viðtöl og flytja tilkynningar eða sjá um aðrar kynningar, svo sem í leikhúsi, útvarpi og sjónvarpi.

Verkefni eru meðal annars:

- að kynna listafólk eða einstaklinga sem tekið er viðtal við og flytja tilkynningar og annað efni í útvarpi, sjónvarpi, á sviði eða á öðrum stöðum,
- að taka viðtöl við einstaklinga opinberlega,
- að kynna sér bakgrunnsupplýsingar og undirbúa þætti eða viðtöl,
- að fjalla um ýmis málefni, svo sem tónlist, menningu, viðburði, umferð, og veður.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- útvarpsþulur
- þáttastjórnandi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við gerð og flutning frétta – 2642

## 2659 Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla störf í listum og skapandi greinum sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 265: Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum. Í þessum flokki eru til dæmis töframenn, uppistandarar og annað sviðslistafólk.

Verkefni eru meðal annars:

- að koma fram með fjölbreytt skemmtiatriði,
- að framkvæma ýmsar brellur og brögð, svo sem sjónhverfingar og dáleiðslu,
- að koma fram í sirkus og sýna ýmis atriði, svo sem erfið loftfimleika- eða önnur fimleikaatriði,
- að þjálfa og koma fram með dýrum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- loftfimleikafólk
- trúður
- töframaður
- uppistandari

# 3 Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks

Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks fela í sér tæknileg verkefni sem tengjast rannsóknum og hagnýtingu vísindalegra eða listrænna hugmynda og vinnuaðferða og reglugerðum um stjórnsýslu eða viðskipti. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt þriðja kunnáttustigi ÍSTARF.

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**31 Tæknistörf í raungreinum og verkfræði**

**32 Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum**

**33 Sérhæfð ráðgjafa- og sölustörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun**

**34 Sérhæfð störf í félags, tómstunda- og menningargreinum**

**35 Sérhæfð störf í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

# 31 Tæknistörf í raungreinum og verkfræði

Tæknistörf í raungreinum og verkfræði fela í sér tæknileg verkefni sem tengjast rannsóknum og vinnuaðferðum í vísindum og verkfræði. Fólk sem sinnir þessum störfum hefur umsjón með tækni- og rekstrarlegum hliðum námugraftar, framleiðslu og mannvirkjagerðar og starfrækir tæknibúnað tengdan samgöngum eða stýrir loftförum og skipum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**311 Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði**

**312 Störf við verkstjórn og eftirlit í námugreftri, framleiðslu og byggingarstarfsemi**

**313 Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum**

**314 Tæknistörf í lífvísindum og landbúnaði**

**315 Sérhæfð störf í skipa- og flugsamgöngum**

# 311 Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði

Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði fela í sér tæknileg verkefni og aðstoð við rannsóknir og hagnýtingu hugmynda og vinnuaðferða.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3111 Tæknistörf í efna- og eðlisfræði**

**3112 Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð**

**3113 Tæknistörf í rafmagnsverkfræði og raftækniiðnaði**

**3114 Störf í rafeindatækni**

**3115 Tæknistörf í vélaverkfræði**

**3116 Tæknistörf í efnaverkfræði**

**3117 Tæknistörf við vinnslu hráefna úr jörðu**

**3118 Störf við tækniteiknun**

**3119 Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði ót.a.s.**

## 3111 Tæknistörf í efna- og eðlisfræði

Tæknistörf í efna- og eðlisfræði fela í sér tæknileg verkefni og aðstoð við rannsóknir í efnafræði, eðlisfræði, jarðfræði, jarðeðlisfræði, veðurfræði og stjörnufræði auk þróunar og hagnýtingar á niðurstöðum í iðnaði og heilbrigðisgreinum.

Verkefni eru meðal annars:

- að safna sýnum og undirbúa efni og búnað fyrir tilraunir, prófanir og greiningar,
- að framkvæma venjubundnar prófanir á rannsóknarstofum og aðstoða efna- og eðlisfræðinga við rannsóknir, þróun, greiningu og prófanir og veita tæknilega þjónustu,
- að hafa eftirlit með gæðum, magni, notkun og kostnaði efna og áhalda á rannsóknarstofum,
- að setja upp, sjá um og viðhalda tækjum og búnaði,
- að safna og gera prófanir á jarðvegs- og vatnssýnum, aðstoða jarðfræðinga og jarðeðlisfræðinga með því að skrá athuganir og greina gögn.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við veðurathuganir
- tæknir við vatnamælingar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva – 3133
- Tæknistörf í lífvísindum (að heilbrigðisgreinum undanskildum) – 3141

## 3112 Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð

Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð fela í sér að sjá um, skipuleggja og sinna tæknilegum verkefnum við hönnun, byggingu, rekstur, viðhald og viðgerðir á byggingum og öðrum mannvirkjum á borð við vatnsveitu- og skólphreinsunarkerfi, brýr, vegi, stíflur og flugvelli.

Verkefni eru meðal annars:

- að framkvæma eða aðstoða við prófanir jarðvegs og byggingarefna í rannsóknarstofum og á vettvangi,
- að veita tækniaðstoð í tengslum við byggingu húsnæðis og annarra mannvirkja og við gerð skoðunarskýrslna,
- að beita tækniþekkingu um reglur og starfsvenjur á sviði bygginga og byggingarverkfræði,
- að aðstoða við mat á magni og kostnaði efnis og vinnu fyrir verkefni,
- að skipuleggja viðhald og viðgerðir,
- að skoða byggingar og mannvirki á byggingartíma og eftir að byggingu lýkur og tryggja samræmi við forskriftir og staðla og lög og reglur um gæði og öryggi,
- að skoða byggingar og mannvirki til að greina áhættuþætti og brunahættu og veita ráðgjöf um hvernig hægt er að fyrirbyggja hana.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við landmælingar
- tæknir við byggingaeftirlit

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum) ót.a.s.– 2149
- Tæknistörf í vélaverkfræði – 3115
- Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði ót.a.s. – 3119

## 3113 Tæknistörf í rafmagnsverkfræði og raftækniiðnaði

Tæknistörf í rafmagnsverkfræði og raftækniiðnaði fela í sér að sjá um og sinna tæknilegum verkefnum og aðstoða við hönnun, framleiðslu, uppsetningu, rekstur, viðhald og viðgerðir á rafbúnaði og dreifikerfum.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita tæknilega aðstoð við rannsóknir og þróun rafkerfa- og búnaðar eða við prófun á frumgerðum,
- að útbúa verkteikningar af raflagnabúnaði og rafrásum eftir forskrift,
- að undirbúa mat á magni og kostnaði efnis og vinnu fyrir framleiðslu og uppsetningu og koma að gerð kostnaðarútreikninga,
- að hafa umsjón og eftirlit með tæknilegum hliðum framleiðslu, uppsetningar, notkunar, viðhalds og viðgerða rafkerfa og -búnaðar í samræmi við staðla og reglur,
- að skipuleggja eða yfirfara uppsetningar með tilliti til öryggis og eftirlits eða sjá um prufukeyrslu nýs rafbúnaðar eða -kerfa,
- að sjá um uppsetningu, prófanir og viðgerðir á rafbúnaði í samræmi við reglugerðir og öryggiskröfur.

**Skyldir starfaflokkar:**

- Umsjón og rekstur véla í orkuverum – 3131
- Störf við rafvélavirkjun – 7412

## 3114 Störf í rafeindatækni

Störf í rafeindatækni fela í sér að sinna tæknilegum verkefnum og aðstoða við rannsóknir, hönnun, framleiðslu, samsetningu, rekstur, viðhald og viðgerðir á rafeindabúnaði.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita tæknilega aðstoð við rannsóknir og þróun á rafeindabúnaði eða við prófun á frumgerðum,
- að útbúa verkteikningar af rafeindarásum,
- að undirbúa mat á magni og kostnaði efnis og vinnu fyrir framleiðslu og uppsetningu rafeindabúnaðar,
- að hafa umsjón og eftirlit með tæknilegum hliðum framleiðslu, notkunar, viðhalds og viðgerða rafeindabúnaðar í samræmi við staðla og reglur,
- að aðstoða við hönnun, þróun, samsetningu, notkun og viðhald rafrænna kerfa,
- að skipuleggja eða yfirfara samsetningar með tilliti til öryggis eða sjá um prufukeyrslu nýs rafeindabúnaðar eða -kerfis,
- að gera prófanir á rafeindakerfum, safna gögnum og greina þau.

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf í fjarskiptatækni – 3522
- Störf við rafeindavirkjun – 7421
- Störf vélafólks við samsetningu raf- og rafeindabúnaðar – 8212

## 3115 Tæknistörf í vélaverkfræði

Tæknistörf í vélaverkfræði fela í sér að sinna tæknilegum verkefnum og aðstoða við rannsóknir, hönnun, framleiðslu, samsetningu, uppsetningu, rekstur, viðhald og viðgerðir á vélum og véltæknibúnaði.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita tæknilega aðstoð við rannsóknir og þróun á vélum, vélbúnaði, kerfum og íhlutum eða við prófun á frumgerðum,
- að hanna og útbúa verkteikningar fyrir uppsetningu véla, vélbúnaðar og kerfa,
- að koma að gerð kostnaðaráætlana fyrir framleiðslu og uppsetningu,
- að hafa umsjón og eftirlit með tæknilegum hliðum framleiðslu, notkun, viðhaldi og viðgerðum véla og vélbúnaðar, í samræmi við staðla og reglur,
- að þróa og hafa eftirlit með innleiðingu öryggisstaðla og -reglna við skipaeftirlit,
- að setja upp nýjar og breyttar vélrænar samsetningar, svo sem íhluti, verkfæri, stjórntæki, og vökvaaflskerfi,
- að gera prófanir á vélrænum kerfum, safna og greina gögn og aðstoða vélaverkfræðinga,
- að tryggja að vélaverkfræðihönnun og vinna sé samkvæmt stöðlum og reglugerðum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélstjóri í frystihúsi
- véltæknir í orkuvinnslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélvirkjun – 7233
- Störf við samsetningu vélbúnaðar – 8211

## 3116 Tæknistörf í efnaverkfræði

Tæknistörf í efnaverkfræði fela í sér tæknileg verkefni og aðstoð við rannsóknir í efnaverkfræði og hönnun, framleiðslu, byggingu, rekstri, viðhaldi og viðgerðum efnaverksmiðja.

Verkefni eru meðal annars:

- að aðstoða við rannsóknir og þróun á iðnaðarvinnslu efna, vélum og búnaði,
- að útbúa uppsetningu efnaverksmiðja eftir forskrift,
- að koma að gerð kostnaðaráætlunar fyrir framleiðslu og uppsetningu,
- að hafa umsjón og eftirlit með uppsetningu, framleiðslu, notkun, viðhaldi og viðgerðum efnaverksmiðja í samræmi við staðla og reglur,
- að gera prófanir á rannsóknarstofu og aðstoða verkfræðinga við efnagreiningu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- aðstoðarfólk í efnaverkfræði

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf í efna- og eðlisfræði – 3111
- Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva – 3133

## 3117 Tæknistörf við vinnslu hráefna úr jörðu

Tæknistörf við vinnslu hráefna úr jörðu fela í sér að sinna tæknilegum verkefnum og aðstoða við rannsóknir á vinnslu jarðefna, svo sem olíu, gasi, málmi og steinefnum.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita tæknilega aðstoð við rannsóknir og þróun verkferla er snúa að eiginleikum málma og málmblanda,
- að veita aðstoð við mælingar, hönnun og uppsetningu vinnslu- og flutningskerfa fyrir olíu, gas og málmgrýti og vinnslu- og hreinsunarstöðva fyrir steinefni og málma,
- að koma að gerð kostnaðaráætlunar fyrir rannsóknir, vinnslu og flutning á steinefnum, olíu og jarðgasi,
- að hafa umsjón með gæða-, öryggis- og framleiðslueftirliti við vinnslu jarðefna,
- að aðstoða við skipulagningu og hönnun á námum og jarðgöngum,
- að safna sýnum og sjá um prófanir jarðefna á rannsóknarstofum og viðhalda prófunarbúnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- málmvinnslutæknir

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf í efna- og eðlisfræði – 3111
- Störf við námugröft og grjótnám – 8111

## 3118 Störf við tækniteiknun

Störf við tækniteiknun fela í sér að sjá um tæknilega úrvinnslu teikninga, korta og skýringarmynda upp úr yfirlitsteikningum, mælingum og öðrum gögnum.

Verkefni eru meðal annars:

- að undirbúa og endurskoða verkteikningar og forskriftir,
- að nota hönnunar- og tækniteiknunarhugbúnað til að búa til og breyta verkteikningum,
- að undirbúa og endurskoða teikningar fyrir samsetningu, uppsetningu, notkun, viðhald og viðgerðir á vélbúnaði og öðrum búnaði og vörum,
- að undirbúa raflagnateikningar, skýringarmyndir og hönnunarteikningar fyrir framleiðslu, uppsetningu og viðgerðir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- tækniteiknari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar – 2165

# 3119 Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 311: Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði. Starfaflokkurinn nær til dæmis yfir tækna og aðstoðarfólk í vísindum og verkfræði sem taka þátt í að þróa verklag eða stunda rannsóknir á sviði öryggismála, líflæknisfræði eða umhverfismála.

Verkefni eru meðal annars:

- að safna gögnum og veita tæknilega aðstoð varðandi nýtingu vinnuafls, efna og búnaðar,
- að hafa eftirlit með vinnuaðferðum, innleiðingu og hönnun á verksmiðjum eða vinnslustöðvum,
- að aðstoða við greiningu áhættuþátta og innleiða öryggisreglur og -búnað,
- að prófa og aðlaga búnað og tæki sem notuð eru til að fyrirbyggja umhverfismengun, hreinsun á vinnslusvæði og endurheimt lands,
- að aðstoða við þróun hreinsunarbúnaðar vegna umhverfismengunar undir eftirliti verkfræðings,
- að aðstoða verkfræðinga við prófun og hönnun á sviði þjarkatækni.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- tæknir við réttarrannsóknir

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði – 2141
- Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum) ót.a.s.– 2149

# 312 Störf við verkstjórn og eftirlit í námugreftri, framleiðslu og byggingarstarfsemi

Störf við verkstjórn og eftirlit í námugreftri, framleiðslu og byggingarstarfsemi fela í sér að hafa umsjón með, verkstýra, skipuleggja og samræma vinnu starfsfólks í framleiðslu, námugreftri og byggingarstarfsemi.

*Athugasemd: Til aðgreiningar á störfum sem flokkast í klasa 312 og í bálk 1 Störf stjórnenda, er að ef starfið felur í sér ábyrgð á starfsemi skipulagseiningar, mannaforráð og umsjón rekstrar og fjármála skipulagseiningar, flokkast það í bálk 1. Störf við verkstjórn sem flokkast í klasa 312 fela oft í sér ráðgjöf og aðstoð við stjórnendur, svo sem varðandi ráðningar og verkferla.*

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3121 Störf við verkstjórn í námugreftri**

**3122 Störf við verkstjórn í framleiðslu**

**3123 Störf við verkstjórn í byggingar- og mannvirkjagerð**

## 3121 Störf við verkstjórn í námugreftri

Störf við verkstjórn í námugreftri fela í sér að hafa umsjón og eftirlit með námugreftri og vinnslu hráefna úr jörðu og hafa umsjón með, skipuleggja og samræma verkefni starfsfólks við námu- og jarðefnavinnu.

Verkefni eru meðal annars:

- að hafa umsjón með og samræma störf við vinnslu jarðefna og notkunar þungavinnuvéla,
- að ákveða vinnuaðferðir og bæta framleiðni,
- að vinna með stjórnendum og tæknifræðingum að lausn vandamála í rekstri,
- að sjá um skýrslu- og upplýsingagjöf til yfirmanna,
- að ákvarða mönnunar- og efnisþörf fyrir verk eða verkþætti.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkstjóri við grjótnám

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í námuvinnslu – 1322
- Tæknistörf við vinnslu hráefna úr jörðu – 3117
- Störf við námugröft og grjótnám – 8111

## 3122 Störf við verkstjórn í framleiðslu

Störf við verkstjórn í framleiðslu fela í sér að samræma og hafa umsjón með verkefnum starfsfólks í framleiðslu.

Verkefni eru meðal annars:

- að samræma og hafa umsjón með vinnu tækna, starfsfólks við vélar og samsetningar og verkafólks í framleiðslu,
- að skipuleggja dagleg störf og verkefni í framleiðslu með tilliti til áætlana, fjármála, starfsfólks og umhverfis,
- að útbúa kostnaðaráætlanir, skrár og skýrslur,
- að meta þörf fyrir vinnuafl eða íhluti,
- að tryggja öryggi starfsfólks,
- að leiðbeina og þjálfa nýtt starfsfólk.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkstjóri í fiskvinnslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í framleiðslu – 1321

## 3123 Störf við verkstjórn í byggingar- og mannvirkjagerð

Störf við verkstjórn í byggingar- og mannvirkjagerð fela í sér að samræma og hafa umsjón með verkefnum starfsfólks og verktaka við byggingu og viðgerðir á húsnæði og öðrum mannvirkjum.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákvarða byggingarkröfur og áætlanagerðir eftir forskrift,
- að meta þörf á vinnuafli og efnum tiltekinna verkefna,
- að fylgjast með framvindu verkefna,
- að skoða búnað og byggingarsvæði og tryggja að farið sé eftir heilbrigðis- og öryggisstöðlum,
- að hafa eftirlit með byggingarsvæðum og starfsfólki og sjá um samræmingu verkefna.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkstjóri í byggingariðnaði
- verkstjóri við mannvirkjagerð

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í byggingariðnaði – 1323
- Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð – 3112

# 313 Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum

Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum fela í sér að vinna við og sjá um eftirlit með stjórnborðum, stýrikerfum og öðrum búnaði fyrir framleiðslu og viðhald á vinnslueiningum í raforkuframleiðslu og -dreifingarstöðvum, frárennslis-, skólphreinsi- og úrgangsförgunarstöðvum, efna-, olíu- og jarðgashreinsunarstöðvum og í málmvinnslu.

*Athugasemd: Í sumum tilvikum getur verkstjórn falist í störfum sem flokkast í klasa 313. Einnig skal hafa í huga að störf við stakar vinnslustöðvar eða vélar, sem ekki eru með flókinn stýribúnað, flokkast í flestum tilfellum í bálk 8 Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu.*

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka.

**3131 Umsjón og rekstur véla í orkuverum**

**3132 Umsjón og rekstur brennsluofna og vatnshreinsunarstöðva**

**3133 Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva**

**3134 Umsjón og rekstur jarðgas- og olíuhreinsunarstöðva**

**3135 Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu**

**3139 Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum ót.a.s.**

## 3131 Umsjón og rekstur véla í orkuverum

Umsjón og rekstur véla í orkuverum felur í sér að sjá um, hafa eftirlit með og viðhalda stjórnborðum og tengdum búnaði sem stýrir framleiðslu og dreifingu raforku eða annarrar orku um flutningskerfi.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um, hafa eftirlit með og stýra ýmsum gerðum véla og tækjabúnaðar orkuvera,
- að sjá um og stýra raforkukerfum og -búnaði, þar með talið kötlum, túrbínum, rafölum, eimsvali og hvarftönkum,
- að stýra ræsingu og stöðvun búnaðar orkuvera og stýra skiptiaðgerðum og vatnsborði,
- að lesa mælingar, greina bilanir og grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta,
- að sjá um skýrslu- og skráargerð og meta vinnslu búnaðar,
- að þrífa og viðhalda búnaði á borð við rafala, katla, túrbínur, dælur og þjöppur til þess að fyrirbyggja bilun eða slit.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- eftirlitsfólk véla í orkuverum

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar í kyndiklefum og vélarrýmum – 8182

## 3132 Umsjón og rekstur brennsluofna og vatnshreinsunarstöðva

Umsjón og rekstur brennsluofna og vatnshreinsunarstöðva felur í sér að sjá um og hafa eftirlit með stjórnkerfum og tengdum búnaði fyrir brennsluofna og vatnshreinsitæki, losun skólps og í hreinsistöðvum fyrir meðhöndlun og dreifingu vatns.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um og hafa eftirlit með stjórnkerfum, vélum og tengdum búnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, losun skólps og í hreinsistöðvum fyrir meðhöndlun og dreifingu vatns til manneldis,
- að stýra rekstri brennsluofna og tengds búnaðar fyrir rusl og annan úrgang í sorp- og endurvinnslustöðvum,
- að yfirfara búnað og ástand, mæla, sía og klórblöndunartækja í miðlægum stjórnklefum og greina bilanir,
- að hafa eftirlit með og stilla stjórntæki á borð við búnað fyrir útblástur, hreinsun og varmaendurvinnslu í brennsluofnum,
- að safna og gera prófanir á vatns- og skólpsýnum,
- að greina niðurstöður prófana fyrir breytingar á búnaði og kerfum,
- að framkvæma öryggisprófanir innan stöðvar og utan.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- umsjónarfólk bálstofu

## 3133 Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva

Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva felur í sér að sjá um og hafa eftirlit með vélum, vélasamstæðum og tengdum stjórnbúnaði fyrir framleiðslu og stilla og viðhalda vinnslueiningum og búnaði sem eimar, síar, aðskilur, hitar eða hreinsar efni.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um og hafa eftirlit með stjórnborðum í stjórnklefa og fylgjast með og bæta eðlis- og efnafræðileg ferli vinnslueininga,
- að stilla tæki, loka, dælur og vinnslubúnað,
- að stýra undirbúningi, mælingum og magni hráefna og annarra efna inn í vinnslustöð,
- að stýra ræsingu og stöðvun ferla, greina bilanir og fylgjast með vinnslubúnaði,
- að gæta að bilunum í búnaði, framkvæma prófanir og gera ráðstafanir um viðhald,
- að greina sýni, skrá gögn og skrifa framleiðsluskýrslur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- eftirlitsfólk véla í efnavinnslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Umsjón og rekstur jarðgas- og olíuhreinsistöðva – 3134
- Störf við vélar í efnaverksmiðjum – 8131

## 3134 Umsjón og rekstur jarðgas- og olíuhreinsunarstöðva

Umsjón og rekstur jarðgas- og olíuhreinsunarstöðva felur í sér að sjá um og hafa eftirlit með vélum og tækjum og stilla og viðhalda búnaði sem hreinsar, eimar og meðhöndlar hráolíu, jarðgas og aukaafurðir.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um og hafa eftirlit með stjórnborðum í stjórnklefa og bæta eðlis- og efnafræðileg ferli fyrir ýmsar vinnslueiningar,
- að stilla tæki, loka, dælur, stjórntæki og vinnslubúnað,
- að stýra ræsingu og stöðvun ferla, greina bilanir og fylgjast með vinnslubúnaði,
- að gera prófanir og ráðstafanir um viðhald á búnaði,
- að greina sýni afurða, skrá gögn og skrifa framleiðsluskýrslur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- umsjónarfólk olíuhreinsistöðva

**Skyldir starfaflokkar:**

- Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva – 3133
- Störf við vélar í efnaverksmiðjum – 8131

## 3135 Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu

Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu felur í sér að sjá um og hafa eftirlit með stýribúnaði og tækjum, bræðsluofnum og málmvinnsluvélum.

Verkefni eru meðal annars:

- að samræma og hafa eftirlit með tilteknum þáttum málmvinnslu gegnum stjórnborð, tölvur eða önnur stjórnkerfi,
- að starfrækja miðlægan stýribúnað fyrir málmvinnslu, svo sem til að aðskilja, sía, bræða, brenna, meðhöndla og hreinsa,
- að samræma og hafa eftirlit með vinnu starfsfólks í framleiðslu, svo sem véla- og aðstoðarfólks,
- að ræsa og slökkva á framleiðslukerfi,
- að sjá um þjálfun starfsfólks í framleiðslu,
- að viðhalda vaktaskráningu fyrir framleiðslu ásamt öðrum gögnum og sjá um skýrslugerð.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- tæknir við umsjón véla í málmframleiðslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar í málmvinnslustöðvum – 8121
- Störf við vélar og búnað við frágang á málmi – 8122

## 3139 Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 313: Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum. Starfaflokkurinn nær meðal annars yfir umsjón á stýribúnaði fyrir framleiðslu á framleiðslufæriböndum og í pappírs- og pappírskvoðuframleiðslu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- tæknir við pappírsframleiðslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar í framleiðslu á pappír og pappírskvoðu – 8171

# 314 Tæknistörf í lífvísindum og landbúnaði

Tæknistörf í lífvísindum og landbúnaði fela í sér að sinna margs konar tæknilegum verkefnum og aðstoða sérfræðinga í lífvísindum við rannsóknir, þróun, umsjón, forvarnir og verndun í líffræði, grasafræði, dýrafræði, líftækni, lífefnafræði og í landbúnaði, sjávarútvegi og skógrækt.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3141 Tæknistörf í lífvísindum (að heilbrigðisgreinum undanskildum)**

**3142 Tæknistörf í landbúnaði**

**3143 Tæknistörf í skógrækt**

## 3141 Tæknistörf í lífvísindum (að heilbrigðisgreinum undanskildum)

Tæknistörf í lífvísindum (að heilbrigðisgreinum undanskildum) fela í sér að veita sérfræðingum í lífvísindum tæknilegan stuðning við að annast rannsóknir, greiningar og prófanir á lífverum, ásamt þróun á afurðum og aðferðum við rannsóknir í plöntu- og dýralíffræði, örverufræði, frumu- og sameindalíffræði, umhverfisvernd og stjórnun náttúruauðlinda.

Verkefni eru meðal annars:

- að aðstoða við framkvæmd tilrauna, setja upp, stilla, hafa umsjón með og viðhalda rannsóknartækjum og -búnaði,
- að safna og undirbúa sýni og efnalausnir og rækta örverur í tilraunaskyni,
- að sinna reglubundnum prófunum á vettvangi og rannsóknarstofum,
- að hafa eftirlit með tilraunum og tryggja rétt verklag við rannsóknir og að farið sé eftir heilbrigðis- og öryggisreglum,
- að greina, reikna út og skrá skýrslur um niðurstöður prófana,
- að varðveita, flokka og skrá sýni, þróa líkön og greina gögn,
- að panta vörur og sjá um birgðahald fyrir rannsóknarstofur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- aðstoðarfólk við örverurannsóknir

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði ót.a.s. – 3119
- Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði – 3212
- Störf við lyfjatækni – 3213

## 3142 Tæknistörf í landbúnaði

Tæknistörf í landbúnaði fela í sér að sinna prófunum og tilraunum og veita vísindamönnum í landbúnaði, bændum og bústjórum tæknilegan stuðning.

Verkefni eru meðal annars:

- að safna og undirbúa sýnishorn á borð við jarðveg, plöntu- eða dýrafrumur, vefi eða hluta af líffærum dýra, fyrir tilraunir, prófanir og greiningar,
- að undirbúa og aðstoða við tilraunir, prófanir og greiningar,
- að greina sjúkdómsvaldandi örverur, skordýr, sníkjudýr, sveppi og illgresi,
- að viðhalda gæðastöðlum,
- að hafa umsjón með aðgerðum, svo sem framleiðsluáætlunum fyrir klakstöðvar fiska, gróðurhús og búfjárrækt,
- að greina sýni fræja og meta gæði, hreinleika og spírun,
- að meta umfang og kostnað verkefna,
- að skipuleggja viðhald og viðgerðir á rannsóknarbúnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- garðyrkjutæknir
- tæknir í fiskeldi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum – 3240

## 3143 Tæknistörf í skógrækt

Tæknistörf í skógrækt fela í sér að aðstoða við skógnytjarannsóknir, umsjón skóga, uppskeru og auðlinda- og umhverfisvernd.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um skráningar, kannanir og mælingar á skóglendi,
- að aðstoða við og sjá um tæknilegan undirbúning við stjórnun skóga og uppskeruáætlanir með hjálp loftljósmynda, korta og annarra upplýsinga,
- að hafa umsjón með undirbúningi svæðis, gróðursetningu og trjáplöntum,
- að samhæfa starfsemi á borð við timburmælingar, kæfingu skógarelda, varnaraðgerðir gegn sjúkdómum og skordýrum eða grisjun skógarreita,
- að tryggja fylgni við reglugerðir og stefnur um umhverfisvernd, nýtingu auðlinda, bruna- og slysavarnir,
- að hafa umsjón með starfsemi trjáræktarstöðva,
- að undirbúa skógræktar- og skógarhöggsáætlanir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- tæknir við skógræktarrannsóknir

# 315 Sérhæfð störf í skipa- og flugsamgöngum

Sérhæfð störf í skipa- og flugsamgöngum fela í sér að stjórna skipum og loftförum, sinna tæknistörfum sem tryggja öryggi og skilvirkni og þróa rafknúin, vélræn og tölvuvædd kerfi fyrir stjórnun loftfara.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3151 Vélstjórn og tæknistörf um borð í skipum**

**3152 Störf skipstjórnenda**

**3153 Störf stjórnenda flugvéla og annarra loftfara**

**3154 Tæknistörf við flugumsjón**

**3155 Tækni- og rannsóknarstörf tengd flugöryggi**

## 3151 Vélstjórn og tæknistörf um borð í skipum

Vélstjórn og tæknistörf um borð í skipum fela í sér að sjá um rekstur, viðhald og viðgerðir á vélum, raf- og rafeindabúnaði og tengdum búnaði um borð í skipum eða sinna tengdri stoðþjónustu í landi.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um rekstur, viðhald og viðgerðir á vélum, raf- og rafeindabúnaði og tengdum búnaði um borð í skipum,
- að panta eldsneyti og aðrar birgðir fyrir vélarúm og halda skýrslur yfir starfsemi,
- að sinna tæknilegu eftirliti með uppsetningu, viðhaldi og viðgerðum á vélum og búnaði skipa til að tryggja samræmi við tæknigögn,
- að sinna neyðarviðgerðum á vélum og búnaði,
- að hafa eftirlit með vélarúmi, vakta og skrá afköst véla og búnaðar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélstjóri á skipi

## 3152 Störf skipstjórnenda

Störf skipstjórnenda fela í sér að stjórna og sigla skipum og bátum og sinna tengdri starfsemi í landi.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra skipi eða báti á sjó eða skipgengum vatnaleiðum,
- að stjórna áhöfn og taka þátt í störfum á þilfari og brú,
- að sigla skipum inn og út úr höfnum, gegnum sund og önnur vatnasvæði þar sem þörf er á sérþekkingu,
- að tryggja örugga fermingu og affermingu og að áhöfn og farþegar virði öryggis- og verklagsreglur,
- að þekkja reglur við rekstur og siglingu skipa til þess að greina og leysa vandamál sem upp koma,
- að panta birgðir fyrir skip, ráða áhöfn og halda skýrslur yfir starfsemi,
- að senda og taka á móti upplýsingum og neyðarboðum til og frá landi og öðrum skipum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- hafnsögumaður
- skipstjóri á vöruflutningaskipi
- stýrimaður á farþegaskipi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við strandveiðar – 6222
- Störf við úthafsveiðar – 6223
- Störf háseta og bátsmanna – 8350

## 3153 Störf stjórnenda flugvéla og annarra loftfara

Störf stjórnenda flugvéla og annarra loftfara fela í sér að stýra vélbúnaði, raf- og rafeindabúnaði loftfara í fólks-, póst- og vöruflutningum og sinna tengdum verkefnum fyrir flug og á flugi.

Verkefni eru meðal annars:

- að fljúga og stýra flugvélum og öðrum loftförum í samræmi við skilgreindar stjórnunar- og verklagsreglur,
- að undirbúa og leggja fram flugáætlanir eða fylgja stöðluðum flugáætlunum,
- að stýra vélbúnaði, raf- og rafeindabúnaði og tryggja að öll mælitæki og stjórntæki virki rétt,
- að undirrita nauðsynleg vottorð og halda opinberar skýrslur um flug,
- að leiðbeina nemendum í flugnámi,
- að fá upplýsingar og flugheimildir fyrir flug og halda sambandi við flugumferðarstjórn í flugi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- flugkennari
- flugstjóri

## 3154 Tæknistörf við flugumsjón

Tæknistörf við flugumsjón fela í sér að stjórna stefnu loftfara í loftrými og á jörðu og veita upplýsingar um flugáætlanir, flughæð, flugumferð og veður.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra og leiðbeina stjórnendum loftfara við flugtak og aðflug og umferð um flugbrautir,
- að stýra og leiðbeina loftförum á flugi innan tiltekins loftrýmis,
- að skoða og samþykkja flugáætlanir,
- að upplýsa flugliða og starfsfólk á flugsviði um veðurskilyrði, rekstraraðstöðu, flugáætlanir og flugumferð,
- að beita þekkingu um reglur og ferla í flugumferðarstjórn til þess að greina og leysa vandamál sem upp koma,
- að skipuleggja neyðar-, leitar- og björgunarþjónustu,
- að stýra starfsemi allra loftfara og ökutækja á eða við flugbrautir,
- að halda talstöðvar- og símasambandi við næstu flugturna og aðrar eftirlitsstöðvar og samræma ferðir loftfara inn á aðliggjandi svæði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- flugumferðarstjóri

## 3155 Tækni- og rannsóknarstörf tengd flugöryggi

Tækni- og rannsóknarstörf tengd flugöryggi fela í sér að sinna tæknilegum verkefnum varðandi hönnun, uppsetningu, starfsemi, viðhaldi og viðgerðir á flugstjórnar- og flugleiðsögukerfum.

Verkefni eru meðal annars:

- að sinna tæknilegum verkefnum varðandi þróun á rafrænum og tölvuvæddum flugleiðsögukerfum og -búnaði og prófa frumgerðir,
- að veita tæknilega aðstoð við hönnun og uppsetningu tengirása í flugleiðsögukerfum og rakningarkerfum sem bera kennsl á loftför,
- að undirbúa og taka þátt í gerð kostnaðaráætlana og upplýsinga um tækni og þjálfun fyrir flugumferðarstjórnar- og öryggisbúnað,
- að aðstoða við tæknilegt eftirlit með gerð, uppsetningu, rekstri, viðhaldi og viðgerðum flugleiðsögutækjabúnaðar á jörðu og tryggja að farið sé eftir stöðlum og reglum,
- að beita þekkingu og færni í reglum og ferlum við tæknivinnu á sviði flugumferðaröryggis til að greina og leysa vandamál sem upp koma,
- að breyta flugleiðsögukerfum og -búnaði og laga að nýju verklagi í flugumferðarstjórn fyrir aukna getu og áreiðanleika eða til að auðvelda verklag við stjórnun umferðar á jörðu og í loftrými,
- að sjá um, fylgjast með og votta boðskipta-, leiðsögu- og eftirlitsbúnað fyrir flugumferðarstjórn til að tryggja nákvæmni og öryggi flugs, flugtaks og lendingar.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- eftirlitsfólk flugöryggistækja

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við flugvirkjun – 7232
- Störf við rafeindavirkjun – 7421

# 32 Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum

Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum fela í sér að sinna tæknilegum verkefnum og aðstoða við greiningu og meðhöndlun veikinda, sjúkdóma og meiðsla fólks og dýra undir leiðsögn lækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga eða annarra sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**321 Tækni- og aðstoðarstörf á sviði lækninga og lyfjafræði**

**322 Störf sjúkraliða**

**323 Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum**

**324 Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum**

**325 Störf annars sérhæfðs starfsfólks í heilbrigðisgreinum**

# 321 Tækni- og aðstoðarstörf á sviði lækninga og lyfjafræði

Tækni- og aðstoðarstörf á sviði lækninga og lyfjafræði fela í sér tæknileg verkefni og aðstoð við greiningar og meðhöndlun sjúkdóma og annarra kvilla.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3211 Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki**

**3212 Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði**

**3213 Störf við lyfjatækni**

**3214 Störf við stoðtækja- og tannsmíði**

## 3211 Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki

Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki fela í sér að prófa og vinna með röntgenmynda-, ómskoðunar- og önnur læknisfræðileg greiningartæki í því skyni að greina og meðhöndla meiðsli, sjúkdóma og aðrar skerðingar. Fólk sem sinnir þessum störfum getur veitt sjúklingum geislameðferð undir eftirliti geislalæknis.

Verkefni eru meðal annars:

- að stjórna eða hafa umsjón með rekstri röntgen-, ómskoðunar- og segulsneiðmyndatækja og framkalla myndir til greiningar,
- að útskýra verklag, fylgjast með og koma sjúklingum fyrir og nota hlífðarbúnað til að tryggja öryggi meðan á athugun, skönnun eða meðferð stendur,
- að staðsetja myndgreiningar- eða meðferðarbúnað, fylgjast með myndskjáum og breyta stillingum og stjórntækjum samkvæmt tæknilegum upplýsingum,
- að skoða og meta röntgenmyndir, myndbönd eða aðrar tæknilegar upplýsingar og skrá árangur meðferða,
- að hafa eftirlit með ástandi og svörun sjúklinga og gefa lækni skýrslu,
- að mæla og skrá geislunarmagn eða geislavirk lyf sem sjúklingar fá samkvæmt fyrirmælum læknis,
- að gefa, greina og kortleggja geislavirk lyf eða geislun í líkama sjúklinga, nota geislavirka samsætu, myndgreiningatæki eða annan búnað til að greina og meðhöndla sjúkdóma,
- að skrá, geyma og farga geislavirkum efnum samkvæmt öryggisreglum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- geislafræðingur
- röntgentæknir

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í eðlis- og stjörnufræði – 2111
- Störf við sérgreinalækningar – 2212
- Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd – 2263
- Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s. – 5329

## 3212 Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði

Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði fela í sér að framkvæma klínískar prófanir á blóðsýnum, líkamsvökva og vefjum fyrir upplýsingar um heilsufar sjúklinga eða dánarorsakir.

Verkefni eru meðal annars:

- að gera efnagreiningu á blóði, þvagi og mænuvökva,
- að starfrækja, stilla og viðhalda búnaði sem notaður er við greiningu,
- að færa niðurstöður í skráningarkerfi og koma upplýsingum til lækna og annarra sérfræðinga,
- að greina sýni líffræðilegra efna og athuga efnainnihald eða efnahvörf,
- að setja upp, hreinsa og viðhalda búnaði fyrir rannsóknarstofur,
- að greina rannsóknarniðurstöður og kanna áreiðanleika,
- að setja fram og hafa eftirlit með áætlunum til að tryggja áreiðanleika niðurstaðna og þróa, staðla, meta og breyta verklagi, aðferðum og prófunum sem notaðar eru við greiningu sýna,
- að rækta sýni, einangra og greina örverur,
- að rannsaka frumur sem hafa verið litaðar og finna frávik.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- lífeindafræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við sérgreinalækningar – 2212
- Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði ót.a.s. – 3119
- Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum – 3240
- Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s. – 5329

## 3213 Störf við lyfjatækni

Störf við lyfjatækni fela í sér að sinna fjölbreyttum verkefnum sem tengjast blöndun og afhendingu lyfja undir leiðsögn lyfjafræðings.

Verkefni eru meðal annars:

- að blanda og útbúa lyf og önnur efni undir leiðsögn lyfjafræðings eða annars sérfræðings á heilbrigðissviði,
- að aðstoða og afgreiða lyf til viðskiptavina og veita leiðbeiningar um notkun þeirra samkvæmt fyrirmælum lækna, dýralækna eða annarra sérfræðinga á heilbrigðissviði,
- að viðhalda og hafa eftirlit með réttum geymslu- og öryggiskröfum fyrir lyf,
- að fylla á og merkja ílát með ávísuðum lyfjum,
- að skrá lyfseðla og viðhalda skrám,
- að panta, merkja, skrá og sjá um talningu lyfja, efna og annarra birgða,
- að hreinsa og undirbúa búnað og ílát sem notuð eru til að útbúa og afgreiða lyf.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- lyfjatæknir

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa – 2262
- Tæknistörf í lífvísindum (að heilbrigðisgreinum undanskildum) – 3141

## 3214 Störf við stoðtækja- og tannsmíði

Störf við stoðtækja- og tannsmíði fela í sér að hanna, stilla, sinna viðhaldi og viðgerðum á stoðtækjum, lækninga- og tannlækningatækjum og búnaði samkvæmt fyrirmælum eða leiðbeiningum. Stoðtækja- og tannsmiðir geta veitt þjónustu með fjölmörg stoðtæki, svo sem hálskraga, spelkur, gervilimi, heyrnartæki, innlegg, gervigóma, tannkrónur og -brýr.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða, taka viðtöl við og mæla sjúklinga, ákvarða þarfir þeirra fyrir stoðtæki og greina þá þætti sem gætu haft áhrif á uppsetningu hjálpartækja,
- að ráðfæra sig við lækna og tannlækna í því skyni að setja fram nákvæmar skilgreiningar og fyrirmæli um stoðtæki og -búnað,
- að búa til eða taka við gifsmótum eða mátum af bol, útlimum, munni eða tönnum sjúklinga fyrir gerð stoðtækis eða -búnaðar,
- að hanna og búa til innlegg og gervilimi,
- að setja upp stoðtæki og –búnað og prófa, meta og aðlaga hann að sjúklingum,
- að gera við, breyta og sinna viðhaldi á lækninga- og tannlækningahjálpartækjum og stoðtækjum,
- að smíða gervigóma, krónur, og brýr,
- að leiðbeina sjúklingum varðandi notkun stoðtækja, gervilima eða innleggja.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stoðtækjasmiður
- tannsmiður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við tannlækningar – 2261
- Tækni- og aðstoðarstörf í tannlækningum – 3251
- Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s. – 5329
- Störf við fíntækjasmíði – 7311

# 322 Störf sjúkraliða

Störf sjúkraliða fela í sér að veita aðhlynningu og aðstoða sjúklinga, aldraða, fólk með fötlun og aðra sem þurfa á umönnun að halda vegna heilbrigðisáhættu, innan eða utan heilbrigðisstofnana.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3221 Störf sjúkraliða**

## 3221 Störf sjúkraliða

Störf sjúkraliða fela í sér að veita sjúklingum, öldruðum og fólki með fötlun aðhlynningu, aðstoð og endurhæfingu.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita sjúklingum aðhlynningu, umönnun, meðferð og heilbrigðisráðgjöf samkvæmt áætlunum hjúkrunarfræðinga og lækna,
- að hafa eftirlit með ástandi sjúklinga og svörun við meðferð,
- að hreinsa sár og setja á sáraumbúðir,
- að uppfæra upplýsingar um ástand og meðferðir sjúklinga í skráningarkerfum,
- að undirbúa sjúklinga fyrir aðgerðir og rannsóknir og aðstoða hjúkrunarfræðinga og lækna í aðgerðum,
- að aðstoða við skyndihjálp í neyðartilvikum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- sjúkraliði

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við hjúkrun – 2221
- Sérfræðistörf í ljósmóðurfræðum – 2222
- Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðisþjónustu – 5321
- Aðstoðar- og umönnunarstörf á heimilum – 5322

# 323 Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum

Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum fela í sér að leiðbeina einstaklingum varðandi lífstíl eða mataræði til að viðhalda eða endurheimta andlegt og líkamlegt heilbrigði og styrk. Fólk sem sinnir þessum störfum veitir meðhöndlun með aðferðum og lyfjum, annað hvort í sjálfstæðum rekstri eða í samræmi við meðferðaráætlanir sem ákveðnar eru af sérfræðingum innan heilbrigðiskerfisins.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**3230 Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum**

## 3230 Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum

Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum fela í sér að leiðbeina einstaklingum varðandi lífstíl eða mataræði til að viðhalda eða endurheimta andlegt og líkamlegt heilbrigði og styrk. Fólk sem sinnir þessum störfum veitir meðhöndlun með aðferðum og lyfjum, annað hvort í sjálfstæðum rekstri eða í samræmi við meðferðaráætlanir sem ákveðnar eru af sérfræðingum innan heilbrigðiskerfisins.

Verkefni eru meðal annars:

- að eiga viðtöl við einstaklinga og ráðleggja þeim um heilsufarsástand, sjúkdóma eða aðra kvilla,
- að veita meðhöndlun með nálastungumeðferð, ayurvedískri meðferð, remedíum og jurtalyfjum í samræmi við meðferðaráætlanir,
- að ráðleggja einstaklingum, fjölskyldum og samfélaginu um heilsu, næringu, hreinlæti, lífsstíl o.þ.h. til að viðhalda eða bæta heilsu og vellíðan,
- að vísa sjúklingum til annars heilbrigðisstarfsfólks og skiptast á upplýsingum við það til að tryggja heildstæða og samfellda meðferð.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- grasalæknir
- hómópati
- nálastungutæknir

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérhæfð störf við heilsunudd – 3255

# 324 Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum

Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum fela í sér að sinna verkefnum sem snúa að ráðgjöf, greiningu, forvörnum og aðstoð við dýralækna. Fólk í þessum störfum sinnir dýrum sem eru í meðferð og tímabundinni vistun á dýraspítölum og aðstoðar dýralækna við að framkvæma meðferðir og aðgerðir.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**3240 Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum**

## 3240 Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum

Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum fela í sér að sinna verkefnum er snúa að ráðgjöf, greiningu, forvörnum og aðstoð við dýralækna. Fólk í þessum störfum sinnir dýrum í meðferð og tímabundinni vistun á dýraspítölum og aðstoðar dýralækna við að framkvæma meðferðir og aðgerðir.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita upplýsingar og ráð um meðferð og umhirðu dýra, sjúkdóma og áverka,
- að skoða dýr til að greina kvilla eða vísa erfiðari tilfellum til dýralækna,
- að veita veikum dýrum eða dýrum með áverka meðferð, einkum við algengum sjúkdómum og kvillum,
- að hreinsa og sótthreinsa borð og áhöld sem notuð eru við læknisrannsóknir og taka til það sem þarf fyrir skoðun og meðferð dýra,
- að búa dýr undir skoðun eða meðferð og skorða þau eða halda föstum meðan á meðferð stendur,
- að aðstoða dýralækna við að gefa svæfingarlyf og súrefni meðan á meðferð stendur og fylgjast með ástandi dýra eftir aðgerðir,
- að taka röntgenmyndir og sýni og framkvæma aðrar prófanir á rannsóknarstofum og aðstoða við greiningar,
- að sinna venjubundnum tannaðgerðum á dýrum og aðstoða dýralækna við tannlækningar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- aðstoðarfólk dýralæknis

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við dýralækningar – 2250
- Störf við snyrtingu og þjálfun dýra – 5164

# 325 Störf annars sérhæfðs starfsfólks í heilbrigðisgreinum

Störf annars sérhæfðs starfsfólks í heilbrigðisgreinum fela í sér að sinna tæknilegum verkefnum og veita aðstoð við tannlækningar, umsjón sjúkraskráa, sjónmælingar, sjúkraþjálfun, vinnuvernd, bráðatækni og annað er snýr að heilbrigði fólks.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3251 Tækni- og aðstoðarstörf í tannlækningum**

**3252 Sérhæfð störf við meðhöndlun heilbrigðisgagna**

**3254 Störf við sjóntækni**

**3255 Sérhæfð störf við heilsunudd**

**3257 Tækni- og ráðgjafastörf á sviði vinnuverndar, heilbrigðis- og umhverfismála**

**3258 Störf við sjúkraflutninga**

**3259 Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s.**

## 3251 Tækni- og aðstoðarstörf í tannlækningum

Tækni- og aðstoðarstörf í tannlækningum fela í sér að veita ráðgjöf og fræðslu um tannhirðu og tannvernd, skoða kvilla í tönnum og munnholi.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ráðgjöf og fræðslu um tannhirðu,
- að skoða munnhol og tennur sjúklinga og meta ástand,
- að aðstoða tannlækna við tannaðgerðir,
- að veita flúormeðferð, hreinsa tennur og fjarlægja tannstein,
- að undirbúa, hreinsa og sótthreinsa áhöld til tannlækninga, hafa til búnað og efni sem notuð eru við skoðun og meðferð sjúklinga,
- að undirbúa sjúklinga fyrir skoðun eða meðferð,
- að taka mót af munni og röntgenmyndir af tönnum fyrir greiningu og uppsetningu tannstoðtækja.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- aðstoðarfólk tannlækna
- tannfræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við tannlækningar – 2261
- Störf við stoðtækja- og tannsmíði – 3214
- Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s. – 5329

## 3252 Sérhæfð störf við meðhöndlun heilbrigðisgagna

Sérhæfð störf við meðhöndlun heilbrigðisgagna fela í sér að þróa, halda við og innleiða kerfi fyrir vinnslu, geymslu og endurheimt sjúkraskráa innan heilbrigðisþjónustu til að uppfylla lagalegar, faglegar og siðferðislegar kröfur og gæðastaðla varðandi skráningu heilbrigðisgagna.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um heildstæða umsjón heilbrigðisgagna,
- að skrá, taka saman og vinna úr sjúkraskrám, læknaskýrslum og skjölum um innlagnir og færa inn í skráningarkerfi,
- að rýna skrár og athuga heilleika, nákvæmni og fylgni við reglugerðir,
- að færa texta og tölulegar upplýsingar sjúkraskráa og annarra skjala yfir í kóða staðlaðra flokkunarkerfa,
- að tryggja öryggi heilbrigðisupplýsinga og að trúnaðar sé gætt varðandi persónuupplýsingar samkvæmt lögum,
- að hafa umsjón með verkefnum starfsfólks sem kemur að viðhaldi sjúkraskráa.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- heilbrigðisgagnafræðingur
- læknaritari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérhæfð störf ritara í heilbrigðisþjónustu – 3344
- Störf við skráningu talnagagna – 4132

## 3254 Störf við sjóntækni

Störf við sjóntækni fela í sér að útbúa, máta og afgreiða sjóngler og linsur samkvæmt tilvísun frá augnlækni, veita ráðgjöf um notkun gleraugna, augnlinsa og annarra sjóntækja.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða og gera andlits- og augnmælingar á viðskiptavinum fyrir gleraugu og linsur,
- að veita viðskiptavinum ráðgjöf um val og viðhald á gleraugum og umgjörðum, gerðir augnlinsa og annarra sjóntækja er varðar nothæfi, öryggi og þægindi,
- að útbúa pantanir fyrir sjóngler og linsur,
- að skoða og staðfesta að tilbúin sjóngler og linsur séu samkvæmt tilvísun og passi viðskiptavinum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- sjóntækjafræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við sérgreinalækningar – 2212

## 3255 Sérhæfð störf við heilsunudd

Sérhæfð störf við heilsunudd fela í sér að veita sjúklingum líkamlega meðferð þar sem áverkar eða sjúkdómar hafa skert hreyfigetu. Meðferðir eru venjulega veittar samkvæmt endurhæfingaráætlunum sjúkraþjálfara eða annarra sérfræðinga.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita meðferðir á borð við nudd- eða þrýstipunktameðferð,
- að veita meðferðir með sérhæfðum aðferðum og búnaði,
- að leiðbeina og aðstoða sjúklinga við æfingar, slökunaraðferðir og að framkvæma líkamlegar hreyfingar,
- að fylgjast með og skrá framvindu sjúklinga meðan á meðferð stendur,
- að máta spelkur, gervilimi og önnur stoðtæki á borð við hækjur fyrir sjúklinga og leiðbeina þeim um notkun þeirra.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- heilsunuddari

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun – 2264
- Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s. – 2269

## 3257 Tækni- og ráðgjafastörf á sviði vinnuverndar, heilbrigðis- og umhverfismála

Tækni- og ráðgjafastörf á sviði vinnuverndar, heilbrigðis- og umhverfismála fela í sér að hafa eftirlit með innleiðingu reglna og reglugerða er varða umhverfis- og vinnuverndarþætti sem geta haft áhrif á heilbrigði fólks, öryggi á vinnustað og öryggi ferla við framleiðslu á vörum og þjónustu. Starfsfólk í þessum starfaflokki innleiðir og leggur mat á áætlanir sem kunna að endurheimta eða auka öryggi og heilbrigðisskilyrði.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita vinnuveitendum og starfsfólki ráðgjöf um reglur og reglugerð varðandi vinnuvernd og vinnuumhverfi,
- að skoða vinnustaði og tryggja að vinnuumhverfi, vélar og búnaður uppfylli hreinlætis-, heilbrigðis- og öryggisreglur, reglugerðir og staðla á vinnustað og í umhverfi,
- að skoða vinnustaði og nota viðtöl, athuganir og aðrar leiðir til að afla upplýsinga um vinnuaðferðir og slys í því skyni að ákvarða fylgni við öryggisreglur og -reglugerðir,
- að vera fyrirtækjum og almenningi til ráðgjafar um framkvæmd reglna og reglugerða varðandi hreinlæti, hollustuhætti, hreinleika og flokkun vara á forstigi framleiðslu, svo sem matvæla, lyfja og snyrtivara,
- að skoða fyrirtæki og stofnanir og tryggja að þau uppfylli reglur og reglugerðir varðandi mengandi efni í útblæstri og förgun hættulegs úrgangs,
- að grípa til aðgerða sem viðhalda eða bæta hreinlæti og fyrirbyggja mengun í vatni, lofti, matvælum eða jarðvegi,
- að meta magn og kostnað efnis og vinnu fyrir verkefni á sviði heilsu, öryggis og hreinsunar.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- fulltrúi í vinnuvernd
- úttektaraðili við heilbrigðiseftirlit

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd – 2263

## 3258 Störf við sjúkraflutninga

Störf við sjúkraflutninga fela í sér að veita sjúklingum sem eru slasaðir, veikir eða veikburða læknishjálp í bráðatilvikum fyrir og við flutning á sjúkrastofnun.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta heilbrigðisástand einstaklinga sem lent hafa í slysum, náttúruhamförum og öðrum neyðartilvikum og meta þörf fyrir sérhæfðari læknishjálp,
- að veita læknisfræðilega meðferð og gefa lyf í neyðartilvikum, endurlífga, nota hjartastuðtæki og annan búnað,
- að fylgjast með ástandi sjúklinga við flutning,
- að sjá um kennslu og þjálfun í skyndihjálp og endurlífgun,
- að vera til taks þar sem mikill mannfjöldi er saman kominn og auknar líkur á að neyðarástand skapist,
- að skrá upplýsingar um ástand og meðferðir sjúklinga í sjúkraskráningarkerfi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bráðatæknir
- sjúkraflutningamaður
- vettvangsliði

## 3259 Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk fellur sérhæft starfsfólk sem ekki er flokkað annars staðar í deild 32: Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum. Í þessum flokki eru önnur störf sérmenntaðs starfsfólks í heilbrigðisgreinum.

Verkefni eru meðal annars:

- að ræða við og skoða sjúklinga til að afla upplýsinga um heilbrigðisástand þeirra og eðli og umfang áverka, veikinda eða annarra líkamlegra eða andlegra heilsufarsvandamála,
- að veita sjúklingum og fjölskyldum upplýsingar og ráðgjöf um forvarnir og meðferðarvalkosti,
- að vinna tiltekin einföld klínísk verk eins og að framkvæma prófanir,
- að fylgjast með framvindu sjúklinga meðan á meðferð stendur og greina einkenni sem krefjast tilvísunar til læknis eða annars sérfræðings,
- að skrá upplýsingar um heilsufarsástand sjúklinga og svörun við meðferð í sjúkraskráningarkerfi.

# 33 Sérhæfð ráðgjafa- og sölustörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun

Sérhæfð ráðgjafa- og sölustörf í fjármálum, viðskiptaþjónustu og stjórnun fela aðallega í sér að sinna tæknilegum verkefnum sem tengjast fjármálum og viðskiptum, útreikningum, vinnumiðlun, sölu og kaupum, sérhæfðum ritaraverkefnum og ýmissi opinberri þjónustu, svo sem á sviði tollgæslu, leyfisveitinga og löggæslu.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**331 Sérhæfð störf í fjármálaþjónustu**

**332 Sérhæfð innkaupa- og sölustörf**

**333 Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu**

**334 Störf sérhæfðra fulltrúa og ritara**

**335 Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum**

# 331 Sérhæfð störf í fjármálaþjónustu

Sérhæfð störf í fjármálaþjónustu fela í sér að verðmeta hluti og eignir, halda skrá yfir fjármálaviðskipti, afgreiða lánaumsóknir, kaupa og selja verðbréf og sjá um tengda útreikninga.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3311 Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa**

**3312 Störf þjónusturáðgjafa og lánafulltrúa**

**3313 Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald**

**3314 Sérhæfð störf tengd tölfræði og stærðfræði**

**3315 Störf við matsgerð og tjónamat**

## 3311 Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa

Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa fela í sér að kaupa, selja og veita ráðgjöf um verðbréf, hlutabréf, skuldabréf og aðra fjármálagerninga, stunda gjaldeyrisviðskipti fyrir hönd eigin fyrirtækis eða viðskiptavinar gegn þóknun.

Verkefni eru meðal annars:

- að afla upplýsinga um fjárhagsaðstæður viðskiptavina og fyrirtækja þar sem möguleikar eru á fjárfestingum,
- að greina markaðsþróun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra fjármálagerninga, þ.m.t. erlends gjaldeyris,
- að upplýsa viðskiptavini um markaðsaðstæður og markaðshorfur,
- að veita ráðgjöf og taka þátt í samningaviðræðum um skilmála og tilhögun lána og staðsetningu verðbréfa og hlutabréfa á fjármálamarkaði til fjármagnsöflunar fyrir viðskiptavini.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- gjaldeyrismiðlari
- verðbréfamiðlari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf – 2412

## 3312 Störf þjónusturáðgjafa og lánafulltrúa

Störf þjónusturáðgjafa og lánafulltrúa fela í sér að veita ráðgjöf um fjármál, meta upplýsingar lánaumsókna og samþykkja eða hafna viðskiptavinum um lán eða leggja slíka ákvörðun fyrir næsta yfirmann.

Verkefni eru meðal annars:

- að ræða við umsækjendur um lánamöguleika, meta fjárhagsstöðu, lánshæfi og greiðslugetu þeirra,
- að fylla út fylgiskjöl lána og áframsenda umsóknir um lán til næsta yfirmanns með ráðleggingum um samþykki eða höfnun þeirra,
- að samþykkja eða hafna lánaumsóknum innan tiltekinna heimilda til að gæta þess að útlánareglum fyrirtækis eða stofnunar sé fylgt,
- að halda skrár yfir greiðslur og útbúa stöðluð innheimtubréf vegna vanskila,
- að veita ráðgjöf varðandi einstaklingsfjármál og fjármál fyrirtækja.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- lánafulltrúi
- þjónusturáðgjafi í banka

## 3313 Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald

Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald fela í sér að halda ítarlegar skrár yfir öll fjármálaviðskipti fyrirtækis og meta nákvæmni skjala og skráa.

Verkefni eru meðal annars:

- að halda bókhald yfir öll fjármálaviðskipti fyrirtækis samkvæmt bókhaldsreglum og bókhaldslögum,
- að meta nákvæmni fylgiskjala og skráa sem varða greiðslur, kvittanir o.þ.h. og halda þeim til haga skv. reglum um reikningsskil,
- að undirbúa ársreikninga og skýrslur fyrir tiltekin tímabil,
- að beita þekkingu um reglur og starfsvenjur í bókhaldi til þess að greina og leysa vandamál sem upp koma,
- að hafa umsjón með störfum aðstoðarfólks í reikningsskilum og bókhaldi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bókari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við endurskoðun – 2411
- Sérhæfð störf tengd tölfræði og stærðfræði – 3314
- Störf við bókfærslu og reikningshald – 4311

## 3314 Sérhæfð störf tengd tölfræði og stærðfræði

Sérhæfð störf tengd tölfræði og stærðfræði fela í sér að safna, vinna úr og kynna tölfræðileg, stærðfræðileg eða tryggingarfræðileg gögn undir handleiðslu sérfræðinga á viðkomandi sviði.

Verkefni eru meðal annars:

- að aðstoða við áætlanagerð og framkvæmd tölfræðilegra, stærðfræðilegra og tryggingarfræðilegra útreikninga,
- að undirbúa mat á magni og kostnaði efnis og vinnu fyrir framkvæmd tölfræðikannana,
- að sinna tæknilegum verkefnum er varða stofnun, viðhald og notkun skráa,
- að sinna tæknilegum verkefnum er varða framkvæmd gagnasöfnunar og gæðaeftirlit vegna tölfræðirannsókna,
- að undirbúa tölfræðilega, stærðfræðilega og tryggingarfræðilega útreikninga og niðurstöður og kynna þær á myndrænan hátt eða í töfluformi,
- að nýta sérþekkingu um reglur og starfsvenjur í tölfræði, stærðfræði og tryggingarfræði til þess að greina og leysa vandamál sem upp koma.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fulltrúi við úrvinnslu tölfræðigagna

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði – 2120
- Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald – 3313
- Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar – 4312

## 3315 Störf við matsgerð og tjónamat

Störf við matsgerð og tjónamat fela í sér að meta gæði og verðgildi eigna og tjóna í tryggingamálum.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta gæði eða verðmæti hráefna, fasteigna, iðnaðartækja, persónulegra eigna og húsbúnaðar, listaverka, skartgripa og annarra hluta,
- að meta umfang skemmda eða tjóns og ábyrgðir vátryggingarfélaga og vátryggjenda fyrir tjóni sem falla undir vátryggingarsamninga,
- að meta ástand eigna og afla upplýsinga um sölu- og verðgildi svipaðra eigna,
- að undirbúa skýrslur um verðmæti þar sem fram koma matsþættir og -aðferðir sem notast er við.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- eftirlitsaðili bótakrafna
- skoðunarmaður fasteigna
- tjónamatsmaður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu ót.a.s. – 3339

# 332 Sérhæfð innkaupa- og sölustörf

Sérhæfð innkaupa- og sölustörf fela í sér að kaupa og selja vörur, vátryggingar og flutningsþjónustu eða koma á tengslum milli kaupenda og seljenda fyrir hönd annarra.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3321 Störf tengd ráðgjöf og sölu trygginga**

**3322 Störf við umboðssölu**

**3323 Störf við innkaup í fyrirtækjum og stofnunum**

**3324 Störf við viðskipta- og vörumiðlun**

## 3321 Störf tengd ráðgjöf og sölu trygginga

Störf tengd ráðgjöf og sölu trygginga fela í sér að veita ráðgjöf og selja nýjum og núverandi viðskiptavinum ýmsar tegundir trygginga.

Verkefni eru meðal annars:

- að afla upplýsinga frá viðskiptavinum svo hægt sé að ákvarða viðeigandi tegund trygginga og skilyrða,
- að semja við viðskiptavini og ákveða tegund og áhættustig trygginga,
- að upplýsa viðskiptavini um tryggingar, skilyrði, iðgjöld og ávinning,
- að reikna út iðgjöld og ákveða greiðslumáta,
- að veita ráðgjöf, semja um skilmála og gera vátryggingarsamninga fyrir stór verkefni eða sérstaka tegund verkefna, mannvirkja eða áhættu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- tryggingasali
- tryggingaráðgjafi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa – 3311
- Störf við matsgerð og tjónamat – 3315
- Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar – 4312

## 3322 Störf við umboðssölu

Störf við umboðssölu fela í sér að koma fram fyrir hönd fyrirtækis eða tiltekinnar framleiðslu, selja fyrirtækjum og stofnunum ýmsar vörur og þjónustu og veita sértækar vöruupplýsingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að útbúa pantanir og selja vörur til smásöluverslana, iðnfyrirtækja, heildsöluverslana og annarra fyrirtækja og stofnana,
- að öðlast og auka við þekkingu á markaðsaðstæðum og vörum og þjónustu vinnuveitenda og keppinauta,
- að veita mögulegum viðskiptavinum upplýsingar um eiginleika og virkni söluvara eða -búnaðar og sýna fram á gagnsemi eða kosti þeirra,
- að gefa upp verð, skrá niður pantanir og skipuleggja vöruafhendingar,
- að upplýsa birgja og framleiðendur um viðbrögð og kröfur viðskiptavina.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fulltrúi við umboðssölu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði – 2433
- Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði – 2434
- Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum – 5223
- Störf við sölu í heimahúsum – 5243

## 3323 Störf við innkaup í fyrirtækjum og stofnunum

Störf við innkaup í fyrirtækjum og stofnunum fela í sér að kaupa vörur og þjónustu til notkunar eða endursölu fyrir hönd fyrirtækja og stofnana.

Verkefni eru meðal annars:

- að útbúa samninga og semja um skilmála varðandi kaup á búnaði, hráefnum, afurðum, þjónustu og vörum til endursölu,
- að kaupa búnað, efni eða þjónustu til notkunar eða frekari vinnslu hjá eigin fyrirtæki,
- að kaupa varning til endursölu af smásölu- eða heildsölufyrirtækjum sem uppfylla kröfur fyrirtækisins,
- að kynna sér skýrslur og kynningarefni, fara á vörusýningar eða í verksmiðjur,
- að halda fundi með birgjum og semja um verð, afslætti, greiðslufresti og tilhögun vöruafhendingar,
- að hafa yfirumsjón með dreifingu á varningi og sjá til þess að fullnægjandi birgðir séu tiltækar á lager,
- að skipuleggja afhendingaráætlanir, fylgjast með framvindu og hafa samband við viðskiptavini og birgja til að leysa úr vandamálum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- innkaupafulltrúi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við viðskipta- og vörumiðlun – 3324

## 3324 Störf við viðskipta- og vörumiðlun

Störf við viðskipta- og vörumiðlun fela í sér að kaupa og selja vörur og þjónustu á sviði flutninga, yfirleitt í miklu magni, fyrir hönd eigin fyrirtækis eða viðskiptavina gegn þóknun.

Verkefni eru meðal annars:

- að koma á tengslum og samningum milli kaupenda og seljenda,
- að veita viðskiptavinum ráðgjöf um skilyrði fyrir kaupum eða sölu,
- að útvega, kaupa og selja farmrými í skipum,
- að semja um kaup eða sölu á vörum á uppboðum í umboði viðskiptavinar, leggja fram tilboð og annast viðskipti,
- að finna farm- og/eða geymslurými fyrir vörur og semja um farm-, flutnings- og geymslugjöld,
- að fylgjast með og greina markaðsþróun og aðra þætti sem hafa áhrif á framboð og eftirspurn eftir vörum og þjónustu á sviði flutninga.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ráðgjafi í viðskiptaþjónustu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa – 3311
- Störf tengd ráðgjöf og sölu trygginga – 3321

# 333 Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu

Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu fela í sér að koma á tengslum milli kaupenda og seljenda fyrir ýmsa þjónustu, svo sem auglýsingarými í fjölmiðlum, umsjón tollafgreiðslu, atvinnuleit, vinnumiðlun, útbúa samninga fyrir íþróttafólk, skemmtikrafta, listamenn og rithöfunda og skipuleggja og stýra ráðstefnum og öðrum viðburðum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3331 Störf við tollvöru- og vöruflutningamiðlun**

**3332 Störf við viðburðastjórnun**

**3333 Störf við vinnumiðlun**

**3334 Störf við fasteignasölu og fasteignaumsýslu**

**3339 Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu ót.a.s.**

## 3331 Störf við tollvöru- og vöruflutningamiðlun

Störf við tollvöru- og vöruflutningamiðlun fela í sér að sjá um tollafgreiðslu og ganga úr skugga um að tryggingar, inn- og útflutningsleyfi séu í gildi.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um tollafgreiðslu fyrir inn- og útflutning,
- að ganga úr skugga um að viðeigandi tryggingar, inn- og útflutningsleyfi séu í gildi,
- að útbúa og undirrita farmbréf,
- að yfirfara fylgiskjöl og upplýsingar um farm og flokka í mismunandi verð- eða tollflokka samkvæmt tollskrá.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- flutningsmiðlari
- tollvörumiðlari

## 3332 Störf við viðburðastjórnun

Störf við viðburðastjórnun fela í sér að skipuleggja og stýra þjónustu fyrir ráðstefnur, viðburði, samkomur og veislur.

Verkefni eru meðal annars:

- að kynna ráðstefnur, sölu- og vörusýningar fyrir mögulegum viðskiptavinum,
- að svara fyrirspurnum um þá þjónustu sem í boði er og veita upplýsingar um kostnað, svo sem leigu á búnaði, veisluþjónustu og tengdri þjónustu,
- að ræða við viðskiptavini um þarfir þeirra og semja um verð,
- að skipuleggja og samræma aðstöðu, veitingar, auglýsingar, útstillingar, hljóð-, mynd- og tölvubúnað, gistingu, ferðir og félagslega viðburði fyrir þátttakendur,
- að hafa umsjón með skráningu þátttakenda,
- að semja um tegund og kostnað þjónustu sem veita á innan fjárhagsáætlunar,
- að hafa yfirumsjón með störfum verktaka.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skipuleggjandi ráðstefna
- viðburðarstjóri

## 3333 Störf við vinnumiðlun

Störf við vinnumiðlun fela í sér að aðstoða fólk í atvinnuleit við að finna störf við hæfi, finna starfsfólk fyrir vinnuveitendur og ráða starfsfólk í sérstök verkefni að beiðni fyrirtækja og stofnana.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ráðgjöf og aðstoða fólk í atvinnuleit við að finna störf við hæfi,
- að útvega starfsfólk í laus störf gegn þóknun,
- að aðstoða atvinnurekendur við hæfniviðmið umsækjenda og auglýsingabirtingu starfs,
- að finna starfsfólk með viðeigandi menntun, reynslu og færni og aðstoða við ráðningaviðtöl.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fulltrúi við ráðningar
- vinnumiðlari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við starfsráðgjöf og starfsmannahald – 2423
- Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu ót.a.s. – 3339

## 3334 Störf við fasteignasölu og fasteignaumsýslu

Störf við fasteignasölu og fasteignaumsýslu fela í sér að veita ráðgjöf vegna sölu, kaupa eða leigu á fasteignum og landareignum, yfirleitt fyrir hönd viðskiptavina og gegn þóknun.

Verkefni eru meðal annars:

- að afla upplýsinga um eignir til sölu eða leigu og þarfir líklegra kaupenda eða leigjenda,
- að sýna líklegum kaupendum eða leigjendum eignir til sölu eða leigu og útskýra sölu- eða leiguskilmála,
- að hafa milligöngu um og útbúa leigu- og sölusamninga og útbúa kostnaðaráætlanir,
- að sjá um að samningar séu undirritaðir og að afsal eigi sér stað,
- að innheimta leigu fyrir hönd eigenda og skoða eignir áður, á meðan og eftir að leigutíma lýkur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fasteignasali
- leigumiðlari

## 3339 Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 333: Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu. Í þessum klasa eru meðal annars störf þeirra sem koma á viðskiptasamböndum, selja þjónustu til fyrirtækja eins og auglýsingarými í fjölmiðlum, útbúa og skipuleggja pakka- og hópferðir, útbúa samninga fyrir íþróttafólk, skemmtikrafta, listamenn og rithöfunda og selja eignir og vörur á uppboði.

Verkefni eru meðal annars:

- að afla upplýsinga um þá þjónustu sem á að selja og þarfir líklegra kaupenda,
- að sjá um samninga fyrir hönd seljanda eða kaupanda og útskýra sölu- og greiðsluskilmála fyrir viðskiptavinum,
- að undirrita samninga fyrir hönd seljanda eða kaupanda og ganga úr skugga um að samningurinn sé uppfylltur,
- að sjá um að viðskiptaþjónusta sé aðgengileg kaupanda á því formi og þeim tíma sem samið var um,
- að skipuleggja og bóka ferðir fyrir hópa,
- að selja á uppboði ýmsar tegundir eigna, svo sem bifreiðar, listaverk og skartgripi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- auglýsingasali
- umboðsmaður íþróttafólks
- umboðsmaður rithöfunda
- umboðsmaður tónlistarfólks
- uppboðshaldari

# 334 Störf sérhæfðra fulltrúa og ritara

Störf sérhæfðra fulltrúa og ritara fela í sér að styðja við skipulag, samhæfingu stjórnunar, samskipti og skjalaskráningu með þekkingu á starfsemi viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Verkstjórn annars starfsfólks getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3341 Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu**

**3342 Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði**

**3343 Sérhæfð störf ritara við stjórnun**

**3344 Sérhæfð störf ritara í heilbrigðisþjónustu**

## 3341 Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu

Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu fela í sér að hafa yfirumsjón með og samræma verkefni og störf á skrifstofu.

Verkefni eru meðal annars:

- að samræma, úthluta og fylgja eftir verkefnum skrifstofufólks sem annast ritvinnslu, skjalavistun, símsvörun, gagnaskráningu og skjalagerð,
- að útbúa áætlanir, setja verklagsreglur og samræma vinnu með öðrum starfseiningum og deildum,
- að hafa umsjón með innkaupum á birgðum og búnaði sem tilheyra rekstri skrifstofu,
- að skipuleggja starfsþjálfun, kynna öryggisreglur og stefnur skipulagsheildar,
- að aðstoða við ráðningar og val á starfsfólki.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skrifstofustjóri (ekki við stjórnun)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérhæfð störf við meðhöndlun heilbrigðisgagna– 3252
- Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði – 3342
- Sérhæfð störf ritara við stjórnun – 3343
- Sérhæfð störf ritara í heilbrigðisþjónustu – 3344

## 3342 Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði

Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði fela í sér að nýta þekkingu á lagahugtökum og lagalegum málsmeðferðum til að aðstoða lögfræðinga við samskipti, umsýslu skjala og samræmingu verkefna, á lögfræðistofum eða -deildum.

Verkefni eru meðal annars:

- að undirbúa og yfirfara lagaleg skjöl,
- að sjá um að lagaleg bréf og gögn berist viðskiptavinum, vitnum og dómstólum,
- að skipuleggja og viðhalda skjölum og lagabókasöfnum,
- að skipuleggja og bóka fundi,
- að aðstoða við undirbúning fjárhagsáætlana, fylgjast með útgjöldum og sjá um innkaup,
- að hafa yfirumsjón með verkefnum skrifstofustarfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- lögfræðiritari
- skrifstofufólk á lögmannsstofu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði – 3411

## 3343 Sérhæfð störf ritara við stjórnun

Sérhæfð störf ritara við stjórnun fela í sér að útfæra og aðstoða stjórnendur og sérfræðinga við samskipti, samræmingu og skipulag verkefna.

Verkefni eru meðal annars:

- að undirbúa og skrifa drög að bréfum, skýrslum og skrám og sjá um fundargerðir,
- að setja og fylgjast með skilafrestum og dagsetningum,
- að skipuleggja og bóka fundi og sjá um ferðatilhaganir,
- að aðstoða við undirbúning fjárhagsáætlana, fylgjast með útgjöldum og sjá um innkaup,
- að ráðfæra sig við annað starfsfólk um fjölda mála er varða starfsemi fyrirtækis,
- að hafa yfirumsjón með verkefnum skrifstofustarfsfólks.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnunarritari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Ritarastörf – 4120

## 3344 Sérhæfð störf ritara í heilbrigðisþjónustu

Sérhæfð störf ritara í heilbrigðisþjónustu fela í sér að nota þekkingu á læknisfræðilegum hugtökum og verklagi í heilbrigðisþjónustu til að aðstoða fagfólk með því að sinna boðskiptum, skjölun og umsýslu.

Verkefni eru meðal annars:

- að bóka tíma hjá læknum og sjá til þess að upplýsingar berist til heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga,
- að skrá niður, halda utan um og fara yfir skýrslur, skjöl og bréf lækna,
- að undirbúa reikninga, fylla út tryggingareyðublöð og önnur eyðublöð,
- að aðstoða við undirbúning fjárhagsáætlana, gera uppköst að samningum og sjá um innkaup eða birgðapantanir,
- að hafa yfirumsjón með verkefnum skrifstofustarfsfólks.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- heilbrigðisritari

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérhæfð störf við meðhöndlun heilbrigðisgagna – 3252
- Ritarastörf – 4120
- Störf í móttöku – 4226

# 335 Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum

Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum fela í sér að sjá um, framfylgja eða beita tilteknum lögum og reglugerðum er varða landamæragæslu, skattlagningu og úthlutun félagslegrar þjónustu, rannsaka vettvang í tengslum við afbrot, yfirfara umsóknir og gefa út leyfi eða heimildir er varða ferðaþjónustu, inn- og útflutning á vörum, stofnun fyrirtækja, byggingu mannvirkja og annað sem fellur undir opinberar reglur.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3351 Störf við tollgæslu og útlendingaeftirlit**

**3352 Störf við opinbera gjaldheimtu**

**3353 Störf við úthlutun lífeyris, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta**

**3354 Störf við leyfisveitingar og útgáfu skilríkja**

**3355 Störf við löggæslu og lögreglurannsóknir**

**3359 Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum ót.a.s.**

## 3351 Störf við tollgæslu og útlendingaeftirlit

Störf við tollgæslu og útlendingaeftirlit fela í sér landamæraeftirlit með einstaklingum og vörum og sjá til þess að farið sé eftir gildandi opinberum lögum og reglugerðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að hafa eftirlit með landamærum og hindra ólöglega komu eða brottför einstaklinga,
- að hindra ólöglegan inn- eða útflutning á gjaldeyri eða vörum,
- að skoða skilríki einstaklinga sem fara yfir landamæri og ganga úr skugga um að þeir hafi nauðsynlegar heimildir,
- að skoða farangur einstaklinga sem fara yfir landamæri og ganga úr skugga um að hann sé í samræmi við reglur um inn- eða útflutning á vörum og gjaldeyri,
- að skoða flutningsskjöl og farm ökutækja við landamæri og ganga úr skugga um að hann sé í samræmi við reglur er varða vöruflutninga,
- að leita á fólki ef ástæða þykir til, setja einstaklinga í gæslu og gera upptækar vörur eða hluti,
- að samræma aðgerðir og vera í samstarfi við aðrar stofnanir sem sinna löggæslu, brottvísunum og saksóknum,
- að skrá niður úrskurði, færslur, brot og ákvarðanir,
- að bera vitni fyrir dómstólum ef þörf krefur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fulltrúi við vegabréfaeftirlit
- tollvörður

## 3352 Störf við opinbera gjaldheimtu

Störf við opinbera gjaldheimtu fela í sér að fara yfir skattskýrslur og önnur skjöl til að ákvarða um álagningu skatta, tolla og álögur á einstaklinga eða fyrirtæki.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita stofnunum, fyrirtækjum og almenningi ráðgjöf um lög og reglugerðir varðandi ákvarðanir og greiðslu á sköttum, tollum og öðrum opinberum gjöldum,
- að fara yfir skattframtöl og önnur viðeigandi skjöl til að ákvarða tegund og upphæð skatta, tolla og annarra gjalda,
- að rannsaka skattframtöl og bókhald og innra eftirlit stofnana og fyrirtækja til að tryggja að farið sé að skattalögum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fulltrúi á skattstofu
- fulltrúi við innheimtu opinberra gjalda

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við endurskoðun – 2411

## 3353 Störf við úthlutun lífeyris, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta

Störf við úthlutun lífeyris, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta fela í sér að skoða og meta umsóknir um bætur eða þjónustu til að ákvarða hæfi og upphæð bóta eða viðeigandi þjónustu.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita einstaklingum, stofnunum eða fyrirtækjum ráðgjöf um lög og reglugerðir er varða bótakerfi hins opinbera og taka ákvarðanir um greiðslur eða tilvísanir á þjónustu, sem og varðandi réttindi og skyldur almennings,
- að skoða umsóknir og önnur gögn til að ákvarða tegund og upphæð bóta,
- að meta fylgiskjöl umsókna og vera í sambandi við bótaþega vegna áframhaldandi bóta eða þjónustu,
- að inna af hendi tengd verkefni, halda við skrám og undirbúa skýrslur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ráðgjafi við almannatryggingar
- tryggingafulltrúi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í félagsráðgjöf – 2635

## 3354 Störf við leyfisveitingar og útgáfu skilríkja

Störf við leyfisveitingar og útgáfu skilríkja fela í sér að skoða og meta leyfisumsóknir vegna út- og innflutnings á vörum, stofnunar fyrirtækja, byggingar húsa eða annarra mannvirkja og umsókna vegabréfa auk þess að tilgreina sérstök skilyrði eða sérstakar takmarkanir á útgefnum leyfum.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita einstaklingum ráðgjöf um lög og reglugerðir varðandi nauðsynleg leyfi, skilyrði fyrir slíkum leyfum og réttindi og skyldur almennings,
- að skoða og meta umsóknir og tengd gögn og ákveða hvort gefa skuli út leyfi, vegabréf, ökuskírteini eða önnur skilríki,
- að vinna úr umsóknum, skrá niður mat og ákvarðanir og skrifa bréf til að tilkynna umsækjendum um leyfisveitingar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fulltrúi við leyfisveitingar
- skrifstofufólk við útgáfu persónuskilríkja

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð – 3112

## 3355 Störf við löggæslu og lögreglurannsóknir

Störf við löggæslu og lögreglurannsóknir fela í sér að tryggja að lögum og reglum sé fylgt, rannsaka afbrot og afla upplýsinga um kringumstæður eða hegðun einstaklinga til að koma upp um brotamenn og fyrirbyggja afbrot.

Verkefni eru meðal annars:

- að koma á fót tengiliðum og heimildarmönnum vegna skipulagningar afbrota eða varðandi afbrot sem þegar hafa verið framin,
- að rannsaka og koma höndum yfir sönnunargögn með því að skoða afbrota- eða slysstaði og leita vísbendinga, yfirheyra vitni og meinta brotamenn,
- að greina sönnunargögn til að leysa sakamál, koma auga á afbrotastarfsemi og safna gögnum fyrir dómsmál,
- að sjá um handtökur,
- að bera vitni fyrir dómstólum eða tilkynna stjórnendum um kringumstæður og niðurstöður rannsókna,
- að stýra umferð og stjórna aðstæðum á slysstað,
- að bregðast við neyðartilvikum.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- lögregluþjónn
- rannsóknarlögreglumaður
- varðstjóri

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf æðstu embættismanna ríkis og sveitarstjórna – 1112
- Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu ót.a.s.– 1349

## 3359 Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitstofnunum sem ekki eru flokkuð annars staðar, til dæmis eftirlitsfólk í landbúnaði, fiskvinnslu, skógrækt og launa- og verðlagseftirliti.

Verkefni eru meðal annars:

- að heimsækja fyrirtæki og tryggja að rétt mælitæki séu notuð,
- að fylgjast með framkvæmd reglugerða varðandi verðlag,
- að fylgjast með reglugerðum er snúa að launum og meta hvort farið sé eftir gildandi vinnulöggjöf,
- að skrá óæskilega viðskiptahætti, brot og niðurstöður og útbúa skýrslur og bréf.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fulltrúi við veiðieftirlit
- fulltrúi við verðlagseftirlit

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð – 3112
- Tækni- og ráðgjafastörf á sviði vinnuverndar, heilbrigðis- og umhverfismála – 3257

# 34 Sérhæfð störf í félags-, tómstunda- og menningargreinum

Sérhæfð störf í félags-, tómstunda- og menningargreinum fela í sér að beita sérhæfðri þekkingu við verkefni í lögfræðiþjónustu, félagsráðgjöf, menningarmálum, matvælavinnslu, íþróttaiðkun og trúmálum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**341 Sérhæfð störf í lögfræði og félagsmálum**

**342 Sérhæfð störf í íþróttum og líkamsrækt**

**343 Sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu**

# 341 Sérhæfð störf í lögfræði og félagsmálum

Sérhæfð störf í lögfræði og félagsmálum fela í sér aðstoð við málsmeðferðir og rannsóknir, að leiðbeina varðandi félags- og tómstundamál og aðstoða við trúarathafnir.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3411 Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði**

**3412 Störf við ráðgjöf í félags-, tómstunda- og æskulýðsmálum**

**3413 Störf tengd trúarbrögðum**

## 3411 Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði

Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði fela í sér að veita þjónustu og sinna verkefnum varðandi lagaleg mál.

Verkefni eru meðal annars:

- að skrá niður málarekstur og dóma,
- að afhenda stefnur, kvaðningar, skipanir og aðra dómsúrskurði,
- að undirbúa lagagerninga, svo sem málflutningsskjöl, áfrýjanir, erfðarskrár og samninga,
- að fara yfir staðreyndir, safna sönnunargögnum og rannsaka samþykktir, ákvarðanir og aðra lagagerninga við undirbúning mála,
- að veita skjólstæðingum ráðgjöf varðandi lagaleg atriði,
- að útbúa skjöl fyrir opinbera skráningu og skjöl með úttekt á lagalegri stöðu eða útlistun á skilyrðum lána eða vátrygginga.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fulltrúi á lögfræðistofu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í lögfræði við dómstóla – 2611
- Sérfræðistörf í lögfræði ót.a.s. – 2619
- Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði – 3342

## 3412 Störf við ráðgjöf í félags-, tómstunda- og æskulýðsmálum

Störf við ráðgjöf í félags-, tómstunda- og æskulýðsmálum fela í sér ráðgjöf og félagslega aðstoð við þjónustuþega.

Verkefni eru meðal annars:

- að aðstoða fatlaða eða aldraða við að sækja sér þjónustu og auka hæfni þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu,
- að aðstoða þjónustuþega við að skoða valkosti og skipuleggja og samhæfa meðferðarúrræði,
- að aðstoða þjónustuþega við að skoða og meta félagslega aðstoð, þ.m.t. lagaleg, læknisfræðileg og fjárhagsleg úrræði og þjónustu sem snýr að húsnæði, samgöngum, atvinnu og dagvistun,
- að veita ráðgjöf og stuðning við daglegt líf einstaklinga í endurhæfingu og athvörfum og efla félagslega virkni þeirra,
- að vinna að endurhæfingu með því að skipuleggja og sjá um félagsstarf einstaklinga og hópa,
- að sjá um verkefni og vinnustofur í lífsleikni, meðferðir við vímuefnamisnotkun, atferlisnámskeið, fræðslunámskeið fyrir ungmenni og aðra undir handleiðslu sérmenntaðs starfsfólks í félagsráðgjöf eða heilbrigðismálum,
- að hafa eftirlit með og aðstoða við mat á skilvirkni veittrar þjónustu og fylgjast með framvindu þjónustuþega.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- forvarnarfulltrúi
- félagsmálafulltrúi
- umsjónarmaður félagsstarfs

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í félagsráðgjöf – 2635

## 3413 Störf tengd trúarbrögðum

Störf tengd trúarbrögðum fela í sér að aðstoða presta eða trúarsamfélög, sinna verkefnum sem eru trúarlegs eðlis, predika og breiða út kenningar tiltekinna trúarbragða og leitast við að bæta líðan einstaklinga í krafti trúar og trúarlegrar ráðgjafar.

Verkefni eru meðal annars:

- að sinna trúarlegum verkefnum og boða tilteknar trúarkenningar,
- að aðstoða við guðþjónustur og helgiathafnir,
- að sjá einstaklingum og samfélögum fyrir kennslu í trúarbrögðum, veita þeim trúarlega leiðsögn og siðferðislegan stuðning,
- að sjá um og taka þátt í verkefnum sem snúa að hjálparstarfi.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- munkur
- nunna
- trúboði

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf tengd trúarbrögðum – 2636

# 342 Sérhæfð störf í íþróttum og líkamsrækt

Sérhæfð störf í íþróttum og líkamsrækt fela í sér að æfa fyrir og keppa í íþróttum til fjárhagslegs ávinnings, þjálfa áhuga- og atvinnufólk í íþróttum, stuðla að þátttöku innan íþróttagreina, skipuleggja íþróttaviðburði, sjá um dómgæslu, sinna kennslu, þjálfun og hafa umsjón með líkamsrækt og annarri hreyfingu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3421 Störf við íþróttaiðkun**

**3422 Störf við íþróttaþjálfun og dómgæslu**

**3423 Störf við leiðsögn tengda hreyfingu**

## 3421 Störf við íþróttaiðkun

Störf við íþróttaiðkun fela í sér að æfa og taka þátt í keppnisíþróttum til fjárhagslegs ávinnings, annað hvort í einstaklings- eða hópíþróttum.

Verkefni eru meðal annars:

- að mæta á æfingar, stunda þjálfun og viðhalda færni í tiltekinni íþróttagrein,
- að taka þátt í kynningarviðburðum fyrir íþróttir og veita viðtöl við fjölmiðla,
- að meta andstæðinga og keppnisaðstæður,
- að keppa í íþróttum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- atvinnufólk í íþróttum

## 3422 Störf við íþróttaþjálfun og dómgæslu

Störf við íþróttaþjálfun og dómgæslu fela í sér að starfa með áhuga- og atvinnufólki í íþróttum, þjálfa og bæta frammistöðu þess, skipuleggja íþróttaviðburði og dæma íþróttaleiki samkvæmt leikreglum.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja þjálfun og æfingar,
- að hvetja íþróttafólk áfram og undirbúa fyrir keppnir,
- að búa til keppnisáætlanir, þróa leikjaáætlanir og leiðbeina íþróttafólki á meðan á keppnum stendur,
- að greina og meta frammistöðu íþróttafólks eða liða og breyta æfingaráætlunum eftir þörfum,
- að greina leikni og frammistöðu og ákveða úrbætur,
- að sinna dómgæslu í íþróttakeppnum og tryggja að farið sé eftir leik- og öryggisreglum,
- að fylgjast með leiktíma og halda stigaskor,
- að dæma frammistöðu keppenda, gefa stig, dæma víti fyrir brot og taka ákvarðanir um úrslit.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- íþróttaþjálfari
- íþróttadómari

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við leiðsögn tengda hreyfingu – 3423

## 3423 Störf við leiðsögn tengda hreyfingu

Störf við leiðsögn tengda hreyfingu fela í sér að vera í forsvari fyrir, leiðbeina og kenna hópum og einstaklingum tómstundastarf, líkamsrækt eða útivist.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja og sjá um tómstundarstarf og líkamsrækt,
- að hafa eftirlit með öryggi tómstundarstarfs, íþróttaiðkunar eða líkamsræktar og veita neyðaraðstoð eða fyrstu hjálp ef þess gerist þörf,
- að leggja mat á og fylgjast með leikni og líkamsástandi þátttakenda og veita ráðgjöf um iðkun,
- að sýna og kenna líkamsæfingar, lykilhugtök og færni í líkamsræktaræfingum og tómstundarstarfi,
- að veita ráðgjöf varðandi notkun búnaðar,
- að útskýra og fylgja eftir öryggisferlum og öryggisreglum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- einkaþjálfari
- köfunarkennari
- líkamsræktarþjálfari
- reiðkennari
- siglingakennari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við íþróttaþjálfun og dómgæslu – 3422

# 343 Sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu

Sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu fela í sér að samtvinna skapandi hæfileika og tækni- og menningarlega þekkingu í ljósmyndun, leikmyndahönnun, útstillingum og uppsetningu sýninga, sjá um að viðhalda bókum og munum safna, skrám og flokkunarkerfum, setja saman matseðla og útbúa mat og aðstoða við leikhús-, kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3431 Störf við ljósmyndun**

**3432 Störf við hönnun og útstillingu**

**3433 Tæknistörf við skjala-, safn- og bókavörslu**

**3434 Störf við hönnun rétta og samsetningu matseðla**

**3435 Önnur sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu**

## 3431 Störf við ljósmyndun

Störf við ljósmyndun fela í sér að nota myndavélar til að taka ljósmyndir af ýmsum viðfangsefnum og vinna þær.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka ljósmyndir fyrir auglýsingar eða greinar í dagblöðum, tímaritum og öðru útgefnu efni,
- að taka andlitsmyndir af einstaklingum og hópmyndir eftir þörfum og óskum viðskiptavina,
- að ákveða tegund myndavélar og annars búnaðar, lýsingu og bakgrunn,
- að nota forrit og annan tölvubúnað til að vinna ljósmyndir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ljósmyndari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf við upptökur og útsendingar – 3521
- Störf við fíntækjasmíði – 7311
- Störf við grafíska miðlun – 7321

## 3432 Störf við hönnun og útstillingu

Störf við hönnun og útstillingu snúast um að skipuleggja og hanna innra rými verslana, fyrirtækja og íbúðarhúsnæðis. Störf við slíka hönnun fela einnig í sér að samræma og taka þátt í smíði og uppsetningu.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákvarða útfærslu hönnunar í samráði við viðskiptavini,
- að meta kröfur og greina þarfir út frá rými, hagnýtingu, öryggi og fagurfræði,
- að þróa hönnunarhugmyndir fyrir innra rými bygginga,
- að útbúa teikningar, skýringarmyndir og uppdrætti til að miðla hugmyndum og útfærslum,
- að meta, velja og mæla með efnum, húsgögnum og vörum fyrir innra rými,
- að samræma smíðar og skreytingar,
- að hanna og mála sviðsmyndir,
- að hanna, stilla upp í og skreyta sýningarglugga og önnur svæði til að kynna vörur og þjónustu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- innanhússhönnuður
- leikmyndahönnuður
- útstillingahönnuður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf í arkitektúr – 2161

## 3433 Tæknistörf við skjala-, safn- og bókavörslu

Tæknistörf við skjala-, safn- og bókavörslu fela í sér að hafa eftirlit með og sinna vörslu bóka, skjala, listaverka og annarra gripa fyrir söfn, skipuleggja og setja upp sýningar og aðstoða bókasafns- og upplýsingafræðinga við að skipuleggja og nota kerfi til skráninga og skjölunar.

Verkefni eru meðal annars:

- að festa upp og undirbúa gripi fyrir sýningar,
- að hanna og skipuleggja innréttingar, sýningarbása og sýningarsvæði,
- að aðstoða við að setja upp lýsingu og sýningarbúnað,
- að taka á móti, senda, pakka niður og taka upp sýningargripi,
- að panta inn efni fyrir bókasöfn og halda við skráninga- og útlánakerfum,
- að nýskrá og breyta upplýsingum í gagnagrunnum og skrám.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- minjavörður
- uppstoppari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við bóka- og skjalavörslu – 4411
- Sérfræðistörf við bókasafns- og upplýsingafræði – 2622

## 3434 Störf við hönnun rétta og samsetningu matseðla

Störf við hönnun rétta og samsetningu matseðla fela í sér að setja saman rétti og matseðla, hafa yfirumsjón með skipulagi, undirbúningi og matreiðslu máltíða á hótelum, veitingastöðum og mötuneytum, um borð í skipum og á einkaheimilum.

Verkefni eru meðal annars:

- að hanna, setja saman og þróa rétti og matseðla, gera kostnaðaráætlanir og sjá um innkaup hráefna,
- að hafa eftirlit með gæðum rétta frá undirbúningi til framreiðslu,
- að skoða birgðir, búnað og vinnusvæði og gæta þess að farið sé eftir gildandi stöðlum,
- að ákveða og hanna framsetningu matvæla,
- að taka þátt í ráðningarferli á starfsfólki í eldhúsi og fylgjast með frammistöðu þess,
- að undirbúa og elda flókna rétti,
- að leiðbeina starfsfólki varðandi reglur um hollustuhætti og öryggi matvæla og fylgja því eftir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- yfirkokkur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við matseld – 5120
- Störf við að útbúa skyndibita – 9411

## 3435 Önnur sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu

Undir þennan starfaflokk falla önnur sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 343: Sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu. Hér undir falla störf tækni- og aðstoðarfólks við upptökur og uppsetningu leikrita, kvikmynda, sjónvarps- og auglýsingaefnis.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- áhugaleikari
- áhættuleikari
- húðflúrari
- hvíslari
- ljósatæknir

# 35 Sérhæfð störf í upplýsinga- og fjarskiptatækni

Sérhæfð störf í upplýsinga- og fjarskiptatækni fela í sér að aðstoða og sjá um daglegan rekstur tölvukerfa, fjarskiptakerfa og -neta og sinna tæknilegum verkefnum er varða fjarskipti, útsendingar á mynd og hljóði sem og öðrum fjarskiptamerkjum á landi, í lofti eða á sjó.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**351 Tæknistörf við kerfisumsjón og notendaþjónustu**

**352 Tæknistörf við fjarskipti og útsendingar**

# 351 Tæknistörf við kerfisumsjón og notendaþjónustu

Tæknistörf við kerfisumsjón og notendaþjónustu fela í sér að veita aðstoð við daglegan rekstur á tölvukerfum og netkerfum og veita notendum tæknilega aðstoð.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3511 Tæknistörf við kerfisstjórn**

**3512 Tæknistörf við notendaþjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

**3513 Tæknistörf við netkerfi**

**3514 Störf við veftækni**

## 3511 Tæknistörf við kerfisstjórn

Tæknistörf í kerfisstjórn fela í sér aðstoð við daglega vinnslu, notkun og eftirlit á tölvukerfum, jaðarbúnaði, vélbúnaði, hugbúnaði og tengdum búnaði til að tryggja hámarksafköst og koma auga á vandamál.

Verkefni eru meðal annars:

- að hafa umsjón með jaðarbúnaði og tengdum tölvubúnaði,
- að slá inn skipanir og virkja stýribúnað í tölvum og jaðarbúnaði,
- að hafa eftirlit með kerfum, lesa úr villum og lagfæra bilanir í búnaði,
- að setja upp hugbúnað fyrir tiltekinn vélbúnað og stýrikerfi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kerfisstjóri (ekki við netkerfi)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf við netkerfi – 3513
- Störf við veftækni – 3514

## 3512 Tæknistörf við notendaþjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni

Tæknistörf við notendaþjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni fela í sér að veita notendum tæknilega aðstoð, þ.m.t. að greina og leysa úr vandamálum varðandi hugbúnað, vélbúnað, jaðarbúnað fyrir tölvur, netkerfi, gagnagrunna og internetið og veita leiðsögn og aðstoð við innleiðingu, uppsetningu og viðhald kerfa.

Verkefni eru meðal annars:

- að svara fyrirspurnum og leysa vandamál notenda um notkun á hug- eða vélbúnaði,
- að slá inn skipanir, fylgjast með virkni kerfa og finna villur,
- að setja upp og sinna lítilsháttar viðgerðum á vélbúnaði, hugbúnaði eða jaðarbúnaði,
- að hafa umsjón með daglegum afköstum fjarskipta- og tölvukerfa,
- að setja upp og tengja búnað starfsfólks,
- að halda skrár yfir dagleg gagnasamskipti, vandamál og lagfæringar eða sjá um uppsetningaraðgerðir,
- að lesa notendahandbækur, tæknigögn og önnur gögn til að leita úrlausna,
- að aðstoða við kerfisþróun.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- tæknilegur ráðgjafi í notendaþjónustu

## 3513 Tæknistörf við netkerfi

Tæknistörf í netkerfum fela í sér að setja upp og halda við netum og öðrum gagnasamskiptakerfum.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um rekstur, viðhald og villuleit í netkerfum,
- að sjá um viðhald og rekstur gagnasamskiptakerfa annarra en netkerfa,
- að aðstoða notendur við vandamál varðandi net og gagnasamskipti,
- að uppfæra búnað,
- að setja upp vélbúnað, nethugbúnað, stýrikerfi og forrit,
- að sjá um ræsingu, lokun, öryggisafritun og endurheimt fyrir tölvunet.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kerfisstjóri við netkerfi
- nettæknir

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við kerfisstjórn – 2522
- Sérfræðistörf við netkerfi – 2523
- Tæknistörf við kerfisstjórn – 3511
- Störf við veftækni – 3514

## 3514 Störf við veftækni

Störf við veftækni fela í sér að halda við og hafa eftirlit með rekstri vefsvæða og vél- og hugbúnaði netþjóna.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp, hafa eftirlit með og halda við áreiðanleika og notagildi vefsvæða eða vél- og hugbúnaði netþjóna,
- að þróa og viðhalda gögnum,að þróa og sjá um öryggisráðstafanir, að greina og koma með tillögur um hvernig hægt er að auka afköst,
- að vinna með viðskiptavinum og notendum og veita þeim ráðgjöf,
- að búa til, uppfæra og breyta vefsíðum,
- að taka öryggisafrit af vefþjóni og sjá um endurheimt.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- vefstjóri
- veftæknir

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun – 2166
- Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum – 2511
- Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun – 2512
- Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun – 2513
- Sérfræðistörf við kerfisstjórn – 2522

# 352 Tæknistörf við fjarskipti og útsendingar

Tæknistörf við fjarskipti og útsendingar fela í sér að stjórna tæknilegri vinnslu búnaðar til að taka upp, breyta myndum og hljóði, senda út útvarps- og sjónvarpsefni, auk annarra fjarskiptamerkja á landi, á sjó eða í flugvélum, inna af hendi tæknileg verkefni til aðstoðar við rannsóknir í fjarskiptaverkfræði og í hönnun, framleiðslu, samsetningu, byggingu, rekstri, viðhaldi og viðgerðum fjarskiptakerfa.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3521 Tæknistörf við upptökur og útsendingar**

**3522 Störf í fjarskiptatækni**

## 3521 Tæknistörf við upptökur og útsendingar

Tæknistörf við upptökur og útsendingar fela í sér að stjórna tæknilegri vinnslu upptökubúnaðar, breyta myndum og hljóði, sjá um útsendingar útvarps- og sjónvarpsefnis, auk annarra fjarskiptamerkja á landi, á sjó eða í flugvélum.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra hljóðupptökubúnaði,
- að stýra búnaði til að breyta og blanda mynd- og hljóðupptökur og búa til sérstakar mynd- og hljóðbrellur,
- að stjórna gervihnatta-, sendi- og dreifikerfum útvarps- og sjónvarpsefnis,
- að stjórna þráðlausum fjarskiptakerfum, gervihnattaþjónustu og margþættum kerfum á landi, á sjó og í flugvélum,
- að sjá um útsendingar, endabúnað til fjarskipta og sendikerfa, greina og leysa vandamál sem upp koma,
- að gera lagfæringar á búnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- dagskrárklippari
- stjórnandi hljóð- og myndvinnslubúnaðar
- tæknifólk við útsendingar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við ljósmyndun – 3431

## 3522 Störf í fjarskiptatækni

Störf í fjarskiptatækni fela í sér að sinna tæknilegum verkefnum og aðstoða við rannsóknir í fjarskiptaverkfræði og hönnun, framleiðslu, samsetningu, byggingu, rekstri, viðhaldi og viðgerðum á fjarskiptabúnaði.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita tæknilega aðstoð hvað varðar rannsóknir og þróun á fjarskiptabúnaði eða prófun á frumgerðum,
- að ákvarða vinnuaðferðir út frá verk- og yfirlitsteikningum,
- að koma að gerð kostnaðaráætlunar fyrir framleiðslu og uppsetningu fjarskiptabúnaðar,
- að hafa eftirlit með tæknilegum þáttum framleiðslu, notkunar, viðhalds og viðgerða á fjarskiptabúnaði og tryggja fullnægjandi afköst í samræmi við forskriftir,
- að beita þekkingu í fjarskiptatækni til að greina og leysa vandamál sem upp koma.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- tæknifólk í fjarskiptum
- tæknir við fjarskiptabúnað

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf í rafeindatækni – 3114
- Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar – 7422

# 4 Skrifstofustörf

Skrifstofustörf fela í sér að skrá, skipuleggja, vista, vinna með og safna upplýsingum og sinna margs konar skrifstofustörfum í tengslum við umsýslu fjármála, skipulagningu ferða og upplýsingagjöf. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF.

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**41 Almenn skrifstofu- og skráningarstörf**

**42 Skrifstofustörf við afgreiðslu og upplýsingagjöf**

**43 Störf við vinnslu talnagagna**

**44 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.**

# 41 Almenn skrifstofu- og skráningarstörf

Almenn skrifstofu- og skráningarstörf fela í sér að skrá, flokka, vista, safna inn upplýsingum og sinna margs konar ritaraverkefnum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**411 Almenn skrifstofustörf**

**412 Ritarastörf**

**413 Skráningar- og ritvinnslustörf**

# 411 Almenn skrifstofustörf

Almenn skrifstofustörf fela í sér fjölbreytt verkefni í samræmi við skilgreint verklag.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**4110 Almenn skrifstofustörf**

## 4110 Almenn skrifstofustörf

Almenn skrifstofustörf fela í sér fjölbreytt verkefni í samræmi við skilgreint verklag.

Verkefni eru meðal annars:

- að skrá, vinna úr, raða, flokka og skjala upplýsingar,
- að taka á móti, flokka og senda póst,
- að skipuleggja og halda utan um fundi,
- að gera skýrslur og annast almenn bréfaskipti,
- að skrá skrifstofuvörur og -búnað fyrir annað starfsfólk,
- að svara fyrirspurnum í síma og rafrænt eða framsenda fyrirspurnir til viðeigandi aðila,
- að yfirfara talnagögn, útbúa reikninga og skrá upplýsingar um viðskipti,
- að færa upplýsingar í tölvur, lesa yfir og leiðrétta texta.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skrifstofufólk við almenn skrifstofustörf

# 412 Ritarastörf

Ritarastörf fela í sér bréfritun og ritun annarra textagagna, að yfirfara og setja upp skjöl annars starfsfólks, senda og taka á móti pósti, forgangsraða beiðnum um fundi og aðrar bókanir og sinna margs konar stoðþjónustu í stjórnsýslu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**4120 Ritarastörf**

## 4120 Ritarastörf

Ritarastörf fela í sér að skrifa upp texta, yfirfara og setja upp skjöl, senda og taka á móti pósti og forgangsraða beiðnum um fundi og aðrar bókanir.

Verkefni eru meðal annars:

- að yfirfara, setja upp og skrá bréfaskipti, fundargerðir og skýrslur eftir upplestri sem og rafræn skjöl eða skrifleg drög,
- að nota ýmsan hugbúnað, svo sem töflureikni og ritvinnsluforrit,
- að taka á móti, flokka og senda póst,
- að skanna, skrá og dreifa pósti, bréfum og öðrum skjölum,
- að bóka, skipuleggja og halda utan um fundi,
- að skrá frídaga og önnur réttindi starfsfólks,
- að skipuleggja og hafa umsjón með skráningarkerfum,
- að annast ýmis samskipti.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fundarritari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði – 3342
- Sérhæfð störf ritara við stjórnun – 3343
- Sérhæfð störf ritara í heilbrigðþjónustu – 3344

# 413 Skráningar- og ritvinnslustörf

Skráningar- og ritvinnslustörf fela í sér að færa inn og vinna texta og gögn og forvinna, breyta og búa til skjöl til geymslu, frekari úrvinnslu, birtingar og sendinga.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**4131 Störf við ritvinnslu**

**4132 Störf við skráningu talnagagna**

## 4131 Störf við ritvinnslu

Störf við ritvinnslu fela í sér að slá inn, vinna með og prenta út texta og skrá upplesið eða skriflegt efni.

Verkefni eru meðal annars:

- að hreinrita efni, svo sem drög að texta eða hljóðupptökur,
- að yfirfara texta með tilliti til stafsetningar, málfræði, greinarmerkjasetningar og uppsetningar,
- að skrá og vista fullfrágengin skjöl,
- að hraðrita eftir upplestri eða öðru efni,
- að setja saman skjátexta við kvikmyndir og sjónvarpsþætti,
- að hreinrita hraðritaðar upplýsingar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ritvinnsluritari
- skrifstofufólk við ritvinnslu
- textaritari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérhæfð störf ritara við stjórnun – 3343
- Sérhæfð störf ritara í heilbrigðþjónustu – 3344

## 4132 Störf við skráningu talnagagna

Störf við skráningu talnagagna fela í sér að færa inn kóðuð gögn, tölfræðigögn, fjármálagögn og önnur talnagögn.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita viðtöku og skrá reikninga, eyðublöð, færslur og önnur gögn,
- að slá inn tölfræðigögn, kóða og texta,
- að skoða áreiðanleika gagna og leiðrétta ef þörf krefur,
- að flytja gögn á milli mismunandi hugbúnaðar, gagnagrunna og kerfa.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- gagnaritari við talnagögn
- skrifstofufólk við gagnaskráningu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við bókfærslu og reikningshald – 4311

# 42 Skrifstofustörf við afgreiðslu og upplýsingagjöf

Skrifstofustörf við afgreiðslu og upplýsingagjöf fela í sér að veita notendaþjónustu í tengslum við fjármálaviðskipti, skipuleggja ferðir, veita upplýsingar, bóka tíma, vinna á símaskiptiborði eða taka viðtöl vegna skoðanakannana.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**421 Gjaldkerastörf, fjárvarsla og skyld skrifstofustörf**

**422 Störf við upplýsingagjöf**

# 421 Gjaldkerastörf, fjárvarsla og skyld skrifstofustörf

Gjaldkerastörf, fjárvarsla og skyld skrifstofustörf fela í sér peningaviðskipti í bönkum, veðlána- eða innheimtufyrirtækjum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**4211 Gjaldkerastörf**

**4212 Störf við fjárhættuspil**

**4213 Veðlánastörf**

**4214 Störf við innheimtu**

## 4211 Gjaldkerastörf

Gjaldkerastörf fela í sér þjónustu við viðskiptavini fyrirtækja í tengslum við greiðslur, gjaldmiðlaskipti eða póstþjónustu.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka út eða leggja inn peninga viðskiptavina, sjá um millifærslur, greiðslur reikninga og önnur tengd bankaviðskipti,
- að gjald- og skuldfæra á reikninga viðskiptavina,
- að taka á móti pósti og sjá um önnur viðskipti tengd póstþjónustu, svo sem að greiða reikninga og millifæra fjármuni,
- að afgreiða gjaldeyri og skipta fjármunum úr einum gjaldmiðli í annan,
- að skrá fjármálafærslur og gera upp kassa.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- gjaldkeri

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við afgreiðslu og miðasölu – 5230

## 4212 Störf við fjárhættuspil

Störf við fjárhættuspil fela í sér að ákvarða vinningslíkur og taka við og greiða út fé í tengslum við veðmál um úrslit happdrætta, íþróttaleikja eða fjárhættuspila, stjórna happdrættum og veðmálum.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákvarða áhættu og vinningslíkur,
- að setja saman og birta lista yfir áætlaðar líkur,
- að sjá um spilagjöf, teningakast eða snúa rúllettuhjóli,
- að útskýra og túlka reglur,
- að tilkynna vinningstölur, greiða vinninga til vinningshafa og innheimta greiðslu frá þeim sem tapa.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við happdrætti

## 4213 Veðlánastörf

Veðlánastörf fela í sér að lána peninga gegn verðmætum sem lögð eru fram sem trygging, eða gegn veði, svo sem í fasteignum.

Verkefni eru meðal annars:

- að verðmeta hluti sem lagðir eru fram sem trygging og að lána peninga,
- að skila verðmætum eftir greiðslu lána eða selja þau verðmæti sem lögð voru fram sem trygging ef ekki er staðið í skilum,
- að halda skrá yfir móttekin verðmæti og þá peninga sem greiddir eru út.

## 4214 Störf við innheimtu

Störf við innheimtu fela í sér innheimtu á skuldum og öðrum greiðslum fyrir gjaldfallna reikninga.

Verkefni eru meðal annars:

- að hafa samband við viðskiptavini í því skyni að innheimta skuldir og aðrar greiðslur eða semja um greiðslufrest,
- að gera skýrslur og halda skrár sem tengjast innheimtustörfum,
- að veita ráðgjöf um lög og reglur ef ekki reynist hægt að innheimta greiðslur,
- að safna framlögum til góðgerðamála.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- innheimtufulltrúi
- skrifstofufólk við innheimtu

# 422 Störf við upplýsingagjöf

Störf við upplýsingagjöf fela í sér að veita eða afla upplýsinga símleiðis eða með rafrænum hætti í tengslum við skipulagningu ferða, upplýsingar um vöru eða þjónustu fyrirtækis, skráningu og móttöku gesta, bókun funda, umsjón með símtölum og söfnun upplýsinga frá svarendum kannana eða umsækjendum um þjónustu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**4221 Störf við ferðaráðgjöf**

**4222 Störf í þjónustuveri**

**4223 Störf á símaskiptiborði**

**4224 Störf í gestamóttöku hótels**

**4225 Skrifstofustörf við upplýsingagjöf**

**4226 Störf í móttöku**

**4227 Spyrlastörf**

**4229 Störf við upplýsingagjöf ót.a.s.**

## 4221 Störf við ferðaráðgjöf

Störf við ferðaráðgjöf fela í sér að veita upplýsingar um áfangastaði, gera ferðaáætlanir, bóka ferðir og gistingu og annast innritun og brottför farþega.

Verkefni eru meðal annars:

- að afla upplýsinga um framboð, kostnað og þægindi mismunandi ferðamáta og gistingar,
- að veita upplýsingar um áhugaverða staði og afþreyingu, skoðunarferðir, veitingastaði, viðburði og aðra skemmtun,
- að gera ferðaáætlanir, bóka ferðir á milli áfangastaða, skoðunarferðir og gistingu,
- að gefa út farmiða, brottfararspjöld og inneignarmiða,
- að staðfesta ferðagögn og skrá farþega og farangur við innritun og brottför,
- að útbúa reikninga og taka við greiðslu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ferðaráðgjafi
- starfsfólk á ferðaskrifstofu
- starfsfólk við innritun á flugvöllum

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við viðburðastjórnun – 3332
- Leiðsögustörf – 5113

## 4222 Störf í þjónustuveri

Störf í þjónustuveri fela í sér að veita ráðgjöf og upplýsingar til viðskiptavina, svara fyrirspurnum um vörur og þjónustu og taka við greiðslum.

Verkefni eru meðal annars:

- að svara fyrirspurnum og bregðast við ábendingum,
- að áframsenda mál til annarra starfsmanna þegar við á,
- að innheimta eða annast greiðslur,
- að senda bréf, upplýsingar og önnur skjöl til viðskiptavina,
- að greina þarfir viðskiptavina og veita ráðgjöf um vörur og þjónustu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- þjónustufulltrúi í þjónustuveri

## 4223 Störf á símaskiptiborði

Störf á símaskiptiborði fela í sér að taka við fyrirspurnum og koma á símasambandi eða skilaboðum til starfsfólks eða viðskiptavina.

Verkefni eru meðal annars:

- að nota skiptiborð til að koma á símasambandi, setja símtöl í bið og flytja símtöl,
- að sinna fyrirspurnum sem berast símleiðis,
- að koma skilaboðum til starfsfólks eða viðskiptavina.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk á símaskiptiborði

## 4224 Störf í gestamóttöku hótels

Störf í gestamóttöku hótels fela í sér móttöku og innritun gesta á hótel eða aðra gistiþjónustu.

Verkefni eru meðal annars:

- að halda skrá yfir laus herbergi, bókanir og úthlutun herbergja,
- að skrá gesti við komu, úthluta herbergjum og afhenda lykla,
- að veita upplýsingar og bóka herbergi,
- að bregðast við beiðnum gesta um herbergisþrif og aðra þjónustu sem og að bregðast við kvörtunum,
- að taka saman og yfirfara reikninga við brottför gesta og taka við greiðslu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk gestamóttöku hótels

## 4225 Skrifstofustörf við upplýsingagjöf

Skrifstofustörf við upplýsingagjöf fela í sér að svara fyrirspurnum viðskiptavina. Skrifstofufólk við upplýsingagjöf er í beinum samskiptum við viðskiptavini.

Verkefni eru meðal annars:

- að svara fyrirspurnum um vörur, þjónustu, framboð, staðsetningu og verð,
- að aðstoða með vandamál og veita ráðgjöf og upplýsingar,
- að skrá upplýsingar um fyrirspurnir og kvartanir,
- að vísa flóknari fyrirspurnum áfram.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skrifstofufólk við upplýsingagjöf

## 4226 Störf í móttöku

Störf í móttöku fela í sér móttöku gesta hjá fyrirtækjum og stofnunum, að svara fyrirspurnum eða beiðnum og bóka fundi.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka á móti gestum, viðskiptavinum og öðrum, hjá fyrirtækjum og stofnunum,
- að bóka fundi,
- að svara beiðnum um upplýsingar eða fundabókanir í síma,
- að beina viðskiptavinum til réttra aðila.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- móttökufulltrúi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf sérhæfðra ritara í heilbrigðisþjónustu – 3344
- Störf í gestamóttöku hótels – 4224

## 4227 Spyrlastörf

Spyrlastörf fela í sér að taka viðtöl við fólk og skrá svör þess við spurningum fyrir kannanir og markaðsrannsóknir.

Verkefni eru meðal annars:

- að hafa samband við einstaklinga og gera grein fyrir tilgangi viðtals,
- að spyrja spurninga samkvæmt spurningalistum og könnunum,
- að skrá svör,
- að greina og bregðast við ósamræmi í svörum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- spyrill

## 4229 Störf við upplýsingagjöf ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla störf við upplýsingagjöf sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 422: Störf við upplýsingagjöf.

Verkefni eru meðal annars:

- að ræða við sjúklinga og afla og vinna úr nauðsynlegum upplýsingum fyrir heilbrigðisþjónustu,
- að ræða við umsækjendur um félagslega aðstoð og afla upplýsinga sem tengjast umsókn þeirra,
- að sannreyna áreiðanleika upplýsinga,
- að veita upplýsingar og svara spurningum um verklag fyrir bætur og kröfugerð.

# 43 Störf við vinnslu talnagagna

Störf við vinnslu talnagagna fela í sér að afla, safna og vinna úr talnagögnum, svo sem varðandi reikningshald, bókhald, tölfræði og fjármál. Hér flokkast einnig störf sem fela í sér að halda skrá yfir vöruframleiðslu, -kaup, -birgðir og -sendingar og störf við að samræma tímasetningar í farþega- og vöruflutningum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**431 Störf við vinnslu talnagagna**

**432 Störf við skráningu birgða, framleiðslu og flutninga**

# 431 Störf við vinnslu talnagagna

Störf við vinnslu talnagagna fela í sér að afla, safna og vinna úr gögnum sem varða reikningshald, bókhald, tölfræði og fjármál.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**4311 Störf við bókfærslu og reikningshald**

**4312 Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar**

**4313 Störf við launaútreikninga**

## 4311 Störf við bókfærslu og reikningshald

Störf við bókfærslu og reikningshald fela í sér að flokka, skrá, reikna út og stemma af talnagögn.

Verkefni eru meðal annars:

- að yfirfara gögn, kóða og færslur og stemma af reikninga,
- að nota bókhaldshugbúnað til að skrá, vista og greina upplýsingar,
- að halda utan um skjölun á reikningum og öðrum fylgiskjölum fyrir bókhald,
- að flokka, skrá og taka saman talnagögn og fjármálagögn í því skyni að safna og halda skrár yfir fjárhag,
- að reikna og gefa út reikninga, greiðsluseðla, reikningsyfirlit og önnur fjárhagsyfirlit.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skrifstofufólk við reikningagerð
- starfsfólk við bókfærslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald – 3313

## 4312 Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar

Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar fela í sér að safna og vinna úr tölfræði- eða tryggingagögnum og sinna skrifstofustörfum sem tengjast viðskiptum tryggingafélaga, banka eða annarra fjármálastofnana.

Verkefni eru meðal annars:

- að vinna úr tryggingaskráningum, afturköllunum, kröfum, breytingum á tryggingaskilmálum og greiðslum,
- að safna tölfræði- eða tryggingagögnum og reikna út heildarupphæðir, meðaltöl, hlutfallstölur og önnur ítargögn,
- að útbúa fjármálaskjöl og reikna út vexti eða áfallin gjöld,
- að halda skrár yfir skuldabréf, hlutabréf og aðrar tryggingar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skrifstofufólk við bakvinnslu í banka
- skrifstofufólk við tryggingar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa – 3311
- Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald – 3313
- Sérhæfð störf tengd tölfræði og stærðfræði – 3314

## 4313 Störf við launaútreikninga

Störf við launaútreikninga fela í sér að halda skrár og vinna með launagögn, stemma af og reikna út laun og réttindi starfsfólks.

Verkefni eru meðal annars:

- að halda skrár yfir viðveru, frídaga og yfirvinnu starfsfólks og reikna út laun og réttindi,
- að reikna og greiða út laun, skatta og önnur launatengd gjöld,
- að yfirfara tímaskráningar, vaktatöflur, launaútreikninga og aðrar upplýsingar,
- að fylgjast með breytingum á kjarasamningum og uppfæra launatöflur,
- að taka út skýrslur til yfirmanna og vera til ráðgjafar varðandi launamál.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- launafulltrúi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald – 3313

# 432 Störf við skráningu birgða, framleiðslu og flutninga

Störf við skráningu birgða, framleiðslu og flutninga fela í sér að halda skrá yfir vöruframleiðslu, -kaup, -birgðir og -sendingar og að samræma tímasetningar í farþega- og vöruflutningum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**4321 Skrifstofustörf á lager**

**4322 Skrifstofustörf í framleiðsludeild**

**4323 Skrifstofustörf í flutningadeild**

## 4321 Skrifstofustörf á lager

Skrifstofustörf á lager fela í sér að halda skrá yfir framleiddar vörur, efni til framleiðslu, innkaup, vörumóttöku og birgðaskráningu.

Verkefni eru meðal annars:

- að halda skrár yfir móttöku og sendingar á vörum,
- að halda utan um birgðaskráningu,
- að vigta vörur áður en þær eru sendar eða afhentar og annast vörutalningu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- birgðaritari
- skrifstofufólk með lagerumsjón

## 4322 Skrifstofustörf í framleiðsludeild

Skrifstofustörf í framleiðsludeild fela í sér að áætla magn nauðsynlegs efnis, halda skrár yfir innkaup, dreifingu og afhendingartíma og undirbúa og yfirfara framleiðsluáætlanir.

Verkefni eru meðal annars:

- að áætla magn og tegund efnis fyrir framleiðsluáætlanir,
- að undirbúa og gera áætlanir um framleiðsluþarfir og tryggja nauðsynleg aðföng,
- að fylgjast með birgðastöðu, skipuleggja vöruafhendingu og kanna ástæður fyrir töfum,
- að skrá og samræma verk- og vöruflæði á milli deilda.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- framleiðsluritari
- skrifstofufólk við framleiðslueftirlit

## 4323 Skrifstofustörf í flutningadeild

Skrifstofustörf í flutningadeild fela í sér að halda skrár yfir dreifingu og afhendingartíma á vörum og samþætta tímasetningar fyrir flutninga farþega og varnings, með skipum, flugvélum og bílum.

Verkefni eru meðal annars:

- að samþætta og halda skrár yfir ýmsa rekstrarþætti og samþætta tímasetningar fyrir flutninga á farþegum og varningi,
- að skipuleggja samgönguleiðir innan tiltekins hluta samgöngukerfis eða leiðasvæðis og halda viðeigandi skrár,
- að sjá um dreifingu og afhendingatíma.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- farmskráarritari
- flutningaritari
- starfsfólk við tollskýrslugerð

# 44 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.

Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h. fela í sér að flokka og afhenda póst, sjá um skjölun gagna, forvinna upplýsingar, halda skrár yfir starfsmannamál og sinna ýmsum öðrum sérhæfðum skrifstofustörfum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**441 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.**

# 441 Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h.

Störf við bóka- og skjalavörslu, póstflokkun, kóðun o.þ.h. fela í sér að flokka og afhenda póst, sjá um skjölun gagna, forvinna upplýsingar til vinnslu, halda skrár yfir starfsmannamál og sinna ýmsum öðrum sérhæfðum skrifstofustörfum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**4411 Störf við bóka- og skjalavörslu**

**4412 Störf við póstafgreiðslu og -flokkun**

**4413 Störf við kóðun og yfirlestur**

**4416 Skrifstofustörf við starfsmannahald**

**4419 Skrifstofustörf ót.a.s.**

## 4411 Störf við bóka- og skjalavörslu

Störf við bóka- og skjalavörslu fela í sér að annast útlán og skil á bókasafnsgögnum, flokka bækur, hljóð- og myndgögn, tímarit og dagblöð og raða í hillur og veita notendum bókasafna almennar upplýsingar um safnkost.

Verkefni eru meðal annars:

- að annast útlán og skil bókasafnsgagna,
- að flokka og raða bókum og öðru efni í samræmi við flokkunarkerfi,
- að sinna skrifstofustörfum, svo sem skjölun gagna,
- að viðhalda áskriftum að blöðum og tímaritum,
- að aðstoða notendur bókasafna við aðgengi að safnkosti og aðstoða með millisafnalán,
- að halda skrár um útlán og skil gagna,
- að ljósrita og skanna gögn og halda skrá yfir efni sem vistað hefur verið eða eytt úr skjalahirslum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bókavörður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf við skjala-, safn- og bókavörslu – 3433

## 4412 Störf við póstafgreiðslu og -flokkun

Störf við póstafgreiðslu og flokkun fela í sér flokkun, skráningu, afhendingu og aðrar skyldur í tengslum við póstþjónustu á pósthúsum eða innan fyrirtækja.

Verkefni eru meðal annars:

- að sinna póstafgreiðslustörfum á pósthúsum eða innan fyrirtækja eða stofnana,
- að flokka og bera út póst til heimila, fyrirtækja og stofnana,
- að flokka og halda einfalda skrá yfir innsendan og móttekinn póst.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- afgreiðslufólk á pósthúsi
- starfsfólk við póstflokkun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við akstur vélhjóla – 8321
- Störf við akstur einka-, leigu- og sendibifreiða – 8322

## 4413 Störf við kóðun og yfirlestur

Störf við kóðun og yfirlestur fela í sér að umbreyta upplýsingum í kóða, sannprófa og leiðrétta prófarkir og sinna öðrum skrifstofustörfum.

Verkefni eru meðal annars:

- að umbreyta upplýsingum í kóða og flokka upplýsingar eftir kóðum til gagnavinnslu,
- að samlesa prófarkir og tengt efni til prentunar og leiðrétta villur,
- að flokka eyðublöð og merkja með auðkennisnúmerum,
- að flokka gögn og skjala,
- að merkja dreifibréf og umslög.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við kóðun

## 4416 Skrifstofustörf við starfsmannahald

Skrifstofustörf við starfsmannahald fela í sér að færa inn starfsmannagögn, svo sem um tilfærslu í starfi og stöðuhækkanir, frammistöðumat, notaða og uppsafnaða frídaga, laun og menntun.

Verkefni eru meðal annars:

- að stofna skrár fyrir nýráðið starfsfólk,
- að vinna úr starfsumsóknum og upplýsa umsækjendur um ráðningar,
- að taka við og svara fyrirspurnum um réttindi, skyldur og fríðindi starfsfólks,
- að senda auglýsingar um laus störf,
- að annast umsýslu og uppfærslu í skjala- og skráningarkerfum og taka saman og útbúa skýrslur og gögn sem tengjast starfsmannamálum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ritari við starfsmannahald

## 4419 Skrifstofustörf ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla skrifstofustörf sem ekki eru flokkuð annars staðar í bálki 4: Skrifstofustörf. Til dæmis fellur starfsfólk við bréfritun, starfsfólk við flokkun fjölmiðlaefnis og starfsfólk við umsýslu útgefins efnis undir þennan starfaflokk.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka við pöntunum viðskiptavina fyrir smáauglýsingar,
- að skrifa og yfirlesa texta,
- að reikna út auglýsingaverð og senda reikninga til viðskiptavina,
- að annast bréfaskipti og fylla út eyðublöð fyrir hönd annarra,
- að aðstoða við gerð tímarita, auglýsinga, vörulista, vöruskráa og annars útgefins efnis.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skrifari

# 5 Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf

Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf fela í sér þjónustu við einstaklinga í tengslum við ferðalög, veitingaþjónustu og umönnun. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF.

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**51 Störf við þjónustu**

**52 Sölustörf**

**53 Aðstoðar- og umönnunarstörf**

**54 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf**

# 51 Störf við þjónustu

Störf við þjónustu fela meðal annars í sér þjónustu við einstaklinga í tengslum við ferðalög, veitingasölu, hárskurð, snyrtingu og húsvörslu.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**511 Þjónustustörf við flutninga og ferðalög**

**512 Störf við matseld**

**513 Störf þjóna og barþjóna**

**514 Störf við hárgreiðslu, snyrtingu og tengd störf**

**515 Störf umsjónarfólks við þrif og fasteignir**

**516 Önnur störf við þjónustu**

# 511 Þjónustustörf við flutninga og ferðalög

Þjónustustörf við flutninga og ferðalög fela í sér ýmsa þjónustu við einstaklinga í tengslum við flugferðir, ferðir með skipum, áætlunarbílum eða öðrum ökutækjum og leiðsögn einstaklinga og hópa í skoðunar- og kynnisferðum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5111 Störf við þjónustu í flugvélum og skipum**

**5112 Störf um borð í almenningsfarartækjum**

**5113 Leiðsögustörf**

## 5111 Störf við þjónustu um borð í flugvélum og skipum

Störf við þjónustu um borð í flugvélum og skipum fela í sér að tryggja öryggi og þægindi farþega, framreiða mat og drykki og veita upplýsingar um ferðir.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka á móti farþegum um borð í flugvélum og skipum, skoða miða eða brottfararspjöld, vísa til sætis, veita upplýsingar og svara fyrirspurnum,
- að leiðbeina um öryggis- og neyðarráðstafanir, svo sem notkun á súrefnisgrímum, öryggisbeltum og björgunarvestum,
- að bera fram máltíðir og drykki og selja tollfrjálsan varning,
- að fara yfir neyðarbúnað og innihald sjúkrakassa,
- að veita farþegum skyndihjálp í neyð,
- að fara yfir farþegarými og undirbúa farþega fyrir flugtak og lendingu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- flugfreyja
- flugliði
- skipsþerna
- skipsþjónn

## 5112 Störf um borð í almenningsfarartækjum

Störf um borð í almenningsfarartækjum fela í sér að skoða og afgreiða farmiða og tryggja öryggi og þægindi farþega um borð í ferjum, áætlunarbílum og öðrum almenningsfarartækjum.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka við og afgreiða miða eða fargjöld,
- að veita aðstoð þegar farþegar koma um borð og ganga frá farangri,
- að framkvæma öryggisprófanir á búnaði fyrir brottför og tryggja að öryggisreglum sé fylgt,
- að gefa ökumönnum merki um að stöðva eða halda áfram,
- að veita upplýsingar um viðkomustöðvar og tengdar leiðir,
- að grípa til viðeigandi aðgerða ef neyðartilvik eða slys eiga sér stað.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við miðaeftirlit í áætlunarbílum

## 5113 Leiðsögustörf

Leiðsögustörf fela í sér að veita einstaklingum eða hópum leiðsögn í skoðunar- og kynnisferðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgja og leiðbeina ferðafólki, svo sem í skoðunar- og útivistarferðum,
- að fylgja gestum um söfn, sýningar, skemmtigarða eða fyrirtæki,
- að veita upplýsingar um áhugaverð atriði, sýningargripi og annað,
- að sjá um fræðslustarf og heimsóknir fyrir skólabörn,
- að taka á móti og skrá gesti og þátttakendur ferða,
- að tryggja öryggi gesta, veita skyndihjálp og stjórna neyðarrýmingu,
- að meta veðurskilyrði og aðstæður hverju sinni,
- að leysa úr vandamálum tengdum ferðaáætlunum, þjónustu eða gistiaðstöðu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fararstjóri
- starfsfólk við leiðsögn

# 512 Störf við matseld

Störf við matseld fela í sér að skipuleggja, undirbúa og elda mat eftir uppskriftum eða undir leiðsögn kokka, svo sem á hótelum, veitingastöðum, um borð í skipum og á einkaheimilum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**5120 Störf við matseld**

## 5120 Störf við matseld

Störf við matseld fela í sér að skipuleggja, undirbúa og elda mat eftir forskrift.

*Athugasemd: Hér flokkast einnig störf stjórnenda lítilla veitingastaða þar sem stjórnun og starfsmannahald er lítill hluti verkefna.*

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja máltíðir, undirbúa hráefni og elda matvæli,
- að skipuleggja, fylgjast með og samræma störf aðstoðarfólks í eldhúsi,
- að gæta að gæðum matvæla,
- að vigta, mæla og blanda innihaldsefnum,
- að stilla hitastig ofna, grilla og annars eldunarbúnaðar, skoða og þrífa eldhús, eldunaráhöld og framreiðslusvæði til að tryggja öryggi og hreinlæti við meðhöndlun matvæla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kokkur
- matráður
- sjókokkur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í veitingarekstri – 1412
- Störf við hönnun rétta og samsetningu matseðla – 3434
- Störf við að útbúa skyndibita – 9411

# 513 Störf þjóna og barþjóna

Störf þjóna og barþjóna fela í sér að framreiða mat og drykki á veitingastöðum, börum, stofnunum, mötuneytum og skipum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5131 Störf við framreiðslu**

**5132 Störf barþjóna**

## 5131 Störf við framreiðslu

Störf við framreiðslu fela í sér að framreiða mat og drykki, svo sem á veitingahúsum, kaffihúsum og um borð í farþegaskipum.

*Athugasemd: Hér flokkast einnig störf stjórnenda lítilla veitingastaða þar sem stjórnun og starfsmannahald er lítill hluti verkefna.*

Verkefni eru meðal annars:

- að leggja á borð,
- að taka á móti gestum og afhenda matseðla,
- að veita ráðgjöf um val á mat og drykk og taka við pöntunum,
- að bera fram mat og drykk,
- að hreinsa af borðum,
- að afhenda reikninga og taka við greiðslum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vínþjónn
- þjónn

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í veitingarekstri – 1412
- Störf barþjóna – 5132

## 5132 Störf barþjóna

Störf barþjóna fela í sér að undirbúa, blanda og framreiða drykki á bar og barsvæðum veitingahúsa.

*Athugasemd: Hér flokkast einnig störf stjórnenda lítilla bara, kaffihúsa eða veitingahúsa þar sem stjórnun og starfsmannahald er lítill hluti verkefna.*

Verkefni eru meðal annars:

- að taka við drykkjapöntunum frá starfsfólki í framreiðslu eða beint frá gestum,
- að undirbúa og framreiða áfenga og óáfenga drykki á bar,
- að taka við greiðslu og gera upp,
- að tengja bjórkúta og festa vökvaleiðslur,
- að athuga birgðastöðu bars og raða flöskum og glösum,
- að afgreiða barsnakk eða mat til bargesta.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- barþjónn
- kaffibarþjónn

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf stjórnenda í veitingarekstri – 1412
- Störf við framreiðslu – 5131

# 514 Störf við hárgreiðslu, snyrtingu og tengd störf

Störf við hárgreiðslu, snyrtingu og tengd störf fela í sér að klippa og greiða hár, raka og snyrta skegg, framkvæma snyrtimeðferðir og farða viðskiptavini.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5141 Störf við hárgreiðslu**

**5142 Störf snyrtifræðinga og tengd störf**

## 5141 Störf við hárgreiðslu

Störf við hárgreiðslu fela í sér að klippa, greiða, lita, slétta og liða hár, raka og snyrta hár á andliti og ráðleggja varðandi vandamál í hársverði.

Verkefni eru meðal annars:

- að klippa, þvo, greiða, lita og liða hár,
- að raka og snyrta skegg,
- að ráðleggja varðandi vandamál í hársverði,
- að laga hárkollur í samræmi við óskir viðskiptavina,
- að veita ráð um umhirðu hárs, hárvörur og hárgreiðslur,
- að sjá um tímabókanir og taka við greiðslu,
- að þrífa vinnusvæði og sótthreinsa áhöld.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- hárgreiðslufólk
- rakari

## 5142 Störf snyrtifræðinga og tengd störf

Störf snyrtifræðinga og tengd störf fela í sér að framkvæma snyrtimeðferðir á andliti og líkama.

Verkefni eru meðal annars:

- að hreinsa andlit og aðra líkamshluta og bera á þá krem, smyrsl og svipaðar vörur,
- að farða viðskiptavini snyrtistofu, leikara eða aðra sem koma fram opinberlega,
- að hreinsa, móta og pússa neglur og meðhöndla kvilla á fótum, svo sem líkþorn eða sigg,
- að sinna viðskiptavinum á baðstöðum eða heilsulindum og framkvæma létt nudd,
- að fjarlægja líkamshár,
- að sjá um tímabókanir og taka við greiðslum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fótsnyrtir
- förðunarfræðingur
- snyrtifræðingur

# 515 Störf umsjónarfólks við þrif og fasteignir

Störf umsjónarfólks við þrif og fasteignir fela í sér að hafa umsjón með og skipuleggja störf tengd þrifum, taka þátt í þrifum, einföldum viðgerðum og viðhaldi bygginga.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5151 Störf umsjónarfólks við þrif**

**5152 Störf við hússtjórn**

**5153 Störf við umsjón fasteigna**

## 5151 Störf umsjónarfólks við þrif

Störf umsjónarfólks við þrif fela í sér að skipuleggja, stýra og framkvæma verkefni tengd þrifum.

Verkefni eru meðal annars:

- að þjálfa og stýra ræstingafólki og öðru starfsfólki,
- að annast innkaup og hafa eftirlit með birgðastöðu,
- að sópa eða ryksuga, þrífa og bóna gólf, húsgögn og annan húsbúnað,
- að búa um rúm, þrífa baðherbergi, skipta um handklæði og hreinlætisvörur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- yfirþerna (aðallega við þrif)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í hótelrekstri – 1411
- Störf við hússtjórn – 5152
- Störf við umsjón fasteigna – 5153
- Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum – 9111

## 5152 Störf við hússtjórn

Störf við hússtjórn fela í sér verkefni tengd hússtjórn á einkaheimilum og litlum gististöðum, með eða án aðstoðarfólks.

*Athugasemd: Hér flokkast störf þar sem stjórnun og starfsmannahald er lítill hluti verkefna. Ef stjórnun og starfsmannahald eru umfangsmeiri en önnur verk, svo sem móttaka, bókanir og þrif, flokkast viðkomandi starf í 1411 Störf stjórnenda í hótelrekstri.*

Verkefni eru meðal annars:

- að hafa umsjón með og stýra starfsfólki við ræstingar á heimilum og litlum gististöðum,
- að annast innkaup og hafa eftirlit með birgðastöðu,
- að sópa eða ryksuga, þrífa og bóna gólf, húsgögn og annan húsbúnað,
- að búa um rúm, þrífa baðherbergi, skipta um handklæði og hreinlætisvörur,
- að sinna gæludýrum og plöntum, taka á móti gestum, svara í síma, koma skilaboðum áfram og kaupa inn,
- að undirbúa og elda máltíðir og framreiða mat,
- að þrífa eldhús og veita almenna aðstoð við eldhússtörf, þar með talið uppvask.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- umsjón gistiheimilis

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í hótelrekstri – 1411

## 5153 Störf við umsjón fasteigna

Störf við umsjón fasteigna fela í sér að líta eftir og sinna viðhaldi á íbúðabyggingum, hótelum, fyrirtækjum, kirkjum og öðrum byggingum og lóðum og halda þeim þrifalegum og í góðu ástandi. Umsjón og skipulag vinnu annars starfsfólks eða verktaka getur falist í starfinu.

Verkefni eru meðal annars:

- að hafa umsjón með og stýra vinnu starfsfólks og verktaka við þrif og viðhald bygginga,
- að taka þátt í þrifum, einföldum viðgerðum og viðhaldi bygginga, aðstoða við flutning húsbúnaðar og tilfærslur innanhúss,
- að gæta að því að íbúar og gestir framfylgi reglum, svo sem varðandi hávaða eða umgengni,
- að láta stjórnendur og eigendur bygginga vita þegar þörf er á stórvægilegum viðgerðum,
- að vakta byggingar og lóðir þeirra og tryggja öryggi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- húsvörður
- kirkjuvörður

# 516 Önnur störf við þjónustu

Önnur störf við þjónustu fela í sér störf við stjörnuspeki, útfararstjórn, ökukennslu og umhirðu dýra.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5161 Störf við stjörnuspeki og spádóma**

**5162 Störf við stuðning og aðstoð við einstaklinga**

**5163 Störf við útfararþjónustu og líksnyrtingu**

**5164 Störf við snyrtingu og þjálfun dýra**

**5165 Störf við ökukennslu**

**5169 Störf við þjónustu ót.a.s.**

## 5161 Störf við stjörnuspeki og spádóma

Störf við stjörnuspeki og spádóma fela í sér að greina frá atburðum í fortíð og spá fyrir um atburði í framtíð viðskiptavina með ýmsum aðferðum, svo sem stjörnuspeki, lófalestri, spilum eða öðrum aðferðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að gera stjörnukort sem greina frá fortíð og spá fyrir um framtíð viðskiptavina,
- að lesa í lófa viðskiptavina, lesa í spil eða spá í bolla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjörnuspekingur
- talnaspekingur

## 5162 Störf við stuðning og aðstoð við einstaklinga

Störf við stuðning og aðstoð við einstaklinga fela í sér að veita félagsskap og sinna ýmsum þörfum viðskiptavinar eða vinnuveitanda.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita vinnuveitanda félagsskap og fylgja honum á ýmsa viðburði,
- að aðstoða vinnuveitenda við móttöku og skemmtun gesta í heimboðum,
- að halda fatnaði og persónulegum eigum vinnuveitanda í góðu ásigkomulagi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- einkaþjónn
- stuðningsforeldri

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við hússtjórn – 5152
- Störf við þjónustu ót.a.s. – 5169
- Aðstoðar- og umönnunarstörf á heimilum – 5322

## 5163 Störf við útfararþjónustu og líksnyrtingu

Störf við útfararþjónustu og líksnyrtingu fela í sér að skipuleggja og stjórna útförum og sinna ýmsum verkefnum sem snúa að þeim.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um framkvæmd útfara, líkbrennsla og greftrana,
- að loka skurðum á líkamshlutum, endurmóta og ganga frá líkamsleifum og tryggja að lagaskilyrði séu uppfyllt,
- að klæða lík, snyrta og setja í líkkistur,
- að ræða við aðstandendur og aðstoða þá við undirbúning jarðarfara.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- líksnyrtir
- útfararstjóri

## 5164 Störf við snyrtingu og þjálfun dýra

Störf við snyrtingu og þjálfun dýra fela í sér að fóðra, þjálfa og snyrta dýr og aðstoða dýralækna.

Verkefni eru meðal annars:

- að teyma eða bera dýr inn í meðferðarstofur og halda við þau á meðan meðferð fer fram,
- að þrífa og sótthreinsa skurðlækningatæki og annan búnað dýralækna,
- að merkja lyf, efni og fylla á birgðir,
- að þrífa, skipuleggja og sótthreinsa stíur, hesthús, búr og garða og ýmsan búnað, svo sem hnakka og beisli,
- að skrá upplýsingar um dýr, svo sem þyngd, stærð, líkamsástand, meðferðarúrræði og lyf,
- að þjálfa og temja dýr, svo sem vegna keppni, hlýðni, öryggis og útreiða,
- að baða dýr, klippa klær og snyrta feld þeirra.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- hundaþjálfari
- aðstoðarfólk dýralæknis
- tamningafólk

## 5165 Störf við ökukennslu

Störf við ökukennslu fela í sér að kenna fólki meðferð ökutækja, akstur og umferðarreglur.

Verkefni eru meðal annars:

- að kenna nemendum að keyra við raunverulegar aðstæður og útskýra og sýna virkni hemla, kúplingar, gírskiptingar, sjálfskiptingar og ljósa,
- að kenna umferðareglur, akstursfærni og akstursöryggi,
- að meta hvenær nemendur eru tilbúnir að taka bílpróf,
- að sýna og útskýra meðhöndlun og virkni vélknúinna ökutækja og aksturstækni með notkun skýringarmynda og margmiðlunarefnis.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ökukennari
- prófdómari í ökuskóla

## 5169 Störf við þjónustu ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla störf sem ekki eru flokkuð annars staðar í deild 51: Störf við þjónustu. Sem dæmi má nefna störf tengd félags- og skemmtanalífi.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgja viðskiptavinum á veitingastaði eða á aðra skemmtun,
- að vera dansfélagi einstaklings,
- að bjóða gesti velkomna á næturklúbba.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- móttökustjóri á skemmtistað

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við stuðning og aðstoð við einstaklinga – 5162

# 52 Sölustörf

Sölustörf fela í sér að selja og kynna vörur í heildsölu- eða smásöluverslunum, á mörkuðum, með símasölu eða með því að ganga í hús.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**521 Störf við götu- og markaðssölu**

**522 Sölustörf í verslunum**

**523 Störf við afgreiðslu og miðasölu**

**524 Önnur sölustörf**

# 521 Störf við götu- og markaðssölu

Störf við götu- og markaðssölu fela í sér að selja ýmsar vörur í sölubásum og matreiða og selja heitan eða kaldan mat og drykki til neyslu á staðnum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5211 Störf við afgreiðslu á vörum í sölubásum og á mörkuðum**

**5212 Störf við afgreiðslu á tilbúnum mat í sölubásum og á mörkuðum**

## 5211 Störf við afgreiðslu á vörum í sölubásum og á mörkuðum

Störf við afgreiðslu á vörum í sölubásum og á mörkuðum fela í sér að selja ýmsar vörur á mörkuðum, á götum úti eða öðrum almenningsstöðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp sölubása og selja vörur að fengnum tilskildum leyfum,
- að ákveða vöruúrval, birgðamagn og verðlag og kaup á vörum til sölu,
- að gera samninga við heildsala eða framleiðendur um vörubirgðir,
- að kynna og selja vörur og taka við greiðslu,
- að halda bókhald og skrá yfir birgðastöðu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- afgreiðslufólk sölubása
- starfsfólk á útimarkaði

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við afgreiðslu í matsölu – 5246
- Störf við götusölu og önnur tengd störf – 9510

## 5212 Störf við afgreiðslu á tilbúnum mat í sölubásum og á mörkuðum

Störf við afgreiðslu á tilbúnum mat í sölubásum og á mörkuðum, á götum úti og öðrum almenningsstöðum fela í sér að útbúa og selja heitan eða kaldan mat sem er tilbúinn til neyslu.

Verkefni eru meðal annars:

- að sækja um tilskilin leyfi til að kynna og selja matvæli og drykkjarvörur,
- að kaupa inn eða útbúa matvæli og drykkjarvöru til að selja,
- að ferma og afferma, ýta eða knýja áfram vagna, bifreiðar, bakka eða körfur til að flytja matvæli og drykkjarvörur,
- að taka við greiðslum og gera upp sölubás.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk matarvagna

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við afgreiðslu í matsölu – 5246
- Störf við að útbúa skyndibita – 9411
- Störf við götusölu og tengd störf – 9510

# 522 Sölustörf í verslunum

Sölustörf í verslunum fela í sér að kynna og selja fjölbreyttar vörur og þjónustu í smásölu eða heildsölu. Verkefni geta að einhverju leyti falist í rekstri lítilla verslana eða í stjórnun og samræmingu á störfum afgreiðslufólks og annars starfsfólks.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5221 Störf verslunareigenda smærri verslana**

**5222 Störf yfirmanna í verslunum**

**5223 Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum**

## 5221 Störf verslunareigenda smærri verslana

Störf verslunareigenda smærri verslana fela í sér rekstur lítilla smásöluverslana, ýmist einir eða með lítinn hóp starfsfólks. Störf í þessum flokki felast aðallega í afgreiðslu en einhver stjórnun getur falist í starfinu.

Verkefni eru meðal annars:

- að ákveða vöruúrval, birgðamagn og verðlag söluvara,
- að kaupa og panta söluvörur af heildsölum og öðrum birgjum,
- að gera fjárhagsáætlanir og halda skrár yfir birgðir og fjármál,
- að selja viðskiptavinum vörur og veita ráðgjöf um notkun þeirra,
- að sjá um vörutalningu birgða.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verslunareigandi (aðallega við afgreiðslu)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu – 1420

## 5222 Störf yfirmanna í verslunum

Störf yfirmanna í verslunum fela í sér stjórnun og samræmingu á störfum afgreiðslufólks og annars starfsfólks í matvöruverslunum og stórmörkuðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að skipuleggja vinnutíma og úthluta verkefnum til starfsfólks,
- að leiðbeina starfsfólki varðandi verklag,
- að tryggja að viðskiptavinir fái skjóta þjónustu,
- að aðstoða og veita stjórnendum upplýsingar varðandi starfsmannamál,
- að gera vörutalningu á birgðum til sölu og panta vörur,
- að tryggja að verðlagning og kynning vöru og þjónustu sé með réttum hætti,
- að tryggja að öryggisreglum sé fylgt.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- aðstoðarverslunarstjóri
- vaktstjóri í verslun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu – 1420
- Störf verslunareigenda smærri verslana – 5221

## 5223 Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum

Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum fela í sér að kynna og selja fjölbreyttar vörur og þjónustu til viðskiptavina þar sem gerð er krafa um sérþekkingu á þeirri vöru sem seld er.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita ráðgjöf um vörur, verð, afhendingu, ábyrgðarskilmála, notkun og viðhald vörunnar,
- að kynna vörur og þjónustu,
- að selja vörur og þjónustu, taka við greiðslum og útbúa sölureikninga,
- að aðstoða við birgðastjórnun og taka þátt í vörutalningu,
- að raða og stilla upp vörum til sölu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- afgreiðslufólk í raftækjaverslun
- bílasali
- starfsfólk í málningarvöruverslun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu – 1420
- Störf við afgreiðslu og miðasölu – 5230
- Störf við afgreiðslu í matsölu – 5246

# 523 Störf við afgreiðslu og miðasölu

Störf við afgreiðslu og miðasölu fela í sér að nota afgreiðslukassa, verðskanna, tölvur eða annan búnað til að skrá og taka við greiðslum fyrir vörur og þjónustu og sjá um miðasölu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**5230 Störf við afgreiðslu og miðasölu**

## 5230 Störf við afgreiðslu og miðasölu

Störf við afgreiðslu og miðasölu fela í sér að nota afgreiðslukassa, verðskanna, tölvur eða annan búnað til að skrá og taka við greiðslum fyrir vörur og þjónustu og sjá um miðasölu.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka við greiðslum og afhenda kvittanir í verslunum og miðasölum,
- að afhenda aðgöngumiða á viðburðum,
- að gera upp kassa og stemma af sölufærslur,
- að nota afgreiðslukassa og annan búnað til að taka við greiðslum,
- að skrá verð á vörum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- afgreiðslufólk við miðasölu
- starfsfólk á afgreiðslukassa

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við ferðaráðgjöf – 4221
- Störf yfirmanna í verslunum – 5222
- Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum – 5223
- Störf við þjónustu á bensínstöðvum – 5245

# 524 Önnur sölustörf

Önnur sölustörf fela í sér að sýna, kynna og selja vörur, matvæli og þjónustu á öðrum vettvangi en á mörkuðum, á götum úti og í verslunum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5241 Fyrirsætustörf**

**5242 Störf við vörukynningar**

**5243 Störf við sölu í heimahúsum**

**5244 Sölustörf í þjónustuveri**

**5245 Störf við þjónustu á bensínstöðvum**

**5246 Störf við afgreiðslu í matsölu**

**5249 Sölustörf ót.a.s.**

## 5241 Fyrirsætustörf

Fyrirsætustörf fela í sér að ganga í og kynna fatnað og fylgihluti og sitja fyrir á ljósmyndum, í kvikmyndum og myndböndum, í auglýsingum eða fyrir listsköpun.

Verkefni eru meðal annars:

- að klæðast fatnaði og fylgihlutum og sýna á tískusýningum,
- að sitja fyrir við höggmyndagerð eða listmálun,
- að sitja fyrir við myndatökur fyrir tímarit eða aðra auglýsingamiðla,
- að sitja fyrir í sjónvarpi, myndböndum, auglýsingum og öðrum miðlum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fyrirsæta

## 5242 Störf við vörukynningar

Störf við vörukynningar fela í sér að kynna vörur í verslunum, á sýningum og einkaheimilum.

Verkefni eru meðal annars:

- að stilla upp sýnishornum, kynna og upplýsa viðskiptavini um eiginleika og notkun viðkomandi vöru,
- að selja vörur eða vísa viðskiptavinum á sölufólk,
- að taka við pöntunum og gera ráðstafanir um greiðslu, sendingu og afhendingu vara,
- að bjóða sýnishorn og dreifa vörulistum og auglýsingaefni.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- vörukynnir í verslun

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við afgreiðslu á vörum í sölubásum og á mörkuðum – 5211

## 5243 Störf við sölu í heimahúsum

Störf við sölu í heimahúsum felur í sér að kynna og selja vörur og þjónustu og leita eftir viðskiptum fyrir fyrirtæki með því að nálgast viðskiptavini, oftast með því að ganga í hús.

Verkefni eru meðal annars:

- að veita upplýsingar um ýmsar vörur eða þjónustu með því að heimsækja viðskiptavini,
- að skrá kaup viðskiptavina og leggja inn pantanir hjá birgjum,
- að útbúa reikninga og sölusamninga og taka við greiðslu,
- að setja saman lista yfir væntanlega viðskiptavini.

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við götusölu og önnur tengd störf – 9510

## 5244 Sölustörf í þjónustuveri

Sölustörf í þjónustuveri fela í sér að hafa samband við núverandi og hugsanlega viðskiptavini, í gegnum síma eða vef, til að kynna vörur og þjónustu og ganga frá sölu. Störf innan þessa flokks geta verið unnin í þjónustuveri eða annarri starfsstöð.

Verkefni eru meðal annars:

- að kynna vörur og þjónustu í gegnum síma eða með tölvupósti,
- að vekja áhuga á vörum og þjónustu og leitast eftir að ganga frá sölu eða samkomulagi um að hitta sölufulltrúa,
- að fylgja eftir málum og sjá um að senda vörur, upplýsingaefni og bæklinga til viðskiptavina,
- að fylgjast með samkeppnisaðilum,
- að skrá upplýsingar um símtöl og árangur og senda inn skýrslur reglulega.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- símasölufólk

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf í þjónustuveri – 4222

## 5245 Störf við þjónustu á bensínstöðvum

Störf við þjónustu á bensínstöðvum fela í sér að selja eldsneyti, smurolíu og aðrar bílavörur, dæla eldsneyti á ökutæki, sjá um þrif, smurþjónustu og annast minniháttar viðhald.

*Athugasemd: Störf við afgreiðslu á bensínstöðvum flokkast í 5230 Störf við afgreiðslu og miðasölu.*

Verkefni eru meðal annars:

- að fylla á eldsneytistanka og taka við greiðslum,
- að athuga loftþrýsting í dekkjum eða athuga með olíu og aðra vökva í ökutæki,
- að sinna minniháttar viðhaldi ökutækja, svo sem að skipta um hjólbarða, ljósaperur og þurrkublöð,
- að viðhalda og sjá um sjálfvirka bílaþvottaaðstöðu,
- að þrífa eldsneytisdælur, verslun og aðra aðstöðu,
- að sjá um birgðamál og útbúa skýrslur um eldsneyti, olíu, aukahluti og aðrar seldar vörur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við bensínafgreiðslu
- starfsfólk á sjálfvirkri bílaþvottastöð

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við afgreiðslu og miðasölu – 5230
- Störf við afgreiðslu í matsölu – 5246

## 5246 Störf við afgreiðslu í matsölu

Störf við afgreiðslu í matsölu fela í sér að afgreiða viðskiptavini og koma að undirbúningi einfaldrar matvöru, svo sem á kaffihúsum, hótelum, kaffiteríum, mötuneytum og sjúkrahúsum.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka við pöntunum, afgreiða mat og taka við greiðslu viðskiptavina,
- að útbúa og hita upp tilbúinn mat,
- að skammta og pakka inn matvælum eða setja á diska fyrir viðskiptavini,
- að fylla á kæliskápa, salatbari og hlaðborð.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk í mötuneyti
- starfsfólk á kaffihúsi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við matseld – 5120
- Störf við framreiðslu – 5131
- Störf barþjóna – 5132
- Störf við afgreiðslu á vörum í sölubásum og á mörkuðum – 5211
- Störf við að útbúa skyndibita – 9411

## 5249 Sölustörf ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla sölustörf sem ekki eru flokkuð annars staðar í deild 52: Sölustörf.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- afgreiðslufulltrúi á bílaleigu

# 53 Aðstoðar- og umönnunarstörf

Aðstoðar- og umönnunarstörf fela í sér umönnun, eftirlit og aðstoð við börn, sjúklinga, aldraða eða fatlaða einstaklinga á stofnunum og heimilum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**531 Störf við gæslu barna og aðstoð við kennara**

**532 Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu**

# 531 Störf við gæslu barna og aðstoð við kennara

Störf við gæslu barna og aðstoð við kennara fela í sér að annast og fylgjast með börnum í skólum, á heimilum og í dagvistun.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5311 Störf við gæslu og umönnun barna**

**5312 Aðstoð við kennara og stuðningur við börn**

## 5311 Störf við gæslu og umönnun barna

Störf við gæslu og umönnun barna fela í sér að annast og hafa eftirlit með börnum á heimilum og í dagvistun.

Verkefni eru meðal annars:

- að aðstoða börn við að þvo sér, klæða sig og borða,
- að fylgja börnum til og frá skóla eða í tómstundastarf,
- að leika við börn og hafa eftirlit með þeim að leik, aðstoða við að undirbúa tómstundarstarf, kennslugögn og -búnað,
- að fylgjast með hegðun barna og leiðbeina þeim í félagslegum aðstæðum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- skólaliði
- starfsfólk á leikjanámskeiði
- starfsfólk í leikskóla

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við kennslu á leikskólastigi – 2342

## 5312 Aðstoð við kennara og stuðningur við börn

Aðstoð við kennara og stuðningur við börn felur í sér að að aðstoða kennara við verkefni sem ekki snúa beint að kennslu og annast og gæta barna í skólum og leikskólum.

Verkefni eru meðal annars:

- að stuðla að líkamlegum, félagslegum, tilfinningalegum og vitsmunalegum þroska barna í skólum og leikskólum,
- að undirbúa inni- og útisvæði fyrir kennslu og tómstundastarf,
- að aðstoða börn með námsörðugleika, þroska- eða hegðunarfrávik,
- að veita börnum einstaklingsmiðaða aðstoð,
- að aðstoða við undirbúning kennsluefnis.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stuðningsfulltrúi

# 532 Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu

Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu fela í sér að annast og aðstoða sjúklinga, aldraða, einstaklinga í bataferli og fatlaða einstaklinga við að komast á milli staða og við athafnir daglegs lífs á heilbrigðisstofnunum og á heimilum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5321 Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðisþjónustu**

**5322 Aðstoðar- og umönnunarstörf á heimilum**

**5329 Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s.**

## 5321 Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðisþjónustu

Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðisþjónustu fela í sér að annast einstaklinga og veita þeim aðstoð við athafnir daglegs lífs.

*Athugasemd: Umönnunar- og aðstoðarstörf flokkast hér ef um er að ræða heilbrigðisstofnun eða hjúkrunarheimili þar sem heilbrigðisstarfsfólk er ávallt til staðar.*

Verkefni eru meðal annars:

- að annast og styðja sjúklinga á endurhæfingar- og hjúkrunarstofnunum eða íbúa búsetukjarna í samræmi við meðferðaráætlanir sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu,
- að aðstoða skjólstæðinga við að nærast, klæðast, þrífa sig, komast á milli staða, stunda hreyfingu og tjá sig,
- að lyfta, snúa og flytja sjúklinga og íbúa í og úr hjólastólum eða rúmum,
- að sjá um þrif á herbergjum sjúklinga og íbúa,
- að fylgjast með ástandi og líðan sjúklinga.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- félagsliði á hjúkrunarheimili
- starfsfólk við umönnun á heilbrigðisstofnun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við hjúkrun – 2221
- Störf sjúkraliða – 3221
- Aðstoðar- og umönnunarstörf á heimilum – 5322

## 5322 Aðstoðar- og umönnunarstörf á heimilum

Aðstoðar- og umönnunarstörf á heimilum fela í sér að veita einstaklingum almenna umönnun, félagslega þjónustu og aðstoð við daglegar þarfir, svo sem vegna öldrunar, veikinda eða annars líkamlegs eða andlegs ástands, á einkaheimilum, í þjónustuíbúðum og búsetukjörnum.

*Athugasemd: Umönnunar- og aðstoðarstörf flokkast hér ef um er að ræða einkaheimili, þjónustuíbúðir og búsetukjarna þar sem heilbrigðisstarfsfólk er ekki alltaf á staðnum.*

Verkefni eru meðal annars:

- að veita skjólstæðingum og fjölskyldum stuðning, upplýsingar og ráð varðandi næringu, hreinlæti, hreyfingu eða umönnun,
- að sjá um þrif, innkaup og máltíðir fyrir eða með skjólstæðingum,
- að veita andlegan og félagslegan stuðning,
- að aðstoða skjólstæðinga við daglegar athafnir,
- að aðstoða skjólstæðinga með hreyfihömlun við að komast á milli staða,
- að bóka tíma og fylgja skjólstæðingum til læknis og sinna öðrum erindum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk í heimaþjónustu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Sérfræðistörf við hjúkrun – 2221
- Sérfræðistörf í félagsráðgjöf – 2635
- Störf sjúkraliða – 3221

## 5329 Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 532: Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hér flokkast til dæmis aðstoð við tannlækna og störf við sótthreinsun.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka til, þrífa og sótthreinsa áhöld og efni til skurðlækninga, tannlækninga og lyfjameðhöndlunar,
- að merkja lyf og fylla á birgðir,
- að lyfta sjúklingum, snúa þeim og flytja í hjólastólum eða í rúmum,
- að undirbúa sjúklinga fyrir skoðun eða meðferð.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- tanntæknir

# 54 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf

Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf fela í sér að verja einstaklinga og eignir gegn eldi og öðrum hættum, halda uppi lögum og reglu og tryggja að þeim sé fylgt.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**541 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf**

# 541 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf

Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf fela í sér að verja einstaklinga og eignir gegn eldi og öðrum hættum, halda uppi lögum og reglu og tryggja að lögum og reglum sé fylgt.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**5411 Slökkviliðsstörf**

**5413 Störf við fangavörslu**

**5414 Störf við öryggisgæslu**

**5419 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf ót.a.s.**

## 5411 Slökkviliðsstörf

Slökkviliðsstörf fela í sér að fyrirbyggja, berjast gegn og slökkva elda, aðstoða við önnur neyðartilvik og bjarga einstaklingum og eignum úr eldsvoða.

Verkefni eru meðal annars:

- að bregðast við bruna, slysum og öðrum neyðartilvikum,
- að slökkva elda með búnaði og eldvarnarefnum,
- að bjarga fólki úr brennandi byggingum, af slysstöðum og úr öðrum hættulegum aðstæðum,
- að koma í veg fyrir eða takmarka útbreiðslu hættulegra efna við eldsvoða eða slys,
- að veita almenningi upplýsingar um brunavarnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- reykkafari
- slökkviliðsmaður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð – 3112
- Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði, ót.a.s.– 3119

## 5413 Störf við fangavörslu

Störf við fangavörslu fela í sér að vakta og halda uppi reglu meðal fanga í fangelsum og öðrum vistunarúrræðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að framkvæma reglubundna skoðun á fangaklefum og tryggja öryggi glugga, hurða og hliða,
- að hafa eftirlit með föngum við dagleg störf, tómstundir og í matsal,
- að fylgjast með atferli og hegðun fanga og koma í veg fyrir ókyrrð og flótta,
- að aðstoða við innleiðingu og framkvæmd endurhæfingarverkefna,
- að fylgja föngum við flutninga og í bæjarleyfum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fangavörður

## 5414 Störf við öryggisgæslu

Störf við öryggisgæslu felur í sér að vakta byggingar eða tiltekin svæði til að koma í veg fyrir þjófnað og skemmdarverk.

Verkefni eru meðal annars:

- að vakta svæði og tryggja að hurðir, gluggar og hlið séu læst og athuga hvort ummerki séu um innbrot,
- að stýra aðgengi að stöðum, fylgjast með og heimila komu starfsfólks og gesta, skoða skilríki og afhenda aðgangskort,
- að sjá um eftirlit meðal gesta, viðskiptavina og starfsfólks,
- að bregðast við neyðarboðum og hafa samband við yfirmenn, lögreglu eða slökkvilið eftir því sem við á,
- að framkvæma öryggisleit á farþegum og farangri,
- að flytja verðmæti, svo sem reiðufé milli staða.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- dyravörður
- öryggisvörður
- gæslumaður (á safni)

## 5419 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 541: Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf. Hér flokkast meðal annars dýraeftirlit, varsla sundlauga og landvarsla.

Verkefni eru meðal annars:

- að vakta sundlaugar og strendur til að koma í veg fyrir slys og bjarga fólki frá drukknun,
- að bregðast við ábendingum vegna lausagöngu dýra, búfénaðar og villtra dýra og taka í vörslu týnd, heimilislaus og hættuleg dýr,
- að fylgjast með tilteknu svæði og tryggja að umferðarreglum sé fylgt.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- björgunarsveitafólk
- dýraeftirlitsfólk
- sundlaugarvörður
- störf við veiðieftirlit
- þjóðgarðsvörður

# 6 Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf

Landbúnaðar-, útgerðar- og skógræktarstörf fela í sér að rækta og uppskera af ökrum og gróðurlendi, safna villtum jurtum og ávöxtum, rækta, hirða um eða veiða dýr, framleiða ýmsar tegundir búfjárafurða, rækta, vernda og nýta skóga, ala eða veiða fisk og rækta eða safna öðrum vatnalífverum. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF.

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**61 Störf við vöruframleiðslu í landbúnaði**

**62 Störf við vöruframleiðslu í skógrækt, fiskvinnslu og veiðum**

# 61 Störf við vöruframleiðslu í landbúnaði

Störf við vöruframleiðslu í landbúnaði fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkefnum í landbúnaði, rækta og taka upp nytjaplöntur á ökrum eða trjám, rækta og hirða dýr eða vinna dýraafurðir til sölu og dreifingar.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**611 Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt**

**612 Störf við búfjárrækt**

**613 Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur**

# 611 Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt

Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkum í landbúnaði til að rækta og taka upp nytjaplöntur á ökrum, rækta ávaxtatré, önnur tré og runna, rækta grænmeti og jurtir og framleiða garðyrkjuafurðir og -vörur til sölu og dreifingar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**6111 Störf við akuryrkju og grænmetisframleiðslu**

**6113 Störf við garðyrkju og ylrækt**

**6114 Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt, blandaður búskapur**

## 6111 Störf við akuryrkju og grænmetisframleiðslu

Störf við akuryrkju og grænmetisframleiðslu fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkefnum í landbúnaði og rækta og taka upp ýmsar tegundir af nytjaplöntum á ökrum, svo sem korn, kartöflur, kál og annað grænmeti til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með framboði og eftirspurn, ákveða tegundir og magn nytjaplantna til ræktunar og skipuleggja og haga framleiðslu samkvæmt því,
- að undirbúa jarðveg og dreifa áburði og mykju,
- að velja og sá fræjum og gróðursetja ungplöntur,
- að viðhalda uppskeru og setja upp og nota vökvunarbúnað,
- að taka upp nytjaplöntur og farga sýktum eða óþörfum plöntum,
- að undirbúa vörur til flutnings og sölu,
- að geyma og vinna afurðir,
- að kynna og markaðssetja vörur og sjá um sölu, innkaup og flutning afurða,
- að þjálfa starfsfólk og sjá um ráðningar og uppsagnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- akuryrkjubóndi
- kartöflubóndi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf verkafólks við akuryrkju – 9211

## 6113 Störf við garðyrkju og ylrækt

Störf við garðyrkju og ylrækt fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkum í landbúnaði, rækta og viðhalda trjám, runnum, blómum og öðrum plöntum í gróðurhúsum og görðum og framleiða ungtré, blómlauka og fræ eða rækta grænmeti, ber og blóm í þéttbærum búskap til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með framboði og eftirspurn, ákveða tegundir og magn grænmetis og annarra afurða til ræktunar og skipuleggja og haga framleiðslu samkvæmt því,
- að undirbúa jarðveg og setja upp og nota vökvunar- og frárennsliskerfi,
- að sá fræjum, rækta gras og gróðursetja tré og garðplöntur,
- að grisja og snyrta tré, runna og limgerði, setja upp stuðning og vörn fyrir plöntur,
- að leggja göngustíga eða hellulögð svæði, búa til beð og setja upp veggi, beð og girðingar,
- að fylgjast með heilbrigði plantna, illgresi, meindýrum og sjúkdómum,
- að framleiða ungtré, blómlauka, ber og fræ,
- að geyma og vinna afurðir, undirbúa til flutnings og sölu,
- að kynna og markaðssetja vörur og sjá um sölu, innkaup og flutning afurða,
- að þjálfa starfsfólk og sjá um ráðningar og uppsagnir.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- blómaræktandi
- tómataræktandi
- ylræktarbóndi

### Skyldir starfaflokkar:

- Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum – 2132
- Störf verkafólks í garðyrkju – 9214

## 6114 Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt, blandaður búskapur

Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt, blandaður búskapur fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkefnum í landbúnaði og rækta og uppskera ákveðnar samsetningar af nytjaplöntum og grænmeti á ökrum, trjám eða runnum og einnig grænmetis-, garðyrkju- og ylræktarafurðir til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með framboði og eftirspurn, ákveða tegundir og magn nytjaplantna sem rækta skal og haga framleiðslu samkvæmt því,
- að undirbúa jarðveg og dreifa áburði og mykju,
- að velja og sá fræjum og gróðursetja ungplöntur,
- að viðhalda uppskeru og setja upp og nota vökvunarbúnað,
- að rækta ungtré, blóm, blómlauka, ber og grænmeti í þéttbærum búskap,
- að hirða um vinnudýr og viðhalda mannvirkjum, byggingum og búnaði,
- að taka upp, flokka, pakka og vinna afurðir,
- að kynna og markaðssetja afurðir og sjá um sölu, innkaup og flutning á þeim,
- að þjálfa starfsfólk og sjá um ráðningar og uppsagnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bóndi við grænmetisrækt og akuryrkju

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf verkafólks við akuryrkju – 9211

# 612 Störf við búfjárrækt

Störf við búfjárrækt fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkefnum í landbúnaði, rækta og ala búfénað, loðdýr, alifugla, býflugur og villt dýr til að framleiða kjöt, mjólkurafurðir, hunang, skinn, egg og aðrar vörur til sölu og dreifingar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**6121 Störf við búfjárrækt**

**6122 Störf við alifuglarækt**

**6123 Störf við býflugnarækt**

**6129 Störf við búfjárrækt ót.a.s.**

## 6121 Störf við búfjárrækt

Störf við kvikfjárrækt fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkum í landbúnaði, rækta og ala húsdýr (að undanskildum alifuglum), svo sem nautgripi, sauðfé, svín, geitur og hesta og framleiða kjöt, mjólkurafurðir, skinn og ull til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með framboði og eftirspurn, ákveða tegundir og magn búfénaðar sem skal rækta og skipuleggja og haga framleiðslu samkvæmt því,
- að rækta beitarland og fóðra dýr,
- að fylgjast með ástandi dýra og greina meiðsli eða sjúkdóma,
- að hirða, merkja, rýja og gelda dýr,
- að mjólka dýr,
- að blanda fóður, bætiefni og lyf eftir ákveðinni forskrift,
- að sinna verkefnum sem tengjast undaneldi dýra, svo sem kynbótaræktun, sæðingu og sauðburði,
- að sinna viðhaldi og þrifum á mannvirkjum, byggingum og búnaði,
- að kynna og markaðssetja afurðir og sjá um sölu, innkaup og flutning á þeim,
- að þjálfa starfsfólk og sjá um ráðningar og uppsagnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- nautgripabóndi
- hundaræktandi
- hrossaræktandi
- sauðfjárbóndi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í landbúnaði og skógrækt – 1311

## 6122 Störf við alifuglarækt

Störf við alifuglarækt fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkum í landbúnaði, rækta og ala hænsni, kalkúna, gæsir, endur og aðra alifugla og framleiða kjöt og egg, til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með framboði og eftirspurn og skipuleggja og samræma framleiðslu samkvæmt því,
- að fóðra og bólusetja alifugla,
- að fylgjast með ástandi alifugla, greina kvilla, meiðsli eða sjúkdóma,
- að framleiða egg,
- að sinna viðhaldi og þrifum á mannvirkjum, byggingum og búnaði,
- að kynna og markaðssetja afurðir og sjá um sölu, innkaup og flutning á þeim,
- að þjálfa starfsfólk og sjá um ráðningar og uppsagnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- alifuglabóndi
- eggjaframleiðandi

## 6123 Störf við býflugnarækt

Störf við býflugnarækt fela í sér að áætla, skipuleggja, rækta og ala býflugur og önnur skordýr, framleiða hunang, bývax og aðrar vörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að rækta, ala og hirða býflugur og safna afurðum þeirra,
- að sinna viðhaldi og þrifum á byggingum, tækjum og búnaði,
- að geyma og vinna afurðir,
- að kynna og markaðssetja afurðir og sjá um sölu, innkaup og flutning á þeim,
- að þjálfa starfsfólk og sjá um ráðningar og uppsagnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- býflugnabóndi

## 6129 Störf við búfjárrækt ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla störf við búfjárrækt sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 612: Störf við búfjárrækt. Í þessum flokki er meðal annars starfsfólk sem sinnir undaneldi, ræktun og umhirðu loðdýra, villtra dýra, spendýra og fugla (fyrir utan alifugla).

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með framboði og eftirspurn á markaði og skipuleggja og haga framleiðslu samkvæmt því,
- að ala, fóðra og hirða dýr,
- að annast eggja- og dúntínslu,
- að fylgjast með og skoða dýr, greina kvilla eða sjúkdóma og fylgjast með líkamlegu ástandi,
- að sinna verkefnum sem tengjast undaneldi dýra, svo sem kynbótaræktun, sæðingu og aðstoð við burð,
- að sinna viðhaldi og þrifum á skýlum, byggingum og tækjum,
- að aflífa og flá dýr og undirbúa dýraafurðir fyrir sölu,
- að kynna og markaðssetja afurðir og sjá um sölu, innkaup og flutning á þeim.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- æðarbóndi
- loðdýraræktandi

### Skyldir starfaflokkar:

- Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf ót.a.s. – 5419
- Störf við alifuglarækt – 6122

# 613 Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur

Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur, fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkefnum í landbúnaði, rækta nytjaplöntur og aðrar plöntur á ökrum eða trjám, ala og hirða dýr og framleiða búfjárafurðir til sölu og dreifingar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**6130 Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur**

## 6130 Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur

Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur, fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkefnum í landbúnaði, rækta nytjaplöntur og aðrar plöntur á ökrum eða trjám, ala og hirða dýr og framleiða búfjárafurðir til sölu og dreifingar.

*Athugasemd: Hér flokkast einungis störf bænda ef jöfn áhersla er á akuryrkju og búfjárrækt. Ef meginstarfsemin snýr frekar að annarri greininni flokkast starfið í klasa 611 Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt eða 612 Störf við búfjárrækt*

Verkefni eru meðal annars:

- að fylgjast með framboði og eftirspurn, ákveða tegundir og magn nytjaplantna og dýra til ræktunar og skipuleggja og haga framleiðslu samkvæmt því,
- að kaupa fræ, áburð og aðrar birgðir,
- að sinna undirbúningi landsvæðis, sáningu, gróðursetningu, ræktun og uppskeru,
- að framleiða eða kaupa fóður og aðrar matarbirgðir,
- að rækta, ala og hirða dýr,
- að sinna viðhaldi og þrifum á byggingum, tækjum og mannvirkjum,
- að kynna og markaðssetja vörur og sjá um sölu, innkaup og flutning afurða,
- að þjálfa starfsfólk og sjá um ráðningar og uppsagnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bóndi við blandaðan búskap

# 62 Störf við vöruframleiðslu í skógrækt, fiskeldi og veiðum

Störf við vöruframleiðslu í skógrækt, fiskvinnslu og veiðum fela í sér að áætla, skipuleggja, rækta, vernda og nýta náttúrulega og ræktaða skóga, stunda fiskeldi og ala og veiða fisk til sölu og dreifingar.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**621 Störf við skógrækt**

**622 Störf við fiskveiðar og aðrar veiðar**

# 621 Störf við skógrækt

Störf við skógrækt fela í sér að áætla, skipuleggja, rækta, vernda og nýta náttúrulega og ræktaða skóga.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**6210 Störf við skógrækt**

## 6210 Störf við skógrækt

Störf við skógrækt fela í sér að áætla, skipuleggja og sinna verkum til að rækta, vernda og nýta náttúrulega og ræktaða skóga.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta jarðsvæði til ræktunar, velja ungplöntur og gróðursetja tré,
- að ákveða hvaða tré á að fella og áætla magn af viði,
- að nota vélsagir til að grisja skóga, snyrta og fella tré og saga í trjáboli,
- að grófvinna timburafurðir á skógarhöggssvæði,
- að stafla trjábolum, setja í rennur eða fleyta niður ár,
- að koma í veg fyrir skógarelda, taka þátt í slökkvistarfi og viðhalda slökkvibúnaði,
- að nota og viðhalda dráttarvélum, jarðýtum eða öðrum vélum,
- að þjálfa starfsfólk og sjá um ráðningar og uppsagnir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við skógrækt
- skógarhöggsfólk

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf í skógrækt – 3143
- Störf við stjórnun landbúnaðar- og skógvinnsluvéla – 8341
- Störf verkafólks í skógrækt – 9215

# 622 Störf við fiskveiðar og aðrar veiðar

Störf við fiskveiðar og aðrar veiðar fela í sér fiskeldi, veiðar á fisk og öðrum sjávardýrum til sölu og dreifingar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**6221 Störf við fiskeldi**

**6222 Störf við strandveiðar**

**6223 Störf við úthafsveiðar**

**6224 Störf við veiðar aðrar en fiskveiðar**

## 6221 Störf við fiskeldi

Störf við fiskeldi fela í sér störf við land- og sjókvíaeldi, ræktun á kræklingum, ostrum og öðrum vatnalífverum til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að ala, rækta og selja lax, silung, krækling, ostrur og aðrar vatnalífverur,
- að halda skráningu yfir framleiðslu,
- að fylgjast með rannsóknum á fiskistofnum til að greina sjúkdóma eða sníkjudýr,
- að fylgjast með umhverfi og tryggja kjöraðstæður fyrir vatnalífverur,
- að stýra og fylgjast með gildrum, hrygningu, klaki og þroskun seiða,
- að þrífa, frysta, kæla eða salta afla bæði á landi og á sjó og ganga frá fiski og öðrum vörum til sendingar,
- að leigja eða fjárfesta í og viðhalda byggingum, geymum, tækjum og öðrum búnaði og kaupa fóður og aðrar birgðir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- sérhæft starfsfólk við fiskeldi
- sérhæft starfsfólk við kræklingaeldi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum – 1312
- Störf verkafólks í fiskvinnslu og fiskeldi – 9216

## 6222 Störf við strandveiðar

Störf við strandveiðar, ýmist störf einstaklinga eða áhafna fiskveiðiskipa, fela í sér að veiða fisk eða aðrar vatnalífverur við strendur landsins og koma aflanum frá borði til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að útbúa og gera við net og önnur veiðarfæri,
- að velja fiskimið í samræmi við aflaheimildir og skipuleggja siglingaleið með notkun siglingatækja, áttavita og sjókorta,
- að sigla fiskibátum til og frá fiskimiðum,
- að leggja net og línur og draga inn afla,
- að fanga ýmsar tegundir vatnalífvera við strendur og í grunnsævi,
- að sinna viðhaldi á veiðarfærum og öðrum búnaði um borð,
- að halda skrár yfir viðskipti, fiskveiðar, veðurfar og aðstæður á hafi og gera kostnaðar- og fjárhagsáætlanir,
- að flokka og geyma afla í lestarrúmi,
- að stýra fiskveiðum og hafa umsjón með verkefnum skipverja.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- störf við línuveiðar
- trillusjómaður

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum – 1312

## 6223 Störf við úthafsveiðar

Störf við úthafsveiðar, ýmist störf skipstjóra eða skipverja á fiskiskipum, fela í sér að veiða djúpsjávarfisk á höfum úti og koma aflanum frá borði til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að útbúa og gera við net og önnur veiðarfæri og búnað,
- að stýra og sigla fiskiskipum,
- að velja fiskimið í samræmi við aflaheimildir og skipuleggja siglingaleið með notkun siglingatækja, áttavita og sjókorta,
- að stýra fiskveiðum og hafa umsjón með verkefnum skipverja,
- að skrá framvindu fiskveiða, sem og veðurfar og aðstæður á hafi í skipsdagbók,
- að leggja og draga inn veiðarfæri,
- að þrífa, frysta, kæla eða salta afla bæði á landi og á sjó,
- að velja og þjálfa áhafnarmeðlimi skipa.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- háseti við úthafsveiðar
- sjómaður við úthafsveiðar
- skipstjóri við úthafsveiðar
- stýrimaður við úthafsveiðar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum – 1312

## 6224 Störf við veiðar aðrar en fiskveiðar

Störf við veiðar aðrar en fiskveiðar fela í sér að fanga og aflífa spendýr eða fugla fyrir kjöt, skinn, fjaðrir og annað til sölu og dreifingar.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp gildrur til að fanga spendýr eða fugla,
- að aflífa spendýr eða fugla,
- að flá og meðhöndla með öðrum hætti aflífuð spendýr eða fugla,
- að sjá um viðgerðir og viðhald veiðibúnaðar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við hvalveiði
- starfsfólk við skotveiði

# 7 Iðnaðarstörf

Iðnaðarstörf fela í sér að beita tiltekinni tæknilegri og verklegri þekkingu og hæfni við að byggja mannvirki og viðhalda þeim, móta málma, reisa burðarvirki úr málmi, stilla vélknúin verkfæri eða smíða, sníða og sinna viðhaldi og viðgerðum á vélum, búnaði eða verkfærum, vinna við prentsmíð og framleiða eða vinna matvæli, textíl-, viðar-, málm- og aðrar vörur, þ.m.t. handverksvörur. Vinnan er oft unnin í höndum eða með handknúnum verkfærum og öðrum verkfærum sem notuð eru til að draga úr líkamlegu erfiði, spara tíma og auka gæði vara. Verkefnin krefjast þekkingar á öllum stigum framleiðsluferlisins og því efni og þeim verkfærum sem notuð eru, auk skilnings á eðli og tilgangi fullunninnar vöru. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF.

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**71 Störf við byggingar og tengdan iðnað (að undanskilinni rafvirkjun)**

**72 Störf við málm- og vélsmíði**

**73 Störf við handverk, hönnun og prentvinnslu**

**74 Störf við rafvirkjun og rafeindavirkjun**

**75 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði, tréiðn, fataiðn og öðrum tengdum iðnaði**

# 71 Störf við byggingar og tengdan iðnað (að undanskilinni rafvirkjun)

Störf við byggingar og tengdan iðnað fela í sér að reisa byggingar og mannvirki og sinna viðhaldi og viðgerðum á þeim, reisa og gera við undirstöður, veggi og burðarvirki, setja upp veggi, hurðir, gluggakarma, pípulagnir, rafkerfi o.fl.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**711 Störf við byggingar- og mannvirkjagerð**

**712 Störf við frágang bygginga**

**713 Störf við málun og hreinsun bygginga**

# 711 Störf við byggingar- og mannvirkjagerð

Störf við byggingar- og mannvirkjagerð fela í sér að reisa byggingar og mannvirki og sinna viðhaldi og viðgerðum á þeim, reisa og gera við undirstöður, veggi og burðarvirki úr múrsteinum, steini og svipuðum efnum og móta og fullvinna stein til að nota í byggingarvinnu og öðrum tilgangi.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7112 Störf við múr- og steinhleðslu**

**7113 Störf við steinskurð og steinsmíði**

**7114 Störf við uppsteypun og steypufrágang**

**7115 Störf við trésmíði**

**7119 Störf við byggingar- og mannvirkjagerð ót.a.s**

## 7112 Störf við múr- og steinhleðslu

Störf við múr- og steinhleðslu fela í sér að hlaða og raða múrsteinum, hellum, sniðnum steinum og svipuðu byggingarefni í steinlím, byggja og gera við veggi, tröppur og boga, leggja gangstéttir og hlaða veggi og grjótgarða.

Verkefni eru meðal annars:

- að hlaða og raða steinum, múrsteinum, hellum og svipuðu byggingarefni og byggja eða gera við veggi, skilrúm, arna, skorsteina, tröppur og hafnargarða,
- að undirbúa jörð fyrir byggingar,
- að leggja gangstéttir og kantsteina,
- að raða múrsteinum eða öðru steinverki til að byggja verönd, veggi og annað skrautverk,
- að halda við og gera við hús úr torfi og grjóti samkvæmt gamalli verkkunnáttu,
- að jafna og slétta gólf og undirlag.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- störf við hellulagnir
- múrari við steinhleðslu
- störf við torfhleðslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við steinskurð og steinsmíði – 7113

## 7113 Störf við steinskurð og steinsmíði

Störf við steinskurð og steinsmíði fela í sér að skera og móta steinblokkir og -hellur fyrir byggingu og viðhald steinbygginga og minnisvarða úr steini og að höggva út mynstur og myndir í stein.

Verkefni eru meðal annars:

- að fleyga steina eða grjót í hellur eða blokkir,
- að skera, móta og fullvinna steina í byggingar og minnisvarða með handverkfærum,
- að merkja fyrir sögun, heflun, borun og aðra skurðarvinnu,
- að gera við og skipta um steinsmíði í byggingum og minnisvörðum.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- legsteinasmiður
- steinhöggvari við gerð mannvirkja
- steinsmiður

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við vélgæslu í vinnslu jarðefna – 8112

## 7114 Störf við uppsteypun og steypufrágang

Störf við uppsteypun og steypufrágang fela í sér að reisa og gera við byggingar og mannvirki úr steinsteypu og steyptum einingum, smíða mót og styrkja og fullvinna steinsteypufleti.

Verkefni eru meðal annars:

- að leggja og gera við gólf úr steinsteypu og byggja og gera við steypta veggi eða önnur mannvirki,
- að smíða eða setja saman mót fyrir steinsteypu,
- að fullvinna og slípa fleti í steyptum mannvirkjum,
- að steypa og flota gólf.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- húsasmiður við gerð steyptra húsa
- smiður við uppsetningu steypueininga

## 7115 Störf við trésmíði

Störf við trésmíði fela í sér að setja saman, reisa, sinna viðhaldi og viðgerðum á ýmiss konar burðarvirkjum og tengdum hlutum úr viði og öðrum efnum.

Verkefni eru meðal annars:

- að smíða, breyta og gera við byggingar og annað tréverk á trésmíðaverkstæði eða byggingarsvæði,
- að reisa og setja upp burðargrindur og trébyggingar á byggingarsvæði,
- að smíða, breyta eða gera við veggi, dyr, dyra- og gluggakarma, klæðningar og þil,
- að smíða, gera við og setja upp sviðsmyndir fyrir leiksýningar og upptökur á kvikmyndum eða sjónvarpsefni,
- að setja upp, breyta og gera við innréttingar.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- bátasmiður við gerð trébáta
- húsasmiður við gerð timburhúsa
- leikmyndasmiður

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við húsgagnasmíði – 7522

## 7119 Störf við byggingar- og mannvirkjagerð ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla störf við byggingar- og mannvirkjagerð sem ekki eru flokkuð annars staðar í klasa 711: Störf við byggingar- og mannvirkjagerð. Í þessum starfaflokki eru til dæmis viðhald turna, uppsetning vinnupalla og niðurrif bygginga.

Verkefni eru meðal annars:

- að klífa háar byggingar eins og turna og skorsteina og sinna ýmiss konar smíða- og viðhaldsvinnu á þeim,
- að smíða og reisa vinnupalla til bráðabirgða úr málmi eða viði á byggingarsvæðum,
- að rífa niður byggingar og önnur mannvirki.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- starfsfólk við niðurrif bygginga

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf verkafólks við húsbyggingar – 9313

# 712 Störf við frágang bygginga

Störf við frágang bygginga fela í sér að þekja, bera á eða setja upp og sinna viðhaldi og viðgerðum á þökum, gólfum, veggjum, einangrun, gleri eða körmum í glugga, sem og pípulögnum og rafkerfum í byggingum og öðrum mannvirkjum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7121 Störf við þaklagningu**

**7122 Störf við lagningu gólfefna**

**7123 Störf við múrhúðun**

**7124 Störf við einangrun og klæðningu**

**7125 Störf við glerísetningar**

**7126 Störf við pípulagningar**

**7127 Störf við loftræsti- og kælikerfi**

## 7121 Störf við þaklagningu

Störf við þaklagningu fela í sér að smíða og gera við þök.

Verkefni eru meðal annars:

- að lesa úr teikningum og tæknigögnum, skoða byggingarsvæði og velja byggingarefni,
- að klæða þakburðargrindur með plötum, bárujárni, þakflísum eða öðrum efnum,
- að koma fyrir þakpappa og vatnsþétta,
- að mæla og sníða þakefni svo það falli að brúnum, hornum og skorsteinum,
- að tryggja frárennsli frá þökum og loftun klæðninga.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við lagningu þakpappa

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við blikksmíði – 7213

# 7122 Störf við lagningu gólfefna

Störf við lagningu gólfefna fela í sér að leggja og sinna viðgerðum á gólfefnum, leggja parket, teppi, dúk eða flísar á gólf, veggi og aðra fleti.

Verkefni eru meðal annars:

- að undirbúa vinnufleti fyrir lagningu gólfefna,
- að leggja teppi, parket, dúk, flísar eða hljóðeinangrun á veggi eða gólf samkvæmt hönnun og tæknilýsingum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- dúkari
- múrari við flísalagnir
- smiður við parketlagnir
- parketslípari

# 7123 Störf við múrhúðun

Störf við múrhúðun fela í sér að setja upp og sinna viðgerðum á gifsplötum í byggingum og múrhúða veggi, gólf og loft með gifsi, kalki, sementi og svipuðu efni bæði innanhúss og utan.

Verkefni eru meðal annars:

- að bera lög af gifsi á veggi og loft eða skera til og koma fyrir gifsplötum,
- að setja upp skrautþil og -lista,
- að blanda og leggja steinsteypu með ýmsum aðferðum,
- að sparsla og ganga frá steyptum veggjum og loftum,
- að ganga frá steyptum flötum utanhúss,
- að bera á eldvarnarefni og hljóð- og hitaeinangrandi efni,
- að blanda og leggja steinsteypu með ýmsum aðferðum,
- að múr- og þunnhúða veggi og loft,
- að meta þörf og annast viðhald vegna múr- og steypuskemmda.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- múrari við steiningu
- múrari við múrhúðun

## 7124 Störf við einangrun og klæðningu

Störf við einangrun og klæðningu fela í sér að gera við og klæða eða einangra mannvirki, katla, lagnir eða loftræstibúnað.

Verkefni eru meðal annars:

- að sníða til einangrandi efni í tiltekna stærð og lögun,
- að klæða veggi, gólf og loft mannvirkja með plötum úr einangrandi eða hljóðdeyfandi efnum,
- að blása, skjóta og troða einangrandi eða hljóðdeyfandi efni á milli veggja, gólfa og lofta bygginga með aflknúnum vélum,
- að skoða teikningar, tæknigögn og vinnusvæði og ákveða tegund, gæði og magn einangrandi efnis,
- að bera einangrandi efni á búnað eins og katla, lagnir og tanka,
- að einangra kæli- og loftræstibúnað.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- húsasmiður við einangrun
- starfsfólk við uppsetningu húsaklæðninga

## 7125 Störf við glerísetningar

Störf við glerísetningar fela í sér að mæla, skera, slípa og setja upp plötugler og spegla.

Verkefni eru meðal annars:

- að velja tegund glers, skera það í rétta stærð og lögun og setja í glugga, hurðir, sturtuklefa og skilrúm,
- að setja upp gler og spegla innanhúss, í þakglugga, veggi og loft,
- að skipta um rúður í farartækjum og vinnuvélum,
- að setja saman glervirki, svo sem glerveggi, -tröppur, -handrið og steinda glugga.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- glerslípari
- starfsfólk við glerísetningar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við glersmíði – 7315

## 7126 Störf við pípulagningar

Störf við pípulagningar fela í sér að tengja, leggja og gera við vatnslagnir, niðurföll, rennur og tengda hluti sem og lagnir fyrir gas, frárennsli, skólp, hita-, kæli- og loftræstikerfi fyrir vökva- og loftbúnað.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða teikningar og tæknigögn,
- að mæla, skera, beygja, tengja, setja saman, leggja og sinna viðhaldi og viðgerðum á rörum og tengihlutum frárennslis-, hitunar-, loftræsti-, vatnsveitu- og skólpkerfum,
- að setja upp gastæki, uppþvottavélar, vatnshitara, vaska og salerni,
- að leggja rör í skurði fyrir holræsi, frárennsliskerfi eða stofnlagnir í vatnsveitu eða í öðrum tilgangi,
- að skoða og prófa kerfi og rör sem sett hafa verið upp með þrýstimælingu, vatnsþrýstingsprófun eða öðrum aðferðum,
- að leggja vatnshitakerfi innanhúss, svo sem ofnakerfi og gólfhitalagnir,
- að setja upp og stilla búnað í tækjaklefum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- pípari

## 7127 Störf við loftræsti- og kælikerfi

Störf við loftræsti- og kælikerfi fela í sér að setja saman, setja upp og sinna viðhaldi og viðgerðum á loftræsti- og kælikerfum og öðrum kælibúnaði.

Verkefni eru meðal annars:

- að lesa úr verkteikningum og öðrum tæknigögnum,
- að setja saman, setja upp og sinna viðgerðum á loftræsti-, kæli- og frystikerfum ásamt íhlutum eins og pressum, mótorum, rofum og mælum loftræsti- og kælikerfa,
- að tengja lagnir og búnað með því að bolta, hnoða, logsjóða eða lóða þær saman,
- að prófa kerfi, greina bilanir og sinna venjubundnu viðhaldi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- blikksmiður við uppsetningu loftræstikerfis
- starfsfólk við uppsetningu á kælikerfum
- vélvirki við kælikerfi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við pípulagningar – 7126
- Störf við blikksmíði – 7213

# 713 Störf við málun og hreinsun bygginga

Störf við málun og hreinsun bygginga fela í sér að undirbúa fleti og bera málningu og svipuð efni á byggingar og önnur mannvirki, ökutæki eða ýmiss konar framleiðsluvörur. Störfin fela í sér veggfóðrun og hreinsun skorsteina og ytri fleti bygginga og annarra mannvirkja.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7131 Störf við málun og veggfóðrun**

**7132 Störf við málningarsprautun og lökkun**

**7133 Störf við hreinsun bygginga**

## 7131 Störf við málun og veggfóðrun

Störf við málun og veggfóðrun fela í sér að undirbúa fleti á byggingum og öðrum mannvirkjum fyrir málningu, bera á lög af málningu eða svipuðu efni til verndar og skrauts eða þekja veggi og loft bygginga innanhúss með veggfóðri eða öðrum efnum.

Verkefni eru meðal annars:

- að hreinsa og undirbúa veggi og aðra fleti bygginga fyrir málningu eða veggfóðrun,
- að velja og undirbúa málningu í réttum lit með því að blanda saman litarefnum og íblöndunarefnum,
- að mæla og líma veggfóður eða önnur efni á veggi og loft innanhúss,
- að bera málningu, lakk og viðarvörn á fleti með penslum, rúllum og úðasprautum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- málari
- veggfóðrari

## 7132 Störf við málningarsprautun og lökkun

Störf við málningarsprautun og lökkun fela í sér að nota úðunartæki til að bera málningu, lakk og önnur varnarefni á bíla, önnur farartæki og framleiðsluvörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að undirbúa fleti fyrir sprautun með ýmsum aðferðum til að fjarlægja feiti, óhreinindi og ryð,
- að mála bíla, flutningabifreiðar og önnur ökutæki og bera á lakk og annars konar varnarhúð,
- að bera málningu, lakk og aðra gljáhúð á málm-, viðar- og aðrar framleiðsluvörur með handbúnaði til sprautunar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við bílasprautun
- starfsfólk við ryðvörn á bílum

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við málun og veggfóðrun – 7131
- Störf við skiltagerð, skrautmálun og ristun – 7316

## 7133 Störf við hreinsun bygginga

Störf við hreinsun bygginga fela í sér að hreinsa byggingar og önnur mannvirki, skorsteina og loftræstikerfi húsa.

Verkefni eru meðal annars:

- að hreinsa ytri fleti steins, múrsteins, málms eða svipaðra efna með íðefnum, gufu- eða sandblæstri sem beitt er undir háþrýstingi,
- að fjarlægja óhreinindi úr loftræsikerfum, skorsteinum og tengirörum,
- að fjarlægja asbest, myglu og eldskemmdir úr byggingum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við byggingarþvott
- starfsfólk við eiturefnaþrif

**Skyldir starfaflokkar:**

- Önnur störf við þrif – 9129

# 72 Störf við málm- og vélsmíði

Störf við málm- og vélsmíði fela í sér að steypa, logsjóða, smíða og móta málm, reisa og sinna viðhaldi og viðgerðum á burðarvirkjum úr smíðamálmum, stilla vélknúin verkfæri, setja upp og sinna viðhaldi og viðgerðum á vélbúnaði eins og hreyflum og ökutækjum eða framleiða verkfæri og ýmsa hluti úr málmum öðrum en eðalmálmum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**721 Störf við málmsmíði**

**722 Störf við járn- og vélsmíði**

**723 Störf við uppsetningu og viðgerðir á vélum**

# 721 Störf við málmsmíði

Störf við málmsmíði fela í sér að smíða mót fyrir málmsteypu, logsjóða og skera málmhluta, framleiða og gera við málmplötur og setja upp, reisa og sinna viðhaldi og viðgerðum á burðarvirkjum, úrsmíðamálmum, tækjum, kláfum og skyldum búnaði.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7211 Störf við mótasmíði fyrir málmsteypu**

**7212 Störf við málmsuðu**

**7213 Störf við blikksmíði**

**7214 Störf við mannvirkjagerð úr stáli**

**7215 Störf við vírsplæsingu**

## 7211 Störf við mótasmíði fyrir málmsteypu

Störf við mótasmíði fyrir málmsteypu fela í sér að steypa málmhluti og smíða mót fyrir málmsteypu.

Verkefni eru meðal annars:

- að smíða mót fyrir málmsteypu,
- að steypa málmhluti,
- að smíða kjarnamót til að nota í málmmótum,
- að hreinsa og slétta mót og laga galla,
- að flytja og staðsetja móthluta, snið og botnmót,
- að skera stúta, út- og innhlaupsgöt í mót og sjá um annan frágang.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við mótasmíði
- málmsteypufólk

## 7212 Störf við málmsuðu

Störf við málmsuðu fela í sér að logsjóða, rafsjóða og skera málmhluti með gasloga, plasma og öðrum hitagjafa til að bræða, skera eða sjóða saman málm.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjóða málmhluta með gasloga eða öðrum aðferðum,
- að nota logsuðutæki til að framleiða og gera við klæðningar, rör og fleira,
- að lóða saman málmhluta með silfurkveikingu og bronskveikingu,
- að vakta skurðar- og suðuferli til að komast hjá ofhitnun og verjast aflögun efnis,
- að skoða og mæla smíðishluti til að tryggja samræmi við tæknilýsingar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við logsuðu

## 7213 Störf við blikksmíði

Störf við blikksmíði fela í sér að framleiða, setja upp og gera við hluti úr þunnplötum, svo sem úr stáli, kopar, tini, messing, áli, sinki eða galvanhúðuðu járni.

Verkefni eru meðal annars:

- að smíða og gera við áhöld, skrautmuni, fylgihluti og aðra hluti úr tini, kopar, áli og öðrum léttmálmsblöndum,
- að smíða og gera við katla, tanka, ker og svipaða hluti,
- að setja upp og gera við þunnplötur ökutækja og flugvéla,
- að gera nákvæma útlistun á verkteikningum fyrir vinnu við smíði og samsetningu hluta eða eininga úr þunnplötum,
- að meta gæði og uppsetningu og tryggja samræmi við tæknigögn.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- störf við bílréttingar
- blikksmiður í smiðju

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við þaklagningu – 7121
- Störf við pípulagningar – 7126

## 7214 Störf við gerð mannvirkja úr stáli

Störf við gerð mannvirkja úr stáli fela í sér að setja saman, reisa og taka í sundur burðarvirki úr málmi fyrir byggingar og önnur mannvirki.

Verkefni eru meðal annars:

- að móta, skera og gata byggingarstál á verkstæði samkvæmt hönnunarkröfum,
- að reisa burðarvirki úr stáli fyrir byggingar, brýr og önnur mannvirki,
- að setja saman og reisa burðarvirki eða móta og koma fyrir stálplötum í burðarvirki við skipasmíði og -viðgerðir,
- að sjóða eða bolta málmhluta burðarvirkja.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- brúarsmiður við stálbrýr
- skipasmiður
- stálgrindasmiður

## 7215 Störf við vírsplæsingu

Störf við vírsplæsingu fela í sér að viðhalda og gera við víra í talíum, kláfum, skíðalyftum og öðrum togbúnaði, setja saman, tengja og annast viðhald á vírum, reipum og köplum úr stáli.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta stærð, lögun og þyngd hluta sem á að færa til og ákveða hvaða búnað skal nota til þess,
- að setja upp og gera við kapla, reipi, víra og annan lyftibúnað,
- að setja saman og gera við aukabúnað og tengja hann við víra, reipi og kapla,
- að tengja saman kapla eða útbúa lykkjur sem hafa viðeigandi togþol með splæsingu, pressuhólk eða klemmu,
- að setja upp og sinna viðhaldi á fjarskiptamöstrum og kaplabúnaði fyrir kláfa og skíðalyftur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- brúarsmiður við hengibrýr
- starfsfólk við vírsplæsingar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla ót.a.s. – 8189
- Störf við stjórnun krana og lyftitækja – 8343

# 722 Störf við járn- og vélsmíði

Störf við járn- og vélsmíði fela í sér að hamra, móta og smíða stangir, teina eða málmblokkir úr járni, stáli og öðrum málmum og búa til og gera við verkfæri, búnað og aðra hluti, stilla og starfrækja smíðavélar og slípa og skerpa fleti.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7221 Störf við járnsmíði**

**7222 Störf við verkfærasmíði**

**7223 Störf við að stilla og starfrækja vélaverkfæri til málmvinnslu**

**7224 Störf við málmslípun**

## 7221 Störf við járnsmíði

Störf við járnsmíði fela í sér að hamra og smíða stangir, teina, málmblokkir eða plötur úr járni, stáli eða öðrum málmum og draga vír til að búa til og gera við verkfæri, hluti úr málmi, hluta búnaðar og áhöld.

Verkefni eru meðal annars:

- að hita málm í bræðsluofnum, búa til og gera við hluti með því að draga, beygja, skera, hamra málm á steðja, þrykkja, skera í sundur, sameina og herða eða tempra,
- að móta heitan málm í pressumóti með hamri,
- að starfrækja fallhamra og aflknúna pressu til að smíða hluti úr málmi,
- að sinna vírdrætti,
- að mæla og skoða vélarhluta til að tryggja samræmi við tæknigögn.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- járnsmiður

## 7222 Störf við verkfærasmíði

Störf við verkfærasmíði fela í sér að búa til og gera við sérsmíðuð og sérhæfð verkfæri, byssur, lása, mót, íhluti vélbúnaðar og aðra hluti úr málmi með því að nota hand- og vélaverkfæri.

Verkefni eru meðal annars:

- að lesa og túlka teikningar og tæknigögn fyrir verkfæri, mót, frumgerðir eða líkön,
- að reikna út mál, stærðir, lögun og þolmörk samsetninga á grundvelli tæknigagna,
- að setja upp, starfrækja og sinna viðhaldi á hefðbundnum og tölvustýrðum vélaverkfærum til að skera, snúa, hefla, bora og móta smíðisgripi eftir máli og áferð,
- að gera við og breyta skotvopnum,
- að framleiða, setja saman, gera við og setja upp lása eða hluta þeirra,
- að framleiða og gera við málmsnið fyrir undirbúning málmsteypumóta.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- lásasmiður
- verkfærasmiður

## 7223 Störf við að stilla og starfrækja vélaverkfæri til málmvinnslu

Störf við að stilla og starfrækja vélaverkfæri til málmvinnslu fela í sér að stilla og/eða starfrækja ýmiss konar vélaverkfæri.

Verkefni eru meðal annars:

- að hanna og smíða íhluti til notkunar í tækjum og vélum,
- að vinna við vélbúnað til málmvinnslu eins og rennibekki og vélbúnað til fræsingar, heflunar, borunar, mölunar eða brýningar,
- að sinna svipuðum verkefnum við vinnu vélbúnaðar með plast og önnur staðgönguefni málma,
- að fylgjast með starfsemi véla, finna bilanir og breyta stillingum véla fyrir vélgæslufólk,
- að athuga hvort gallar eru á smíðisgripum og mæla þá til að ákvarða nákvæmni vélbúnaðar,
- að skipta út slitnum aukabúnaði véla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- rennismiður (málmur)

## 7224 Störf við málmslípun

Störf við málmslípun fela í sér að slípa og pólera málmfleti og brýna verkfæri.

Verkefni eru meðal annars:

- að stilla og stýra föstum eða færanlegum fægingar- eða slípunarvélum,
- að brýna skurðverkfæri, vélknúnar slípivélar og tæki með slípiskífur,
- að gera við, stilla og brýna skurðarblöð í vélum,
- að skipta um slípiskífur,
- að skoða og mæla smíðisgripi til að tryggja að fletir og stærðarmál samræmist tæknigögnum,
- að velja og setja upp slípiskífur í vélar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- málmslípari
- störf við skerpingar

# 723 Störf við uppsetningu og viðgerðir á vélum

Störf við uppsetningu og viðgerðir á vélum fela í sér að setja saman, stilla, setja upp og sinna viðhaldi og viðgerðum á vélum, ökutækjum, landbúnaðar- eða iðnaðarvélum og svipuðum vélbúnaði.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7231 Störf við bifvélavirkjun**

**7232 Störf við flugvirkjun**

**7233 Störf við vélvirkjun**

**7234 Störf við reiðhjólaviðgerðir og tengdar viðgerðir**

## 7231 Störf við bifvélavirkjun

Störf við bifvélavirkjun fela í sér að setja saman, stilla og sinna viðhaldi og viðgerðum á vélum og tengdum búnaði bifreiða, bifhjóla og annarra vélknúinna ökutækja.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta, greina og lagfæra bilanir í vélum og búnaði,
- að skipta um og gera við slitna eða bilaða íhluti véla eða vélar í heild sinni,
- að skoða, stilla, taka í sundur, endursmíða og skipta um bilaða hluta vélknúinna ökutækja,
- að sinna reglubundinni viðhaldsþjónustu, smurningu og vélarstillingu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bifvélavirki

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við rafvélavirkjun – 7412

## 7232 Störf við flugvirkjun

Störf við flugvirkjun fela í sér að sinna viðhaldi og viðgerðum og framkvæma viðhaldsskoðun á hreyflum loftfara, flugskrokkum, þyrlum, vökvaknúnum kerfum og þrýstiloftskerfum.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða, prófa og sinna viðhaldi á hreyflum loftfara,
- að skipta um íhluti véla eða vélar í heild sinni,
- að skoða flugskrokka og íhluti loftfara, þ.m.t. lendingarbúnað, vökvaþrýstikerfi og afísingarbúnað til að greina slit, sprungur, bresti, leka og önnur vandamál,
- að sinna viðhaldi og viðgerðum og framkvæma viðhaldsskoðanir, breyta og prófa burðarvirki, vélræn kerfi og vökvaþrýstikerfi loftfara,
- að viðhalda, gera við og endursmíða burðarvirki loftfara, íhluta, stoðbúnaðar, vökvaþrýstikerfis, súrefniskerfa og eldsneytiskerfa,
- að yfirfara unnið verk og votta að viðhald uppfylli staðla og að loftfar sé tilbúið til rekstrar,
- að halda skrár yfir viðgerðir og viðhald loftfara,
- að setja upp og prófa rafmagns- og rafeindaíhluti, samsetningar og kerfi í loftförum,
- að tengja íhluti við samstæður eins og fjarskiptakerfi, stjórntæki, segulkveikjur og kerfi til eldsneytistöku á flugi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- flugvirki

## 7233 Störf við vélvirkjun

Störf við vélvirkjun fela í sér að setja upp og sinna viðhaldi og viðgerðum á landbúnaðar- og iðnaðarvélum og tengdum búnaði að undanskildum vélum í bifreiðum, loftförum og rafhreyflum.

Verkefni eru meðal annars:

- að máta, setja upp, skoða, sinna viðhaldi og viðgerðum á vélum og vélbúnaði og að bera olíu og feiti á kyrrstæðar vélar og vélbúnað,
- að skoða og prófa nýjan vélbúnað til að gæta samræmis við staðla og tæknigögn,
- að taka í sundur vélar og búnað til að sinna viðgerðum,
- að skoða hluta véla til að gæta að göllum, bilunum og sliti,
- að skrá viðgerðir og viðhald sem farið hefur fram.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélvirki við framleiðsluvélar
- vélvirki við landbúnaðarvélar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við loftræsti- og kælikerfi – 7127
- Störf við bifvélavirkjun – 7231
- Störf við flugvirkjun – 7232

## 7234 Störf við reiðhjólaviðgerðir og tengdar viðgerðir

Störf við reiðhjólaviðgerðir og tengdar viðgerðir fela í sér að sinna viðhaldi og viðgerðum á reiðhjólum og tengdum búnaði, léttivögnum, barnavögnum, hjólastólum og svipuðum tækjum án mótors.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða og sinna viðhaldi og viðgerðum á reiðhjólum og öðrum svipuðum tækjum án mótors,
- að hreinsa og smyrja ganghluta,
- að skipta um og gera við íhluti eins og bremsur, gíra, drifkeðju, gjarðir og stýri,
- að skipta um dekk og stilla loftþrýsting,
- að setja saman ný reiðhjól, hjólastóla og svipaðan búnað án mótors.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- störf við reiðhjólaviðgerðir
- störf við samsetningu reiðhjóla

# 73 Störf við handverk, hönnun og prentvinnslu

Störf við handverk, hönnun og prentvinnslu fela í sér að sameina listræna hæfileika og verkfærni til að hanna, smíða, framleiða, gera við og skreyta fíntæki, hljóðfæri, skartgripi og aðra eðalmálma, postulín, leir- og glermuni, hluti úr viði eða textílefnum, leðri eða skyldum efnum og prentað efni eins og bækur, dagblöð og tímarit. Verkefnin fela í sér að beita hefðbundinni og/eða nýlegri tækni til að skera út, móta, setja saman, vefa og skreyta ýmiss konar hluti, að semja og setja saman letur fyrir prentun, setja upp og starfrækja prentvélar, binda og fullvinna prentað efni, undirbúa stensla og starfrækja skjáprentunarbúnað.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**731 Störf við handverk og hönnun**

**732 Störf við prentvinnslu**

# 731 Störf við handverk og hönnun

Störf við handverk og hönnun fela í sér að sameina listræna hæfileika og verkfærni til að hanna, smíða, gera við, aðlaga, sinna viðhaldi á og skreyta fíntæki, hljóðfæri, skartgripi og aðra eðalmálma, leir- og postulínsmuni. Verkefnin fela í sér að beita hefðbundinni og/eða nýlegri tækni til að skera út, móta, setja saman, vefa og skreyta ýmiss konar hluti úr gleri, keramik, hálmi, steini, viði og leðri.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7311 Störf við fíntækjasmíði**

**7312 Störf við hljóðfærasmíði og hljóðfærastillingar**

**7313 Störf við skartgripasmíði**

**7314 Störf við leirkerasmíði**

**7315 Störf við glersmíði**

**7316 Störf við skiltagerð, skrautmálun og ristun**

**7317 Störf við tréskurð og körfugerð**

**7318 Störf við vefnað og leðuriðn**

**7319 Störf við handverk og hönnun ót.a.s.**

## 7311 Störf við fíntækjasmíði

Störf við fíntækjasmíði fela í sér að smíða, gera við, sinna viðhaldi á, stilla og setja upp vélvirk úr og klukkur, siglinga-, veður- og sjóntæki og önnur fíntæki og búnað.

Verkefni eru meðal annars:

- að gera við, hreinsa og stilla gangvirki eins og úr og klukkur,
- að prófa og stilla nákvæmni voga, mæla, álestrartækja eða annarra skráningar eða stjórntækja til að finna galla og tryggja samræmi við staðla,
- að stilla stjórntæki eða vogir með því að nota handverkfæri, tölvu eða rafeindatæki,
- að skoða íhluti, tengingar og drifbúnað til að greina galla,
- að setja saman, prófa og stilla stjórntæki og búnað á borð við loftvogir, stjórnloka, rakamæla, hraðamæla, snúningshraðamæla og hitastilla,
- að gera við og stilla sjóntæki eins og smásjár, sjónauka og sextanta.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fíntækjasmiður
- sjóntækjasmiður
- úrsmiður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf í rafeindatækni – 3114
- Störf við stoðtækja- og tannsmíði – 3214
- Störf við verkfærasmíði – 7222
- Störf við rafeindavirkjun – 7421

## 7312 Störf við hljóðfærasmíði og hljóðfærastillingar

Störf við hljóðfærasmíði og hljóðfærastillingar fela í sér að smíða, setja saman, gera við og stilla hljóðfæri.

Verkefni eru meðal annars:

- að smíða og setja saman hljóðfæri og hluta hljóðfæra úr viði, málmi, leðri og öðrum efnum,
- að gera við eða skipta um hluta hljóðfæra á borð við strengi, brýr, filt og lykla,
- að spila á og skoða hljóðfæri til að leggja mat á hljómgæði og finna galla,
- að stilla og sinna viðhaldi á hljóðfærum,
- að setja ný trommuskinn á slagverkshljóðfæri,
- að setja saman og setja upp pípuorgel og píanó í byggingum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- hljóðfærasmiður
- starfsfólk við hljóðfærastillingar

## 7313 Störf við skartgripasmíði

Störf við skartgripasmíði fela í sér að hanna, smíða, breyta, gera við og verðmeta skartgripi, gull, silfur og aðra eðalmálma eða gimsteina.

Verkefni eru meðal annars:

- að steypa skartgripi og aðra járnfría hluti,
- að hanna skartgripi og gera breytingar á eldri hönnun,
- að breyta umgjörðum skartgripa til að koma gimsteinum aftur fyrir eða til að aðlaga umgjarðir,
- að framleiða skartgripi eins og hringi, hálsfestar, nælur og armbönd úr gulli, silfri, hvítagulli og eðal- eða hálfeðalsteinum,
- að skoða og meta gimsteina með smásjám og öðrum sjóntækjum,
- að skera, slípa og pússa eðalsteina og koma þeim fyrir í skartgripum,
- að skoða samsettar og fullunnar vörur til að tryggja samræmi við tæknigögn.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- gullsmiður
- skartgripasmiður
- silfursmiður

## 7314 Störf við leirkerasmíði

Störf við leirkerasmíði fela í sér að búa til gripi úr leir, handmóta flísar og vinna við rennibekk, þekja með glerungi og brenna hluti við tilskilinn hita.

Verkefni eru meðal annars:

- að móta gripi úr jarðleir, steinleir og postulínsleir,
- að búa til mót úr gifsi,
- að móta leir á rennibekk með höndum,
- að móta leirvörur eins og skálar, bolla og diska á rennibekk með skapalóni,
- að blanda leir og hnoða í höndum eða elta í vélum,
- að eftirvinna hálfþurra eða þurra leirmuni,
- að skoða fullunnar vörur til að greina galla,
- að undirbúa gripi fyrir útstillingu í búðum eða sýningarsölum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- leirkerasmiður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við myndlist – 2651
- Störf við vélar í gler- og keramikframleiðslu – 8181

## 7315 Störf við glersmíði

Störf við glersmíði fela í sér að blása, móta, pressa, skera og slípa gler og móta bráðið gler eftir eftir forskrift.

Verkefni eru meðal annars:

- að hita gler til að gera það þjált með gasloga eða í ofni,
- að blása og beygja glerhólka í ákveðna lögun, svo sem flöskur, tilraunaglös og pípettur,
- að slípa og fægja glerhluti og undirbúa fleti fyrir frekari vinnslu,
- að staðsetja mynstur eða teikningar á gleri, mæla stærðir, merkja skurðarlínur og skera gler eftir sniði,
- að setja upp og stilla glerskurðarbúnað
- að úða silfurlausn á gler fyrir spegilflöt,
- að skera og slípa sjóngler til að móta linsur og skífur fyrir úr.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- glerblásari
- glersmiður
- sjónglerjaslípari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar í gler- og keramikframleiðslu – 8181

## 7316 Störf við skiltagerð, skrautmálun og ristun

Störf við skiltagerð, skrautmálun og ristun fela í sér að skreyta vörur og muni úr viði, málmi, textílefnum, gleri, keramik og öðrum efnum.

Verkefni eru meðal annars:

- að mála og skreyta keramik- og glervörur fríhendis,
- að samþætta sjónræna þætti eins og línur, rými, lit og fjarvídd fyrir framsetningu hugmynda,
- að hanna og mála skilti,
- að gera skissur eða draga útlínur hönnunar eða bókstafa á smíðisgripi eða snið til að gera mynstur eða stensla,
- að hanna mynstur eða letur til að mála á smíðisgripi eins og skilti, glervörur, leirvörur eða sinkplötur,
- að nota hugbúnað og vélar til að búa til útskornar myndir í þrívídd,
- að skrifa, mála eða prenta skilti eða borða sem notaðir eru í útstillingum eða öðrum tilgangi,
- að skera út bókstafi og skilti fyrir útstillingar, úr gifsplötum eða pappa, í höndum eða vélum,
- að æta skrauthönnun, kvarðamerki og aðrar myndir á glerhluti.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- glermálari
- leirmálari
- starfsfólk við handskreytingu skilta

# 7317 Störf við tréskurð og körfugerð

Störf við tréskurð og körfugerð fela í sér að beita hefðbundnum aðferðum til að vinna hálm, við, reyr, leir, skeljar eða önnur efni og skera út, móta, setja saman, vefa eða mála og skreyta ýmsar vörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að forvinna hálm, við, reyr, skeljar eða svipuð efni,
- að skera út mynstur í við,
- að skera út, setja saman, vefa, mála og skreyta muni og vörur,
- að framleiða tágahúsgögn úr spanskreyr, vatnareyr, sefi og svipuðu efni,
- að framleiða ýmiss konar körfur með því að flétta reyr, við, sef og svipuð efni,
- að velja og forvinna efni í eins og nælon, málmhár, trefjar, við og vír og setja í bursta og kústa.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- tálgari
- tréskurðarfólk

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við trésmíðavélar – 7523

# 7318 Störf við vefnað og leðuriðn

Störf við vefnað og leðuriðn fela í sér að fara eftir hefðbundnum aðferðum og nota mynstur og snið til að framleiða prjónaðan, útsaumaðan, ofinn og annars konar fatnað og vörur, hefðbundinn skófatnað, handtöskur, belti og aðra aukahluti.

Verkefni eru meðal annars:

- að spinna ull og aðrar trefjar og lita með náttúrulegum litarefnum,
- að búa til blúndur og borða, vefa, prjóna eða sauma út í fatnað og vörur til heimilisnota,
- að forvinna og lita húðir og handsmíða skófatnað eða handtöskur, belti og aðra aukahluti,
- að spinna og vinda upp garn í höndum,
- að vefa efni, listvefnað, blúndu, teppi eða annað í vefstólum,
- að prjóna flíkur og aðrar vörur í handvirkum vélum eða í höndum,
- að hnýta net í höndum,
- að hreinsa og ýfa ullar- og aðrar textíltrefjar,
- að undirbúa gripi fyrir útstillingu í búðum eða sýningarsölum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- störf við netagerð (í höndum)
- vefari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við trefja- og spunavélar – 8151
- Störf við vefstóla og prjónavélar – 8152

## 7319 Störf við handverk og hönnun ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla störf við handverk og hönnun sem ekki eru flokkuð annars staðar, svo sem störf þeirra sem vinna leikföng úr málmi, vörur úr steini eða handgerð kerti úr vaxi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við kertagerð (í höndum)
- starfsfólk við sápugerð (í höndum)

# 732 Störf við prentvinnslu

Störf við prentvinnslu fela í sér að setja upp og útbúa efni til prentunar, prenta, binda og fullvinna prentað efni.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7321 Störf við grafíska miðlun**

**7322 Störf við prentun**

**7323 Störf við frágang og innbindingu prentaðs efnis**

## 7321 Störf við grafíska miðlun

Störf við grafíska miðlun fela í sér að yfirfara og setja upp texta og myndefni fyrir prentun og framsetningu í skjámiðlum.

Verkefni eru meðal annars:

- að nota hugbúnað fyrir myndir, texta og snið til prentunar og annarrar framsetningar í prent- og skjámiðlum,
- að starfrækja búnað til að lýsa eða brenna myndir og texta á prentplötur,
- að nota hugbúnað til að leiðrétta lit og lagfæra ljósmyndir og hanna, prenta og birta grafískt efni á skjámiðlum,
- að leggja mat á gæði prentaðra prófarka og leiðrétta þær.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- prentsmiður
- grafískur miðlari

## 7322 Störf við prentun

Störf við prentun fela í sér að setja upp og starfrækja prentara og prentvélar.

Verkefni eru meðal annars:

- að stilla, aðlaga og vakta búnað fyrir innmötun, útprentun, blekkerfi og aðra virkni prentvéla,
- að blanda saman bleki og leysiefnum og stilla pappírs- og blekbirgðir meðan á prentun stendur,
- að vakta vélbúnað og fylgjast með prentgæðum, sjá um prófanir og greina bilanir,
- að framleiða prentefni með því að nota stafrænar prentvélar, lágmyndaprentvélar, offsetprentara, flexóprentara og þrykkibúnað,
- að forvinna plötur, undirlög og valsa,
- að viðhalda, stilla, gera við og hreinsa vélbúnað.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- prentari
- silkiprentari

## 7323 Störf við frágang og innbindingu prentaðs efnis

Störf við frágang og innbindingu prentaðs efnis fela í sér að binda inn bækur og annað prentað efni og sjá um frágang á prentvörum í höndum eða með vélum.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp og hafa umsjón með starfsemi vélbúnaðar til bindingar og frágangs á prentuðu efni,
- að starfrækja pappírsskurðartæki til að skera og snyrta pappír fyrir og eftir prentun,
- að binda inn og gera við bækur í höndum eða bókbandsvélum,
- að skreyta prentað efni handvirkt eða með vélbúnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bókbindari
- starfsfólk við bókbandsvélar

# 74 Störf við rafvirkjun og rafeindavirkjun

Störf við rafvirkjun og rafeindavirkjun fela í sér að setja upp, stilla og sinna viðhaldi á raflögnum, rafvélbúnaði, raftækja- og rafmiðlunarbúnaði, raflínum og -köplum, fjarskiptabúnaði og -kerfum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**741 Störf við uppsetningu og viðgerðir raflagna og rafvéla**

**742 Störf við uppsetningu og viðgerðir rafeinda- og fjarskiptabúnaðar**

# 741 Störf við uppsetningu og viðgerðir raflagna og rafvéla

Störf við uppsetningu og viðgerðir raflagna og rafvéla fela í sér að setja upp, stilla og sinna viðhaldi á raflögnum, rafvélum og öðrum rafbúnaði, rafmagnslínum og -köplum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7411 Störf við rafvirkjun**

**7412 Störf við rafvélavirkjun**

**7413 Störf við uppsetningu og viðgerðir á raflínum**

## 7411 Störf við rafvirkjun

Störf við rafvirkjun fela í sér uppsetningu, viðhald og viðgerðir á raflagnakerfum og tengdum búnaði og festingum.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp, hafa eftirlit með, viðhalda og gera við raflagnir og rafbúnað í byggingum og öðrum mannvirkjum,
- að skoða raflagnateikningar og tæknigögn til að ákvarða fyrirkomulag og vinnuaðferðir,
- að skipuleggja útfærslu og uppsetningu raflagna, búnaðar og festinga á grundvelli tæknilýsinga og staðla sem eiga við hverju sinni,
- að skoða rafkerfi, búnað og íhluti til að greina áhættuatriði, galla og þörf fyrir stillingar eða viðgerðir,
- að velja, klippa og tengja víra og kapla við tengibretti og tengla,
- að staðsetja og setja upp rafmagnstöflur,
- að prófa virkni rása.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- rafvirki við raflagnir mannvirkja

## 7412 Störf við rafvélavirkjun

Störf við rafvélavirkjun fela í sér að máta, setja upp, stilla og gera við rafknúinn vélbúnað og raftækjabúnað, svo sem í byggingum, verksmiðjum og verkstæðum og gera við rafknúin tæki eins og hjólastóla og rafskútur.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp, stilla, gera við og annast viðhald á ýmsum rafknúnum vélbúnaði, mótorum, rafölum, rofa- og stjórnbúnaði, tækjum eða rafhlutum í lyftum og skyldum búnaði,
- að setja upp, stilla og gera við rafbúnað í heimilistækjum og iðnaðarvélum,
- að setja upp, tengja, prufukeyra, sinna viðhaldi á og breyta rafbúnaði, leiðslum og stjórnbúnaði,
- að hanna, setja upp, annast viðhald á, yfirfara og gera við raf- og vökvaknúnar lyftur, rúllustiga, og annan lyftibúnað,
- að tengja rafkerfi við aflgjafa.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- rafvélavirki

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við samsetningu raf- og rafeindabúnaðar – 8212

## 7413 Störf við uppsetningu og viðgerðir á raflínum

Störf við uppsetningu og viðgerðir á raflínum fela í sér að setja upp, tengja og gera við raflínur og skyldan búnað fyrir raforkuflutning.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp og gera við loftlínur og jarðstrengi fyrir raforkuflutning,
- að setja upp rafala, spennu- og dreifivirki,
- að framfylgja öryggisreglum, athuga búnað reglulega og setja upp tálma í kringum vinnusvæði,
- að greina bilanir í útsláttarrofum, bræðivörum, spennustillum, spennubreytum, rofum, rafliðum eða lögnum samkvæmt tæknilýsingum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- línuvirki

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar – 7422

# 742 Störf við uppsetningu og viðgerðir rafeinda- og fjarskiptabúnaðar

Störf við uppsetningu og viðgerðir rafeinda- og fjarskiptabúnaðar fela í sér að setja upp, sinna viðhaldi á og gera við rafeindabúnað eins og tölvur, raftæki og stjórnkerfi, setja upp, gera við og sinna viðhaldi á fjarskipta- og gagnaflutningsbúnaði, köplum og loftnetum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7421 Störf við rafeindavirkjun**

**7422 Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar**

## 7421 Störf við rafeindavirkjun

Störf við rafeindavirkjun fela í sér að setja upp, sinna viðhaldi á, stilla og gera við rafeindabúnað, raftæki og stjórnkerfi.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða, setja saman og prófa virkni vélbúnaðar, tækja, íhluta, stjórnborða og annars rafeindabúnaðar og greina bilanir,
- að stilla, gera við og skipta um slitna og gallaða íhluti og leiðslur,
- að setja upp rafeindabúnað og stjórnkerfi,
- að búa til og forrita stýritölvur sem stjórna rafmagnstækjum og rafeindabúnaði í verksmiðjum og iðnaðarfyrirtækjum,
- að lesa úr niðurstöðum prófana og greina bilanir og kerfistengd vandamál.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- rafeindavirki

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tækni- og rannsóknarstörf tengd flugöryggi – 3155

# 7422 Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar

Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar fela í sér að setja upp, sinna viðhaldi og viðgerðum á fjarskipta- og gagnaflutningsbúnaði, köplum og loftnetum og gera við, setja upp og sinna viðhaldi á tölvum og tengdum vélbúnaði.

Verkefni eru meðal annars:

- að sinna viðhaldi, bilanaleit, prófunum og viðgerðum á tölvum, gagnaflutnings- og jaðarbúnaði fyrir tölvur,
- að setja upp og stilla tölvubúnað,
- að setja upp, greina bilanir og sinna viðgerðum á örbylgju-, fjarmælingar-, gervitunglabúnaði og öðrum þráðlausum búnaði,
- að veita tækniráðgjöf og upplýsingar og vakta fjarskiptakerfi og tengdan búnað,
- að setja upp og gera við kapla fyrir tölvur, útvarp, síma og sjónvarpsútsendingar,
- að tengja fjarskipta- og gagnastrengi og innsigla kápur,
- að setja upp og sinna viðgerðum á loftnetum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- símvirki
- starfsfólk við uppsetningu á fjarskiptabúnaði

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf í fjarskiptatækni – 3522

# 75 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði, tréiðn, fataiðn og öðrum tengdum iðnaði

Störf í matvælaiðnaði, tréiðn, fataiðn og öðrum tengdum iðnaði fela í sér að meðhöndla og vinna hráefni við gerð matvæla, og búa til og gera við vörur úr viði, textílefnum, loðfeldi, leðri eða öðrum efnum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**751 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði**

**752 Störf við timburverkun og húsgagnasmíði**

**753 Störf við fataiðn og tengd störf**

**754 Störf við annan iðnað**

# 751 Sérhæfð störf í matvælaiðnaði

Sérhæfð störf í matvælaiðnaði fela í sér að slátra dýrum, vinna kjötafurðir og tengd matvæli til mann- og dýraeldis, baka brauð og aðrar vörur úr mjöli, sjóða niður ávexti og grænmeti eða smakka, meta og flokka ýmis matvæli og drykkjarvörur.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7511 Störf við kjöt- og fiskiðn**

**7512 Störf við bakstur og sælgætisgerð**

**7513 Störf við gerð mjólkurafurða**

**7514 Störf við niðurlagningu ávaxta og grænmetis**

**7515 Störf við gæðamat og flokkun á drykkjarvörum og matvælum**

## 7511 Störf við kjöt- og fiskiðn

Störf við kjöt- og fiskiðn fela í sér að slátra dýrum, skera, snyrta og vinna kjöt og fisk, úrbeina, beinhreinsa og forvinna skyld matvæli eða gera kjöt, fisk og önnur matvæli geymsluþolin með því að þurrka þau, salta eða reykja.

Verkefni eru meðal annars:

- að slátra dýrum, flá og snyrta skrokka,
- að flaka, úrbeina, beinhreinsa, skera og snyrta kjöt og fisk fyrir frekari vinnslu eða sölu,
- að búa til og vinna pylsur og svipuð matvæli með vélum sem hakka, blanda og móta matvæli,
- að gera kjöt, fisk og önnur matvæli geymsluþolin,
- að nota reykhús eða ofna til að reykja kjöt, fisk og önnur matvæli,
- að selja viðskiptavinum kjöt eða fisk, pakka inn vörum, vigta þær og taka við greiðslu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kjötiðnaðarfólk
- sérhæft fiskverkafólk
- starfsfólk við reykingu á kjöti og fiski

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar í matvælaframleiðslu – 8160

## 7512 Störf við bakstur og sælgætisgerð

Störf við bakstur og sælgætisgerð fela í sér að baka brauð, kökur og aðrar vörur úr mjöli og búa til handunnið súkkulaði og annað sælgæti.

Verkefni eru meðal annars:

- að baka brauð, kökur, kex, sætabrauð, bökur og aðrar vörur úr mjöli,
- að búa til handunnið sælgæti,
- að prófa gæði hráefna og tryggja samræmi við staðla,
- að skreyta kökur og sætabrauð,
- að gæta að hreinlæti og tryggja að farið sé eftir reglugerðum um heilbrigði og öryggi,
- að vakta hitastig ofna og útlit afurða til að ákvarða bökunartíma,
- að samræma mótun brauðhleifa, rúnstykkja, sætabrauðs og sætinda.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bakari
- starfsfólk við kökuskreytingar
- starfsfólk við konfektgerð (í höndum)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar í matvælaframleiðslu – 8160

## 7513 Störf við gerð mjólkurafurða

Störf við gerð mjólkurafurða fela í sér að vinna smjör, ýmsar gerðir osta, rjóma eða aðrar mjólkurafurðir.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjóða eða gerilsneyða mjólk,
- að skilja rjóma frá mjólk og strokka rjóma í smjör með þar til gerðum tækjabúnaði,
- að hleypa mjólk, hita ysting, móta og pressa ost í tiltekna lögun,
- að láta osta þroskast við ákveðin skilyrði,
- að fylgjast með vörugæðum og aðlaga framleiðslu eftir þörfum,
- að skrá magn innihaldsefna sem notuð eru, niðurstöður úr prófunum og tímalotur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- mjólkurfræðingur
- starfsfólk við ostagerð (í höndum)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar í matvælaframleiðslu – 8160

## 7514 Störf við niðurlagningu ávaxta og grænmetis

Störf við niðurlagningu ávaxta og grænmetis fela í sér að vinna ávexti, grænmeti, hnetur og skyld matvæli eða gera þau geymsluþolin með ýmsum aðferðum, svo sem með því að elda þau, þurrka eða salta.

Verkefni eru meðal annars:

- að vinna safa úr ávöxtum,
- að vinna olíu úr fræjum, hnetum eða ávöxtum,
- að elda, salta eða þurrka ávexti, grænmeti og skyldar vörur,
- að blanda saman og bæta við innihaldsefnum sem auka geymsluþol og bæta áferð, útlit og bragð,
- að setja geymsluþolin matvæli í dauðhreinsaðar krukkur, flöskur eða önnur ílát.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við gerjun á ávöxtum og grænmeti

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við pökkunar-, átöppunar- og merkingarvélar – 8183

## 7515 Störf við gæðamat og flokkun á drykkjarvörum og matvælum

Störf við gæðamat og flokkun á drykkjarvörum og matvælum fela í sér að skoða, smakka, meta og flokka eftir gæðum ýmsar tegundir matvæla og drykkjarvara.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða, prófa, bragða á og lykta af landbúnaðarafurðum, matvælum og drykkjarvörum á mismunandi stigum framleiðslu,
- að meta gæði og áætla verðmæti afurða og vara, merkja og setja í viðeigandi flokka,
- að farga afurðum sem standast ekki kröfur,
- að vigta og mæla afurðir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- fiskmatsmaður
- kjötskoðunarmaður
- bjórsmakkari

# 752 Störf við timburverkun og húsgagnasmíði

Störf við timburverkun og húsgagnasmíði fela í sér að meðhöndla við og bera á hann viðarvörn, búa til, skreyta og gera við tréhúsgögn og aðrar viðarvörur og íhluti úr við og setja upp, starfrækja og sinna trésmíðavélum, vélbúnaði og verkfærum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7521 Störf við timburverkun**

**7522 Störf við húsgagnasmíði**

**7523 Störf við trésmíðavélar**

## 7521 Störf við timburverkun

Störf við timburverkun fela í sér að þurrka, verka og meðhöndla við og timbur.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og sinna ofnum, tönkum og öðrum búnaði sem þurrkar við og aðrar viðarvörur og gegndreypir viðarvörur með varnarefnum,
- að vakta starfsemi búnaðar, greina frávik og tryggja að ferli sé í samræmi við tæknilýsingar,
- að starfrækja ventla og vökvaþrýstidælur, viðhalda tilteknu hitastigi, lofttæmi og vökvaþrýstingi,
- að hreinsa, smyrja og stilla búnað,
- að flytja efni og afurðir til og frá vinnusvæðum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við timburverkun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við vélar í viðarvinnslustöðvum – 8172

## 7522 Störf við húsgagnasmíði

Störf við húsgagnasmíði fela í sér að smíða, skreyta og gera við viðarhúsgögn, vagna, hjól, fylgihluti, líkön og aðrar viðarvörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að nota trésmíðavélar eins og vélsagir, hefla og bora og saga og móta hluti með handverkfærum,
- að fara eftir teikningum og athuga gæði smíðahluta,
- að skeyta saman hlutum og húsgögnum,
- að smíða, breyta og gera við ýmsar viðarvörur eins og húsgögn, innréttingar, líkön, íþróttabúnað og annað,
- að skreyta húsgögn og innréttingar með því að fella við inn í þær eða klæða með spóni og skera út mynstur,
- að fullvinna yfirborð viðarvara eða húsgagna.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- húsgagnasmiður
- smiður við líkkistugerð
- módelsmiður

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við trésmíði – 7115
- Störf við samsetningu ót.a.s. – 8219

## 7523 Störf við trésmíðavélar

Störf við trésmíðavélar fela í sér að setja upp, starfrækja og vakta sjálfvirkar eða hálfsjálfvirkar trésmíðavélar eins og sagir, mót, hefla, bora, rennibekki og tréskurðarvélar til að framleiða og gera við hluta húsgagna, innréttingar og aðrar viðarvörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp, forrita, starfrækja og vakta ýmsar tegundir trésmíðavéla sem saga, móta, bora, hefla, pressa, renna, pússa eða skera út við eða gera við húsgögn, innréttingar og aðrar viðarvörur,
- að velja og setja upp sagablöð, bora og slípibönd til samræmis við framleiðslu,
- að stilla og aðlaga ýmsar gerðir trésmíðavéla.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- starfsfólk við tréútskurðavélar
- rennismiður (tré)

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við stjórnun landbúnaðar- og skógvinnsluvéla – 8341

# 753 Störf við fataiðn og tengd störf

Störf við fataiðn og tengd störf fela í sér að máta, breyta og lagfæra sérsniðinn fatnað, hanna og framleiða flíkur úr textílefnum, leðri eða loðfeldi, gera við, breyta og skreyta flíkur, hanska og aðrar textílvörur, búa til snið fyrir flíkur, setja upp, gera við og skipta um bólstrun í húsgögnum, innréttingum, búnaði til bæklunarlækninga og áklæði bifreiða, skera, skafa, súta, og lita dýrahúðir, feldi eða skinn, breyta og gera við skófatnað og leðurvörur.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7531 Störf við klæð- og feldskurð, kjóla- og hattagerð**

**7532 Störf við sniðagerð og sníðaskurð**

**7533 Störf við hand- og útsaum**

**7534 Störf við bólstrun**

**7535 Störf við sútun, skinnaverkun og skinnasölu**

**7536 Störf við töskugerð og skósmíði**

## 7531 Störf við klæð- og feldskurð, kjóla- og hattagerð

Störf við klæð- og feldskurð, kjóla- og hattagerð fela í sér að framleiða, máta, breyta og lagfæra sérsniðinn eða handgerðan fatnað, sérsníða klæðnað eins og jakkaföt, yfirhafnir og kjóla úr textílefnum, þunnu leðri, loðfeldi og öðrum efnum eða framleiða hatta eða hárkollur eftir lýsingum viðskiptavina og fataframleiðenda.

Verkefni eru meðal annars:

- að framleiða yfirhafnir, jakkaföt, pils, skyrtur, blússur, undirfatnað, lífstykki, hatta, hárkollur og svipaðar flíkur,
- að velja textílefni fyrir flíkur úr leðri eða loðfeldi eftir stærð, lit, áferð og gæðum sem óskað er eftir og sníða þær til samkvæmt hönnun,
- að velja og breyta sniðum til samræmis við vaxtarlag eða óskir viðskiptavina og fataframleiðenda og gera fatabreytingar,
- að máta, breyta og lagfæra sérsniðinn fatnað, kjóla, frakka og aðrar flíkur saumaðar eftir máli, samkvæmt kröfum viðskiptavina,
- að búa til og sjá um búninga sem notaðir eru í leiksýningum, sjónvarpsútsendingum og kvikmyndum,
- að sauma borða eða klæði til að mynda gerviblóm eða slaufur umhverfis kolla og brúnir til að móta og skreyta hatta,
- að sauma hár saman til að búa til hárkollur,
- að sauma, breyta, endurhanna og gera við flíkur úr loðfeldi og aðrar loðskinnsvörur,
- að endurvinna loðfeldi eða leður úr gömlum yfirhöfnum, festa fóður í yfirhafnir úr loðfeldi og snyrta flíkur úr loðfeldi.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- feldskeri
- kjólameistari
- klæðskeri
- starfsfólk við hattagerð
- starfsfólk við hárkollugerð
- starfsfólk við leikbúningagerð

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við vefnað og leðuriðn – 7318
- Störf við iðnaðarsaumavélar – 8153

## 7532 Störf við sniðagerð og sníðaskurð

Störf við sniðagerð og sníðaskurð fela í sér að búa til nákvæm snið fyrir framleiðslu fatnaðar og annarra vara úr textílefnum, leðri eða loðfeldi, að merkja, skera, móta og snyrta textílefni, þunnt leður og önnur efni eftir sniðum, teikningu eða gæðalýsingu.

Verkefni eru meðal annars:

- að búa til grunnsnið fyrir hverja fatastærð, með því að nota gröf, mótunartæki, tölvur eða flokkunartæki,
- að gera verkteikningu eða hluta sniða fyrir tiltekna hönnun fatnaðar með hjálp tölvu,
- að reikna út stærðarmál sniða eftir fatastærð með hliðsjón af teygjanleika efna,
- að staðsetja snið eða mæla efni fyrir skurð,
- að prófa snið með því að búa til og máta sýnishorn af flíkum,
- að setja snið ofan á lög af efnum og skera þau til eftir sniði, með raf- eða handknúnum hnífum, skærum eða skurðarbúnaði sem stjórnað er með tölvum,
- að skera til hluta efnis eða loðfelds fyrir gerð flíka og annarra loðskinnsvara,
- að staðsetja leður á skurðarflöt véla, hámarka nýtingu eftir áferð, götum og strekkingu skinns,
- að sinna sniðagerð, merkingum og skurðarvinnu við framleiðslu annarra vara eins og áklæði húsgagna og vörum úr striga.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- starfsfólk við sniðagerð
- sníðameistari

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum ót.a.s.– 8159

# 7533 Störf við hand- og útsaum

Störf við hand- og útsaum fela í sér að sauma saman, gera við, endurnýja og skreyta flíkur, hanska og aðrar vörur úr textílefnum, loðfeldi, þunnu leðri og öðrum efnum og sauma tjöld, segl, skyggni og segldúka. Störfin felast aðallega í að vinna efni í höndum, með nál og þræði en kunna einnig að fela í sér verkefni þar sem notuð er saumavél.

Verkefni eru meðal annars:

- að gera við gallaða eða skemmda hluta klæða í höndum,
- að fjarlægja sauma úr flíkum sem á að breyta með því að nota sprettihnífa eða önnur áhöld,
- að sauma bætur yfir göt, sauma saman rifur og saumsprettur eða stoppa í vörur með nál og þræði,
- að handsauma skrauthönnun samkvæmt mynstrum sem eru stimpluð, prentuð eða stensluð á efni með því að nota nál og litaðan þráð,
- að sauma eða líma skrautborða á vörur eins og hatta, húfur og önnur höfuðföt,
- að sauma og setja saman þykk klæði, striga og svipað efni í segl, skyggni, segldúka og tjöld.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- starfsfólk við handsaum

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við vefnað og leðuriðn – 7318
- Störf við iðnaðarsaumavélar – 8153

# 7534 Störf við bólstrun

Störf við bólstrun fela í sér að bólstra, gera við og skipta um bólstrun í húsgögnum, innréttingum, búnaði til bæklunarlækninga, sætum, þiljum, blæjum og öðrum innréttingum bifreiða, loftfara og skipa. Störfin fela einnig í sér að framleiða og gera við sessur, rúmábreiður og dýnur.

Verkefni eru meðal annars:

- að gera snið fyrir bólstrun eftir skissum, lýsingum viðskiptavina eða verkteikningum,
- að hagræða, mæla og skera bólstrunarefni eftir sniðum, mátum, skissum eða hönnunarlýsingum,
- að setja gorma, bólstur og ábreiðuefni á burðarvirki húsgagna,
- að handsauma bólstrunarefni, sauma saman sessur og sameina hluta ábreiðuefna,
- að hagræða, skera, útbúa og setja upp bólstrun í loftförum, vélknúnum ökutækjum, bátum og skipum,
- að gera við hlífar á gervilimum,
- að endurnýja antíkhúsgögn,
- að vinna með innanhússhönnuði við að skreyta rými og velja áklæði,
- að sauma rúmábreiður, sessur og dýnur.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- bólstrari

### starfaflokkar:

- Störf við iðnaðarsaumavélar – 8153

## 7535 Störf við sútun, skinnaverkun og skinnasölu

Störf við sútun, skinnaverkun og skinnasölu fela í sér að snyrta, skafa, hreinsa, súta og lita dýrahúðir, feldi eða skinn fyrir framleiðslu fullunnins fatnaðar og fylgihluta úr leðri og loðfeldi.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta og flokka loðfeldi, húðir og skinn eftir lit, blæbrigðum, stærð og þykkt,
- að skafa agnir holds, fitu eða vefs af skinnum eða loðfeldum til að hreinsa þá og mýkja og snyrta hár í jafna lengd,
- að forvinna húðir með söltun,
- að súta og snyrta húðir til að auka gljáa og bæta útlit eða til að endurheimta náttúrulegt útlit húða,
- að súta húðir og skinn,
- að skyggja eða lita loðfeldi,
- að snyrta og bera lit og varnarefni á leður,
- að strekkja og slétta húðir.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- starfsfólk við skinnaverkun
- sútari

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við vélar sem forvinna loðskinn og leður – 8155

## 7536 Störf við töskugerð og skósmíði

Störf við töskugerð og skósmíði fela í sér að smíða, breyta og gera við skófatnað eða bæklunarskó og vörur úr náttúrulegu leðri eða gervileðri eins og ferðatöskur, handtöskur og belti (að undanskildum leðurflíkum, höttum og hönskum) eða taka þátt í framleiðslu á skófatnaði og tengdum vörum.

Verkefni eru meðal annars:

- að smíða, breyta og gera við staðlaðan skófatnað til að mæta einstaklingskröfum,
- að smíða, breyta og gera við bæklunar- eða lækningaskó samkvæmt forskriftum lækna,
- að gera við belti, töskur, veski og svipaða fylgihluti,
- að gera afsteypur af fótum og útbúa innlegg,
- að fara yfir teikningar og önnur tæknigögn og smíða skófatnað samkvæmt þörfum viðskiptavina,
- að meta áferð, lit og styrk leðurs,
- að skera út, móta og bólstra hluta fyrir framleiðslu leðurvara,
- að smíða og gera við vörur eins og hnakka og aktygi fyrir dýr, ferðatöskur, handtöskur, skjalatöskur, leðurpoka, belti og aðra aukahluti.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- bæklunarskósmiður
- söðlasmiður
- skósmiður
- skóari

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við klæð- og feldskurð, kjóla- og hattagerð – 7531
- Störf við skóframleiðsluvélar og skyldar vélar – 8156

# 754 Störf við annan iðnað

Störf við annan iðnað fela í sér að vinna undir yfirborði vatns með öndunarbúnað, staðsetja, setja saman og sprengja sprengiefni, skoða og gæðaprófa hráefni og vörur og eyða meindýrum og illgresi. Undir þennan klasa falla iðnaðarstörf sem ekki eru flokkuð annars staðar í bálki 7: Iðnaðarstörf.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**7541 Störf við köfun**

**7542 Störf sprengjusérfræðinga**

**7543 Störf við flokkun og gæðaprófun á vörum (að undanskildum mat- og drykkjarvörum)**

**7544 Störf við eyðingu meindýra og illgresis**

**7549 Iðnaðarstörf ót.a.s.**

## 7541 Störf við köfun

Störf við köfun fela í sér að starfa undir yfirborði vatns eða sjávar, með eða án öndunarbúnaðar, skoða, setja upp, gera við og fjarlægja búnað og mannvirki, gera prófanir eða tilraunir, koma fyrir sprengiefni, ljósmynda mannvirki eða sjávarlífverur, fanga sjávar- eða vatnalífverur í hagnaðar- eða rannsóknarskyni og bjarga mannslífum og öðrum verðmætum.

Verkefni eru meðal annars:

- að gera varúðarráðstafanir eins og að afla upplýsinga um köfunarverkefni og umhverfisaðstæður,
- að vakta tíma og dýpt þegar kafað er,
- að yfirfara og viðhalda köfunarbúnaði,
- að starfa undir yfirborði vatns við að byggja og gera við brýr, bryggjur og stoðir hafnarveggja,
- að leita að skemmdum og sinna minni háttar viðgerðum á skipsskrokkum og neðansjávarmannvirkjum,
- að fjarlægja hindranir undir yfirborði vatns eða sjávar,
- að bora holur fyrir neðansjávarsprengiefni,
- að sinna björgunarstörfum undir yfirborði vatns eða sjávar,
- að safna skelfiski og öðrum sjávar- eða vatnalífverum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kafari

## 7542 Störf sprengjusérfræðinga

Störf sprengjusérfræðinga fela í sér að setja saman, koma fyrir og sprengja sprengiefni í námum, við gangnagerð og á niðurrifssvæðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að tryggja að farið sé eftir reglum um öryggi og meðhöndlun sprengiefna,
- að skipuleggja og miðla leiðbeiningum um fyrirkomulag, dýpt og þvermál sprengihola og koma sprengiefni fyrir í sprengiholum,
- að ákvarða magn og tegund sprengiefnis,
- að setja saman kveikjur og tengja rafmagnsvíra og kveikiþræði við kveikjur,
- að hylja sprengihleðslur, fylla sprengiholur með sandi og öðrum efnum og þétta efni í sprengihleðslum,
- að taka saman og varðveita skrár um notkun sprengiefna í samræmi við lög og reglugerðir,
- að gera gamlar sprengjur óvirkar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- sprengjusérfræðingur

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf við vinnslu hráefna úr jörðu – 3117
- Störf við námugröft og grjótnám– 8111
- Störf við jarðboranir – 8113

## 7543 Störf við flokkun og gæðaprófun á vörum (að undanskildum mat- og drykkjarvörum)

Störf við flokkun og gæðaprófun á vörum (að undanskildum mat- og drykkjarvörum) fela í sér að skoða, prófa, flokka, taka sýni af og vigta hráefni, framleiðslu- og söluvörur sem ekki eru til manneldis, tryggja samræmi við gæðastaðla, greina galla, slit og frávik frá vörulýsingum og flokka þær eftir gæðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að meta vörur og efni til að tryggja samræmi við vörulýsingar og staðla,
- að farga eða hafna hráefni, búnaði og vörum sem samræmast ekki vörulýsingum,
- að greina og túlka verkteikningar, gögn og handbækur um vörulýsingar, skoðunar- og prófunaraðferðir,
- að greina frá vandkvæðum við framleiðslu,
- að skrá skoðunar- eða prófunargögn eins og þyngdartölur, hitastig, flokka eða rakainnihald og það magn sem hefur verið yfirfarið og flokkað,
- að greina prófunargögn og gera útreikninga.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- gæðaeftirlitsfólk við framleiðslu (að undanskildum mat- og drykkjavörum)

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við gæðamat og flokkun á drykkjarvörum og matvælum – 7515

## 7544 Störf við eyðingu meindýra og illgresis

Störf við eyðingu meindýra og illgresis fela í sér að nota efni sem fjarlægja skaðleg skordýr, nagdýr, plöntur og aðrar óæskilegar lífverur til að koma í veg fyrir skemmdir á nytjaplöntum, mannvirkjum og umhverfi og fyrirbyggja sýkingar, mengun og aðra heilbrigðishættu.

Verkefni eru meðal annars:

- að nota búnað sem úðar á meindýr og illgresi,
- að blanda saman íðefnum samkvæmt leiðbeiningum,
- að gegndreypa svæði með skordýraeitri og nýta þekkingu á veðurskilyrðum, dropastærðum, hlutfalli hæðar og fjarlægðar og hindrunum,
- að eitra og leggja gildrur til að drepa nagdýr og skordýr,
- að hreinsa og sinna viðhaldi á búnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- meindýraeyðir

## 7549 Iðnaðarstörf ót.a.s.

Undir þennan klasa falla iðnaðarstörf sem ekki eru flokkuð annars staðar í bálki 7: Iðnaðarstörf.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- blómaskreytir

# 8 Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu

Störf við vélar, vélgæslu og samsetningu fela í sér að vakta og starfrækja staðbundnar iðnaðarvélar og landbúnaðartæki, stjórna og starfrækja vélknúin ökutæki og færanlegar vélar og búnað eða setja saman vörur með aðstoð véla eftir nákvæmri forskrift og verklagi. Störf innan bálksins krefjast aðallega reynslu af og skilnings á iðnaðarvélum, landbúnaðartækjum og búnaði, auk getu til að sinna störfum við vélar og aðlagast tækninýjungum. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF.

*Athugasemd: Störf við sjálfvirkar vélar með flóknari stýribúnað flokkast í klasa 313: Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum.*

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**81 Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla**

**82 Störf við samsetningu**

**83 Störf við akstur og vinnuvélar**

# 81 Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla

Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla fela í sér að vakta og starfrækja vélar og búnað í iðnaðarverksmiðjum eða þar sem vélar og búnaður er ekki færanlegur.

*Athugasemd: Störf við sjálfvirkar vélar með flóknari stýribúnað flokkast í klasa 313: Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum.*

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**811 Störf við vélar í námuvinnslu- og jarðefnavinnslustöðvum**

**812 Störf við vélar í málmvinnslu**

**813 Störf við vélar í efnaverksmiðjum og framleiðslu á ljósmyndavörum**

**814 Störf við vélar í framleiðslu á gúmmí-, plast- og pappírsafurðum**

**815 Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum**

**816 Störf við vélar í matvælaframleiðslu**

**817 Störf við vélar í timburvinnslu og pappírsframleiðslu**

**818 Önnur störf við staðbundnar vélar**

# 811 Störf við vélar í námuvinnslu- og jarðefnavinnslustöðvum

Störf við vélar í námuvinnslu- og jarðefnavinnslustöðvum fela í sér að vakta og starfrækja vinnslustöðvar og vélbúnað til að vinna grýti og efni úr jörðu, vinna úr jarðefnum og steini, bora holur, grafa göng og framleiða og fullvinna afurðir úr sementi og steini.

*Athugasemd: Störf við verkstjórn í námu- og jarðefnavinnslu flokkast í 3121 Störf við verkstjórn í námugreftri.*

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8111 Störf við námugröft og grjótnám**

**8112 Störf við vélgæslu í vinnslu jarðefna**

**8113 Störf við jarðboranir**

**8114 Störf við vélgæslu og vinnslu á sementi, steini og öðrum jarðefnum**

## 8111 Störf við námugröft og grjótnám

Störf við námugröft og grjótnám fela í sér að starfrækja vinnslustöðvar og vélbúnað til að vinna grjót, málmgrýti og annað efni úr jarðefnanámum.

Verkefni eru meðal annars:

- að staðsetja, starfrækja og vakta afköst námuvinnslubúnaðar,
- að starfrækja vélbúnað og nota verkfæri til að fjarlægja laust grjót, málmgrýti, kol og önnur jarð- eða steinefni,
- að koma fyrir skilrúmum eða styrktarstoðum,
- að sinna minni háttar viðhaldi og viðgerðum, smyrja og hreinsa vinnslustöðvar, vélar og verkfæri,
- að skrifa skýrslur um starfsemi,
- að taka jarðefnasýni til greiningar á rannsóknarstofu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við grjótnám

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf sprengjusérfræðinga – 7542
- Störf verkafólks í námugreftri og grjótnámi – 9311

## 8112 Störf við vélgæslu í vinnslu jarðefna

Störf við vélgæslu í vinnslu jarðefna fela í sér að starfrækja vélar og búnað til að vinna og hreinsa grjót, jarðefni og stein.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp, starfrækja og vakta fastar vinnslustöðvar og vélbúnað til vinnslu jarðefna,
- að staðsetja steinblokkir og hellur á vélar til sögunar, höggs og frekari vinnslu,
- að starfrækja búnað til hreinsunar, skiljunar, skolunar, sigtunar, og blöndunar jarð- og steinefna,
- að blanda málmgrýti og leysiefni til frekari vinnslu,
- að fylgjast með mælum og stjórnborðum, greina bilanir og aðstoða við viðhald og viðgerðir á vinnslustöðvum og vélbúnaði,
- að skrá upplýsingar um vinnslu,
- að flokka og flytja unninn málm og stein til frekari vinnslu, innpökkunar eða flutnings.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við steinefnaframleiðslu

## 8113 Störf við jarðboranir

Störf við jarðboranir fela í sér að setja upp og starfrækja borunarvélar og tengdan búnað til að bora holur, draga vökva eða gas úr jörðu eða taka jarðefnasýni.

Verkefni eru meðal annars:

- að flytja, setja saman og taka í sundur borpalla, bormöstur og jarðbora, meðhöndla borstangir og borkrónur, leiðslur og hlífar og skipta um búnað sem þarfnast endurnýjunar,
- að stilla og stýra borbúnaði, borhraða og þrýstingi í borholum,
- að undirbúa og fylgjast með kælivökva og virkni á dælum,
- að vakta mæla og búnað og greina bilanir og aðstæður í borholum,
- að sinna viðhaldi og hreinsun á borpöllum, borum og öðrum vélbúnaði,
- að halda skrár yfir boranir og viðhaldsvinnu,
- að loka borholum sem eru í bið eða ekki lengur í notkun.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við jarðboranir

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf sprengjusérfræðinga – 7542

## 8114 Störf við vélgæslu og vinnslu á sementi, steini og öðrum jarðefnum

Störf við vélgæslu og vinnslu á sementi, steini og öðrum jarðefnum fela í sér að vakta og starfrækja vélbúnað til framleiðslu og fullvinnslu á forsteyptum steinsteypueiningum, jarðbiki og steinafurðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja vélar og búnað fyrir vinnslu á steypu og steini til að búa til og móta forsteyptar einingar,
- að starfrækja vélbúnað sem vigtar og blandar sandi, möl, sementi, vatni og öðrum innihaldsefnum við framleiðslu á steinsteypu,
- að skera, mala, bora, sandblása og pússa einingar úr steinsteypu og steinblokkir, hellur og annað samkvæmt teikningum og verklýsingum,
- að vakta framleiðslu og vélbúnað með hita- og þrýstingsmælum, stilla stjórntæki og tilkynna um bilanir,
- að halda framleiðsluskrár,
- að vakta og aðstoða við viðhald og viðgerðir á vinnslustöðvum og vélbúnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við framleiðslu steypueininga

# 812 Störf við vélar í málmvinnslu

Störf við vélar í málmvinnslu fela í sér að vakta og stýra vélum og búnaði fyrir vinnslu og frágang á málmgrýti og málmum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8121 Störf við vélar í málmvinnslustöðvum**

**8122 Störf við vélar og búnað við frágang á málmi**

## 8121 Störf við vélar í málmvinnslustöðvum

Störf við vélar í málmvinnslustöðvum fela í sér að vakta, stýra, stilla og sinna viðhaldi á vélum og búnaði sem vinnur málmgrýti og hreinsar, herðir og valsar málma.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp, undirbúa og stilla vélar og búnað fyrir vinnslu á málmgrýti og málmi,
- að starfrækja vélar sem mala, skilja, sía, blanda, meðhöndla, steypa, valsa eða hreinsa málmgrýti og málma,
- að fylgjast með mælum, myndskjáum og afurðum, tryggja rétta virkni vélbúnaðar og greina bilanir,
- að stýra undirbúningi, mælingum og innmötun hráefna og annarra vinnsluefna,
- að gæta að bilunum í búnaði, framkvæma venjubundnar prófanir á virkni og gera ráðstafanir um viðhald,
- að greina sýni afurða, sjá um prófanir og skrásetja framleiðslu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við málmbræðsluofna

**Skyldir starfaflokkar:**

- Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu - 3135
- Störf við járnsmíði – 7221

## 8122 Störf við vélar og búnað við frágang á málmi

Störf við vélar og búnað við frágang á málmi fela í sér að vakta og starfrækja vélar og búnað sem gengur frá, húðar og hjúpar málmhluti.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélar og búnað sem hreinsar málmhluti og býr þá undir húðun,
- að starfrækja og vakta vélar og búnað til rafhúðunar, galvaniseringar eða glerjunar,
- að starfrækja og vakta vélar sem húða vír með járnlausum málmi,
- að athuga eða mæla rétta þykkt húðunar og skrá upplýsingar um framleiðslu,
- að útbúa og blanda málmhúðandi lausnir samkvæmt formúlu eða forskrift.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- vélgæslufólk við krómhúðun
- vélgæslufólk við sandblástur á málmum

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við málningarsprautun og lökkun – 7132

# 813 Störf við vélar í efnaverksmiðjum og framleiðslu á ljósmyndavörum

Störf við vélar í efnaverksmiðjum og framleiðslu á ljósmyndavörum fela í sér að vakta og starfrækja vélar fyrir efnavinnslu í framleiðslu lyfja, snyrtivara, sprengiefna, ljósmyndunar- eða annarra efnavara.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8131 Störf við vélar í efnaverksmiðjum**

**8132 Störf við vélar í framleiðslu á ljósmyndavörum**

## 8131 Störf við vélar í efnaverksmiðjum

Störf við vélar í efnaverksmiðjum fela í sér að vakta og starfrækja vélbúnað sem sameinar, blandar, vinnur og pakkar efnavörum.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp og starfrækja vélbúnað og vinnslustöðvar,
- að vakta ferla og flutning aðfanga og afurða í samræmi við öryggisreglur,
- að vakta tækjabúnað og mæla á vélum sem blanda efni,
- að mæla, vigta og fylla á innihaldsefni,
- að taka sýni og framkvæma venjubundnar prófanir á afurðum og skrá upplýsingar um framleiðslu,
- að sinna hreinsun og minniháttar viðgerðum á vélum og vinnslustöðvum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við lyfjaframleiðslu
- vélgæslufólk við málningaframleiðslu
- vélgæslufólk við sápugerð

**Skyldir starfaflokkar:**

- Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva – 3133

## 8132 Störf við vélar í framleiðslu á ljósmyndavörum

Störf við vélar í framleiðslu á ljósmyndavörum fela í sér að starfrækja og vakta búnað sem framleiðir ljósmyndafilmu og -pappír eða framkallar áteknar ljósmyndafilmur og prentar ljósmyndir.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta búnað sem framleiðir ljósmyndafilmu og -pappír,
- að starfrækja, vakta og prófa ljósmyndavinnslu- og prentunarbúnað,
- að undirbúa áteknar filmur fyrir vinnslu í myrkra- og framköllunarrýmum,
- að aðlaga stillingar og stjórna búnaði fyrir sjálfvirka framköllun,
- að sinna verkefnum í tengslum við vinnslu ljósmynda,
- að starfrækja sjálfvirkan búnað (í smásölufyrirtækjum) fyrir framköllun og prentun.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- starfsfólk við filmuframköllun

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við grafíska miðlun – 7321

# 814 Störf við vélar í framleiðslu á gúmmí-, plast- og pappírsafurðum

Störf við vélar í framleiðslu á gúmmí-, plast- og pappírsafurðum fela í sér að vakta og starfrækja vélar sem hnoða og blanda gúmmí og vélar sem framleiða efni eða afurðir úr gúmmíi, plasti eða pappír.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8141 Störf við vélar í framleiðslu gúmmíafurða**

**8142 Störf við vélar í framleiðslu plastafurða**

**8143 Störf við vélar í framleiðslu pappírsafurða**

## 8141 Störf við vélar í framleiðslu gúmmíafurða

Störf við vélar í framleiðslu gúmmíafurða fela í sér að vakta og starfrækja vélar sem hnoða og blanda gúmmí og gúmmíefnasambönd og framleiða efni og afurðir úr náttúrulegu eða gervigúmmíi, svo sem hjólbarða, skófatnað, búsáhöld, einangrunarefni og íhluti fyrir iðnað.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélar sem hnoða og blanda gúmmí og gúmmíefnasambönd fyrir frekari vinnslu,
- að starfrækja og vakta vélar sem framleiða eða sóla hjólbarða,
- að skoða afurðir til að ganga úr skugga um að á þeim séu ekki gallar og að þær samræmist forskrift.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við dekkjagerð
- vélgæslufólk við dekkjasólun

## 8142 Störf við vélar í framleiðslu plastafurða

Störf við vélar í framleiðslu plastafurða fela í sér að vakta og starfrækja vélar sem hnoða og blanda efnasambönd fyrir framleiðslu á plastafurðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að vakta og starfrækja vélar sem hnoða og blanda efnasambönd fyrir plastafurðir,
- að vakta og starfrækja vélar sem líma og móta plast og plastbætt efni eða framleiða trefjagler,
- að klæða víra, þræði, snúrur og ljósleiðara með plasti,
- að skoða afurðir til að ganga úr skugga um að á þeim séu ekki gallar og að þær samræmist forskrift,
- að endurvinna plastafurðir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við plastframleiðslu
- vélgæslufólk við plastpokagerð

## 8143 Störf við vélar í framleiðslu pappírsafurða

Störf við vélar í framleiðslu pappírsafurða fela í sér að vakta og starfrækja vélar sem framleiða kassa, umslög, poka og aðrar vörur úr pappír, pappa og svipuðu efni.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélar sem líma pappír á pappa, skera hann, og móta arkir fyrir gerð kassa,
- að starfrækja og vakta pressur sem búa til pappamál eða önnur ílát úr pappír eða pappa,
- að starfrækja og vakta vélar sem skera, brjóta saman og líma pappír til að framleiða umslög eða pappírspoka.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við kassagerð
- vélgæslufólk við gerð pappírsumbúða

# 815 Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum

Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum fela í sér að vakta og starfrækja ýmsar gerðir véla fyrir trefjar, garn, þræði, leður eða loðskinn, framleiða, breyta og gera við fatnað og skó og framleiða eða þurrhreinsa textílvörur, loðskinn eða leðurvörur.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8151 Störf við trefja- og spunavélar**

**8152 Störf við vefstóla og prjónavélar**

**8153 Störf við iðnaðarsaumavélar**

**8154 Störf við vélar sem bleikja og lita textílefni**

**8155 Störf við vélar sem forvinna loðskinn og leður**

**8156 Störf við skóframleiðsluvélar og skyldar vélar**

**8157 Störf við iðnaðarþvottavélar**

**8159 Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum ót.a.s.**

## 8151 Störf við trefja- og spunavélar

Störf við trefja- og spunavélar fela í sér að starfrækja og vakta vélar sem forvinna textíltrefjar, spinna og vinda garn og þræði úr náttúrulegum textíltrefjum.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélar sem hreinsa, vinna og kemba ull,
- að starfrækja og vakta vélar sem sameina textíltrefjar í einsleitar blöndur,
- að starfrækja og vakta vélar sem spinna þráð og garn,
- að undirbúa límsterkjublöndu fyrir styrkingu og frágang klæða og garns og meðhöndla textílefni með íðefnum til að gera þau vatnsþolin,
- að hreinsa kefli og hólka í kembingarvélum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við kembingu
- vélgæslufólk við spunavélar

815

## 8152 Störf við vefstóla og prjónavélar

Störf við vefstóla og prjónavélar fela í sér að sjá um uppsetningu, starfrækja og vakta vefstóla og prjónavélar sem vinna garn eða þræði í ofnar, óofnar og prjónaðar afurðir á borð við klæðnað, blúndur, sokkabuxur, teppi og iðnaðarvefnað, vatt eða útsaum.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja upp og starfrækja sjálfvirkar prjónavélar sem framleiða klæði eftir mynstri og hönnun,
- að þræða garn, þræði og vefnað í gegnum brautir, nálar og kefli prjónavéla,
- að sjá um sjálfvirka vefstóla sem framleiða teppi og mottur,
- að starfrækja og vakta stórar sjálfvirkar vélar við framleiðslu á metravöru, vattteppum eða ábreiðum,
- að sjá um sjálfvirkar hringprjónavélar fyrir framleiðslu á sokkum og sokkabuxum,
- að starfrækja og vakta vélar sem hekla blúndur, borða og bryddingar,
- að fylgjast með gangi vefstóla og prjónavéla, greina bilanir, skipta um íhluti og smyrja vélarnar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við netagerð
- vélgæslufólk við prjónavélar
- vélgæslufólk við vefnað

## 8153 Störf við iðnaðarsaumavélar

Störf við iðnaðarsaumavélar fela í sér að vakta og starfrækja saumavélar sem framleiða og gera við fatnað úr textílefni, loðskinni, gerviefnum eða leðri eða sauma út skreytingar á fatnað eða annan vefnað.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja ýmsar gerðir sjálfvirkra saumavéla sem sauma og skreyta fatnað og annan vefnað,
- að starfrækja saumavélar sem sauma saman loðskinnslengjur og sauma loðskinn á fatnað,
- að starfrækja saumavélar sem sauma leðurflíkur, handtöskur, hanska eða svipaðar vörur,
- að vakta starfsemi véla og greina vanda eins og gallaða sauma, rofna þræði eða vélabilanir,
- að smyrja og sinna léttu viðhaldi á búnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við iðnaðarsaumavélar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við hand- og útsaum – 7533

## 8154 Störf við vélar sem bleikja og lita textílefni

Störf við vélar sem bleikja og lita textílefni fela í sér að starfrækja og vakta vélar sem bleikja, þétta, lita og meðhöndla á annan hátt trefjar, garn eða fatnað.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og fylgjast með vélum og búnaði sem bleikja, lita og vinna trefjar, garn eða aðra vefnaðarvöru,
- að sinna vélum sem þæfa vefnað eða prjónaðan klæðnað,
- að starfrækja og vakta vélar sem vinna silki,
- að starfrækja og vakta vélar sem meðhöndla textílefni með íðefnum og gera þau vatnsþolin,
- að starfrækja og vakta vélar sem strekkja textílefni og gæða þau gljáa eða fullvinna á annan hátt,
- að slá inn vinnsluupplýsingar í rafrænan búnað og hafa eftirlit með skjám, stjórnborðum og búnaði,
- að smyrja og sinna léttu viðhaldi á búnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við litun textílefna

## 8155 Störf við vélar sem forvinna loðskinn og leður

Störf við vélar sem forvinna loðskinn og leður fela í sér að vakta og starfrækja vélar sem vinna leður eða meðhöndla húðir, feld eða gærur.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélar sem fjarlægja hold og fitu af húð eða feldi og hreinsa og mýkja hann fyrir frekari vinnslu,
- að starfrækja og vakta vélar sem snyrta hár í jafna lengd og lita, strekkja og slétta unnar húðir,
- að starfrækja og vakta vélar sem vinna húðir eða skinn með efnalausnum og breyta þeim í leður,
- að starfrækja og vakta vélar sem lita leður, meðhöndla yfirborð leðurs með olíu og annast úðavélar sem auka gljáa leðurs,
- að sinna viðhaldi og einföldum viðgerðum á vélum og öðrum búnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við sútun
- vélgæslufólk við loðskinnsverkun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við sútun, skinnaverkun og skinnasölu – 7535

## 8156 Störf við skóframleiðsluvélar og skyldar vélar

Störf við skóframleiðsluvélar og skyldar vélar fela í sér að vakta og starfrækja vélar sem framleiða og gera við skófatnað, handtöskur og aðra aukahluti sem eru að mestu leyti unnir úr leðri.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélar sem mynstra og skera til hluta skófatnaðar,
- að starfrækja og vakta vélar sem sauma eða festa saman hluta skófatnaðar, pússa eða skreyta og sinna frágangsvinnu,
- að starfrækja og vakta vélar sem framleiða vörur eins og töskur, belti, hnakka, ólar eða aktygi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við skógerð
- vélgæslufólk við töskugerð

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við töskugerð og skósmíði – 7536

## 8157 Störf við iðnaðarþvottavélar

Störf við iðnaðarþvottavélar fela í sér að starfrækja þvotta-, þurrhreinsunar- og pressunarvélar og aðrar vélar sem meðhöndla fatnað og textílefni í þvottahúsum, fatahreinsunum og efnalaugum.

Verkefni eru meðal annars:

- að flokka flíkur fyrir hreinsun eftir gerð, lit, efni og tegund hreinsunar,
- að setja í og taka úr þvottavélum, þurrkurum og vindum,
- að nota hreinsiefni og stífelsi,
- að slétta flíkur og setja í gegnum hreinsivélar og pressur,
- að stöðva og gangsetja vélar sem leysa flækjur, slétta úr og fjarlægja flíkur,
- að pakka inn flíkum fyrir sendingu eða afhendingu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við þurrhreinsun
- starfsfólk í þvottahúsum

## 8159 Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk fellur starfsfólk við vélar og vélgæslu í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum sem ekki er flokkað annars staðar í klasa 815: Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum. Til þessa flokks telst til dæmis starfræksla og vöktun véla sem framleiða hatta, tjöld, dýnur eða vörur eins og fléttuð bönd og kögur.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélar sem móta og framleiða hatta úr textílefnum, loðskinni eða leðri,
- að starfrækja og vakta vélar sem brjóta efni saman eða framleiða vörur eins og fléttuð bönd eða kögur,
- að starfrækja og vakta vélar sem brjóta efni saman í tiltekna lengd.

# 816 Störf við vélar í matvælaframleiðslu

Störf við vélar í matvælaframleiðslu fela í sér að vakta, stilla og starfrækja vélbúnað sem notaður er til að vinna matvæli, drykkjarvörur og tóbak.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**8160 Störf við vélar í matvælaframleiðslu**

## 8160 Störf við vélar í matvælaframleiðslu

Störf við vélar í matvælaframleiðslu fela í sér að vakta, stilla og starfrækja vélbúnað sem er notaður til að vinna kjöt og fisk, eða baka, frysta, hita, mylja, blanda eða vinna á annan hátt matvæli, drykkjarvörur og tóbak.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélbúnað sem er notaður til að saga niður skrokka eða vinna fisk,
- að starfrækja vélbúnað og ofna fyrir framleiðslu á brauði og bakkelsi,
- að starfrækja vélbúnað sem vinnur korn og aldin fyrir framleiðslu á bjór, víni, ediki, geri og skyldum afurðum,
- að hafa umsjón með búnaði sem framleiðir matvörur,
- að starfrækja búnað sem þurrkar, ristar, gerilsneyðir, reykir, hreinsar, frystir og eimar hráefni og vökva fyrir matvælavinnslu,
- að blanda, mauka, mala og sía hráefni og vökva með þar til gerðum búnaði,
- að vinna tóbakslauf með vél sem framleiðir sígarettur, vindla, píputóbak og aðrar tóbaksvörur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við kaffibrennslu
- starfsfólk við niðursuðu matvæla
- vélgæslufólk við reykofna
- vélgæslufólk í fiskvinnslu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við pökkunar-, átöppunar- og merkingarvélar – 8183

# 817 Störf við vélar í timburvinnslu og pappírsframleiðslu

Störf við vélar í timburvinnslu og pappírsframleiðslu fela í sér að vakta, starfrækja og stjórna vélbúnaði til að saga við, skera spóna, framleiða krossvið, pappírskvoðu og pappír.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8171 Störf við vélar í framleiðslu á pappír og pappírskvoðu**

**8172 Störf við vélar í viðarvinnslustöðvum**

## 8171 Störf við vélar í framleiðslu á pappír og pappírskvoðu

Störf við vélar í framleiðslu á pappír og pappírskvoðu fela í sér að vakta og starfrækja búnað sem vinnur pappírskvoðu og framleiðir gljáðan og fullunninn pappír.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélbúnað til flokkunar, bleikingar og annarrar vinnslu á pappírskvoðu,
- að starfrækja og vakta vélbúnað til pappírsframleiðslu og fullvinnslu pappírs,
- að fylgjast með stjórnborði, mælum og öðrum eftirlitstækjum véla sem greina bilanir,
- að taka sýni, skoða og meta framleiðslu,
- að setja upp, staðsetja og þræða pappírsrúllur með lyftibúnaði,
- að halda framleiðsluskrár.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk í pappírsverksmiðju

**Skyldir starfaflokkar:**

- Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum ót.a.s. – 3139

## 8172 Störf við vélar í viðarvinnslustöðvum

Störf við vélar í viðarvinnslustöðvum fela í sér að vakta, starfrækja og stjórna sögunarmyllum til að saga trjáboli í grófa viðarplanka, skera spón, búa til krossvið og spónaplötur og vinna timbur á annan hátt.

Verkefni eru meðal annars:

- að skoða trjáboli og grófan við, eða setja gegnum laserskanna, áður en hann er hlutaður niður,
- að starfrækja og vakta færibönd fyrir trjáboli,
- að starfrækja og vakta ýmsar gerðir saga fyrir trjáboli eða viðarplanka,
- að starfrækja og vakta krossviðar- og spónavélar,
- að viðhalda, hreinsa og smyrja sögunarmyllur og annan búnað.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- starfsfólk við límtrésframleiðslu
- starfsfólk við sögun

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við timburverkun – 7521
- Störf við trésmíðavélar – 7523

# 818 Önnur störf við staðbundnar vélar

Undir þennan starfaflokk fellur vélgæsla staðbundinna véla sem ekki er flokkuð annars staðar í deild 81: Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla. Í þessum flokki eru meðal annars störf gæslufólks véla sem framleiða kísilflögur og splæsa víra og reipi.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8181 Störf við vélar í gler- og keramikframleiðslu**

**8182 Störf við vélar í kyndiklefum og vélarrýmum**

**8183 Störf við pökkunar-, átöppunar- og merkingarvélar**

**8189 Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla ót.a.s.**

## 8181 Störf við vélar í gler- og keramikframleiðslu

Störf við vélar í gler- og keramikframleiðslu fela í sér að vakta og starfrækja ofna og aðrar vélar sem eru notaðar í framleiðslu á gleri, keramiki, postulíni og flísum.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta þurrkofna og glerbrennsluofna og framleiða glervörur,
- að starfrækja og sinna viðhaldi á vélum sem pressa eða blása gler í mót,
- að starfrækja og vakta vinnslustöðvar sem framleiða flotgler,
- að starfrækja og vakta frágangsvélar sem mala, bora, pússa, slípa, skreyta, hreinsa eða fægja gler eða glervörur,
- að stilla og starfrækja vélar fyrir leir og keramikvörur, postulín, og flísar,
- að starfrækja og vakta ofna sem notaðir eru við gerð á leirvörum, postulínsvörum og flísum,
- að sinna eftirliti á fullunnum vörum og greina framleiðslugalla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við gerð postulínsflísa
- vélgæslufólk við glerofna

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við glersmíði – 7315

## 8182 Störf við vélar í kyndiklefum og vélarrýmum

Störf við vélar í kyndiklefum og vélarrýmum fela í sér að vakta, sinna viðhaldi á og starfrækja ýmsar gerðir gufuvéla, katla, túrbína og aukabúnaðar til framleiðslu orku og veituþjónustu fyrir byggingar, á vinnusvæðum eða um borð í skipum eða bátum.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja, hreinsa, smyrja og sinna eftirliti með gufuvélum, kötlum og aukabúnaði á borð við dælur, þjöppur og loftræstibúnað fyrir byggingar, skip eða loftknúin verkfæri,
- að greina og skrá aflestur af mælitækjum, sinna bilanaleit og minni háttar viðgerðum,
- að sinna handvirkri eða vélrænni kyndingu kolaofna og gas- eða olíuknúinna katla,
- að vakta vél, vélbúnað og álestrartæki um borð í skipum, skrá breytur, tilkynna um frávik og skoða afköst búnaðar,
- að starfrækja og sinna viðhaldi vökvadælna og -loka.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kyndari við gufuvél

**Skyldir starfaflokkar:**

- Vélstjórn og tæknistjórn um borð í skipum – 3151
- Störf við vélvirkjun – 7233

## 8183 Störf við pökkunar-, átöppunar- og merkingarvélar

Störf við pökkunar-, átöppunar- og merkingarvélar fela í sér að vakta og starfrækja vélar sem vigta, pakka og merkja vörur eða fylla á ílát.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta vélar sem vigta, innsigla og pakka vörum,
- að starfrækja og vakta vélar sem fylla og innsigla túpur, flöskur, dósir, poka og önnur ílát með mat, drykk, málningu, olíu og smyrslum,
- að starfrækja og vakta vélar sem líma eða merkja vörur, pakka og umbúðir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við pökkunarvél
- vélgæslufólk við átöppun
- vélgæslufólk við vörumerkingar

## 8189 Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk fall störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla sem ekki eru flokkuð annars staðar í deild 81: Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla. Í þessum flokki eru meðal annars störf við vélar sem framleiða kísilflögur og splæsa víra og reipi.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- vélgæslufólk við stálvíragerð
- vélgæslufólk við stálkaplagerð

# 82 Störf við samsetningu

Störf við samsetningu fela í sér að setja saman hluta eða íhluti í endanlegar framleiðsluvörur og búnað eftir nákvæmri forskrift. Störf af þessu tagi fela jafnframt í sér samsetningu við færibönd.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**821 Störf við samsetningu**

# 821 Störf við samsetningu

Störf við samsetningu fela í sér að setja saman hluta í endanlegar framleiðsluvörur og búnað eftir nákvæmri forskrift. Störf af þessu tagi fela jafnframt í sér samsetningu við færibönd.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8211 Störf við samsetningu vélbúnaðar**

**8212 Störf við samsetningu raf- og rafeindabúnaðar**

**8219 Störf við samsetningu ót.a.s.**

## 8211 Störf við samsetningu vélbúnaðar

Störf við samsetningu vélbúnaðar fela í sér að setja saman vélbúnað á borð við bíla, túrbínur, flugvélar og aðrar vélar eftir nákvæmri forskrift.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja saman forsmíðaða hluti eða íhluti í vélbúnað, vélar og bíla,
- að fara yfir verkpantanir, verklýsingar og teikningar um samsetningu,
- að halda skrá yfir framleiðslu og aðferðir,
- að skoða og prófa endanlega framleiðsluvöru eða hluta hennar.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við framleiðslulínu bifreiða

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við bifvélavirkjun – 7231

## 8212 Störf við samsetningu raf- og rafeindabúnaðar

Störf við samsetningu raf- og rafeindabúnaðar fela í sér að setja saman og breyta íhlutum rafknúins og rafræns búnaðar eftir nákvæmri forskrift.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja saman rafkerfi og rafeindabúnað og staðsetja, samræma og festa einingar við samsetningar, undireiningar eða grindur,
- að fara yfir verkpantanir og verklýsingar,
- að halda skrá yfir framleiðslu og aðferðir,
- að starfrækja vírvafningsvélar fyrir spennubreyta, stálvíra, rafmagnshreyfla og -rafala,
- að skoða og prófa endanlega framleiðsluvöru og hluta hennar, raflagnir og rásir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við samsetningu raftækja

## 8219 Störf við samsetningu ót.a.s.

Störf við samsetningu sem ekki eru flokkuð annars staðar fela í sér að setja saman ýmsa hluti eftir nákvæmri forskrift, svo sem plast-, gúmmí- eða pappírsvörur, að undanskildum raf- og vélbúnaði.

Verkefni eru meðal annars:

- að setja saman parta, stilla af og festa einingar eða íhluti við samsetningar á framleiðsluvörum,
- að fara yfir verkpantanir, verklýsingar og teikningar fyrir samsetningu,
- að halda skrá yfir framleiðslu og aðferðir,
- að skoða og prófa íhluti og endanlega framleiðsluvöru.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við samsetningu leikfanga
- starfsfólk við samsetningu pappaumbúða

# 83 Störf við akstur og vinnuvélar

Störf við akstur og vinnuvélar fela í sér að aka og sinna vélknúnum ökutækjum, starfrækja og stjórna landbúnaðar- eða vinnuvélum eða sinna hásetastörfum um borð í bátum eða skipum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**832 Störf við akstur bifreiða og vélhjóla**

**833 Störf við akstur stórra vöru- og áætlunarbifreiða**

**834 Störf við landbúnaðar- og vinnuvélar**

**835 Störf háseta og bátsmanna**

# 832 Störf við akstur bifreiða og vélhjóla

Störf við akstur fela í sér að aka einka-, leigu- og sendibílum eða vélhjólum sem flytja farþega eða vörur.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8321 Störf við akstur vélhjóla**

**8322 Störf við akstur einka-, leigu- og sendibifreiða**

## 8321 Störf við akstur vélhjóla

Störf við akstur vélhjóla fela í sér að aka vélhjólum til að flytja farþega, póst eða vörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að aka vélhjóli eða vélknúnu þríhjóli til að flytja farþega, póst eða vörur,
- að halda ökutæki hreinu, sinna viðhaldi og minni háttar viðgerðum,
- að halda skrá yfir ferðir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- sendill á vélhjóli

## 8322 Störf við akstur einka-, leigu- og sendibifreiða

Störf við akstur einka-, leigu- og sendibifreiða fela í sér að aka bílum sem flytja farþega, póst eða vörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að aka og sjá um einka- eða leigubíla,
- að aka og sjá um sendibíla sem flytja póst eða vörur,
- að innheimta fargjöld eða greiðslur fyrir flutninga,
- að aðstoða farþega með með farangur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- leigubílstjóri
- pizzasendill á bíl
- bílstjóri sendibifreiða
- ráðherrabílstjóri

# 833 Störf við akstur stórra vöru- og áætlunarbifreiða

Störf við akstur stórra vöru- og áætlunarbifreiða fela í sér að aka og sinna þungaflutningsbílum, vörubílum, strætisvögnum, rútum eða langferðabílum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8331 Störf við akstur langferða- og áætlunarbifreiða**

**8332 Störf við akstur vöruflutningabifreiða**

## 8331 Störf við akstur langferða- og áætlunarbifreiða

Störf við akstur langferða- og áætlunarbifreiða fela í sér að aka strætisvögnum eða langferðabílum sem flytja farþega, póst eða vörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að aka og sinna vél- eða rafknúnum strætisvögnum eða langferðabílum sem flytja póst, vörur eða farþega styttri eða lengri vegalengdir,
- að aðstoða farþega með farangur,
- að innheimta fargjöld.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- rútubílstjóri
- strætisvagnabílstjóri

## 8332 Störf við akstur vöruflutningabifreiða

Störf við akstur vöruflutningabifreiða fela í sér flutning á vörum, vökva og þungum efnum lengri eða styttri vegalengdir.

Verkefni eru meðal annars:

- að aka eða sinna vöru- eða þungaflutningabílum með eða án tengivagna og flytja vörur, vökva eða þung efni lengri eða styttri vegalengdir,
- að tryggja að vörum sé hlaðið á öruggan hátt á eða í flutningabíl,
- að ferma eða afferma vörur með lyfti- og losunarbúnaði,
- að sinna minni háttar viðhaldi á ökutækjum,
- að áætla þyngd innan þyngdarmarka og tryggja rétta þyngdardreifingu.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- gámaflutningabílstjóri
- vöruflutningabílstjóri

# 834 Störf við landbúnaðar- og vinnuvélar

Störf við landbúnaðar- og vinnuvélar fela í sér að aka, starfrækja og vakta sérhæfð vélknúin tæki eða búnað sem ryðja eða undirbúa landsvæði, grafa og dreifa jarðvegi og lyfta eða færa þunga hluti.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**8341 Störf við stjórnun landbúnaðar- og skógvinnsluvéla**

**8342 Störf við stjórnun jarðvinnuvéla**

**8343 Störf við stjórnun krana og lyftitækja**

**8344 Störf við stjórnun lyftara**

## 8341 Störf við stjórnun landbúnaðar- og skógvinnsluvéla

Störf við stjórnun landbúnaðar- og skógvinnsluvéla fela í sér að aka, starfrækja og vakta vélknúin, færanleg tæki eða búnað fyrir landbúnað, garðyrkju og skógrækt.

Verkefni eru meðal annars:

- að aka og hafa umsjón með landbúnaðartækjum sem plægja land, sá, dreifa áburði, rækta og taka upp nytjaplöntur,
- að aka og hafa umsjón með sérhæfðum skógræktartækjum sem ryðja landsvæði, gróðursetja og flytja tré og timbur,
- að starfrækja færanlegar vélar og tæki sem halda, lyfta og hluta í sundur tré,
- að starfrækja vélar og búnað til að færa og flokka tré og trjáboli og kvarna við í spæni eða hluta trjáboli í sundur,
- að sinna viðhaldi og framkvæma minni háttar viðgerðir á vélbúnaði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stjórnandi dráttarvélar
- stjórnandi uppskeruvélar

## 8342 Störf við stjórnun jarðvinnuvéla

Störf við stjórnun jarðvinnuvéla fela í sér að starfrækja vélar til að grafa, færa til, jafna út, slétta og þjappa jarðveg.

Verkefni eru meðal annars:

- að stýra gröfum, heflum, ýtum, völturum eða svipuðum tækjum sem færa, flytja til, slétta eða þjappa jarðefnum eins og grjóti, sandi, möl eða snjó,
- að starfrækja og vakta vélar til að reka staura niður í jörðina,
- að starfrækja og vakta vélar við lagningu akbrauta og vega.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- jarðýtustjóri
- gröfustjóri
- stjónandi snjóruðningstækis
- stjórnandi malbikunarvélar

## 8343 Störf við stjórnun krana og lyftitækja

Störf við stjórnun krana og lyftitækja fela í sér að vakta og starfrækja kyrrstæða og færanlega krana, lyftitæki og annan hífibúnað.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja og vakta kyrrstæða eða færanlega krana með því að hækka og lækka bómur sem lyfta, færa eða staðsetja búnað og efni,
- að starfrækja og vakta hífibúnað fyrir starfsfólk og efni á byggingarsvæðum eða í námum,
- að starfrækja og vakta skíðalyftur og svipaðan búnað,
- að starfrækja og vakta vélbúnað sem dregur ferjur eða pramma stuttar vegalengdir með vörur, farþega og farartæki,
- að starfrækja og vakta vélbúnað sem opnar og lokar brúm,
- að starfrækja og vakta lyftikrana til uppmoksturs við dýpkun vatnsvega og annarra svæða,
- að starfrækja lyftikrana á bátum eða prömmum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- kranastjóri á byggingarkrana
- kranastjóri á gámakrana
- stjórnandi skíðalyftu

## 8344 Störf við stjórnun lyftara

Störf við stjórnun lyftara fela í sér að aka og starfrækja lyftara til að flytja, lyfta og hlaða vörubrettum.

Verkefni eru meðal annars:

- að starfrækja lyftara til að ferma og afferma, flytja, lyfta og stafla vörum og vörubrettum og pallettum,
- að skoða búnað og greina slit og skemmdir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk á lyftara

# 835 Störf háseta og bátsmanna

Störf háseta og bátsmanna fela í sér að sinna skyldum háseta um borð í bátum og skipum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**8350 Störf háseta og bátsmanna**

## 8350 Störf háseta og bátsmanna

Störf háseta og bátsmanna fela í sér að sinna skyldustörfum á skipsdekki um borð í bátum og skipum öðrum en fiskiskipum.

Verkefni eru meðal annars:

- að standa vaktir á sjó og þegar siglt er inn og út úr höfnum,
- að stjórna skipum samkvæmt fyrirmælum skipstjóra eða stýrimanns,
- að festa landfestar,
- að sjá um viðhald og rekstur á búnaði um borð í skipum,
- að hreinsa og mála skip og búnað á dekki,
- að stjórna og halda við vitaljósum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bátsmaður á ferju
- háseti á ferju
- vitavörður

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við strandveiðar – 6222

# 9 Ósérhæfð störf

Ósérhæfð störf fela í sér einföld og venjubundin verkefni sem hugsanlega krefjast notkunar handverkfæra og nokkurrar líkamlegrar áreynslu. Til flestra starfa í þessum bálki eru gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt fyrsta kunnáttustigi ÍSTARF.

Störf í þessum bálki eru flokkuð í eftirfarandi deildir:

**91 Störf við ræstingar og þvott**

**92 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu**

**93 Ósérhæfð störf í námugreftri, byggingariðnaði, framleiðslu og samgöngum**

**94 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu**

**95 Störf við götusölu og tengd störf**

**96 Störf við sorpvinnslu og önnur ósérhæfð störf**

# 91 Störf við ræstingar og þvott

Störf við ræstingar og þvott fela í sér ýmis verkefni við þrif á heimilum, hótelum, skrifstofum, sjúkrahúsum, fyrirtækjum og stofnunum og um borð í flugvélum og langferðabifreiðum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**911 Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum og í fyrirtækjum**

**912 Störf við glugga- og bílaþvott og önnur störf við þrif**

# 911 Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum og í fyrirtækjum

Störf við ræstingar á heimilum og í fyrirtækjum fela í sér að sópa, ryksuga, þvo, bóna, hirða um þvott heimila og kaupa inn neysluvörur, sinna ýmsum verkefnum á heimilum, hótelum, skrifstofum, sjúkrahúsum og öðrum stofnunum og um borð í flugvélum, farþegaskipum og lestum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9111 Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum**

**9112 Störf við ræstingar í fyrirtækjum og stofnunum**

## 9111 Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum

Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum fela í sér að sópa, ryksuga, þvo og bóna, hirða um þvott, kaupa inn, sjá um matseld, bera fram máltíðir og sinna ýmsum öðrum heimilisstörfum.

Verkefni eru meðal annars:

- að sópa, ryksuga, bóna og þrífa gólf, húsgögn glugga og annað,
- að þvo þvott og strauja,
- að sjá um uppvask,
- að aðstoða við að undirbúa, elda og bera fram máltíðir og veitingar,
- að kaupa inn matvæli og ýmsar aðrar neysluvörur fyrir heimili,
- að sjá um þrif í eldhúsum, baðherbergjum og á salernum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ræstir á einkaheimili

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við ræstingar í fyrirtækjum og stofnunum – 9112

## 9112 Störf við ræstingar í fyrirtækjum og stofnunum

Störf við ræstingar í fyrirtækjum og stofnunum fela í sér þrif og umhirðu á innra rými og innréttingum á hótelum, skrifstofum og hjá öðrum fyrirtækjum og stofnunum, um borð í flugvélum, hópbifreiðum og svipuðum farartækjum.

Verkefni eru meðal annars:

- að sópa, ryksuga, þrífa og bóna gólf, húsgögn og aðrar innréttingar,
- að búa um rúm, þrífa baðherbergi, skipta um handklæði, fylla á sápur,
- að taka til og tæma ruslafötur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- ræstitæknir
- starfsfólk við þrif í flugvélum

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf aðstoðarfólks í eldhúsi – 9412
- Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum – 9111
- Störf við bílaþvott – 9122

# 912 Störf við glugga- og bílaþvott og önnur störf við þrif

Störf við glugga- og bílaþvott, handþvott og pressun og önnur störf við þrif fela í sér að þrífa glugga, sýningarskápa eða annað yfirborð bygginga eða farartækja, og pressa eða hreinsa rúmföt eða annað textílefni í höndum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9122 Störf við bílaþvott**

**9123 Störf við gluggaþvott**

**9129 Önnur störf við þrif**

## 9122 Störf við bílaþvott

Störf við bílaþvott fela í sér að þrífa og bóna ytra og innra byrði ökutækja.

Verkefni eru meðal annars:

- að þrífa og bóna bifreiðar,
- að ryksuga og hreinsa teppi og áklæði ökutækja,
- að nota hreinsiefni til að þrífa og fjarlægja bletti af ytra byrði og innanrými ökutækja,
- að þrífa hjólbarða og hjólskálar og sverta hjólbarða,
- að þrífa og fægja glugga ökutækja.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- bílaþvottafólk

## 9123 Störf við gluggaþvott

Störf við gluggaþvott fela í sér að þrífa og pússa glugga og aðra fleti úr gleri.

Verkefni eru meðal annars:

- að þrífa, þurrka og pússa glugga eða aðra glerfleti,
- að nota stiga, hangandi verkpalla, körfubíla og annan búnað til að þrífa glugga hárra bygginga.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- gluggaþvottafólk

## 9129 Önnur störf við þrif

Undir þennan starfaflokk falla þrif sem ekki eru flokkuð annars staðar í deild 91. Í þessum flokki er meðal annars starfsfólk sem þrífur teppi, veggi, sundlaugar og kæliturna með sérhæfðum hreinsunarbúnaði og -efnum.

Verkefni eru meðal annars:

- að þrífa teppi og bólstruð húsgögn með hreinsitækjum,
- að fjarlægja bletti úr teppum og meðhöndla með íðefnum,
- að þrífa steinveggi, málm og annað yfirborð með háþrýstibúnaði og leysiefnum,
- að nota vatnsryksugur og annan sogbúnað til að fjarlægja óhreinindi og aðrar útfellingar sundlauga, kæliturna og niðurfalla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við þrif á veggjakroti
- teppahreinsunarfólk

# 92 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu

Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu fela í sér einföld verkefni í framleiðslu á nytjaplöntum og búfé, ræktun og umhirðu einka- og almenningsgarða, nýtingu og verndun skóga og störf við fiskeldi og fiskveiðar.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**921 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu**

# 921 Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu

Ósérhæfð störf í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu fela í sér einföld verkefni í framleiðslu á nytjaplöntum og búfé, ræktun og umhirðu einka- og almenningsgarða, nýtingu og verndun skóga og störf við fiskeldi og fiskveiðar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9211 Störf verkafólks við akuryrkju**

**9212 Störf verkafólks við búfjárrækt**

**9213 Störf verkafólks við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur**

**9214 Störf verkafólks í garðyrkju**

**9215 Störf verkafólks í skógrækt**

**9216 Störf verkafólks í fiskvinnslu og fiskeldi**

## 9211 Störf verkafólks við akuryrkju

Störf verkafólks við akuryrkju fela í sér einföld verkefni á bújörðum við framleiðslu á nytjaplöntum eins og grænmeti, ávöxtum, korni og hnetum.

Verkefni eru meðal annars:

- að grafa, moka, raka, slá og stafla,
- að ferma og afferma birgðir, afurðir og búnað,
- að vökva, grisja og hreinsa illgresi af nytjaplöntum,
- að tína ávexti, hnetur, grænmeti og aðrar nytjaplöntur,
- að sá fyrir og taka upp nytjaplöntur á ökrum með höndum,
- að flokka, raða, safna saman og pakka afurðum,
- að framkvæma minniháttar viðgerðir á byggingum, búnaði og girðingum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkafólk við ávaxta- og grænmetistínslu
- verkafólk við uppskeru

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við akuryrkju og gærnmetisframleiðslu – 6111

## 9212 Störf verkafólks við búfjárrækt

Störf verkafólks við búfjárrækt fela í sér að sinna einföldum verkefnum við búfjárrækt, þar með talinni alífuglarækt.

Verkefni eru meðal annars:

- að grafa, moka, raka, slá og stafla,
- að ferma og afferma birgðir, afurðir og búnað,
- að fóðra, brynna og þrífa dýr og halda útihúsum hreinum,
- að smala, reka og aðskilja búfénað fyrir mjólkun, rúningu og flutning,
- að tína egg,
- að flokka, raða, safna saman og pakka afurðum,
- að framkvæma minniháttar viðgerðir á byggingum, búnaði og girðingum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkafólk við sauðburð
- verkafólk við umhirðu dýra

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við búfjárrækt – 6121

## 9213 Störf verkafólks við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur

Störf verkafólks við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur, fela í sér einföld verkefni í landbúnaðarframleiðslu bæði á nytjaplöntum og dýrum.

Verkefni eru meðal annars:

- að grafa, moka, raka, slá og stafla,
- að ferma og afferma birgðir, afurðir og búnað,
- að vökva, grisja og hreinsa illgresi af nytjaplöntum,
- að tína egg og nytjaplöntur,
- að sá fyrir og taka upp nytjaplöntur á ökrum með höndum,
- að fóðra, brynna og þrífa dýr og halda útihúsum hreinum,
- að smala, reka og aðskilja búfénað fyrir mjólkun, rúningu, flutning og á milli beitilanda,
- að flokka, raða, safna saman og pakka afurðum,
- að framkvæma minniháttar viðgerðir á byggingum, búnaði og girðingum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkafólk við blandaðan búskap

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur – 6130

## 9214 Störf verkafólks í garðyrkju

Störf verkafólks í garðyrkju fela í sér einföld verkefni í landbúnaði við ræktun og umhirðu á trjám, runnum, blómum og öðrum plöntum í gróðurhúsum, einka- og almenningsgörðum.

Verkefni eru meðal annars:

- að ferma, afferma og færa til birgðir, afurðir og búnað,
- að undirbúa garða og lóðir með handverkfærum og einföldum vélum,
- að aðstoða við gróðursetningu á blómum, runnum, trjám og garðflötum,
- að vökva, fjarlægja illgresi og slá flatir,
- að þrífa garða og fjarlægja sorp,
- að taka upp, snyrta og pakka plöntum til sölu og flutnings,
- að framkvæma minniháttar viðgerðir á byggingum, búnaði og girðingum.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- verkafólk við garðslátt
- verkafólk við garðyrkju

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við garðyrkju og ylrækt – 6113

## 9215 Störf verkafólks í skógrækt

Störf verkafólks í skógrækt fela í sér einföld verkefni við ræktun og umhirðu á náttúrlegum og ræktuðum skógum sem og aðstoð við skógarhögg.

Verkefni eru meðal annars:

- að gróðursetja tré, hreinsa lággróður og grisja,
- að stafla, ferma og afferma trjáboli og timbur,
- að fjarlægja, snyrta og saga greinar og trjástofna,
- að fella og saga tré með handvirkum sögum,
- að safna fræjum og gróðursetja ungplöntur,
- að sjá um minniháttar viðgerðir og viðhald á skógarvegum, byggingum, aðstöðu og búnaði.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- verkafólk við trjárækt
- starfsfólk við grisjanir og skógrækt

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við skógrækt – 6210

# 9216 Störf verkafólks í fiskvinnslu og fiskeldi

Störf verkafólks í fiskvinnslu og fiskeldi fela í sér að framkvæma einföld verkefni við ræktun og veiði fisks og sjávarfangs.

Verkefni eru meðal annars:

- að hreinsa sjávarbotn og fóðra fiska og lindýr sem verið er að rækta,
- að tína þang, þara, skeljar og önnur lindýr,
- að undirbúa net, línur og annan búnað,
- að nota veiðarfæri til að fanga fisk og annað sjávarfang,
- að hreinsa, flokka og pakka fiski og sjávarfangi í ís og salt og stafla aflanum í lest,
- að þrífa þilfar og lest.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- verkafólk í fiskeldi

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við fiskeldi – 6221
- Störf við strandveiðar – 6222
- Störf við úthafsveiðar – 6223
- Störf við kjöt- og fiskiðn – 7511

# 93 Ósérhæfð störf í námugreftri, byggingariðnaði, framleiðslu og samgöngum

Ósérhæfð störf í námugreftri, byggingariðnaði, framleiðslu og samgöngum fela í sér einföld verkefni í námugreftri, grjótnámi, mannvirkjagerð, byggingarvinnu, framleiðslu og störf við flutninga og í vörugeymslum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**931 Ósérhæfð störf í byggingariðnaði og námugreftri**

**932 Ósérhæfð störf í framleiðslu**

**933 Ósérhæfð störf við flutninga og í vörugeymslum**

# 931 Ósérhæfð störf í byggingariðnaði og námugreftri

Ósérhæfð störf í byggingariðnaði og námugreftri fela í sér einföld verkefni í námugreftri, grjótnámi, mannvirkjagerð og byggingarframkvæmdum.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9311 Störf verkafólks í námugreftri og grjótnámi**

**9312 Störf verkafólks við mannvirkjagerð, aðra en húsbyggingar**

**9313 Störf verkafólks við húsbyggingar**

## 9311 Störf verkafólks í námugreftri og grjótnámi

Störf verkafólks í námum og grjótnámi fela í sér einföld verkefni við efnistöku, námuvinnslu og grjótnám.

Verkefni eru meðal annars:

- að aðstoða annað starfsfólk við viðhald á vélbúnaði og uppsetningu tækja og búnaðar fyrir efnistöku og grjótnám,
- að setja saman og taka í sundur námuvinnslubúnað,
- að fjarlægja burðarstoðir úr göngum aflagðra vinnusvæða,
- að fjarlægja jarðefni og búnað af vinnusvæðum eftir að námuvinnslu er lokið,
- að þrífa vélbúnað, tæki, verkfæri, vegi og flutningsleiðir,
- að flokka, ferma, afferma, stafla og geyma verkfæri, efni og birgðir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkafólk við grjótnám

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við námugröft og grjótnám – 8111
- Störf við jarðboranir – 8113

## 9312 Störf verkafólks við mannvirkjagerð, aðra en húsbyggingar

Störf verkafólks við mannvirkjagerð, aðra en húsbyggingar, fela meðal annars í sér einföld verkefni við lagningu og viðhald á vegum og stíflum.

Verkefni eru meðal annars:

- að grafa og fylla holur og skurði með handverkfærum,
- að moka og dreifa úr möl og svipuðu efni,
- að jafna og saga yfirborð bergs, steinsteypu og jarðbiks,
- að ferma og afferma byggingarefni, jarðveg og búnað,
- að þrífa og laga til á vinnusvæði.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkafólk við hellulögn
- verkafólk við malbikun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf verkafólks við húsbyggingar – 9313

## 9313 Störf verkafólks við húsbyggingar

Störf verkafólks við húsbyggingar fela í sér einföld verkefni í tengslum við byggingu, niðurrif og aðrar framkvæmdir á húsbyggingum.

Verkefni eru meðal annars:

- að hreinsa steypumót og naglhreinsa,
- að blanda og dreifa úr efnum eins og steinsteypu, gifsi og múr,
- að grafa og fylla holur og skurði með notkun handverkfæra,
- að dreifa úr jarðvegi,
- að ferma og afferma byggingarefni, jarðveg og búnað,
- að taka til og þrífa vinnusvæði,
- að aðstoða við uppsetningu og niðurrif vinnupalla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- handlangari við húsbyggingar
- verkafólk í byggingarvinnu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við múr- og steinhleðslu – 7112
- Störf við byggingar- og mannvirkjagerð ót.a.s. – 7119
- Störf verkafólks við mannvirkjagerð, aðra en húsbyggingar – 9312

# 932 Ósérhæfð störf við framleiðslu

Ósérhæfð störf við framleiðslu fela í sér ýmis einföld og venjubundin verkefni við framleiðslu og aðstoð við starfsfólk í vélgæslu og samsetningu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9321 Störf verkafólks við handpökkun**

**9329 Ósérhæfð störf við framleiðslu ót.a.s.**

## 9321 Störf verkafólks við handpökkun

Störf verkafólks við handpökkun fela í sér að vigta, pakka og merkja efni og vörur í höndum.

Verkefni eru meðal annars:

- að vigta, pakka inn og innsigla hráefni og vörur af ýmsum toga,
- að fylla á flöskur, dósir, poka, kassa og önnur ílát,
- að merkja vörur, pakka og aðrar umbúðir.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkafólk við handpökkun
- verkafólk við vörumerkingar

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við pökkunar-, átöppunar- og merkingarvélar – 8183

## 9329 Ósérhæfð störf við framleiðslu ót.a.s.

Ósérhæfð störf við framleiðslu sem ekki eru flokkuð annars staðar fela í sér einföld og venjubundin verkefni af ýmsum toga í framleiðslu með handafli (að undanskilinni handpökkun og merkingu á vörum) og að aðstoða starfsfólk sem sinnir vélgæslu og samsetningu.

Verkefni eru meðal annars:

- að flytja vörur, efni og búnað á eða af vinnusvæði,
- að ferma og afferma ökutæki, vöruflutningabifreiðar og handtrillur,
- að losa um stíflur í vélum og þrífa vélar, búnað og verkfæri,
- að sjá um flokkun á vörum og íhlutum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- verkafólk við vöruflokkun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við samsetningu ót.a.s. – 8219
- Störf verkafólks við handpökkun – 9321

# 933 Ósérhæfð störf við flutninga og í vörugeymslum

Ósérhæfð störf við flutninga og í vörugeymslum fela í sér að aka fót- og handknúnum farartækjum, meðhöndla farm og farangur og stafla í hillur.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9331 Störf við akstur fót- og handknúinna farartækja**

**9333 Störf verkafólks við flutninga og í vörugeymslum**

**9334 Störf við áfyllingar**

## 9331 Störf við akstur fót- og handknúinna farartækja

Störf við akstur fót- og handknúinna farartækja fela í sér að knýja áfram reiðhjól, handtrillur og svipuð farartæki til að flytja farþega eða vörur.

Verkefni eru meðal annars:

- að knýja og stýra farartæki og flytja farþega eða vörur,
- að gæta að sliti og skemmdum farartækis,
- að halda ökutæki við og sinna minniháttar viðgerðum,
- að taka við fargjöldum og öðrum greiðslum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér**

- sendill á reiðhjóli

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við akstur vélhjóla – 8321

## 9333 Störf verkafólks við flutninga og í vörugeymslum

Störf verkafólks við flutninga og í vörugeymslum fela í sér að pakka, bera, ferma og afferma húsgögn og aðrar heimilisvörur, lesta og landa skipa- og flugvélaförmum og öðrum farmi eða bera og stafla vörum í vörugeymslum.

Verkefni eru meðal annars:

- að pakka inn húsgögnum, vélum, heimilistækjum og svipuðum vörum til flutnings,
- að bera vörur og ferma eða afferma sendi- og vöruflutningabíla, skip eða flugvélar,
- að tengja leiðslur í landi við leiðslur á prömmum og skipum til að lesta eða landa olíu, vökva, sandi eða korni,
- að bera og stafla vörum í vöruhúsum,
- að flokka farm fyrir lestun og löndun.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- hlaðmaður á flugvelli
- verkafólk við flutninga

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við stjórnun lyftara – 8344
- Störf sendla og burðarfólks – 9621

## 9334 Störf við áfyllingar

Störf við áfyllingar fela í sér að raða vörum í hillur og útstillingarsvæði í stórmörkuðum og öðrum smásölu- og heildsöluverslunum.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylla á og raða vörum í hillur og gæta að útrunnum vörum,
- að halda hillum og útstillingasvæðum snyrtilegum,
- að taka við, opna og skoða vörur frá framleiðanda eða dreifingaraðila með tilliti til galla og skemmda.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við vöruáfyllingar í verslun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við álestur mæla og áfyllingu sjálfsala – 9623

# 94 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu

Ósérhæfð störf í matvælavinnslu fela í sér að undirbúa, hita upp eða elda einfaldan mat eða drykki eftir pöntun, taka af borðum, þrífa eldhús og sjá um uppvask.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**941 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu**

# 941 Ósérhæfð störf í matvælavinnslu

Ósérhæfð störf í matvælavinnslu fela í sér að undirbúa, hita upp eða elda einfaldan mat eða drykki eftir pöntun, taka af borðum, þrífa eldhús og sjá um uppvask.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9411 Störf við að útbúa skyndibita**

**9412 Störf aðstoðarfólks í eldhúsi**

## 9411 Störf við að útbúa skyndibita

Störf við að útbúa skyndibita fela í sér að hita upp eða elda eftir pöntun takmarkað úrval af mat eða drykkjum sem eru einfaldir í tilreiðslu.

Verkefni eru meðal annars:

- að útbúa einfaldan mat og drykki eins og kaffi, samlokur, hamborgara, flatbökur, salat, fisk og franskar,
- að undirbúa matvæli fyrir eldun,
- að nota stór eldunartæki eins og grill, djúpsteikingarpotta eða steikingarhellur,
- að hita upp foreldað matvæli,
- að þrífa eldunaraðstöðu og áhöld og fylgja hreinlætis-, heilbrigðis- og öryggisstöðlum á vinnusvæðum,
- að taka við og afgreiða pantanir á matvælum og drykkjum á skyndibitastöðum,
- að panta hráefni og taka við sendingum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við pizzugerð
- starfsfólk á grilli

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við matseld – 5120
- Störf við afgreiðslu í matsölu – 5246

## 9412 Störf aðstoðarfólks í eldhúsi

Störf aðstoðarfólks í eldhúsi fela í sér að taka af borðum, þrífa eldhús, vaska upp, undirbúa hráefni og aðstoða við eldamennsku og afgreiðslu á mat og drykk.

Verkefni eru meðal annars:

- að sjá um uppvask og þrif í eldhúsi og á afgreiðslusvæði,
- að aðstoða kokka og matreiðslufólk við undirbúning hráefna,
- að setja saman rétti áður en þeir eru reiddir fram,
- að flytja, vigta og geyma birgðir í kælum, frystum og öðrum geymslusvæðum,
- að undirbúa, elda, rista og hita upp einföld matvæli.

### Dæmi um störf sem flokkast hér:

- aðstoðarfólk í eldhúsi
- starfsfólk við uppvask

### Skyldir starfaflokkar:

- Störf við matseld – 5120
- Störf við að útbúa skyndibita – 9411

# 95 Störf við götusölu og tengd störf

Störf við götusölu og tengd störf fela í sér að selja vörur (að undanskildum matvælum) og veita ýmsa þjónustu á götum úti og í öðru almannarými eins og samgöngumiðstöðvum.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**951 Störf við götusölu og tengd störf**

# 951 Störf við götusölu og tengd störf

Störf við götusölu og tengd störf fela í sér ýmsa þjónustu á götum úti og í öðru almannarými, þ.m.t. að bursta skó, þrífa bílrúður, dreifa auglýsingum og bæklingum og selja takmarkað úrval af vörum (fyrir utan matvæli).

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**9510 Störf við götusölu og tengd störf**

## 9510 Störf við götusölu og tengd störf

Störf við götusölu og tengd störf fela í sér ýmsa þjónustu á götum úti og í öðru almannarými, svo sem að dreifa auglýsingum og bæklingum.

Verkefni eru meðal annars:

- að bjóða fólki á götum úti þjónustu,
- að dreifa auglýsingum, bæklingum eða ókeypis dagblöðum,
- að taka við greiðslu,
- að kaupa eða taka við hlutum til sölu eða búa til einfaldar vörur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- blaðsali við götusölu
- skóburstari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf sendla og burðarfólks – 9621

# 96 Störf við sorpvinnslu og önnur ósérhæfð störf

Störf við sorpvinnslu og önnur ósérhæfð störf verkafólks fela í sér að safna, flokka og endurvinna sorp frá byggingum, görðum og götum eða halda götum og öðru umhverfi hreinu og snyrtilegu.

Störf í þessari deild eru flokkuð í eftirfarandi klasa:

**961 Störf við sorpvinnslu**

**962 Önnur ósérhæfð störf**

# 961 Störf við sorpvinnslu

Störf við sorpvinnslu fela í sér að fjarlægja, flokka og endurvinna sorp frá byggingum, görðum, götum og öðru umhverfi eða sjá um að halda götum og öðru almannarými hreinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9611 Störf við sorphirðu og endurvinnslu**

**9612 Störf við flokkun á sorpi**

## 9611 Störf við sorphirðu og endurvinnslu

Störf við sorphirðu og endurvinnslu fela í sér að hirða og fjarlægja sorp eða rusl frá byggingum, görðum, götum og öðrum stöðum og koma því í endurvinnslu, gáma eða sorphirðubíla.

Verkefni eru meðal annars:

- að hirða sorp og endurvinnanleg efni og koma fyrir í viðeigandi gáma eða sorphirðubíla,
- að draga og lyfta upp sorptunnum og tæma innihald þeirra í sorphirðubíla og stóra gáma,
- að losa sorphirðu- og endurvinnslubíla.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk við sorphirðu

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við akstur vöruflutningabifreiða – 8332
- Störf við flokkun á sorpi – 9612

## 9612 Störf við flokkun á sorpi

Störf við flokkun á sorpi fela í sér að finna og flokka hluti sem hægt er að endurvinna í sorpmóttöku eða á endurvinnslustöðvum.

Verkefni eru meðal annars:

- að leita í sorpi að efni til að setja í endurvinnslu,
- að flokka pappa, pappír, gler, plast, ál eða önnur endurvinnanleg efni,
- að koma endurvinnanlegum hlutum fyrir í þar til gerðum tunnum og gámum til geymslu eða flutnings,
- að finna og setja til hliðar húsgögn, búnað, vélar eða íhluti sem hægt er að gera við eða nota að nýju.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- starfsfólk á sorpvinnslustöð
- verkafólk við sorpflokkun

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við sorphirðu og endurvinnslu – 9611
- Störf við akstur vöruflutningabifreiða – 8332

# 962 Önnur ósérhæfð störf

Önnur ósérhæfð störf fela í sér að flytja og afhenda skilaboð og pakka, sjá um einfalda viðhalds- og viðgerðavinnu, fylla á sjálfsala, tæma peninga úr sjálfsölum og taka við og gefa út miða fyrir bílastæði eða viðburði.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**9621 Störf sendla og burðarfólks**

**9622 Íhlaupastörf**

**9623 Störf við álestur mæla og áfyllingu sjálfsala**

**9629 Önnur ósérhæfð störf ót.a.s.**

## 9621 Störf sendla og burðarfólks

Störf sendla og burðarfólks felast meðal annars í sendiferðum og afhendingu skilaboða, bréfa, pakka og annarra vara innan fyrirtækis eða á milli fyrirtækja og að bera farangur, svo sem á hótelum og samgöngumiðstöðvum.

Verkefni eru meðal annars:

- að afhenda skilaboð, pakka og aðra hluti innan eða á milli fyrirtækja eða annarra staða,
- að bera og afhenda farangur á hótelum, samgöngumiðstöðvum og öðrum stöðum,
- að taka á móti og merkja farangur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- burðarfólk á hóteli
- pikkaló

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við póstafgreiðslu og -flokkun – 4412
- Störf verkafólks við flutninga og í vörugeymslum – 9333

## 9622 Íhlaupastörf

Íhlaupastörf fela í sér þrif, viðhald og einfaldar viðgerðir á byggingum og landareignum.

Verkefni eru meðal annars:

- að gera við minniháttar skemmdir, svo sem hurðir, grill, útiborð, hillur, skápa,
- að skipta um ljósaperur og þéttingar í vatnskrönum,
- að gera við og mála veggi, loft og girðingar,
- að stilla ofna, hurðir og glugga,
- að setja upp handrið og handslár.

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við umsjón fasteigna – 5153

## 9623 Störf við álestur mæla og áfyllingu sjálfsala

Störf við álestur mæla og áfyllingu sjálfsala fela í sér að fylla á vörur og tæma peninga úr sjálfsölum, lesa á og tæma peninga úr stöðumælum, lesa á rafmagns-, gas- eða vatnsmæla.

Verkefni eru meðal annars:

- að fylla á vörur og tæma peninga úr sjálfsölum,
- að lesa á og tæma peninga úr stöðumælum,
- að lesa á rafmagns-, gas- eða vatnsmæla og skrá niður notkun,
- að lesa af mælum og halda skrá yfir áfyllingarvörur.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- stöðumælavörður
- mælaálesari

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við áfyllingar – 9334

## 9629 Ósérhæfð störf ót.a.s.

Undir þennan starfaflokk falla störf verkafólks sem ekki eru flokkað annars staðar í bálki 9: Ósérhæfð störf. Í þennan flokk falla meðal annars störf við vinnu í fatahengi.

Verkefni eru meðal annars:

- að taka við aðgöngumiðum á skemmtunum eða viðburðum,
- að vísa gestum á útganga eða salerni, og veita aðrar leiðbeiningar eða aðstoð í neyðartilvikum,
- að hafa eftirlit með bílastæðum,
- að reikna út bílastæðagjöld og taka við greiðslum frá viðskiptavinum,
- að úthluta búningsaðstöðu og skápaplássi til gesta í líkamsræktarstöðvum, sundlaugum eða á baðstöðum.

**Dæmi um störf sem flokkast hér:**

- gæslufólk á íþróttaleikvangi
- starfsfólk í fatahengi

**Skyldir starfaflokkar:**

- Störf við afgreiðslu og miðasölu – 5230
- Störf við öryggisgæslu – 5414
- Störf við akstur einka-, leigu- og sendibifreiða – 8322

# Samsvörun við ÍSTARF95

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Kjörnir fulltrúar | 1110 | 1111 | Störf kjörinna fulltrúa |
| Æðstu embættismenn ríkis og sveitarstjórna | 1120 | 1111 | Störf kjörinna fulltrúa |
| | | 1112 | Störf æðstu embættismanna ríkis og sveitarstjórna |
| Æðstu stjórnendur stjórnmálaflokka og flokkssamtaka | 1141 | 1114 | Störf æðstu stjórnenda hagsmunasamtaka |
| Æðstu stjórnendur stéttafélaga og heildarsamtaka þeirra, samtaka vinnuveitenda og annarra samtaka atvinnulífs | 1142 | 1114 | Störf æðstu stjórnenda hagsmunasamtaka |
| Æðstu stjórnendur líknarsamtaka og annarra sérhagsmunasamtaka | 1143 | 1114 | Störf æðstu stjórnenda hagsmunasamtaka |
| Forstjórar og aðalframkvæmdastjórar fyrirtækja og stofnana (10 eða fleiri starfsmenn) | 1210 | 1120 | Störf forstjóra og framkvæmdastjóra |
| | | 1345 | 1345 Störf stjórnenda grunn-, framhalds- og háskóla |
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í landbúnaði, skógrækt og veiðum | 1221 | 1311 | Störf stjórnenda í landbúnaði og skógrækt |
| | | 1312 | Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum |
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í iðnaði | 1222 | 1321 | Störf stjórnenda í framleiðslu |
| | | 1322 | Störf stjórnenda í námuvinnslu |
| | | 1312 | Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum |
| | | 3121 | Störf við verkstjórn í námugreftri |
| | | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðslu |
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í byggingariðnaði og mannvirkjagerð | 1223 | 1323 | Störf stjórnenda í byggingariðnaði |
| | | 3123 | Störf við verkstjórn í byggingar- og mannvirkjagerð |
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í heildsölu og smásölu | 1224 | 1420 | Störf stjórnenda í heildsölu og smásölu |
| | | 5221 | Störf verslunareigenda smærri verslana |
| | | 5222 | Störf yfirmanna í verslunum |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í hótel- og veitingahúsarekstri | 1225 | 1411 | Störf stjórnenda í hótelrekstri |
| | | 1412 | Störf stjórnenda í veitingarekstri |
| | | 5151 | Störf umsjónarfólks við þrif |
| | | 5152 | Störf við hússtjórn |
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í samgöngum og flutningum | 1226 | 1324 | Störf stjórnenda í samgöngum og flutningum |
| | | 1330 | Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni |
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í þjónustufyrirtækjum | 1227 | 1219 | Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s. |
| | | 1346 | Störf stjórnenda í fjármála- og tryggingaþjónustu |
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda fyrirtækja í heimilishjálp, ræstingum og svipuðum rekstri | 1228 | 1219 | Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s. |
| | | 5152 | Störf við hússtjórn |
| Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda ót.a.s. | 1229 | 1213 | Störf stjórnenda í stefnu- og áætlanagerð |
| | | 1219 | Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s. |
| | | 1341 | Störf stjórnenda leikskóla |
| | | 1342 | Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu |
| | | 1343 | Störf stjórnenda í umönnun aldraðra |
| | | 1344 | Störf stjórnenda í félagsþjónustu |
| | | 1345 | Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi |
| | | 1349 | Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu ót.a.s. |
| | | 1439 | Störf stjórnenda í afþreyingarþjónustu ót.a.s. |
| | | 2221 | Sérfræðistörf við hjúkrun |
| | | 2222 | Sérfræðistörf í ljósmóðurfræðum |
| | | 2654 | Störf við leikstjórn og framleiðslu kvikmynda og leikverka |
| | | 1431 | Störf stjórnenda íþrótta-, tómstunda- og menningarmiðstöðva |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Yfirmenn fjármála- og stjórnunardeilda | 1231 | 1211 | Störf stjórnenda í fjármálum |
| Yfirmenn starfsmannahalds | 1232 | 1212 | Störf stjórnenda í mannauðsmálum |
| Yfirmenn sölu- og markaðsdeilda | 1233 | 1221 | Störf stjórnenda í sölu og markaðsmálum |
| Yfirmenn almannatengsla- og auglýsingadeilda | 1234 | 1221 | Störf stjórnenda í sölu og markaðsmálum |
| | | 1222 | Störf stjórnenda í upplýsingamiðlun og almannatengslum |
| Yfirmenn innkaupa-, birgða- og dreifingardeilda | 1235 | 1324 | Störf stjórnenda í samgöngum og flutningum |
| Yfirmenn tölvudeilda | 1236 | 1330 | Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni |
| Yfirmenn rannsóknar- og þróunardeilda | 1237 | 1223 | Störf stjórnenda í rannsóknum og þróun |
| Yfirmenn annarra deilda ót.a. | 1239 | 1213 | Störf stjórnenda í stefnu- og áætlanagerð |
| | | 1219 | Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s. |
| | | 1223 | Störf stjórnenda í rannsóknum og þróun |
| | | 1342 | Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu |
| | | 1343 | Störf stjórnenda í umönnun aldraðra |
| | | 1344 | Störf stjórnenda í félagsþjónustu |
| | | 1349 | Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu ót.a.s. |
| | | 1431 | Störf stjórnenda íþrótta-, tómstunda- og menningarmiðstöðva |
| | | 5152 | Störf umsjónarfólks við þrif |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Framkvæmdastjórar lítilla fyrirtækja í landbúnaði, skógrækt, veiðum og fiskveiðum (færri en 10 starfsmenn) | 1311 | 6111 | Störf við akuryrkju og grænmetisframleiðslu |
| | | 6113 | Störf við garðyrkju og ylrækt |
| | | 6114 | Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt, blandaður búskapur |
| | | 6121 | Störf við búfjárrækt |
| | | 6122 | Störf við alifuglarækt |
| | | 6130 | Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur |
| | | 6210 | Störf við skógrækt |
| | | 6221 | Störf við fiskeldi |
| | | 6222 | Störf við strandveiðar |
| | | 6223 | Störf við úthafsveiðar |
| Framkvæmdastjórar iðnfyrirtækja (færri en 10 starfsmenn) | 1312 | 1321 | Störf stjórnenda í framleiðslu |
| | | 1322 | Störf stjórnenda í námuvinnslu |
| | | 1312 | Störf stjórnenda í eldisræktun og veiðum |
| Framkvæmdastjórar í byggingariðnaði og mannvirkjagerð (færri en 10 starfsmenn) | 1313 | 1323 | Störf stjórnenda í byggingariðnaði |
| Framkvæmdastjórar í heildsölu- og smásölu (færri en 10 starfsmenn) | 1314 | 1420 | Störf stjórnenda í samgöngum og flutningum |
| | | 5221 | Störf verslunareigenda smærri verslana |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Framkvæmdastjórar í hótel- eða veitingahúsarekstri (færri en 10 starfsmenn) | 1315 | 1411 | Störf stjórnenda í hótelrekstri |
| | | 1412 | Störf stjórnenda í veitingarekstri |
| Framkvæmdastjórar í samskiptum, samgöngum og vöruflutningum (færri en 10 starfsmenn) | 1316 | 1324 | Störf stjórnenda í samgöngum og flutningum |
| | | 1330 | Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni |
| Framkvæmdastjórar þjónustufyrirtækja (færri en 10 starfsmenn) | 1317 | 1219 | Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s. |
| | | 1346 | Störf stjórnenda í fjármála- og tryggingaþjónustu |
| Framkvæmdastjórar fyrirtækja í heimilisþjónustu, ræstingum og skyldum rekstri (færri en 10 starfsmenn) | 1318 | 1219 | Störf stjórnenda í fjármálum, mannauðsmálum og stefnu- og áætlanagerð ót.a.s. |
| | | 5152 | Störf umsjónarfólks við þrif |
| Framkvæmdastjórar fyrirtækja og stofnana ót.a.s.(færri en 10 starfsmenn) | 1319 | 1223 | Störf stjórnenda í rannsóknum og þróun |
| | | 1342 | Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu |
| | | 1343 | Störf stjórnenda í umönnun aldraðra |
| | | 1344 | Störf stjórnenda í félagsþjónustu |
| | | 1349 | Störf stjórnenda í fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félags- og fjármálaþjónustu ót.a.s. |
| | | 1431 | Störf stjórnenda íþrótta-, tómstunda- og menningarmiðstöðva |
| Sérfræðistörf í eðlis- og stjörnufræði | 2111 | 2111 | Sérfræðistörf í eðlis- og stjörnufræði |
| Sérfræðistörf í veðurfræði | 2112 | 2112 | Sérfræðistörf í veðurfræði |
| Sérfræðistörf í efnafræði | 2113 | 2113 | Sérfræðistörf í efnafræði |
| | | 2262 | Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa |
| | | 2131 | Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Sérfræðistörf í jarð- og jarðeðlisfræði | 2114 | 2114 | Sérfræðistörf í jarðvísindum |
| Sérfræðistörf í stærðfræði og tryggingafræði | 2121 | 2120 | Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði |
| Sérfræðistörf í tölfræði | 2122 | 2120 | Sérfræðistörf í stærðfræði og tölfræði |
| Sérfræðistörf við hönnun tölvukerfa og tölvunarfræðingar | 2131 | 2511 | Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum |
| | | 2512 | Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun |
| | | 2513 | Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun |
| | | 2519 | Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði ót.a.s. |
| | | 2521 | Sérfræðistörf við hönnun og umsjón gagnagrunna |
| | | 2522 | Sérfræðistörf við kerfisstjórn |
| | | 2523 | Sérfræðistörf við netkerfi |
| Sérfræðistörf við forritun | 2132 | 2514 | Sérfræðistörf við forritun |
| | | 2519 | Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði ót.a.s. |
| | | 2523 | Sérfræðistörf við netkerfi |
| Sérfræðistörf í tölvufræði ót.a.s. | 2139 | 2511 | Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum |
| | | 2513 | Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun |
| | | 2519 | Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði ót.a.s. |
| | | 2522 | Sérfræðistörf við kerfisstjórn |
| | | 2529 | Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi ót.a.s. |
| Sérfræðistörf í byggingarlist og skipulagsfræði | 2141 | 2143 | Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði |
| | | 2161 | Sérfræðistörf í arkitektúr |
| | | 2162 | Sérfræðistörf í landslagsarkitektúr |
| | | 2164 | Sérfræðistörf í borgar- og skipulagsfræði |
| Sérfræðistörf í byggingarverkfræði | 2142 | 2142 | Sérfræðistörf í byggingarverkfræði |
| | | 2143 | Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Sérfræðistörf í rafmagnsverkfræði | 2143 | 2151 | Sérfræðistörf í rafmagnsverkfræði |
| Sérfræðistörf í rafeinda- og fjarskiptaverkfræði | 2144 | 2152 | Sérfræðistörf í rafeindaverkfræði |
| | | 2153 | Sérfræðistörf í fjarskiptaverkfræði |
| Sérfræðistörf í vélaverkfræði | 2145 | 2144 | Sérfræðistörf í vélaverkfræði |
| Sérfræðistörf í efnaverkfræði | 2146 | 2145 | Sérfræðistörf í efnaverkfræði |
| Sérfræðistörf í námaverkfræði | 2147 | 2146 | Sérfræðistörf í námaverkfræði og málmvinnslu |
| Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar | 2148 | 2165 | Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar |
| Sérfræðistörf í arkitektúr og verkfræði ót.a.s. | 2149 | 2141 | Sérfræðistörf í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði |
| | | 2143 | Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði |
| | | 2149 | Sérfræðistörf í verkfræði (að undanskildum raftæknigreinum) ót.a.s. |
| Sérfræðistörf í líffræði, grasafræði, dýrafræði og skyldum greinum | 2211 | 2131 | Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum |
| | | 2132 | Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum |
| | | 2133 | Sérfræðistörf í umhverfisvernd |
| Sérfræðistörf í lyfja- og meinafræði | 2212 | 2131 | Sérfræðistörf í líffræði og skyldum greinum |
| | | 2212 | Störf við sérgreinalækningar |
| | | 2262 | Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa |
| Sérfræðistörf við búfjár- og jarðræktun | 2213 | 2132 | Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum |
| Sérfræðistörf við landbúnaðar- og skógræktarráðgjöf | 2214 | 2132 | Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum |
| Sérfræðistörf í náttúru-, umhverfisvísindum og líffræði ót.a.s | 2219 | 2133 | Sérfræðistörf í umhverfisvernd |
| | | 2143 | Sérfræðistörf í umhverfisverkfræði |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Sérfræðistörf við lækningar | 2221 | 2211 | Störf við heimilislækningar og almennar lækningar |
| | | 2212 | Störf við sérgreinalækningar |
| | | 1342 | Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu |
| Sérfræðistörf við tannlækningar | 2222 | 2261 | Sérfræðistörf við tannlækningar |
| Sérfræðistörf við dýralækningar | 2223 | 2250 | Sérfræðistörf við dýralækningar |
| Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjabúðum sjúkrahúsa | 2224 | 2262 | Sérfræðistörf í lyfjaverslunum og lyfjaþjónustu sjúkrahúsa |
| Sérfræðistörf við geislafræði | 2225 | 3211 | Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki |
| Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun | 2226 | 2264 | Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun |
| | | 2269 | Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s. |
| Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum (nema í hjúkrun) ót.a.s. | 2229 | 2263 | Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd |
| | | 2266 | Sérfræðistörf í heyrnar- og talmeinafræði |
| | | 2269 | Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s. |
| | | 2212 | Störf við sérgreinalækningar |
| | | 2221 | Sérfræðistörf við hjúkrun |
| | | 3212 | Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði |
| Störf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra | 2230 | 1342 | Störf stjórnenda í heilbrigðisþjónustu |
| | | 1343 | Störf stjórnenda í umönnun aldraðra |
| | | 2221 | Sérfræðistörf við hjúkrun |
| | | 2222 | Sérfræðistörf í ljósmóðurfræðum |
| Kennsla á háskólastigi | 2310 | 2310 | Sérfræðistörf við kennslu á háskólastigi |
| | | 2320 | Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu |
| Kennsla á framhaldsskólastigi | 2320 | 2320 | Sérfræðistörf við starfsgreinakennslu |
| | | 2330 | Sérfræðistörf við kennslu á framhaldsskólastigi |
| Kennsla á grunnskólastigi | 2331 | 2341 | Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Kennsla á leikskólastigi | 2332 | 2342 | Sérfræðistörf við kennslu á leikskólastigi |
| Sérfræðistörf við sérkennslu | 2341 | 2352 | Sérfræðistörf við sérkennslu og þroskaþjálfun |
| Sérfræðistörf við þroskaþjálfun | 2342 | 2352 | Sérfræðistörf við sérkennslu og þroskaþjálfun |
| Sérfræðistörf tengd námstækni, kennslu- og uppeldisfræði | 2351 | 2351 | Sérfræðistörf við kennsluaðferðir og skólaeftirlit |
| | | 2359 | Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði ót.a.s. |
| Sérfræðistörf við skólaeftirlit | 2352 | 2351 | Sérfræðistörf við kennsluaðferðir og skólaeftirlit |
| Önnur sérfræðistörf tengd kennslu ót.a.s. | 2359 | 2359 | Sérfræðistörf í kennslu- og uppeldisfræði ót.a.s. |
| Sérfræðistörf við endurskoðun | 2411 | 2411 | Sérfræðistörf við endurskoðun |
| | | 2412 | Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf |
| Sérfræðistörf við starfsráðgjöf og starfsmannahald | 2412 | 2263 | Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd |
| | | 2423 | Sérfræðistörf við starfsráðgjöf og starfsmannahald |
| | | 2424 | Sérfræðistörf við starfsþjálfun og starfsþróun |
| | | 4416 | Skrifstofustörf við starfsmannahald |
| Sérfræðistörf við almannatengsl, markaðsmál og upplýsingamiðlun | 2413 | 2431 | Sérfræðistörf við auglýsinga- og markaðsmál |
| | | 2432 | Sérfræðistörf við almannatengsl |
| Sérfræðistörf í viðskiptagreinum ót.a.s | 2419 | 2412 | Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf |
| | | 2413 | Sérfræðistörf við fjármálagreiningu |
| | | 2421 | Sérfræðistörf við greiningar á stjórnun og rekstri |
| | | 2422 | Sérfræðistörf við stefnumótun |
| | | 2433 | Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði (að undanskildum upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði) |
| | | 2434 | Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði |
| | | 3339 | Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu ót.a.s. |
| Lögmannsstörf | 2421 | 2611 | Sérfræðistörf í lögfræði við dómstóla |
| | | 2619 | Sérfræðistörf í lögfræði ót.a.s. |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Dómarastörf | 2422 | 2612 | Sérfræðistörf dómara |
| Sérfræðistörf í lögfræði ót.a.s. | 2429 | 2611<br>2619<br>3411 | Sérfræðistörf í lögfræði við dómstóla<br>Sérfræðistörf í lögfræði ót.a.s.<br>Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði |
| Sérfræðistörf við skjala- og safnfræði | 2431 | 2621 | Sérfræðistörf í skjala- og safnfræði |
| Sérfræðistörf við bókasafns- og upplýsingafræði | 2432 | 2622 | Sérfræðistörf í bókasafns- og upplýsingafræði |
| Sérfræðistörf í hagfræði | 2441 | 2631 | Sérfræðistörf í hagfræði |
| Sérfræðistörf í félagsfræði og mannfræði | 2442 | 2632 | Sérfræðistörf í félagsfræði og mannfræði |
| Sérfræðistörf í heimspeki, sagnfræði og stjórnmálafræði | 2443 | 2633 | Sérfræðistörf í heimspeki, sagnfræði og stjórnmálafræði |
| Sérfræðistörf tengd málvísindum og þýðingum | 2444 | 2643 | Störf við þýðingar, túlkun og önnur málvísindi |
| Sérfræðistörf í sálfræði | 2445 | 2634 | Sérfræðistörf í sálfræði |
| Sérfræðistörf í félagsráðgjöf | 2446 | 2635 | Sérfræðistörf í félagsráðgjöf |
| Störf rithöfunda, blaðamanna og annarra höfunda ritaðs máls | 2451 | 2641<br>2642 | Störf höfunda og útgefenda<br>Störf við gerð og flutning frétta |
| Störf myndhöggvara, listmálara og annarra slíkra listamanna | 2452 | 2166<br>2651 | Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun<br>Störf við myndlist |
| Störf tónskálda, tónlistarmanna og söngvara | 2453 | 2652 | Störf við tónsmíðar og tónlistarflutning |
| Störf danshöfunda og listdansara | 2454 | 2653 | Störf við dans og gerð dansverka |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf leikara og leikstjóra | 2455 | 2654 | Störf við leikstjórn og framleiðslu kvikmynda og leikverka |
| | | 2655 | Störf við leiklist |
| | | 2659 | Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum ót.a.s. |
| Sérfræðistörf tengd trúarbragðafræði og trúfræði | 2460 | 2636 | Sérfræðistörf tengd trúarbrögðum |
| | | 3413 | Störf tengd trúarbrögðum |
| Tækni- og rannsóknarstörf í eðlisfræði, efnafræði, stjörnufræði, veðurfræði, jarðfræði o. fl. | 3111 | 3111 | Tæknistörf í efna- og eðlisfræði |
| Tækni- og rannsóknarstörf í byggingarverkfræði, byggingariðnaði, mannvirkjagerð, landmælingum o.þ.h. | 3112 | 3112 | Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð |
| Tækni- og rannsóknarstörf í rafmagnsverkfræði, rafvirkjun o.þ.h. | 3113 | 3113 | Tæknistörf í rafmagnsverkfræði og raftækniiðnaði |
| Tækni- og rannsóknarstörf í rafeinda- og fjarskiptatækni | 3114 | 3114 | Störf í rafeindatækni |
| | | 3522 | Störf í fjarskiptatækni |
| Tækni- og rannsóknarstörf í véltækni | 3115 | 3115 | Tæknistörf í vélaverkfræði |
| Tækni og rannsóknarstörf í efnaverkfræði | 3116 | 3116 | Tæknistörf í efnaverkfræði |
| Tækni- og rannsóknarstörf við vinnslu hráefna úr jörðu | 3117 | 3117 | Tæknistörf við vinnslu hráefna úr jörðu |
| Störf við tækniteiknun | 3118 | 3118 | Störf við tækniteiknun |
| Tækni- og rannsóknarstörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði ót.a.s. | 3119 | 3119 | Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði, ót.a.s. |
| Tæknistörf á tölvusviði | 3120 | 3511 | Tæknistörf við kerfisstjórn |
| | | 3512 | Tæknistörf við notendaþjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni |
| | | 3513 | Tæknistörf við netkerfi |
| | | 3514 | Störf við veftækni |
| | | 3139 | Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum ót.a.s. |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Tæknistörf við ljósmyndun, mynd- og hljóðupptöku, ljósastýringu o.þ.h. | 3131 | 3431 | Störf við ljósmyndun |
| | | 3521 | Tæknistörf við upptökur og útsendingar |
| Tæknistörf við fjarskipta-, hljóð- og myndsendingar | 3132 | 3521 | Tæknistörf við upptökur og útsendingar |
| | | 3522 | Störf við fjarskiptatækni |
| Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki | 3133 | 3211 | Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki |
| Tæknistörf við ljós-, hljóð- og myndtækni ót.a.s. | 3139 | 3521 | Tæknistörf við upptökur og útsendingar |
| | | 3522 | Störf við fjarskiptatækni |
| Tæknistörf um borð í skipum með vélvirk, rafvirk og rafeindavirk tæki | 3141 | 3151 | Vélstjórn og tæknistörf um borð í skipum |
| Störf stjórnenda hafnsögubáta, farþegaskipa, varðskipa og vöruflutningaskipa | 3142 | 3152 | Störf skipstjórnenda |
| Störf stjórnenda flugvéla og annarra loftfara | 3143 | 3153 | Störf stjórnenda flugvéla og annarra loftfara |
| Sérfræðistörf við flugumsjón | 3144 | 3154 | Tæknistörf við flugumsjón |
| Tækni- og rannsóknarstörf tengd flugöryggi | 3145 | 3155 | Tækni- og rannsóknarstörf tengd flugöryggi |
| Tækni- og rannsóknarstörf við byggingar- og brunaeftirlit | 3151 | 3112 | Tæknistörf í byggingarverkfræði og mannvirkjagerð |
| | | 3119 | Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði, ót.a.s. |
| | | 3359 | Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum ót.a.s. |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Tækni- og rannsóknarstörf við öryggis-, hollustu- og gæðaeftirlit | 3152 | 2263 | Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd |
| | | 3113 | Tæknistörf í rafmagnsverkfræði og raftækniiðnaði |
| | | 3114 | Störf í rafeindatækni |
| | | 3115 | Tæknistörf í vélaverkfræði |
| | | 3117 | Tæknistörf við vinnslu hráefna úr jörðu |
| | | 3119 | Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði, ót.a.s. |
| | | 3257 | Tækni- og ráðgjafastörf á sviði vinnuverndar, heilbrigðis- og umhverfismála |
| | | 3359 | Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum ót.a.s. |
| | | 7543 | Störf við flokkun og gæðaprófun á vörum (að undanskildum mat- og drykkjarvörum |
| Tækni- og rannsóknarstörf í líffræði, læknisfræði o.þ.h. | 3211 | 3141 | Tæknistörf í lífvísindum (að heilbrigðisgreinum undanskildum) |
| | | 3212 | Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði |
| Tækni- og rannsóknarstörf á sviði jarðfræði og bú- og skógræktar | 3212 | 3142 | Tæknistörf í landbúnaði |
| | | 3143 | Tæknistörf í skógrækt |
| | | 2132 | Sérfræðistörf við ráðgjöf í búskap, skógrækt og fiskveiðum |
| Tækni- og ráðgjafarstörf tengd hreinlæti, heilbrigði og umhverfismálum | 3222 | 2263 | Sérfræðistörf við heilbrigðiseftirlit og vinnuvernd |
| | | 3257 | Tækni- og ráðgjafastörf á sviði vinnuverndar, heilbrigðis- og umhverfismála |
| | | 7544 | Störf við eyðingu meindýra og illgresis |
| Tækni- og ráðgjafarstörf tengd mataræði og næringu | 3223 | 2265 | Sérfræðistörf í næringarfræði |
| Ljósa- og sjóntækjafræðingar | 3224 | 3254 | Störf við sjóntækni |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Tækni- og ráðgjafarstörf við tannhirðu og tannlækningar | 3225 | 3251 | Tækni- og aðstoðarstörf í tannlækningum |
| | | 5329 | Aðstoðar og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s. |
| Störf tengd fótaaðgerðum, sjúkranuddi, hnykklækningum o.þ.h. | 3226 | 2264 | Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun |
| | | 2269 | Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s. |
| | | 3255 | Sérhæfð störf við heilsunudd |
| | | 3259 | Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s. |
| Tækni- og ráðgjafarstörf við dýralækningar | 3227 | 3240 | Tækni- og aðstoðarstörf í dýralækningum |
| Störf lyfjatækna | 3228 | 3213 | Störf við lyfjatækni |
| Störf tengd meðferð ýmissa líkamskvilla eða fötlunar | 3229 | 2266 | Sérfræðistörf í heyrnar- og talmeinafræði |
| | | 2269 | Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s. |
| | | 3214 | Störf við stoðtækja- og tannsmíði |
| | | 3259 | Tækni- og aðstoðarstörf í heilbrigðisgreinum ót.a.s. |
| Störf sjúkraliða við almenna hjúkrun | 3231 | 3221 | Störf sjúkraliða |
| Störf sjúkraliða við fæðingarhjúkrun | 3232 | 3221 | Störf sjúkraliða |
| Störf við óhefðbundnar lækningar | 3241 | 3230 | Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum |
| Störf við óhefðbundnar lækningar | 3242 | 3230 | Sérhæfð störf í óhefðbundnum lækningum |
| Aðstoðarkennsla á grunnskólastigi | 3310 | 2341 | Sérfræðistörf við kennslu á grunnskólastigi |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Aðstoðarkennsla og uppeldisstörf í leikskólum | 3320 | 2342 | Sérfræðistörf við kennslu á leikskólastigi |
| Störf fulltrúa við þjálfun og umönnun fatlaðra | 3330 | 5312 | Aðstoð við kennara og stuðningur við börn |
| Störf annarra leiðbeinenda og þjálfa | 3340 | 2353 | Sérfræðistörf við tungumálakennslu |
| | | 2354 | Sérfræðistörf við tónlistarkennslu |
| | | 2355 | Sérfræðistörf við listgreinakennslu |
| | | 2356 | Sérfræðistörf við kennslu í upplýsingatækni |
| | | 3153 | Störf stjórnenda flugvéla og annarra loftfara |
| | | 3423 | Störf við leiðsögn tengda hreyfingu |
| | | 3435 | Önnur sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu |
| | | 5165 | Störf við ökukennslu |
| Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa | 3411 | 2412 | Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf |
| | | 3311 | Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa |
| Störf tengd ráðgjöf og sölu trygginga | 3412 | 3321 | Störf tengd ráðgjöf og sölu trygginga |
| Störf tengd fasteignasölu og fasteignaumsýslu | 3413 | 3334 | Störf við fasteignasölu og fasteignaumsýslu |
| Störf tengd ráðgjöf og sölu ferðaþjónustu | 3414 | 3332 | Störf við viðburðastjórnun |
| | | 4221 | Störf við ferðaráðgjöf |
| Störf tengd ráðgjöf og sölu sérhæfðs tæknibúnaðar | 3415 | 2433 | Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði (að undanskildum upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði) |
| | | 2434 | Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði |
| | | 3322 | Störf við umboðssölu |
| Innkaupastörf í fyrirtækjum og stofnunum | 3416 | 3323 | Störf við innkaup í fyrirtækjum og stofnunum |
| Störf tengd matsgerð og uppboðshaldi | 3417 | 3315 | Störf við matsgerð og tjónamat |
| | | 3339 | Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu ót.a.s. |

| **Starfaflokkar í ÍSTARF95** | | **Starfaflokkar í ÍSTARF21** | |
|---|---|---|---|
| Störf þjónustufulltrúa og sérhæfð störf í bankastofnunum | 3418 | 3312 | Störf þjónusturáðgjafa og lánafulltrúa |
| | | 2412 | Sérfræðistörf við fjármála- og fjárfestingarráðgjöf |
| Sérhæfð störf tengd sölu og ráðgjöf ót.a.s. | 3419 | 3312 | Störf þjónusturáðgjafa og lánafulltrúa |
| Störf við viðskipta- og vörumiðlun | 3421 | 3324 | Störf við viðskipta- og vörumiðlun |
| Störf við tollvöru og vöruflutningamiðlun | 3422 | 3331 | Störf við tollvöru- og vöruflutningamiðlun |
| Störf við vinnumiðlun | 3423 | 3333 | Störf við vinnumiðlun |
| Störf við viðskiptaþjónustu ót.a.s. | 3429 | 3339 | Störf fulltrúa í viðskiptaþjónustu ót.a.s. |
| Störf fulltrúa og ritara tengd stjórnun | 3431 | 3252 | Sérhæfð störf við meðhöndlun heilbrigðisgagna |
| | | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 3342 | Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði |
| | | 3343 | Sérhæfð störf ritara við stjórnun |
| | | 3344 | Sérhæfð störf ritara í heilbrigðþjónustu |
| Störf fulltrúa- og ritara tengd lögfræði | 3432 | 3411 | Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði |
| | | 3342 | Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði |
| Störf bókara | 3433 | 3313 | Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald |
| | | 4311 | Störf við bókfærslu og reikningshald |
| Störf fulltrúa og ritara tengd tölfræði og stærðfræði | 3434 | 3313 | Sérhæfð störf við reikningsskil og bókhald |
| | | 3314 | Sérhæfð störf tengd tölfræði og stærðfræði |
| | | 4312 | Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar |
| Upplýsingafulltrúar | 3436 | 2432 | Sérfræðistörf við almannatengsl |
| | | 3343 | Sérhæfð störf ritara við stjórnun |
| Störf skjala-, safn- og bókavarða | 3437 | 3433 | Störf við skjala-, safn- og bókavörslu |
| | | 4411 | Störf við bóka- og skjalavörslu |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf fulltrúa og ritara tengd stjórnun ót.a.s. | 3439 | 3332 | Störf við viðburðastjórnun |
| | | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 3343 | Sérhæfð störf ritara við stjórnun |
| | | 3359 | Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum ót.a.s. |
| Störf við tollgæslu og útlendingaeftirlit | 3441 | 3351 | Störf við tollgæslu og útlendingaeftirlit |
| Störf við opinbera gjaldheimtu | 3442 | 3352 | Störf við opinbera gjaldheimtu |
| Störf fulltrúa við úthlutun bóta og lífeyris almannatrygginga og atvinnuleysisbóta | 3443 | 3353 | Störf við úthlutun lífeyris, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta |
| Störf fulltrúa við leyfisveitingar, útgáfu skilríkja o.þ.h. | 3444 | 3354 | Störf við leyfisveitingar og útgáfu skilríkja |
| Störf tollgæslu-, skattheimtu- og annarra opinberra fulltrúa ót.a.s. | 3449 | 3359 | Sérhæfð störf hjá opinberum eftirlitsstofnunum ót.a.s. |
| Störf við lögreglurannsóknir | 3450 | 3355 | Störf við löggæslu og lögreglurannsóknir |
| | | 3411 | Störf fulltrúa og ráðgjafa í lögfræði |
| Störf við ráðgjöf í félags-, tómstunda- og æskulýðsmálum. | 3460 | 3412 | Störf við ráðgjöf í félags-, tómstunda- og æskulýðsmálum |
| Störf við hönnun og útstillingu | 3471 | 2163 | Sérfræðistörf í vöru- og fatahönnun |
| | | 2166 | Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun |
| | | 3432 | Störf við hönnun og útstillingu |
| | | 3435 | Önnur sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu |
| Störf við dagskrárkynningar í útvarpi og sjónvarpi og skyld störf | 3472 | 2642 | Störf við gerð og flutning frétta |
| | | 2656 | Störf við þáttastjórn í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum |
| Störf við hljóðfæraleik, söng og dans á skemmtistöðum, götum o.þ.h. | 3473 | 2652 | Störf við tónsmíðar og tónlistarflutning |
| | | 2653 | Störf við dans og gerð dansverka |
| Störf trúða, sjónhverfingarmanna og loftfimleikamanna | 3474 | 2659 | Sérfræðistörf í listum og skapandi greinum ót.a.s. |
| | | 3435 | Önnur sérhæfð störf innan lista, menningar og matreiðslu |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf íþróttamanna, þjálfara og annarra við iðkun íþrótta | 3475 | 3421 | Störf við íþróttaiðkun |
| | | 3422 | Störf við íþróttaþjálfun og dómgæslu |
| | | 3423 | Störf við  leiðsögn tengda hreyfingu |
| Störf leikpredikara, trúboða o.þ.h. | 3480 | 3413 | Störf tengd trúarbrögðum |
| Hrað- og vélritarar | 4111 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4131 | Störf við ritvinnslu |
| Ritvinnsluritarar | 4112 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4131 | Störf við ritvinnslu |
| Gagnaritarar | 4113 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4131 | Störf við ritvinnslu |
| | | 4132 | Störf við skráningu talnagagna |
| Bókfærsluritarar | 4114 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4132 | Störf við skráningu talnagagna |
| | | 4311 | Störf við bókfærslu og reikningshald |
| Almennir ritarar | 4115 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 3342 | Sérhæfð störf ritara tengd lögfræði |
| | | 3344 | Sérhæfð störf ritara í heilbrigðþjónustu |
| | | 4120 | Ritarastörf |
| Skrifstofustörf við bókhald og launaútreikninga | 4121 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4311 | Störf við bókfærslu og reikningshald |
| | | 4313 | Störf við launaútreikninga |
| | | 4416 | Skrifstofustörf við starfsmannahald |
| Skrifstofustörf við bankastarfsemi, tölfræði og tryggingar | 4122 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4312 | Störf við tölfræði, fjármál og tryggingar |
| Birgðaritarar | 4131 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4321 | Skrifstofustörf á lager |
| Framleiðsluritarar | 4132 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4322 | Skrifstofustörf í framleiðsludeild |
| Flutningaritarar | 4133 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4323 | Skrifstofustörf í flutningadeild |
| Störf við bóka- og skjalavörslu | 4141 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 3433 | Störf við skjala-, safn- og bókavörslu |
| | | 4411 | Störf við bóka- og skjalavörslu |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf við póstflokkun | 4142 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4412 | Störf við póstafgreiðslu og -flokkun |
| Skrifstofustörf við kótun og skjalaflokkun | 4143 | 3252 | Sérhæfð störf við meðhöndlun heilbrigðisgagna |
| | | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4413 | Störf við kóðun og yfirlestur |
| Störf skrifara | 4144 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4419 | Skrifstofustörf, ót.a.s. |
| Störf bréfbera | 4145 | 4412 | Störf við póstafgreiðslu og -flokkun |
| Önnur almenn skrifstofustörf | 4190 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4110 | Almenn skrifstofustörf |
| | | 4416 | Skrifstofustörf við starfsmannahald |
| | | 4419 | Skrifstofustörf, ót.a.s. |
| Störf afgreiðslugjaldkera og miðasala | 4211 | 4211 | Gjaldkerastörf |
| | | 4212 | Störf við fjárhættuspil |
| | | 5230 | Störf við afgreiðslu og miðasölu |
| Gjaldkerastörf í bönkum og pósthúsum | 4212 | 4211 | Gjaldkerastörf |
| Störf við fjárvörslu á spilaborðum og veðmang | 4213 | 4212 | Störf við fjárhættuspil |
| Veðlánastörf | 4214 | 4213 | Veðlánastörf |
| Innheimtustörf | 4215 | 4214 | Störf við innheimtu |
| Störf við farmiðasölu | 4221 | 4221 | Störf við ferðaráðgjöf |
| Störf við móttöku og upplýsingagjöf | 4222 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4222 | Störf í þjónustuveri |
| | | 4223 | Störf á símaskiptiborði |
| | | 4224 | Störf í gestamóttöku hótels |
| | | 4225 | Skrifstofustörf við upplýsingagjöf |
| | | 4226 | Störf í móttöku |
| | | 4229 | Störf við upplýsingagjöf ót.a.s. |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf við símavörslu | 4223 | 3341 | Störf við umsjón og rekstur á skrifstofu |
| | | 4223 | Störf á símaskiptiborði |
| Störf þjóna um borð í flugvélum og skipum | 5111 | 5111 | Störf við þjónustu í flugvélum og skipum |
| Upplýsingastörf og farmiðaeftirlit í almenningsfarartækjum | 5112 | 5112 | Störf um borð í almenningsfarartækjum |
| Störf leiðsögumanna | 5113 | 5113 | Leiðsögustörf |
| Hússtjórnarstörf | 5121 | 5151 | Störf umsjónarfólks við þrif |
| | | 5152 | Störf við hússtjórn |
| Störf við matseld | 5122 | 3434 | Störf við hönnun rétta og samsetningu matseðla |
| | | 5120 | Störf við matseld |
| | | 9411 | Störf við að útbúa skyndibita |
| Störf framreiðslufólks og þjóna | 5123 | 5131 | Störf við framreiðslu |
| | | 5132 | Störf barþjóna |
| Störf við barnagæslu | 5131 | 5311 | Störf við gæslu og umönnun barna |
| | | 5312 | Aðstoð við kennara og stuðningur við börn |
| Aðstoðarstörf á stofnunum og læknastofum | 5132 | 5321 | Aðstoðar- og umönnunarstörf í heilbrigðisþjónustu |
| | | 5329 | Aðstoðar og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s. |
| Umönnunarstörf á einkaheimilum | 5133 | 5322 | Aðstoðar- og umönnunarstörf á heimilum |
| Aðstoðar- og umönnunarstörf ót.a.s. | 5139 | 5329 | Aðstoðar og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s. |
| Störf við snyrtingu (þó ekki líksnyrtingu) | 5141 | 5141 | Störf við hárgreiðslu |
| | | 5142 | Störf snyrtifræðinga og tengd störf |
| Störf fylgdarmanna og einkaþjóna | 5142 | 5162 | Störf við stuðning og aðstoð við einstaklinga |
| | | 5329 | Aðstoðar og umönnunarstörf í heilbrigðis- og félagsþjónustu ót.a.s. |
| Störf við útfararstjórn og líksnyrtingu | 5143 | 5163 | Störf við útfararþjónustu og líksnyrtingu |
| Önnur þjónusta við einstaklinga ót.a.s. | 5149 | 5169 | Störf við þjónustu ót.a.s. |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Stjörnuspámenn | 5151 | 5161 | Störf við stjörnuspeki og spádóma |
| Spámenn | 5152 | 5161 | Störf við stjörnuspeki og spádóma |
| Slökkviliðsstörf og brunavarsla | 5161 | 5411 | Slökkviliðsstörf |
| | | 3258 | Störf við sjúkraflutninga |
| Störf við löggæslu | 5162 | 3355 | Störf við löggæslu og lögreglurannsóknir |
| Störf við fangavörslu | 5163 | 5413 | Störf við fangavörslu |
| Störf við húsvörslu | 5164 | 5153 | Störf við umsjón fasteigna |
| Önnur gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf ót.a.s. | 5169 | 3258 | Störf við sjúkraflutninga |
| | | 5414 | Störf við öryggisgæslu |
| | | 5419 | Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf ót.a.s. |
| Tískusýningarstörf og önnur sýningarstörf | 5210 | 5241 | Fyrirsætustörf |
| Afgreiðslu- og sölustörf í dagvöruverslunum, bakaríum, bensínstöðvum, lagerum, sjoppum, vídeóleigum og lík störf | 5221 | 5222 | Störf yfirmanna í verslunum |
| | | 5223 | Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum |
| | | 5242 | Störf við vörukynningar |
| | | 5245 | Störf við þjónustu á bensínstöðvum |
| | | 5246 | Störf við afgreiðslu í matsölu |
| | | 5249 | Sölustörf ót.a.s. |
| | | 9334 | Störf við að áfyllingar |
| Störf við húsgöngu- og símasölu | 5222 | 5243 | Störf við sölu í heimahúsum |
| | | 5244 | Sölustörf í þjónustuveri |
| | | 4227 | Spyrlastörf |
| Afgreiðslustörf á kassa í verslunum og stórmörkuðum | 5223 | 5230 | Störf við afgreiðslu og miðasölu |
| | | 5249 | Sölustörf ót.a.s. |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Afgreiðslu- og sölustörf í sérvöruverslunum og heildsölum | 5224 | 5223 | Störf afgreiðslufólks og sölufulltrúa í sérvöruverslunum og heildsölum |
| | | 5249 | Sölustörf ót.a.s. |
| Afgreiðslu- og sölustörf í sölubásum og á mörkuðum | 5230 | 5211 | Störf við afgreiðslu á vörum í sölubásum og á mörkuðum |
| | | 5246 | Störf við afgreiðslu í matsölu |
| Akuryrkju- og grænmetisbændur | 6111 | 6111 | Störf við akuryrkju og grænmetisframleiðslu |
| Garðyrkju- og ylræktarbændur og garðyrkjumenn | 6113 | 6113 | Störf við garðyrkju og ylrækt |
| Bændur með blandað bú akuryrkju, garðyrkju og ylræktar | 6114 | 6114 | Störf við akuryrkju, garðyrkju og ylrækt, blandaður búskapur |
| Kvikfjárbændur | 6121 | 6121 | Störf við búfjárrækt |
| Alifuglabændur | 6122 | 6122 | Störf við alifuglarækt |
| Búfjárbændur með blandað bú | 6124 | 6121 | Störf við búfjárrækt |
| | | 6122 | Störf við alifuglarækt |
| | | 6130 | Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur |
| Búfjárbændur með óhefðbundin búskap ót.a.s. | 6129 | 5164 | Störf við snyrtingu og þjálfun dýra |
| | | 6123 | Störf við býflugnarækt |
| | | 6129 | Störf við búfjárrækt ót.a.s. |
| Akuryrkju- og búfjárbændur með blandað bú | 6130 | 6130 | Störf við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur |
| Störf við skógrækt | 6140 | 6210 | Störf við skógrækt |
| Störf við fiskeldi og hafbeit | 6151 | 6221 | Störf við fiskeldi |
| Störf við veiðar aðrar en fiskveiðar | 6154 | 6224 | Störf við veiðar aðrar en fiskveiðar |
| Störf skipstjórnarmanna á fiskibátum minni en 20 brúttótonn | 6411 | 6222 | Störf við strandveiðar |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Önnur störf við veiðar á fiskibátum minni en 20 brúttótonn | 6419 | 6222 | Störf við strandveiðar |
| Störf skipstjóra á fiskiskipum stærri en 20 brúttótonn | 6421 | 6222 | Störf við strandveiðar |
| | | 6223 | Störf við úthafsveiðar |
| Störf stýrimanna á fiskiskipum stærri en 20 brúttótonn | 6422 | 6222 | Störf við strandveiðar |
| | | 6223 | Störf við úthafsveiðar |
| Störf á fiskiskipum stærri en 20 brúttótonn ót.a.s. | 6429 | 6222 | Störf við strandveiðar |
| | | 6223 | Störf við úthafsveiðar |
| Störf námamanna | 7111 | 3121 | Störf við verkstjórn í námugreftri |
| | | 8111 | Störf við námugröft og grjótnám |
| Störf sprengisérfræðinga | 7112 | 7542 | Störf sprengjusérfræðinga |
| Störf steinsmiða, steinhöggvara og steinslípara | 7113 | 7113 | Störf við steinskurð og steinsmíði |
| Störf torfhleðslumanna | 7121 | 7112 | Störf við múr- og steinhleðslu |
| Störf múr- og steinhleðslumanna | 7122 | 7112 | Störf við múr- og steinhleðslu |
| | | 7113 | Störf við steinskurð og steinsmíði |
| Störf húsasmiða | 7123 | 7114 | Störf við uppsteypun og steypufrágang |
| | | 7124 | Störf við einangrun og klæðningu |
| Störf trésmiða | 7124 | 7115 | Störf við trésmíði |
| | | 7122 | Störf við lagningu gólfefna |
| Störf byggingarsmiða ót.a.s. | 7129 | 3123 | Störf við verkstjórn í byggingar- og mannvirkjagerð |
| | | 7112 | Störf við múr- og steinhleðslu |
| | | 7119 | Störf við byggingar- og mannvirkjagerð ót.a.s. |
| | | 7124 | Störf við einangrun og klæðningu |
| Störf þaklagningarmanna | 7131 | 7121 | Störf við þaklagningu |
| Störf dúklagningarmanna og teppalagningarmanna | 7132 | 7122 | Störf við lagningu gólfefna |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf múrara | 7133 | 7122 | Störf við lagningu gólfefna |
| | | 7123 | Störf við múrhúðun |
| Störf pípulagningarmanna | 7136 | 7126 | Störf við pípulagningar |
| Störf rafvirkja | 7137 | 7411 | Störf við rafvirkjun |
| Störf málara | 7141 | 7131 | Störf við málun og veggfóðrun |
| Störf iðn- og bílamálara | 7142 | 7132 | Störf við málningarsprautun og lökkun |
| Störf byggingarþvottamanna | 7143 | 7133 | Störf við hreinsun bygginga |
| Störf við málmsmíði | 7211 | 7211 | Störf við mótasmíði fyrir málmsteypu |
| Störf við logsuðu- og málmsuðu | 7212 | 7212 | Störf við málmsuðu |
| Störf við blikksmíði og plötusmíði | 7213 | 7213 | Störf við blikksmíði |
| Störf við mannvirkjagerð úr stáli | 7214 | 7214 | Störf við gerð mannvirkja úr stáli |
| Störf við vírsplæsingu og vírsplæsingargerð | 7215 | 7215 | Störf við vírsplæsingu |
| Störf við köfun | 7216 | 7541 | Störf við köfun |
| Störf járnsmiða og eldsmiða | 7221 | 7221 | Störf við járnsmíði |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf verkfærasmiða | 7222 | 7222 | Störf við verkfærasmíði |
| Störf rennismiða | 7223 | 7223 | Störf við að stilla og starfrækja vélaverkfæri til málmvinnslu |
| Störf skerpingarmanna | 7224 | 7224 | Störf við málmslípun |
| Störf bifvélavirkja | 7231 | 7231 | Störf við bifvélavirkjun |
| | | 7234 | Störf við reiðhjólaviðgerðir og tengdar viðgerðir |
| Störf flugvirkja | 7232 | 7232 | Störf við flugvirkjun |
| Störf iðn- og landbúnaðarvélvirkja | 7233 | 7127 | Störf við loftræsti- og kælikerfi |
| | | 7233 | Störf við vélvirkjun |
| Störf rafvélavirkja | 7241 | 7412 | Störf við rafvélavirkjun |
| Störf rafeindavirkja | 7242 | 7421 | Störf við rafeindavirkjun |
| | | 7422 | Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar |
| Störf símvirkja | 7244 | 7422 | Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar |
| Störf línuvirkja | 7245 | 7413 | Störf við uppsetningu og viðgerðir á raflínum |
| | | 7422 | Störf við uppsetningu og viðhald fjarskiptabúnaðar |
| Störf fíntækjasmiða | 7311 | 3214 | Störf við stoðtækja- og tannsmíði |
| | | 7311 | Störf við fíntækjasmíði |
| Störf hljóðfærasmiða og hljóðfærastillingarmanna | 7312 | 7312 | Störf við hljóðfærasmíði og hljóðfærastillingar |
| Störf skartgripasmiða | 7313 | 7313 | Störf við skartgripasmíði |
| Störf leirkerasmiða | 7321 | 7314 | Störf við leirkerasmíði |
| Störf glergerðarmanna, glerskurðarmanna og glerslípara | 7322 | 7315 | Störf við glersmíði |
| | | 7125 | Störf við glerísetningar |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf glergrafara og glerskreytingarfólks | 7323 | 7316 | Störf við skiltagerð, skrautmálun og ristun |
| Störf postulínsmálara og skiltagerðarmanna | 7324 | 7316 | Störf við skiltagerð, skrautmálun og ristun |
| Störf handíðafólks með tré og skyld efni | 7331 | 7317 | Störf við tréskurð og körfugerð |
| | 7331 | 7319 | Störf við handverk og hönnun ót.a.s. |
| Störf handíðafólks með vefnað, leður og skyld efni | 7332 | 7318 | Störf við vefnað og leðuriðn |
| Störf prentsmiða og grafískra miðlara | 7341 | 7321 | Störf við grafíska miðlun |
| | | 7322 | Störf við prentun |
| Störf stimplagerðarmanna | 7343 | 7321 | Störf við grafíska miðlun |
| Störf framköllunarmanna | 7344 | 8132 | Störf við vélar í framleiðslu á ljósmyndavörum |
| Störf bókbindara | 7345 | 7323 | Störf við frágang og innbindingu prentaðs efnis |
| Störf silkiprentara | 7346 | 7322 | Störf við prentun |
| Störf prentara | 7347 | 7322 | Störf við prentun |
| Sérhæfð störf í kjötiðnaði | 7411 | 7511 | Störf við kjöt- og fiskiðn |
| Störf bakara og sælgætisgerðarmanna | 7412 | 7512 | Störf við bakstur og sælgætisgerð |
| Störf mjólkurfræðinga | 7413 | 7513 | Störf við gerð mjólkurafurða |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Sérhæfð störf við niðursuðu og niðurlagningu matvæla | 7414 | 7514 | Störf við niðurlagningu ávaxta og grænmetis |
| | | 7511 | Störf við kjöt- og fiskiðn |
| Störf við mat- og vínsmökkun | 7415 | 7515 | Störf við gæðamat og flokkun á drykkjarvörum og matvælum |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf við tóbaksgerð | 7416 | 7549 | Iðnaðarstörf ót.a.s. |
| Sérhæfð störf við fiskiðnað | 7419 | 7511 | Störf við kjöt- og fiskiðn |
| Sérhæfð störf við timburverkun | 7421 | 7521 | Störf við timburverkun |
| Sérhæfð störf við húsgagnasmíði | 7422 | 7522 | Störf við húsgagnasmíði |
| Sérhæfð störf við trésmíðavélar | 7423 | 7523 | Störf við trésmíðavélar |
| Sérhæfð störf við körfu- og burstagerð | 7424 | 7317 | Störf við tréskurð og körfugerð |
| Sérhæfð störf við vinnslu ullar og náttúrulegra efna | 7431 | 7318 | Störf við vefnað og leðuriðn |
| Sérhæfð störf við prjón, hekl, vef og skyld störf | 7432 | 7318 | Störf við vefnað og leðuriðn |
| | | 8152 | Störf við vefstóla og prjónavélar |
| Sérhæfð störf við klæðskurð, kjólasaum, hattagerð og skyld störf | 7433 | 7531 | Störf við klæð- og feldskurð, kjóla- og hattagerð |
| Sérhæfð störf við feldskurð | 7434 | 7531 | Störf við klæð- og feldskurð, kjóla- og hattagerð |
| Sérhæfð störf við sniðagerð | 7435 | 7532 | Störf við sniðagerð og sníðaskurð |
| Sérhæfð störf við saumastörf og útsaum | 7436 | 7533 | Störf við hand- og útsaum |
| Sérhæfð störf við bólstrun | 7437 | 7534 | Störf við bólstrun |
| Sérhæfð störf við sútun, skinnaverkun og skinnasölu | 7441 | 7535 | Störf við sútun, skinnaverkun og skinnasölu |
| Sérhæfð störf við skósmíði, töskugerð og skyld störf | 7442 | 7536 | Störf við töskugerð og skósmíði |

| **Starfaflokkar í ÍSTARF95** | | **Starfaflokkar í ÍSTARF21** | |
|---|---|---|---|
| Störf vélgæslufólks við námugröft og steinmulning | 8111 | 3121 | Störf við verkstjórn í námugreftri |
| | | 8111 | Störf við námugröft og grjótnám |
| Störf vélgæslufólks í steinefnaverksmiðjum | 8112 | 8112 | Störf við vélgæslu í vinnslu jarðefna |
| Störf bormanna | 8113 | 8113 | Störf við jarðboranir |
| Störf vélgæslufólks við málmgrýtis- og bræðsluofna | 8121 | 3135 | Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu |
| | | 8121 | Störf við vélar í málmvinnslustöðvum |
| Störf vélgæslufólks við völsunar-, málmbræðslu- og málmsteypuvélar | 8122 | 3135 | Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu |
| | | 8121 | Störf við vélar í málmvinnslustöðvum |
| Störf vélgæslufólks í málmvinnsluverum | 8123 | 3135 | Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu |
| | | 8121 | Störf við vélar í málmvinnslustöðvum |
| Störf vélgæslufólks við vírdráttarvélar og málmpressur | 8124 | 3135 | Umsjón og rekstur véla í málmframleiðslu |
| | | 8121 | Störf við vélar í málmvinnslustöðvum |
| | | 8189 | Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla ót.a.s. |
| Störf vélgæslufólks við gler- og postulínsofna og skyldra efna | 8131 | 8181 | Störf við vélar í gler- og keramikframleiðslu |
| Störf vélgæslufólks í gler- og leirverksmiðjum ót.a.s. | 8139 | 8181 | Störf við vélar í gler- og keramikframleiðslu |
| Störf vélgæslufólks í timburverksmiðjum | 8141 | 8172 | Störf við vélar í viðarvinnslustöðvum |
| Störf vélgæslufólks í pappírskvoðuverksmiðjum | 8142 | 3139 | Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum ót.a.s. |
| | | 8171 | Störf við vélar í framleiðslu á pappír og pappírskvoðu |
| Störf vélgæslufólks í pappírsverksmiðjum | 8143 | 3139 | Tæknistörf við umsjón og eftirlit með framleiðslu og ferlum ót.a.s. |
| | | 8171 | Störf við vélar í framleiðslu á pappír og pappírskvoðu |
| Störf vélgæslufólks við pressur, mulnings- og efnablöndunarvélar | 8151 | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf vélgæslufólks í efnahitunarverksmiðjum og bræðslum | 8152 | 3133 | Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva |
| | | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |
| Störf vélgæslufólks við efnaskiljur og efnaskilvindur | 8153 | 3133 | Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva |
| | | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |
| Störf vélgæslufólks í eiminga- og efnahvarfsverksmiðjum (nema olía og jarðgas) | 8154 | 3133 | Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva |
| | | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |
| Störf vélgæslufólks við jarðgas- og olíuhreinsunarstöðvar | 8155 | 3134 | Umsjón og rekstur jarðgas- og olíuhreinsunarstöðva |
| | | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |
| Störf vélgæslufólks í efnaverksmiðju ót.a.s. | 8159 | 3133 | Umsjón og rekstur efnavinnslustöðva |
| | | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |
| Störf vélgæslufólks í orkuverum | 8161 | 3131 | Umsjón og rekstur véla í orkuverum |
| Störf vélgæslufólks í kyndiklefum og vélarrúmi | 8162 | 8182 | Störf við vélar í kyndiklefum og vélarrýmum |
| Störf vélgæslufólks við brennsluofna og vatnshreinsunarstöðvar | 8163 | 3132 | Umsjón og rekstur brennsluofna og vatnshreinsunarstöðva |
| Störf vélafólks við málmsmíðavélar | 8211 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 7211 | Störf við mótasmíði fyrir málmsteypu |
| | | 7223 | Störf við að stilla og starfrækja vélaverkfæri til málmvinnslu |
| Störf vélafólks við steinsteypuvélar og aðrar jarðefnavélar | 8212 | 8114 | Störf við vélgæslu og vinnslu á sementi, steini og öðrum jarðefnum |
| Störf vélafólks við lyfja-, hreinsiefna- og snyrtivöruframleiðslu | 8221 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |
| Störf vélafólks við skotfæra- og sprengiefnagerð | 8222 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |
| Störf vélafólks við málmhúðun | 8223 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8122 | Störf við vélar og búnað við frágang á málmi |
| Störf vélafólks við ljósmyndavöruframleiðslu | 8224 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8132 | Störf við vélar í framleiðslu á ljósmyndavörum |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf vélafólks við efnavöruframleiðslu ót.a.s. | 8229 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8131 | Störf við vélar í efnaverksmiðjum |
| Störf vélafólks við gúmmíframleiðslu | 8231 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8141 | Störf við vélar í framleiðslu gúmmíafurða |
| Störf vélafólks við plastframleiðslu | 8232 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8142 | Störf við vélar í framleiðslu plastafurða |
| Störf vélafólks við trjávöruframleiðslu | 8240 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 7521 | Störf við timburverkun |
| | | 7523 | Störf við trésmíðavélar |
| Störf vélgæslufólks við prentvélar | 8251 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 7322 | Störf við prentun |
| Störf vélgæslufólks við bókbandsvélar | 8252 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 7323 | Störf við frágang og innbindingu prentaðs efnis |
| Störf vélgæslufólks við pappírsvöruframleiðslu | 8253 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8143 | Störf við vélar í framleiðslu pappírsafurða |
| Störf vélafólks við trefja- og spunavélar | 8261 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8151 | Störf við trefja- og spunavélar |
| Störf vélafólks við vefstóla og prjónavélar | 8262 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8152 | Störf við vefstóla og prjónavélar |
| | | 8189 | Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla ót.a.s. |
| Störf vélafólks við iðnaðarsaumavélar | 8263 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8153 | Störf við iðnaðarsaumavélar |
| Störf vélafólks við bleiki-, litunar- og þvottavélar | 8264 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8154 | Störf við vélar sem bleikja og lita textílefni |
| | | 8157 | Störf við iðnaðarþvottavélar |
| Störf vélafólks við loðskinna- og leðurverkun | 8265 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8155 | Störf við vélar sem forvinna loðskinn og leður |
| Störf vélafólks við skóframleiðslu | 8266 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8156 | Störf við skóframleiðsluvélar og skyldar vélar |
| Störf vélafólks við textíl-, loðskinna- og leðurframleiðslu | 8269 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8159 | Störf við vélar í framleiðslu á textíl-, loðskinns- og leðurvörum ót.a.s. |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf vélafólks við kjötvinnslu | 8271 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf vélafólks við mjólkurvinnslu | 8272 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf vélafólks við korn- og kryddmyllur | 8273 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf vélafólks við brauð-, korn- og súkkulaðigerð | 8274 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf vélafólks við ávaxta-, grænmetis- og hnetuvinnslu | 8275 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf vélafólks við sykurvöruframleiðslu | 8276 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf vélafólks við te-, kaffi- og kakóvinnslu | 8277 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf vélafólks við öl- og víngerð | 8278 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf vélafólks við fiskiðnað | 8279 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8160 | Störf við vélar í matvælaframleiðslu |
| Störf við samsetningu | 8280 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8211 | Störf við samsetningu vélbúnaðar |
| | | 8212 | Störf við samsetningu raf- og rafeindabúnaðar |
| | | 8219 | Störf við samsetningu ót.a.s. |
| Störf vélafólks við pökkun, merkingu og samsetningu | 8290 | 3122 | Störf við verkstjórn í framleiðsu |
| | | 8183 | Störf við pökkunar-, átöppunar- og merkingarvélar |
| | | 8189 | Störf við vélar og vélgæslu staðbundinna véla ót.a.s. |
| | | 8219 | Störf við samsetningu ót.a.s. |
| Stjórnendur vélhjóla | 8321 | 8321 | Störf við akstur vélhjóla |
| Bílstjórar einka-, leigu- og sendibifreiða | 8322 | 8322 | Störf við akstur einka-, leigu- og sendibifreiða |
| Bílstjórar langferða- og áætlunarbifreiða | 8323 | 8331 | Störf við akstur langferða- og áætlunarbifreiða |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Bílstjórar vöru- og flutningabifreiða | 8324 | 8332 | Störf við akstur vöruflutningabíla |
| Stjórnendur landbúnaðar- og skógvinnsluvéla | 8331 | 8341 | Störf við stjórnun landbúnaðar- og skógvinnsluvéla |
| Stjórnendur jarðvinnuvéla | 8332 | 8342 | Störf við stjórnun jarðvinnuvéla |
| Stjórnendur krana og lyftitækja | 8333 | 8343 | Störf við stjórnun krana og lyftitækja |
| Stjórnendur lyftara | 8334 | 8344 | Störf við stjórnun lyftara |
| Störf háseta og bátsmanna á farskipum og vitavarða | 8340 | 8350 | Störf háseta og bátsmanna |
| Störf götusala | 9111 | 5212 | Störf við afgreiðslu á tilbúnum mat í sölubásum og á mörkuðum |
| | | 9510 | Störf við götusölu og tengd störf |
| Störf skóburstara og annarra við götuþjónustu | 9120 | 9510 | Störf við götusölu og tengd störf |
| Störf vinnu- og ræstingarfólks á heimilum | 9131 | 9111 | Störf við ræstingar og aðstoð á heimilum |
| Störf ræstingarfólks í fyrirtækjum og stofnunum og aðstoðarfólks í mötuneytum | 9132 | 9112 | Störf við ræstingar í fyrirtækjum og stofnunum |
| | | 9412 | Störf aðstoðarfólks í eldhúsi |
| Störf við handþvott og pressun | 9133 | 8157 | Störf við iðnaðarþvottavélar |
| Störf við glugga- og bílaþvott | 9142 | 9122 | Störf við bílaþvott |
| | | 9123 | Störf við gluggaþvott |
| | | 9129 | Önnur störf við þrif |
| Störf sendla og burðarfólks | 9151 | 9621 | Störf sendla og burðarfólks |
| | | 4412 | Störf við póstafgreiðslu og -flokkun |
| Störf dyravarða og vaktmanna | 9152 | 5414 | Störf við öryggisgæslu |
| | | 9621 | Störf sendla og burðarfólks |
| | | 9629 | Ósérhæfð störf ót.a.s. |
| Störf mælaálesara og starfsfólks við sjálfsala | 9153 | 9623 | Störf við álestur mæla og áfyllingu sjálfsala |

| Starfaflokkar í ÍSTARF95 | | Starfaflokkar í ÍSTARF21 | |
|---|---|---|---|
| Störf við sorphreinsun | 9161 | 9611 | Störf við sorphreinsun og endurvinnslu |
| | | 9612 | Störf við flokkun á sorpi |
| Störf sópara | 9162 | 9622 | Íhlaupastörf |
| | | 9214 | Störf verkafólks í garðyrkju |
| Störf verkafólks í garðyrkju og landbúnaði | 9211 | 9211 | Störf verkafólks við akuryrkju |
| | | 9212 | Störf verkafólks við búfjárrækt |
| | | 9213 | Störf verkafólks við akuryrkju og búfjárrækt, blandaður búskapur |
| | | 9214 | Störf verkafólks í garðyrkju |
| Störf verkafólks í skógrækt | 9212 | 9215 | Störf verkafólks í skógrækt |
| Störf verkafólks við fiskeldi, hafbeit og veiðar | 9213 | 9216 | Störf verkafólks í fiskvinnslu og fiskeldi |
| Störf verkafólks í námum og grjótnámi | 9311 | 9311 | Störf verkafólks í námugreftri og grjótnámi |
| Störf verkafólks við mannvirkjagerð, aðra en húsbyggingar | 9312 | 9312 | Störf verkafólks við mannvirkjagerð, aðra en húsbyggingar |
| Verkafólk við húsbyggingar | 9313 | 9313 | Störf verkafólks við húsbyggingar |
| Störf verkafólks við handsamsetningu og -flokkun | 9321 | 9329 | Ósérhæfð störf við framleiðslu ót.a.s. |
| | | 9612 | Störf við flokkun á sorpi |
| Störf verkafólks við handpökkun og aðra verksmiðjuvinnu | 9322 | 9321 | Störf verkafólks við handpökkun |
| | | 9329 | Ósérhæfð störf við framleiðslu ót.a.s. |
| Störf verkafólks við flutninga og vörugeymslu | 9330 | 9331 | Störf við akstur fót- og handknúinna farartækja |
| | | 9333 | Störf verkafólks við flutninga og í vörugeymslum |
| | | 9334 | Störf við að áfyllingar |

**ÍSTARF21**
Íslensk starfaflokkun

ISBN 978-9979-770-54-1 14. janúar 2022

Útgefandi
**Hagstofa Íslands**

Sími (+354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* – Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland
www.hagstofa.is *www.statice.is*
*Um rit þetta gilda ákvæði höfundarlaga. Vinsamlegast getið heimildar.*
*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*